

Aðdragandi og orsakir
falls íslensku bankanna 2008
og tengdir atburðir

Rannsóknarnefnd Alþingis

3

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008
um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna
og tengdra atburða

Ritstjórn:

Páll Hreinsson
Sigríður Benediktsdóttir
Tryggvi Gunnarsson

Útgáfustjóri:

Anna Sigríður Guðfinnsdóttir

Kápur:

Hrund Guðmundsdóttir

Ljósmyndir:

Rebekka Guðleifsdóttir

Prentun og bókkband:

Oddi hf.

Umbrot:

Essinþrjú

Reykjavík 2010

ISBN: 978-9979-888-33-8

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun
- 0 Minna en helmingur einingar
- Núll, þ.e. ekkert
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til
- . Tala á ekki við

Efnisyfirlit

Bindi 1

- 1.0 Verkefni og skipan nefndarinnar
- 2.0 Ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar
- 3.0 Sérstaða og mikilvægi banka- og fjármálafyrirtækja í samfélagi
- 4.0 Efnahagslegt umhverfi og innlend efnahagsstjórnun
- 5.0 Stefna stjórnvalda um stærð og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja
- 6.0 Einkavæðing og eignarhald bankanna

Bindi 2

- 7.0 Fjármögnun bankanna
- 8.0 Útlán íslensku bankanna

Bindi 3

9.0	Eigið fé íslenska fjármálakerfisins	7
9.1	Inngangur	7
9.2	Hlutverk eigin fjár og tilgangur reglna um það	7
9.3	Gildandi reglur og bakgrunnur þeirra	8
9.4	Eigið fé og eiginfjárlutfall	9
9.4.1	Almennt	9
9.4.2	Eiginfjárgrunnur	9
9.4.2.1	Samsetning eiginfjárgrunns	9
9.4.2.2	Helstu frádráttarliðir frá eiginfjárgrunni	10
9.4.3	Áhættugrunnur	11
9.5	Framkvæmd fjármálafyrirtækja á reglum um eigið fé vegna eigin hluta	12
9.6	Mat á áhrifum fjármögnunar bankanna á eigin bréfum	16
9.6.1	Inngangur	16
9.6.2	Mat á veiku eigin fé	17
9.6.3	Mat á krossfjármögnun bankanna	21
9.6.4	Fjármögnun á hlutabréfum FL Group hf. og Exista hf.	22
9.7	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	23
10.0	Launa- og hvatakerfi bankanna	25
10.1	Þáttur hvatakerfanna í rekstri bankanna	25
10.2	Gagnasöfnun og úrtak	28
10.3	Hvatakerfi Glitnis banka hf.	30
10.3.1	Launadreifing Glitnis	30
10.3.2	Hvatakerfi starfsmanna tekjusviða Glitnis	30
10.3.3	Árangurstenging launa hjá Glitni	32
10.3.4	Kaupréttarsamningar	33
10.3.5	Starfskjör forstjóra Glitnis banka hf.	37
10.3.5.1	Samningar við Bjarna Ármannsson	37
10.3.5.2	Árangurstenging launa Bjarna Ármannssonar	38
10.3.5.3	Samningar við Lárus Welding	42
10.3.6	Nánar um launakjör forstjóra Glitnis	44
10.3.7	Lánafyrirgreiðslur til starfsmanna Glitnis	45
10.3.8	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	46
10.4	Hvatakerfi Landsbanka Íslands hf.	49
10.4.1	Launadreifing Landsbankans	49
10.4.2	Hvatakerfi starfsmanna tekjusviða Landsbankans	50
10.4.2.1	Inngangur	50
10.4.2.2	Árangurstenging launa í Landsbankanum	53

10.4.3	Starfskjör bankastjóra Landsbankans	55
10.4.3.1	Samningar Halldórs J. Kristjánssonar	55
10.4.3.2	Samningar Sigurjóns Þ. Árnasonar	57
10.4.4	Nánar um laun bankastjóra Landsbankans	58
10.4.5	Fjármögnun og innlausn kaupréttarsamninga í Landsbankanum	60
10.4.6	Lánafyrirgreiðsla til starfsmanna Landsbankans	69
10.4.7	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	70
10.5	Hvatakerfi Kaupþings banka hf.	72
10.5.1	Launadreifing Kaupþings	72
10.5.2	Hvatakerfi starfsmanna tekjusviða Kaupþings	73
10.5.2.1	Kaupréttarsamningar starfsmanna Kaupþings	75
10.5.2.2	Lán starfsmanna Kaupþings til hlutabréfakaupa	77
10.5.2.3	Árangurstenging launa starfsmanna Kaupþings	86
10.5.3	Starfskjör forstjóra og stjórnarformanns Kaupþings	87
10.5.3.1	Samningar við Sigurð Einarsson	87
10.5.3.2	Samningar við Hreiðar Má Sigurðsson	93
10.5.3.3	Samningar við Ingólf Helgason	94
10.5.4	Nánar um laun bankastjóra Kaupþings	95
10.5.5	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	95
	Fylgiskjal 1	99
	Fylgiskjal 2	102
11.0	Innri og ytri endurskoðun	105
11.1	Innri endurskoðun og áhættustýring	105
11.1.1	Inngangur	105
11.1.2	Lög og reglur um hlutverk innri endurskoðunar	105
11.1.3	Umfang innri endurskoðunar	108
11.1.4	Umfjöllun í skýrslum innri endurskoðenda um tiltekin viðfangsefni á árinu 2008	109
11.1.5	Endurskoðunarnefndir fjármálafyrirtækjanna	113
11.1.6	Virkni innra eftirlits bankanna	115
11.1.7	Tengsl Fjármálaeftirlitsins og innri endurskoðenda	115
11.1.8	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um innri endurskoðun	116
11.1.9	Áhættustýring	117
11.1.9.1	Kaupþing banki hf.	118
11.1.9.2	Glitnir banki hf.	122
11.1.9.3	Landsbanki Íslands hf.	124
11.1.10	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um áhættustýringu	127
11.2	Ytri endurskoðun	128
11.2.1	Inngangur	128
11.2.2	Lagagrundvöllur endurskoðunar	129
11.2.3	Nánar um aðferðafræði og afmörkun rannsóknarinnar	131
11.2.4	Áritun ytri endurskoðenda á ársreikninga fjármálafyrirtækjanna og árshlutauppgjör	132
11.2.5	Árshlutareikningar fjármálafyrirtækjanna í júnílok 2008 og fyrsta áætlun um virði fyrirtækjanna eftir fall	133
11.2.6	Yfirlit yfir áætlað virði þriggja stærstu fjármálafyrirtækjanna eftir fall sem hlutfall af virði þeirra fyrir fall	135
11.2.7	Reikningsskil bankanna samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum	136
11.2.8	Um niðurfærslu fjármálakrafna	137
11.2.8.1	Inngangur	137
11.2.8.2	Niðurfærsla skuldbindinga þeirra aðila, sem til sérstakrar skoðunar voru, fyrir og eftir fall fjármálafyrirtækjanna	138
11.2.8.3	Umfjöllun ytri endurskoðenda í endurskoðunarskýrslum um þörf á niðurfærslu útlána	140
11.2.8.4	Hálfsársuppgjör fjármálafyrirtækja 2008	141
11.2.9	Atriði sem koma m.a. til skoðunar við mat á virkni innra eftirlits með útlánunum	141
11.2.10	Útgáfa hlutafjár eða sala eigin hlutabréfa til starfsmanna eða annarra	144
11.2.11	Lán til aðila með veði í eigin hlutabréfum	145
11.2.12	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	151

Bindi 4

- 12.0 Verðbréfamarkaðir
- 13.0 Gjaldeyrismarkaður
- 14.0 Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Bindi 5

- 15.0 Löggjöf um fjármálamarkaðinn og áhrif aðildar Íslands að EES
- 16.0 Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði
- 17.0 Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánunum almennt

Bindi 6

- 18.0 Innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis
- 19.0 Aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda á árunum 2007–2008 vegna hættu á fjármálaáfalli

Bindi 7

- 20.0 Atburðarásin frá því að beiðni Glitnis banka hf. um fyrirgreiðslu kom fram þar til bankarnir féllu
- 21.0 Orsakir falls íslensku bankanna – ábyrgð, mistök og vanræksla
- 22.0 Tilkynningar á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008
- 23.0 Athugasemdabréf samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008

Bindi 8

- Viðauki 1 Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008
- Viðauki I Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti: *Um fjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006–2008*
- Viðauki II Hulda Þórisdóttir: *Afsprengrí aðstæðna og fjöttruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði*

Bindi 9

- Viðauki 2 Margrét V. Bjarnadóttir, Guðmundur Axel Hansen: *Rannsókn á krosseignatengslum og útlánnum bankanna til tengdra aðila*
- Viðauki 3 Mark J. Flannery: *Iceland's Failed Banks: A Post-Mortem*
- Viðauki 4 Skrá yfir þá sem kvaddir voru fyrir nefndina til skýrslutöku á grundvelli 8. gr. laga nr. 142/2008

Vefútgáfa

- Viðauki 5 Magnús Sveinn Helgason: *Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið*
- Viðauki 6 Gunnar Þór Pétursson: *Innleiðing gerða skv. EES samningnum á sviði fjármálaþjónustu í íslenskan rétt*
- Viðauki 7 Jørn Astrup Hansen: *Íslandske banker*
- Viðauki 8 Mark J. Flannery: *The importance of government supervision in producing financial services.*
- Viðauki 9 Tölflur um tengda aðila samkvæmt kafla 8.0
- Viðauki 10 Chapter 18: Deposits in Financial Institutions in Branches Abroad
- Viðauki 11 Skriflegar athugasemdir samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008
- Viðauki 12 Ákvarðanir um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna

9. kafli

Eigið fé íslenska fjármálakerfisins

9.1 Inngangur

Í kafla 7.0 var fjallað um skuldahlið íslensku bankanna og í kafla 8.0 var fjallað um útlán þeirra en þau eru uppistaðan í eignasöfnum bankanna. Í þessum kafla er fjallað um þriðja lykilþáttinn í efnahag banka, eigið fé. Umfjöllunin miðar aðallega að því að greina gæði þess eigin fjár sem til staðar var í íslensku bönkunum og varpa ljósi á mögulega veikleika þess. Þannig er hér leitað við að skýra tiltekna fjármálagjöfninga og reynt að draga upp heildarmynd af áhrifum þeirra á styrk bankanna. Að miklu leyti tengist umfjöllun þessa kafla umfjöllun um útlánasafn bankanna. Þá telst víkjandi fjármögnun vera þáttur í eiginfjárgrunni banka, svo að umfjöllun þessa kafla kallast á við umfjöllun í köflum 7.0 og 8.0. Fjallað er um veð tekin í eigin hlutabréfum í kafla 11.2 í samhengi við hvernig ytri endurskoðun og reikningsskilum íslensku bankanna var háttáð. Umfjöllunin hér skarast að nokkru á við umfjöllun þess kafla um túlkun á reglum um eigið fé en hún er nauðsynleg hér til þess að undirbyggja greiningu kaflans.

Töluleg greining kaflans byggist að mestu á gögnum um útlán og veð móðurfélaga bankanna sem lýst er nánar í kafla 8.0.

9.2 Hlutverk eigin fjár og tilgangur reglna um það

Fjármögnun fyrirtækja skiptist í grundvallaratriðum í tvennt, lánsfé og eigið fé. Í upphafi er eigið féð einfaldlega það sem hluthafar leggja inn í félagið en eftir því sem líður á rekstur fyrirtækisins safnast upp hagnaður, eða tap, sem leggst við eigið féð en arður sem fyrirtækið greiðir eigendum sínum dregst frá. Það sem ávallt helst fast er að eigið fé fyrirtækisins er virði eigna þess umfram virði skulda og skuldbindinga sem það hefur tekið á sig. Eigið fé lýsir þannig hversu mikið eignir félagsins mega rýrna áður en þær verða minna virði en skuldirnar. Eigið fé félags er í raun ákveðinn stuðpúði og vörn fyrir lánveitendur félagsins gagnvart tapi þess. Hversu sterk vörn, og trygging fyrir skilum skulda, eigið fé er veltur hins vegar umfram allt á því hversu hátt eigið féð er sem hlutfall af skuldum. Þess vegna eru skuldahlutföll mikið notuð við greiningu á fyrirtækjum, styrk þeirra og skuldsetningu. Oft er miðað við skuld sem hlutfall af eigin fé og jafnframt skuldir sem hlutfall af heildarfjármögnun (sem er skuldir og eigið fé).

Bankar eru almennt skuldsettari en önnur félög enda er það frumhlutverk þeirra að fá fjármagn að láni frá sparifjáreigendum og lána það áfram til frumkvöðla og annarra sem geta nýtt það í arðbærar fjárfestingar. Lán sem bankar fá eru oft í formi innlána og flest stjórnvöld hafa einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja innlán, beint eða óbeint. Þetta skapar hvata til áhættusækni

fyrir banka sem nánar er fjallað um í kafla 8.3 og kafla 17.0. Reglur um lágmarks eigið fé fjármálafyrirtækja hafa því þann megintilgang að koma í veg fyrir að of mikil áhætta sé tekin í rekstri fjármálafyrirtækja og treysta stöðugleika fjármálakerfisins. Allt til ársins 1988, þegar Basel nefndin gaf út Basel-I reglurnar voru ekki til neinar samræmdar alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja. Reglurnar voru því mismunandi milli einstakra landa, bæði um lágmarks eiginfjárlutfall og aðferðafræði við útreikning á eiginfjárlutfalli. Þetta hafði í för með sér ójafnræði meðal fjármálafyrirtækja einstakra landa og ýtti undir óheilbrigða samkeppni. Markmið Basel-I reglnanna var því meðal annars að jafna samkeppnisaðstöðu fjármálafyrirtækja með samræmdum og stöðluðum reglum og þar með að draga úr hættu á óheilbrigðri samkeppni.¹

Eigið fé fjármálafyrirtækja hefur eðli máls samkvæmt mikil áhrif á möguleika þeirra til að fjármagna rekstur sinn og þar með möguleika þeirra til að stækka. Samsetning eigin fjár og eiginfjárlutfall spilar þannig stórt hlutverk í að auka trúverðugleika fjármálafyrirtækja gagnvart fjárfestum þegar þau markaðssetja eigin skuldarviðurkenningar gagnvart innlendum og erlendum fjárfestum. Samsetning eigin fjár og eiginfjárlutfall hefur einnig áhrif á mat greiningaraðila á verðmæti eignarhluta fjármálafyrirtækja. Það er því ljóst að samsetning eigin fjár og eiginfjárlutfall er grundvallarstærð í rekstri fjármálafyrirtækja.

9.3 Gildandi reglur og bakgrunnur þeirra

Reglur um lágmarks eigið fé fjármálafyrirtækja hafa bein áhrif á möguleika þeirra til að taka áhættu því að öll útlán og fjárfestingar í fjármálagerningum mynda áhættu sem hækkar áhættugrunn fjármálafyrirtækja og lækkar þar með eiginfjárlutfall þeirra ef eiginfjárgrunnur er ekki hækkaður samhliða. Fjallað er um eigið fé fjármálafyrirtækja í X. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.² Löggin eru að grunni til byggð á CAD-tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB um lánastofnanir. Ákvæði síðastnefndra tilskipana um eigið fé byggjast aftur á viðmiðunum sem samin voru af Basel-nefndinni³ og kallast Basel-II reglurnar (eða staðlarnir) en þeir fólu í sér nánari útfærslu og umtalsverða viðbót við Basel-I reglurnar frá 1988 sem voru innleiddar hér á landi 1992.⁴ Basel-II reglurnar voru innleiddar hér á landi með setningu laga nr. 170/2006, til breytinga á lögum nr. 161/2002, og með reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

1. Sjá einkum 3. tölul. inngangs Basel-I reglnanna sem finna má á vefslóðinni: www.bis.org.
2. Nánari útfærslu á efnisákvæðum laganna er síðan að finna í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 530/2003 um eiginfjárlutfall, reglum nr. 530/2004 um viðmið við mat Fjármálaeftirlitsins á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárlutfall umfram lögbundið lágmark og reglum nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, ásamt síðari breytingum. Reglur þessar má allar finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins á eftirfarandi netslóð: <http://www.fme.is/?PageID=610>.
3. Nafn nefndarinnar sem samdi þessar reglur á rætur sínar að rekja til þess að fundir hennar voru haldnir á vegum Alþjóðagreiðslubankans (e. Bank of International Settlements, eða BIS) í Basel í Sviss.
4. Basel reglurnar er að finna á heimasíðu Alþjóðagreiðslubankans á eftirfarandi vefslóð: www.bis.org. Innleiðing þessara reglna átti sér stað við setningu laga nr. 7/1992, til breytingar á lögum nr. 86/1985 um viðskiptabanka. Við setningu laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og laga nr. 123/1993 um lánastofnanir voru síðan tilskipanir Evrópusambandsins 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana og 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana innleiddar en þær tilskipanir voru byggðar á Basel-I reglum.

9.4 Eigið fé og eiginfjárlutfall

9.4.1 Almennt

Til að skilja reglur um eigið fé og eiginfjárlutfall þarf að átta sig á tveimur grundvallarhugtökum. Annars vegar er þar um að ræða svokallaðan eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja og hins vegar áhættugrunn. Eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja er reiknað út frá þessum tveimur stærðum. Eiginfjárlutfallið er þannig hlutfall eiginfjárgrunns af áhættugrunni.

9.4.2 Eiginfjárgrunnur

9.4.2.1 Samsetning eiginfjárgrunns

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis, eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 84. gr., á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Eiginfjárgrunnurinn sem notaður er til að reikna út eiginfjárlutfallið samanstendur af þremur þáttum; eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002:

$$\text{Eiginfjárlutfall} = \frac{\text{Eiginfjárgrunnur}}{\text{Áhættugrunnur}}$$

Eiginfjárþáttur A skal að lágmarki vera 50% af eiginfjárgrunni og samanstendur af innborguðu hlutfé, varasjóðum, yfirverðsreikningi hlutafjár, endurmatsreikningi samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum og óráðstöfuðu eigin fé.

Fjármálaeftirlitið hefur með stoð í 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 ákveðið að fjármálafyrirtækjum sé heimilt að gefa út víkjandi skuldabréf sem teljast með eiginfjárþætti A. Slík skuldabréf þurfa að fullnægja ýmsum skilyrðum sem eru skilgreind í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 156/2005 og mega mest nema 33% af eiginfjárþætti A. Síðastnefnt hlutfall mátti lengi vel hæst vera 15% en var hækkað upp í 33% við útgáfu reglna nr. 156/2005, sbr. umfjöllun um víkjandi lán í kafla 7.0.

Eiginfjárþáttur B má samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 hæst nema 50% af eiginfjárþætti A og samanstendur af víkjandi lánum sem fjármálafyrirtæki taka með útgáfu skuldarviðurkenninga þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi styttri en fimm ár, sbr. 6. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002. Lánið þarf samkvæmt síðastnefndu ákvæði að vera víkjandi í þeim skilningi að við gjaldþrot fjármálafyrirtækis eða slit þess fáið það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár/stofnfjár. Ákveðnar reglur gilda um að hvaða marki heimilt er að telja slík lán til eiginfjárgrunns, að teknu tilliti til eftirstöðva láns á hverjum tíma.

Eiginfjárþáttur C má samkvæmt 3. tölul. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má hann hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók samkvæmt 28. gr. laga nr. 161/2002 (virkir eignarhlutir) og gengisáhættu. Eiginfjárþáttur C samanstendur af víkjandi lánum sem eru sambærileg við þau lán sem falla undir eiginfjárþátt B að öðru leyti en því að lánstími má ekki vera styttri en 3 ár.

9.4.2.2 Helstu frádráttarliðir frá eiginfjárgrunni

a) Frádráttur eigin hluta frá eiginfjárþætti A

Frá eiginfjárþætti A dragast eigin hlutabréf (stofnfjársbréf í tilviki sparisjóða), viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir og tap og samþykkt arðsúthlutun. Í ályktunum rannsóknarnefndar Alþingis í kafla 11.2.12, þar sem fjallað er um reikningsskil bankanna og ytri endurskoðun þeirra, er því lýst að veigamikil rök leiði til þeirrar niðurstöðu að draga hafi borið lán, sem einvörðungu voru tryggð með veði í eigin hlutabréfum, frá eigin fé fjármálafyrirtækis samkvæmt reglu 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002.⁵ Þessi sjónarmið eru jafnframt reifuð í rammagrein um túlkun á því hvað teljist til eigin hlutabréfa.

b) Frádráttur vegna eignarhluta í öðrum fjármálafyrirtækjum og atvinnurekstri

Í 85. gr. laga nr. 161/2002 er kveðið á um lækkun á eiginfjárgrunni vegna eignarhluta sem fjármálafyrirtæki kann að eiga í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði.⁶ Frádráttarreglan virkar þannig samkvæmt 1. mgr. 85. gr. að ekki kemur til frádráttar ef fjármálafyrirtæki á minna en 10% af hlutafé annars fjármálafyrirtækis. Eigi viðkomandi félag hins vegar eignarhluti í mörgum fjármálafyrirtækjum, sem eru undir 10% af hlutafé viðkomandi félaga, myndast frádráttur ef samtala bókfærðs virðis slíkra eignarhluta er hærri en 10% af eiginfjárgrunni viðkomandi félags fyrir. Sú fjárhæð sem er umfram þessi mörk dregst þá frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Sama regla gildir um víkjandi kröfur sem fjármálafyrirtæki kann að eiga á hendur öðrum fjármálafyrirtækjum. Ákvæðið gildir eingöngu ef önnur fjármálafyrirtæki teljast ekki til hluta af samstæðu viðkomandi félags.⁷ Eignarhlutur í dótturfélögum myndi þannig ekki dragast frá eiginfjárgrunni eða víkjandi kröfur á hendur slíku félagi. Fjármálaeftirlitið getur einnig veitt undanþágu frá ofangreindri reglu ef fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki er hugsuð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til að bjarga viðkomandi félagi.⁸

Samkvæmt 1. til 3. mgr. 28. gr. laga nr. 161/2002 mega fjármálafyrirtæki ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem eru ekki fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af eiginfjárgrunni. Þrátt fyrir orðalag síðastnefnds ákvæðis er sérstaklega tekið fram að fjármálafyrirtækjum sé heimilt að fara yfir síðastnefnt hlutfall en áhrifin séu þau að sú fjárhæð sem er umfram mörkin sé þá dregin frá eiginfjárgrunni þess. Fari bókfært virði samanlagðra virkra eignarhluta yfir 60% af eiginfjárgrunni dregst sú fjárhæð sem er umfram frá grunninum. Bókfært virði slíkra eignarhluta má aldrei vera herra en 100% af eiginfjárgrunni.

5. Sama regla gildir í Bretlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Í öllum þessum löndum er ekki eingöngu skylt að draga eigin hlutabréf fjármálafyrirtækja frá eigin fé heldur einnig hluti sem þau hafa fengið veðsetta sem tryggingu fyrir láni. Útfærslan á frádrætti er þó mismunandi milli landa.
6. Hugtakið *fyrirtæki tengt fjármálasviði* er skilgreint í 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 161/2002 sem fyrirtæki sem er ekki lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2–12. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002. Undir þetta gæti til dæmis fallið fjárfestingarfélag sem hefur þá meginstarfsemi að fjárfesta í fjármálafyrirtækjum en er ekki starfsleyfisskilt samkvæmt lögum nr. 161/2002. Verðbréfafyrirtæki myndi einnig geta fallið þarna undir þar sem það stundar starfsemi samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 og telst ekki til lánastofnana samkvæmt 2. mgr. 4. gr. sömu laga.
7. Sbr. 3. mgr. 85. gr. laga nr. 161/2002.
8. Sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 161/2002.

9.4.3 Áhættugrunnur

Eignir fjármálafyrirtækja eru af ýmsum gerðum og stærðum. Getur þar verið um útlán að ræða, innlánskrofur á önnur fjármálafyrirtæki, eignarhluti í fyrirtækjum, fjármálagerninga af ýmsum stærðum og gerðum, erlendan gjaldreyri, hrávörur, fasteignir o.s.frv. Öllum þessum eignum fylgir einhver áhætta sem reglum um áhættugrunn er ætlað að mæla. Því áhættumeiri sem eignin er, þeim mun meira eigið fé bindur hún hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki og má hlutfall eigin fjár aldrei fara undir 8% af áhættugrunni. Áhættuvogun einstakra eigna er sett fram í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, eftir því hvort svokölluð staðalaðferð er notuð (e. standardised approach)⁹ eða innrimatsaðferð (e. Internal Rating Based approach, skammstafað IRB aðferð)¹⁰. Auk þess er rekstraráhætta til staðar hjá fjármálafyrirtækjum sem er mæld eftir ákveðinni aðferðafræði samkvæmt reglum um eiginfjárgrunn, sbr. IX. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007. Áhættugrunnurinn er þannig samtala af ýmsum áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækja, þar með talið útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu, rekstraráhættu o.fl.¹¹

9. Sjá V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007.

10. Sjá VI. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007.

11. Sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002.

Túlkun á því hvað telst til „eigin hlutabréfa“

Rammagrein 1

Eins og nánar er lýst í kafla 9.5 var sú framkvæmd við lýði hjá stóru bönkunum þremur að eigin hlutir, sem lánað var fyrir og teknir voru að veði, voru ekki dregnir frá eigin fé. Af þessu tilefni tók rannsóknarnefnd Alþingis sérstaklega til skoðunar réttmæti þessa og þá einkum þegar litið er til þess hversu umræddar lánveitingar til kaupa á eigin hlutabréfum og veðsetning þeirra var orðin umfangsmikil hjá bönkunum, og þar með hversu stór hluti af því eigin fé sem bankarnir studdust við byggðist á hinum veðsettu hlutabréfum. Í ályktunum rannsóknarnefndar Alþingis í kafla 11.2.12, þar sem fjallað er um reikningsskil bankanna og ytri endurskoðun þeirra, áréttar nefndin að veigamikil rök leiði til þeirrar niðurstöðu að draga hafi borið lán, sem einvörðungu voru tryggð með veði í eigin hlutabréfum, frá eigin fé fjármálafyrirtækis, samkvæmt reglu 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002. Er þar sérstaklega horft til þess að ef eigin hlutir, sem teknir hafa verið að veði gegn lánnum, eru ekki dregnir frá innborguðu hlutafé lítur út fyrir að eigið fé viðkomandi fjármálafyrirtækis sé hærra en það raunverulega er ef á það reynir. Í kafla 11.2.12 er jafnframt gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar að veigamikil rök leiði til þess að ef þriðji aðili er skráður eigandi að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki skuli meðhöndla slíka hluti sem eigin hluti í skilningi 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 ef þriðji maður er eigandi „fyrir reikning félagsins“. Við mat á því hvenær telja megi að þriðji maður sé eigandi „fyrir reikning félagsins“ verður eðli máls samkvæmt fyrst og fremst að horfa til þess hver ber áhættuna af viðkomandi hlutum. Ef það er félagið sjálft verður að mati nefndarinnar að líta svo á að þriðji maður sé eingöngu skráður fyrir þeim „fyrir reikning félagsins“ og því beri að meðhöndla þá sem eigin hluti. Undir eigin hluti myndu að mati nefndarinnar einnig falla tilvik þar

sem um málamyndaframsal væri að ræða á eigin hlutum. Annað dæmi er ef þriðji aðili er einhvers konar vörsluaðili fyrir fjármálafyrirtæki á eigin hlutum til að mæta skuldbindingum þess samkvæmt kaupréttarsamningum sem það hefur gefið út. Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem lýst er í kafla 11.2.12 um ástæður og eðli frádráttar eigin hluta frá innborguðu hlutafé telur rannsóknarnefndin að sú regla geti einnig eftir atvikum átt við um lán, sem væri veitt til kaupa á eigin hlutum án þess að nokkrar tryggingar væru settar, hafi lántaki fyrirsjáanlega ekki verið í stakk búinn til þess að endurgreiða lánið með eigin fjármagni eða fyrirsjáanlegum rekstrartekjum. Við slíkar aðstæður hefur útgreiðsla fjármagns átt sér stað í tengslum við viðskipti með eigin hluti án þess að endurgjald fyrir hlutina sé fyrirsjáanlegt.

Í fyrirspurn til Glitnis, Kaupþings og Landsbanka var spurt eftirfarandi spurningar:
„Vorur hlutir í bankanum sem viðskiptavinir keyptu með láni frá bankanum sjálfum að einhverju leyti dregnir frá eigin fé?“
Svör bankanna voru eftirfarandi:
Svar Glitnis: „Nei.“
Svar Kaupþings: „Nei, en lánin komu að fullu inn í áhættugrunninn.“
Svar Landsbankans: „Nei. Rétt er að taka fram að bankinn gerði reglulega innri skýrslur um eign í eigin hlutabréfum og lán á móti eigin hlutabréfum.“

9.5 Framkvæmd fjármálafyrirtækja á reglum um eigið fé vegna eigin hluta

Við úttekt rannsóknarnefndarinnar kom í ljós að fjármálafyrirtæki túlkðu það hvað félli undir eigin hlutabréf í skilningi 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 almennt þrengra en nefndin telur að veigamikil rök standi til og lýst var í kafla 9.4.2 hér að framan. Í svörum við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis um frádrátt frá eigin fé kemur til dæmis fram að hjá Glitni, Kaupþingi og Landsbanka voru eigin hlutir sem lánað var fyrir ekki dregnir frá eigin fé.¹² Kaupþing túlkaði þó reglurnar víðar en hinir bankarnir tveir hvað varðar eign í öðrum fjármálafyrirtækjum enda dró bankinn frá eigin fé bæði alla hluti sem bankinn átti í öðrum fjármálafyrirtækjum og víkjandi kröfur á önnur fjármálafyrirtæki. Þá var túlkun bankanna á eigin hlutum mismunandi milli Kaupþings annars vegar og Glitnis og Landsbanka hins vegar varðandi framvirka samninga um eigin bréf. Kaupþing taldi þá hluti sem bankinn átti í eigin hlutabréfum til varnar framvirkum samningum til eigin hluta og dró þá frá eigin fé. Glitnir og Landsbankinn höfðu aftur á móti þann háttinn á að eign í eigin hlutabréfum til varnar framvirkum samningum var í sérstökum félögum, taldist ekki til eignar bankanna og var því ekki dregin frá eigin fé.

Rammagrein 1 fjallar um túlkun á hvað teljist til eigin hluta. Rannsóknarnefnd Alþingis telur rök standa til að við útreikning á frádrætti frá eigin fé fjármálafyrirtækis skipti ekki máli hvert hafi verið form viðskipta með eigin hluti eða formleg eignaskráning, svo lengi sem áhættan liggur hjá fjármálafyrirtækinu sjálfu.

Hér á eftir eru nefnd fimm dæmi til skýringar um tilvik þar sem ætla verður að túlkun á því hvað teljist til eigin hluta við útreikning á eigin fé hefði átt að skipta máli. Dæmin eru nokkuð mismunandi en eiga það öll sameiginlegt að tapsáhætta vegna eigin bréfa lá hjá bönkunum.

Dæmi 1:

Vorið 2001 ráðgerði Kaupþing að selja eigin hluti sem næmu um 7% af útgefnu hlutafé bankans á þeim tíma. Ekki var um að ræða sölu til ytri fjárfesta heldur skyldi Kaupþing sjálft fjármagna hlutaféð og bankinn bera alla áhættu af hlutabréfunum. Lykillfélag í gjörningnum var LB Holding, félag

12. Svör við fyrirspurn rannsóknarnefndar Alþingis, send með tölvubréfum.

skráð á Ermarsundseyjunni Guernsey og formlega sjálfstætt félag en undir stjórn Landsbankans, eins og fram kemur í kafla 10.0. Í glærुकynningu Stefáns H. Stefánssonar, starfsmanns Landsbankans, dags. 27. apríl 2001, er viðskiptunum lýst á eftirfarandi hátt.¹³

Samkvæmt glærुकynningunni átti Kaupþing að selja hluti sem næmu á bilinu 5–7% af útgefnu hlutafé bankans til LB Holding. Kaupþing átti sjálfst að lána LB Holding fyrir kaupunum. Af glærुकynningunni má ráða að Kaupþing átti hins vegar áfram að bera verðáhættu af bréfunum og til þess skyldi gerður 18 mánaða skiptasamningur um að bankinn fengi hagnað eða tap af verðbreytingu bréfanna sem og arðgreiðslur vegna þeirra. Þeir sem að samningunum stóðu töldu að ekki væri gerlegt út frá reikningsskilastöðlum að skiptasamningurinn væri milli Kaupþings og kaupanda bréfanna og því þyrfti milligöngu aðila. Þessi sjónarmið eru reifuð í tölvubréfi 29. apríl 2001 frá Sigurjóni G. Geirssyni, starfsmanni Landsbankans, til Stefáns: „Grundvallaratriði er að samningurinn um CFD [skiptasamningurinn] er gerður við aðila sem er annar en kaupandinn á bréfunum, þ.e. er gerður samningur við Landsbankann en kaupandinn bréfanna LB Holding – Ef það væri ekki gert myndi þessi gjörningur falla á alþjóðlegum reikningsskilareglum sem taka á því hvenær „sala“ hefur átt sér stað (þ.e. sem kemur í veg fyrir að hægt sé að parkera eignum út tímabundið – með gervisamningum.“¹⁴ Því átti LB Holding að gera skiptasamning við Landsbankann þar sem LB Holding greiddi Landsbankanum ávöxtun af hlutabréfum Kaupþings en fengi greiddan vaxtakostnað vegna bréfanna. Síðan gerði Landsbankinn samsvarandi samning við Kaupþing. Þar með væri öll áhætta vegna hlutanna flutt aftur til Kaupþings. 18 mánuðum síðar skyldi svo Kaupþing (eða einhver annar ótiltekinn aðili) kaupa hlutabréfin til baka og LB Holding endurgreiða skuldina. Í lok glærुकynningarinnar er heildaráhrifum gjörningsins lýst á þann hátt að lagalega færirst eignarhald bréfanna, atkvæðisréttur og réttur til arðgreiðslna til LB Holding. Bókshaldslega selji Kaupþing 5–7% hlut til LB Holding sem fái arðgreiðslur. Hagræn áhrif samningsins verði hins vegar þau að Kaupþing beri alla fjárhagslega áhættu í gegnum skiptasamninginn. Miðað við drög að samningum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum og tölvubréf sem gekk milli starfsmanna Landsbankans virðast þessir samningar hafa verið gerðir 10. eða 11. maí 2001. Þó virðist aðeins 4,9% hlutur í Kaupþingi hafa verið seldur en tekið var fram í tölvubréfinu að til staði „að gera samhljóða samninga milli LÍ, Kaupþings og? (nýtt félag eins og LB-Holding), um sölu á 2,1% hlutafjár í Kaupþingi.“¹⁵ Leiða má líkur að því að ákveðið hafi verið að skipta 7% sölunni í tvennt þar sem flöggunarreglur krefðust tilkynningar ef eitt félag keypti 5% eða meiri hlut í félaginu. Þess má geta að í júní sama ár gaf Kaupþing út 200 milljónir nýrra hluta, sem nam þá 2,48 milljörðum króna.

Dæmi 2:

Í svari Glitnis banka hf. við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar, sem lýst var í upphafi kafla 9.5, voru þeir eigin hlutir sem viðskiptavinir keyptu með láni frá bankanum ekki dregnir frá eigin fé við útreikning samkvæmt 5. mgr. 84.

„Hægt væri að gagnrýna suma hluti varðandi óháði LB Holding gagnvart LÍ, s.s. varðandi stjórnarmenn. Engar athugasemdir hafa hins vegar komið fram varðandi þetta atriði en rétt er að hafa í huga að FME hefur aldrei farið yfir þetta LB Holding dæmi.“

Tölvubréf frá Sigurjóni G. Geirssyni til Stefáns H. Stefánssonar, 29. apríl 2001.

Fyrirkomulagi til að Kaupþing bæri áfram fjárhagslega áhættu af bréfunum eftir sölu þeirra var lýst á eftirfarandi hátt í tölvubréfi milli starfsmanna Landsbankans:

„Samhliða verða gerðir samningar sem tryggja að aukning á verðmæti bréfanna og arður af þeim renni til Kaupþings og að vaxtagreiðslur LB Holding til Kaupþings vegna fjármögnunar viðskiptanna renni til baka sömu leið og þær komu.“

Tölvubréf frá Stefáni Þ. Bjarnasyni [og Þóri Erni Ingólfssyni] til Gunnars Þ. Andersen, Hauks Þ. Haraldssonar og Sigurjóns G. Geirssonar, 10. maí 2001.

13. Glærुकynning, 27. apríl 2001, „Landsbanki's proposal for structure for holdings in Kaupthing shares“.

14. Tölvubréf frá Sigurjóni G. Geirssyni til Stefáns H. Stefánssonar 29. apríl 2001.

15. Tölvubréf frá Stefáni Þ. Bjarnasyni [og Þóri Erni Ingólfssyni] til Gunnars Þ. Andersen, Hauks Þ. Haraldssonar og Sigurjóns G. Geirssonar 10. maí 2001.

gr. laga nr. 161/2002. Hér á eftir verður gerð grein fyrir máli sem gefur tilefni til að hugað sé að því hvort þar hefði átt að fylgja þeirri túlkun sem rannsóknarnefndin hefur fært rök fyrir um það þegar lán voru veitt sem einvörðungu voru tryggð með veði í eigin hlutabréfum fjármálafyrirtækis. Mál þetta varðar lánveitingu til Stíms ehf. (og síðar fjögurra dótturfélaga þess) til kaupa á hlutabréfum, bæði í bankanum sjálfum og FL Group hf. Um það er nánar fjallað í kafla 12.0. Veð var tekið í hlutabréfum FL Group sem keypt voru en formlega var tekið veð í hlutum í Stím ehf. (og dótturfélögum þess) í stað þess að taka veð beint í hinum keyptu hlutabréfum í Glitni. Engar aðrar tryggingar stóðu hins vegar að baki lánaþingreiðslunni. Áhættan af lánaþingreiðslunni að því er varðar hlutabréfin í Glitni banka hf. var þannig af eigin hlutum þótt hún hafi að formi til verið tryggð með veði í hlutum í Stími ehf. en af þeim tæpu 25 milljörðum sem Stím keypti hlutabréf fyrir var um þriðjungur notaður til kaupa á hlutabréfum FL Group en tveir þriðju til kaupa á hlutabréfum Glitnis. Þegar kom að áhrifum á eigið fé bankans var aðstaðan því sambærileg og ef um hefði verið að ræða lán beint gegn veði í eigin hlutum.

Dæmi 3:

Í apríl 2007 keypti Kjarrhólmi ehf. 37,57% í Tryggingamiðstöðinni hf. FL Group hf. átti þá 45% í Kjarrhólma ehf., Sund ehf. átti 45% og Imon ehf. og Sólstafir ehf. áttu hvort sín 5%.¹⁶ Í september sama ár keypti FL Group hf. félögin Sund ehf., Imon ehf. og Sólstafi ehf. út úr Kjarrhólma ehf. og náði þar með öllum eignarhlutum félagsins í Tryggingamiðstöðinni hf. Í sama mánuði festi Glitnir banki hf. kaup á 39,8% hlut í tryggingafélaginu sem síðar var seldur til FL Group hf. Eftir því sem leið á haustið jók FL Group jafnt og þétt hlut sinn í Tryggingamiðstöðinni hf. og hafði í lok ársins eignast 99,9% hlut í félaginu.¹⁷

Kaup Glitnis banka hf. á tæplega 40% hlut í Tryggingamiðstöðinni hf. námu um 20 milljörðum króna og voru hlutirnir keyptir frá nokkrum aðilum. Stærsti aðilinn sem seldi var Kristinn ehf., félag að 99,8% í eigu Guðbjargar M. Matthíasdóttur, í gegnum félögin Fram ehf. og Ísfélag Vestmannaeyja hf.¹⁸ 60% hlutur kaupverðsins var greiddur með reiðufé en 40% með hlutabréfum í Glitni banka hf. Til þess að Kristinn ehf. bæri takmarkaða áhættu af lækun hlutabréfanna gerðu félagið og Glitnir banki hf. samning um kaup- og sölurétt. Kristinn ehf. hafði rétt til þess að selja helming hlutabréfanna í Glitni banka hf. ári síðar á genginu 32,7 sem nam þá 4,15 milljörðum króna. Á móti átti Glitnir banki hf. rétt til þess að kaupa bréfin á sama verði.¹⁹ Þekkt er að þegar einn aðili fær kauprétt en mótaðilinn fær sölurétt á sama verði jafngildir það framvirkum samningi.²⁰ Því greiddi Glitnir banki hf. Kristni ehf. í raun með eigin bréfum en gerði á sama tíma samning um að kaupa bréfin til baka. Þessi gerningur var því í raun samsvarandi þeim sem Kaupþing hf., Landsbanki Íslands hf. og LB Holding gerðu árið 2001 og lýst er hér að fram-

16. Fundargerð áhættunefndar Glitnis 12. september 2007.

17. Ársreikningur FL Group 2007.

18. Hlutaþjármíðar skilað til ríkisskattstjóra fyrir árið 2007.

19. Söluréttar-/kaupréttarsamningur milli Kristins ehf. og Glitnis banka hf., gerður 4. september 2007.

20. Hull, John C.: „Options, Futures and Other Derivatives“. Upper Saddle River, NJ, Prentice Hall 1989.

an í dæmi 1. Staðan sem upp var komin var sú sama í báðum tilvikum, þ.e. bankinn var skuldbundinn til þess að kaupa eigin bréf til baka. Öll áhættan af bréfunum var þannig hjá bankanum sjálfum og þar með var komin upp staða hliðstæð þeim tilvikum þar sem rannsóknarnefndin hefur fært rök fyrir því að meðhöndla ætti slík bréf sem eigin hlutabréf við frádrátt samkvæmt 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002.

Samkvæmt samningnum var innlausnartímabilið frá 25. september til 27. september 2008. Í september 2008 ábyrgðist bankinn með skaðleysisýfirlýsingu að Kristinn ehf. myndi ekki bera tap af lækun bréfanna allt til 15. október 2008. Lyktir málsins urðu síðan þær að Kristinn ehf. seldi bréf sín 26. september 2008 til Glitnis banka hf. og fékk fyrir þau tæpa 4 milljarða eftir að verðið hafði verið leiðrétt vegna arðgreiðslna og þóknunar.

Dæmi 4:

Af stóru bönkunum þremur veitti Kaupþing banki hf. hæstu lánin með veði í eigin bréfum eins og fram kemur í kafla 8.5 og í greiningu kafla 9.6. Stór hluti hvatakerfis bankans byggðist á því að starfsmönnum voru veitt lán til hlutabréfakaupa í bankanum sem þeir báru sjálfir takmarkaða áhættu af. Í kafla 10.0 er fjallað um hvatakerfi bankans og áhrif þess. Þar er meðal annars fjallað um breytingu sem gerð var á samningum við starfsmenn bankans árið 2005²¹ en þá féllu starfsmenn frá söluréttarsamningum sem gerðir höfðu verið við þá. Um þetta sagði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, í bréfi sem hann ritaði og sagt var til vina og vandamanna í janúar 2009: „Vegna hugsanlegra áhrifa söluréttar á útreikninga á eigið fé bankans var óskað eftir því í lok ársins 2005 að starfsmenn felldu niður sölurétt á hlutunum. Á fundi stjórnar bankans í september 2005 var sérstaklega bókað í fundargerð að samhliða því yrði að gera ráðstafanir til að takmarka persónulega ábyrgð starfsmanna. Á þessum tíma var starfsmönnum ekki heimilt að stofna félög utan um fjárfestingar og því var farin sú leið að takmarka persónulega ábyrgð við 10% af höfuðstól skuldarinnar auk þess sem hefðbundin veðköll voru í lánsamningunum að færi verðmæti þeirra niður fyrir tiltekin mörk skyldu hlutirnir seldir og andvirði þeirra nýtt til greiðslu skuldarinnar. Með þessu var talið að starfsmenn væru tryggðir fyrir því að ekki reyndi á persónulega ábyrgð þeirra, þrátt fyrir að þeir féllu frá sölurétti. Ábyrgð starfsmanna bankans var því í upphafi engin og síðan takmörkuð við 10%.“²²

Sölurétti, sem gefnir eru út á eigin hluti skal samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)²³ draga frá eigin fé þar sem þeir endurspeglar tapsáhættu sem bankinn ber af eigin hlutabréfum. Skýrt kemur fram að niðurfelling söluréttar hjá Kaupþingi banka hf. var gerð vegna áhrifa á útreikninga á eigin fé bankans þótt starfsmenn hans ættu aðeins að bera tapsáhættu sem næmi 10% mögulegs taps. Bankinn bar því áfram 90% tapsáhættu þrátt fyrir að söluréttur hefði verið felldur niður. Þar sem áhættan af lánafyrirgreiðslunni var á eigin hluti bankans eiga þau sjónarmið, sem áður hefur verið lýst af hálfu rannsóknarnefndarinnar um túlkun á hvað beri að draga frá eigin fé bankans samkvæmt 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, við hér og þá

21. Ársskýrsla Kaupþings banka hf. fyrir árið 2005.

22. Bréf sem Sigurður Einarsson skrifaði, dags. 26. janúar 2009. Bréfið birtist á opinberum vettvangi, svo sem á mbl.is þar sem það var sótt: <http://www.mbl.is/media/39/1639.pdf>.

23. Kafli 11.2.11 skv. Froystein Gjesdal prófessor við Verslunarháskólann í Bergen.

að því marki sem aðrar tryggingar voru ekki settar. Skömmu fyrir fall bankans tók stjórn hans svo ákvörðun um að starfsmenn skyldu ekki bera neina áhættu vegna þessara viðskipta. Tapsáhætta vegna bréfanna var því í reynd öll færð yfir á bankann.

Dæmi 5:

Landsbankinn veitti lykilstarfsmönnum sínum kauprétti að hlutabréfum í bankanum síðustu árin fyrir fall bankans. Um þetta er nánar fjallað í kafla 10.0. Fyrirkomulag kaupréttanna var þó þannig að rétt er að lýsa því stuttlega hér. Til varnar kaupréttarsamningunum keyptu alls 8 aflandsfélög hlutabréf í bankanum en félögin fengu lán fyrir kaupunum. Upphaflega voru lán félaganna fengin í Landsbankanum, ýmist sem bein lán eða í gegnum framvirka samninga um kaup á hlutabréfunum. Síðla árs 2006 var fjármögnun þessara félaga að mestu leyti flutt úr Landsbankanum og um mitt ár 2007 var öll fjármögnun þessara félaga komin til annarra banka. Sex félög voru þá fjármögnuð af Straumi-Burðarási en þau voru Kargile Portfolio Inc., Kimball Associated Inc., Marcus Capital Ltd., Peko Investment Company Ltd., Proteus Global Holding S.A. og LB Holding Ltd. en síðastnefnda félagið var auk þess með framvirkan samning um bréf Landsbankans hjá Glitni. Glitnir fjármagnaði einnig félagið Zimham Corp. og Kaupþing fjármagnaði Empennage Inc. Landsbankinn gerði svo framvirka samninga við kaupréttarfélagin um kaup á bréfunum.²⁴ Á þann hátt varð hvorki til hagnaður né tap í félögunum þar sem framvirki samningurinn flutti bæði fjármögnunarkostnað og ávöxtun bréfanna til Landsbankans. Þetta þýddi að Landsbankinn bar tapsáhættu af bréfunum og raunar gaf bankinn út sjálfskuldarábyrgð vegna skuldbindinga Zimham Corp. við Glitni og Empennage við Kaupþing sem staðfesti enn frekar áhættu bankans vegna bréfanna. Þeir hlutir sem Landsbankinn átti vegna framvirkra kaupsamninga kaupréttarfélaganna áður en fjármögnun var flutt til hinna bankanna voru dregnir frá eigin fé bankans en að öðru leyti var ekki dregið frá eigin fé vegna kaupréttarfélaganna. Rannsóknarnefndin vísar um túlkun sína á því hvernig beri að haga frádrætti frá eigin fé í tilvikum sem þessu til þess sem rakið er í rammagrein um eigin hluti.

9.6 Mat á áhrifum fjármögnunar bankanna á eigin bréfum

9.6.1 Inngangur

Í kaflanum hér á undan voru rakin nokkur dæmi um gjörninga þar sem bankarnir báru markaðsáhættu vegna eigin hlutabréfa, annaðhvort beint eða vegna útlána til kaupa á bréfunum. Ef slík markaðsáhætta er orðin veruleg innan banka er komin upp sú staða að ef tap verður í rekstri bankans og hlutabréfaverð lækkar í kjölfarið verður afleiðingin aukið tap vegna þessarar markaðsáhættu hlutabréfa bankans. Þannig er geta bankans til þess að takast á við áföll og tap ekki söm og ef hann bæri enga áhættu vegna eigin hlutabréfa. Sér í lagi er mikilvægt að skoða hversu mikið bankinn kann að tapa á eigin hlutabréfum við gjaldþrot vegna þess að það er við gjaldþrot banka sem á eigið fé reynir sem vörn fyrir kröfuhafa. Einnig er þessi stærð mikilvæg við

24. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28.september 2009, bls. 19–20.

ákvörðun stjórnvalda um hvort taka eigi yfir banka og gera þar með hlutabréf hans lítils eða einskis virði. Mikilvægt er að ekki hljóttist mikið beint tap við slíka aðgerð til þess að hægt sé að gera upp kröfur á bankann. Eftir að tilkynnt var um tilboð ríkisins um kaup á 75% hlut í Glitni 29. september 2008 féll verð hlutabréfa í bankanum verulega. Tveimur dögum síðar sendi bankinn út afkomuviðvörðun þar sem varað var við því að verðmætarýrnun vegna 71% lækkunar hlutabréfaverðs bankans frá tilkynningu um tilboð ríkisins, ásamt 23% lækkun ICEX-15 vísitölunnar á þriðja fjórðungi ársins 2008, myndi hafa í för með sér auknar afskriftir og neikvæð áhrif á afkomu bankans á seinni helmingi ársins.²⁵ Í sambandi við þessi áhrif kom fram í skýrslutöku að stjórnendur bankans hefðu gert sér grein fyrir að í hluthafahópi hans hefði verið „of mikið af veikum hluthöfum“, ef svo mætti að orði komast, og stjórnendur hefðu enda verið fljótir til þess að senda út afkomuviðvörðun vegna þessa.²⁶ Þau verðmæti sem tapast sem bein afleiðing af hlutabréfafalli bankans og dregst þar með frá eigin fé má á svipaðan hátt kalla „veikt eigið fé“ og er það gert hér.

Erfitt er að meta fullkomlega umfang veiks eigin fjár, það er ofangreindrar tapsáhættu banka vegna eigin hlutabréfa, en í kafla 9.6.2 er þess freistað að draga upp mynd af því. Í kafla 9.6.3 er svo stigið skrefinu lengra og lagt mat, á samsvarandi hátt, á það að hvaða marki bankarnir fjármögnuðu hlutafé hver annars.

Eins og fram kom í kafla 9.2 er eigið fé lykilstærð sem fjárfestar horfa til við ákvörðun um að lána viðkomandi banka fé eða ekki. Þá er sér í lagi horft til CAD-hlutfallsins en lögbundið lágmark þess var 8%. Almennt höfðu bankarnir þó nokkuð hærra hlutfall, oft á bilinu 11–15%. Hver króna sem fékkst í nýtt hlutafé veitti bönkunum því möguleika á að stækka efnahag sinn um 7–10 krónur án þess að lækka hlutfallið. Því er ljóst að hærra eigið fé hefur veruleg áhrif á getu banka til vaxtar og ef íslensku bankarnir hefðu í útreikningi sínum á eigin fé túlkað reglur á þann hátt, sem lýst er í rammagrein um skilgreiningu eigin hluta, hefði eiginfjárlutfall þeirra verið lægra og mögulegur vöxtur verið minni. Til þess að setja möguleg áhrif þessa í samhengi eru settar fram myndir til að meta hlut veiks eigin fjár af eiginfjárgrunni. Í eftirfarandi greiningu og framsetningu felst þó ekki sú fullyrðing að lögum samkvæmt hefði eigið fé bankanna átt að reiknast á þann hátt sem gert er hér.

9.6.2 Mat á veiku eigin fé

Við mat á veiku eigin fé bankanna, það er þeirrar tapsáhættu sem þeir báru vegna eigin hlutabréfa, er tekið tillit til lána með veði í eigin bréfum bankans, framvirkra samninga og annarra þátta eftir atvikum.

Til þess að meta heildartapsáhættu vegna lána með veði í eigin hlutabréfum er þeirri aðferð beitt að skoða saman heildarútlán til hvers viðskiptamanns og heildarupphæð þeirra hlutabréfa í bankanum sjálfum sem viðskiptamaðurinn hefur lagt að veði vegna skuldbindinga sinna við bankann. Sú upphæð sem er lægri er metin sem tapsáhætta bankans vegna eigin bréfa. Ef viðskiptamaður hefði tekið 10 milljóna króna lán hjá bankanum og lagt 20 milljóna króna virði af hlutabréfum bankans að veði teldust því 10 milljónir

„Reykjavík 1. október, 2008.

Stjórn Glitnis samþykkti þ. 29 september að boða til hluthafafundar eins fljótt og auðið er. Þar verður tekin fyrir tillaga um kaup ríkissjóðs á nýju hlutafé í bankanum fyrir 600 milljónir evra fyrir 75% hlut. Viðbrögð markaðarins í gær voru að gengi hlutabréfa Glitnis lækkaði um 71%. Sú verðmætarýrnun, auk 23% lækkunar á ICEX15 á þriðja ársfjórðungi, mun hafa í för með sér auknar afskriftir og neikvæð áhrif á afkomu Glitnis á þriðja og fjórða ársfjórðungi þessa árs. Á þessum tímapunkti er ekki ljóst hve mikil áhrifin verða en við samþykkt hluthafafundar á tilboði ríkissjóðs um aukningu eigin fjár um 84 milljarða þá mun Glitnir vera mjög vel í stakk búinn til að mæta auknum afskriftum.“


Fréttatilkynning frá Glitni sótt á vefsíðu Nasdaq OMX :
<https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=291400&lang=is>

25. Fréttatilkynning frá Glitni sótt á vefsíðu Nasdaq OMX: <https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=291400&lang=is>.

26. Skýrsla Jóhannesar Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. október 2009, bls. 42.

Mynd 1


Mat á veiku eigin fé Glitnis banka hf
Flokkað eftir hluthöfum



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 2


Eigið fé Glitnis banka hf



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 3

CAD-hlutfall Glitnis banka hf
Leiðrétt með frádrætti veiks eigin fjár



Heimild: Glitnir banki hf.

króna til tapsáhættu bankans vegna eigin hlutabréfa. Eins, ef viðskiptamaður hefði fengið 20 milljóna króna lán hjá bankanum og lagt 10 milljóna króna virði af hlutabréfum bankans að veði, teldust 10 milljónir króna til tapsáhættu bankans vegna eigin hlutabréfa. Í þessari aðferðafræði felast í raun tvær forsendur. Fyrri forsendan er sú að ef veð sem eru tekin í hlutabréfum bankans eru hærri en lán viðskiptamannsins þá standi ekki aðrar tryggingar á bak við lánið og þannig sé lánið allt háð virði hlutabréfanna. Seinni forsendan er sú að ef veð í hlutabréfum eru lægri en útlánið þá hljóti að vera aðrar tryggingar fyrir þeim hluta sem munar á virði veðanna og upphæðar lánsins og því aðeins verðmæti hlutabréfanna tekið sem tapsáhætta bankans vegna eigin bréfa. Æskilegra væri að geta að fullu metið virði annarra trygginga en eins og fram kemur í kafla 8.5 var ekki hægt að gera heildstæða greiningu á tryggingargögnum, bæði vegna skorts á gögnum og vegna flækjustigs. Áhrif þess að ekki er hægt að taka tillit til annarra trygginga sem að baki lánunum kunna að vera eru að matið verður hærra en ella. Á móti kemur að ef aðeins eigin hlutabréf bankans liggja að veði fyrir láni til viðskiptamanns og virði hlutabréfanna er orðið lægra en lánið þá er aðeins virði hlutabréfsins talið til matsins þótt virði alls útlánsins kunni að liggja undir. Þá kann útlánaáhætta vegna eigin bréfa að vera til staðar en þessi aðferð nær ekki yfir hana. Erfitt er að fullyrða um heildaráhrif þessara þátta en rétt er að halda til haga mögulegri skekkju sem þetta kann að valda.

Eins og rökstutt er í kafla 8.9 telur rannsóknarnefnd Alþingis að framvirkum samningum um eigin hlutabréf megi að fullu jafna til lána til hlutabréfa-kaupa. Hér er fé, sem er bundið í fjármögnun eigin bréfa í gegnum framvirka samninga, því metið til tapsáhættu vegna eigin bréfa. Þetta er þó aðeins gert í tilviki Landsbanka og Glitnis þar sem Kaupþing dró eigin hluti til varnar framvirkum samningum frá eigin fé.²⁷ Hins vegar höfðu bæði Glitnir og Landsbanki sérstök félög sem stofnuð voru utan um hlutabréf til varnar framvirkum samningum og hlutir í þeim félögum voru ekki dregnir frá eigin fé. Aftur skal hér tekið fram að ekki er tekið tillit til þeirra trygginga vegna framvirkum samninganna sem kunna að vera til staðar en þær tryggingar myndu draga úr tapsáhættu bankans að því gefnu að tryggingarnar sjálfar væru ekki hlutabréf bankans.

Mynd 1 sýnir mat á veiku eigin fé hjá Glitni, flokkað eftir þeim aðilum sem standa að baki lánunum og veðunum. Auk bréfa sem voru beint að veði eru bréf í eigu Stíms (og síðar dótturfélaga þess), sem nefnd eru í dæmum í kaflanum hér á undan, talin með í útreikningum. Þá er söluréttur Kristins ehf., sem fjallað var um í kafla 9.5, jafnframt talinn með. Hæst fór upphæðin í rúma 60 milljarða vorið 2008 þegar meðal annars Rákungur og Salt Investments fengu lán til kaupa í bankanum sem og félög í eigu lykilstjórnenda Glitnis, svo sem fjallað er um í kafla 10.0.

Mynd 2 sýnir uppbyggingu eiginfjárgrunnns Glitnis að teknu tilliti til frádráttarins á mynd 1. Á myndinni skiptist eigið fé bankans hér í fjóra grunnþætti. Neðst er veikt eigið fé samkvæmt matinu og eru þeir þættir sundurgreindir eftir því hvort um er að ræða fjármögnun í gegnum framvirka samninga eða lán með veði í eigin bréfum. Þar ofan á er svo eigið fé samkvæmt

27. Fyrirspurn í tölvubréfi frá rannsóknarnefnd Alþingis 5. desember 2009 til bankanna þriggja og svar Kaupþings banka hf. frá 9. desember 2009, svar Landsbanka Íslands hf. frá 14. desember 2009 og svar Glitnis banka hf. frá 22. janúar 2010.

uppgjóri að frádregnum frádráttarliðum tilgreindum í uppgjóri (ófnislegar eignir og eignarhlutir í öðrum fjármálastofnunum) og að frádregnu mati á veiku eigin fé. Efst eru svo þættir, aðrir en eigið fé samkvæmt ársreikningi, sem töldust til eiginfjárgrunns, það er víkjandi skuldabréfafjármögnun. Þeirri fjármögnun er hér skipt í tvennt eftir því hvort um var að ræða fjármögnun sem taldist til eiginfjárþáttar A eða B. Lagðir saman nema þessir fjórir þættir eiginfjárgrunni bankans.


Ef CAD-hlutfall er reiknað, leiðrétt með því að draga hið veika eigið fé frá eiginfjárgrunni, fæst sú niðurstaða sem sýnd er á mynd 3. Lægst fór leiðrétt hlutfall í 8,59% í maí 2008 en frá nóvember 2007 sveiflaðist hlutfallið um 9%. Því fór þetta hlutfall þó nokkuð niður fyrir innri markmið bankans, sem voru 11%, en ekki verður séð að hlutfallið hafi farið niður fyrir hið 8% lögbundna lágmark.

Leiðrétt hlutfall hélst fyrir neðan innra markmið bankans frá júlí 2007 og fram að falli bankanna. Vakin skal athygli á því að í mati á veiku eigin fé Glitnis er ekki kjölfestuhlutur FL Group í bankanum en Glitnir var með veruleg útlán til félagsins og tengdra aðila þess, eins og fjallað er um í kafla 8.7. Hlutir FL Group í bankanum í gegnum dótturfélög sín, FL Group Holding Netherlands B.V. og FL GLB Holding B.V., voru að andvirði um 100 milljarða króna í lok ársins 2007 og námu þá um tveimur þriðju hlutum eigin fjár félagsins samkvæmt ársreikningi svo að ljóst er að mikið verðfall hlutabréfa bankans myndi hafa veruleg áhrif á félagið. Þá reiknast hér heldur ekki með 7% hlutur Þáttar International, sem var í eigu Milestone ehf. og BNT hf., en hópar tengdir þeim félögum voru einnig með umtalsverð útlán til bankans. Þessir hlutir voru ekki veðsettir bankanum en segja má að verðmæti þeirra hafi haft veruleg áhrif á greiðslugetu félaganna sem áttu þá, eins og kom raunar skýrt fram þegar FL Group var sett í greiðslustöðvun eftir mikið verðfall hlutabréfa Glitnis. Þannig má líklegt telja að bein útlánaáhætta bankans vegna þessara hlutabréfa hafi verið til staðar en erfitt er að meta umfang þeirrar áhættu vegna flækjustigs.

Mynd 4 sýnir mat á veiku eigin fé Kaupþings. Þar sem Kaupþing dró eign til varnar framvirkum samningum frá eigin fé eru framvirkir samningar ekki taldir með í matinu fyrir bankann. Aftur á móti eru veðsett bréf dótturfélaga Kjalar hf. og Exista hf. hér talin á móti skuldum móðurfélaganna. Exista var stærsti eigandi Kaupþings banka hf. fyrir fall bankans en félagið var, ásamt tengdum aðilum, jafnframt næststærsta áhættuskuldbinding bankans eins og fram kemur í kafla 8.7. Til tryggingar skuldbindingum sínum var félagið að jafnaði með í kringum 10 milljarða af hlutabréfum Kaupþings að veði hjá bankanum þann tíma sem gögnin ná yfir. Kjalar var næststærsti hluthafi Kaupþings banka hf. fyrir fall bankans en félagið var að langstærstu leyti í eigu Ólafs Ólafssonar, eða 94%, ef dregin eru frá eigin bréf félagsins.²⁸ Eignarhluturinn í Kaupþingi var þó jafnan í dótturfélögum Kjalar hf., fyrst í Eglu hf. en síðar í Kjalar Invest B.V. og Eglu Invest B.V., báðum skráðum í Hollandi. Þegar Kaupþing greiddi upp skuld Kjalar hf. við Citibank vorið 2008, eins og fjallað er um í kafla 8.8, tók bankinn veð í eigin hlutabréfum í eigu Eglu Invest B.V. Við það fjármagnaði bankinn með beinum hætti eigin hlutabréf næststærsta eiganda síns. Stærstu aðilarnir hér eru Exista og frá

Mynd 4


Mat á veiku eigin fé Kaupþings banka hf
Flokkað eftir hluthöfum



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 5


Eigið fé Kaupþings banka hf



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 6

CAD-hlutfall Kaupþings banka hf
Leiðrétt með frádrætti veiks eigin fjár




Heimild: Kaupþing banki hf.

28. Hlutafjármiðar skilað til ríkisskattstjóra fyrir árið 2007.

Mynd 7


Mat á veiku eigin fé Landsbanka Íslands hf
Flokkað eftir hluthöfum



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 8


Eigið fé Landsbanka Íslands hf



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 9

CAD-hlutfall Landsbanka Íslands hf
Leiðrétt með frádrætti veiks eigin fjár



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

vori 2008 einnig Kjalar. Jafnframt eru Gift fjárfestingarfélag, Desulo Trading og Holt Investment Group nokkuð stór en um þau og hlutabréfakaup þeirra í Kaupþingi er einnig fjallað í kafla 12.0. Þá má sjá að lán til starfsmanna og stjórnarformanns Kaupþings voru einnig umtalsverð en margir starfsmenn Kaupþings fengu veruleg lán til kaupa á hlutabréfum bankans, eins og nefnt er í kafla 9.5 og rætt nánar í kafla 10.0. Þegar hæst fór nam veikt eigið fé tæpum 160 milljörðum um mitt ár 2008, samkvæmt þessu mati.

Mynd 5 sýnir uppbyggingu eiginfjárgrunns bankans að teknu tilliti til ofangreinds mats á veiku eigin fé. Myndin er sett fram á sama hátt og í tilviki Glitnis. Mynd 6 sýnir loks CAD-hlutfall bankans leiðrétt með matinu. Sjá má að munurinn á birtu CAD-hlutfalli og hinu leiðréttu vex nokkuð jöfnum skrefum frá miðju ári 2007. Leiðréttu hlutfallið lækkar jafnt og þétt og er um mitt ár 2008 komið niður í 8,13% en fer ekki niður fyrir 8%.

Samkvæmt ársreikningum Kaupþings var bankinn með 11% CAD-hlutfall sem markmið. Kaupþing var kominn undir þetta innra markmið samkvæmt leiðréttu hlutfallinu í júlí 2007, líkt og Glitnir. Í tilviki Landsbankans var umfang veða í eigin bréfum talsvert minna en hjá hinum bönkunum. Hins vegar var stærsti eigandi bankans, Samson eignarhaldsfélag ehf., með lán hjá bankanum, 19 milljarða við lok árs 2006 og 31 í lok árs 2007. Ef frá er talin eign félagsins í bankanum sjálfum og skuldir þess við bankann námu skuldir Samsonar umfram eignir um 19 milljörðum í lok árs 2006 og 29 milljörðum árið 2007.²⁹ Hér er því litið svo á að umrædd lán hafi verið út á kjölfestu-hlutinn í bankanum þar sem þau voru líkleg til að tapast færi bankinn í þrot. Mynd 7 sýnir matið fyrir Landsbankann. Meðal stórra aðila, annarra en Samsonar, má sjá kaupréttarfélagin sem fjallað var um í kafla 9.5. Hæst fór matið á veiku eigin fé í vel rúma 80 milljarða króna haustið 2007 og helst það um 80 milljarðar fram að falli bankans. Mynd 8 sýnir uppbyggingu eiginfjárgrunns með tilliti til leiðréttingar og mynd 9 sýnir loks leiðrétt CAD-hlutfall með tilliti til matsins. Leiðréttu hlutfallið var komið niður fyrir innra markmið bankans um 10% CAD-hlutfall í mars 2007. Þar að auki má sjá að upp úr miðju ári 2007 fór hið leiðréttu hlutfall niður fyrir hið 8% lögbundna lágmark og sveiflaðist í kringum lágmarkið eftir það.

Samkvæmt matinu er veikt eigið fé bankanna þriggja umtalsvert. Það fer úr rúnum 100 milljörðum króna í lok árs 2006 í rúma 300 milljarða króna um mitt ár 2008 (sjá töflu 1). Um mitt ár 2008 nam því veikt eigið fé rúmlega 25% af samanlögðum eiginfjárgrunnum bankanna þriggja.

Eins og fram kemur í kafla 9.4.2.1 samanstandur eiginfjárgrunnur banka af þáttum sem felast annars vegar í eigin fé skv. ársreikningi að frádræginni viðskiptavild og hins vegar í víkjandi lánnum sem uppfylla tiltekin skilyrði. Takmörk eru fyrir því hversu stór hluti af eiginfjárgrunni þessi víkjandi lán mega vera. Þau takmörk þýða því að ef kjarna eigið féð, þ.e. eigið fé skv. ársreikningi að frádræginni viðskiptavild, lækkar mikið þá hefur sú lækkun áhrif á hversu há upphæð víkjandi lána getur talist til eiginfjárgrunns. Í greiningu þessa kafla er ekki lagt mat á þessi áhrif og myndir af leiðréttum CAD-hlutföllum taka aðeins til mats á veiku eigin fé og beinum áhrifum þess ef það væri dregið frá eiginfjárgrunni. Ef einnig hefði verið tekið tillit til afleiddra áhrifa lækkunar kjarna eigin fjár af sömu stærðargráðu og mat á veiku eigin

29. Skv. ársreikningum félagsins fyrir árin 2006 og 2007.

fé á upphæð víkjandi lána í eiginfjárgrunni er hins vegar ljóst að áhrif á CAD-hlutfallið hefðu verið talsvert meiri.

9.6.3 Mat á krossfjármögnun bankanna

Kafla 9.6.2 fjallar um mat á því hversu mikið veikt eigið fé var í bönkunum, það er hversu mikið hver um sig var líklegur til að tapa vegna eigin hlutabréfa við gjaldþrot.


Rök má færa fyrir því að stóru bankarnir þrír hafi verið kerfislega tengdir, það er að ef einn þeirra félli þá væru verulegar líkur á því að hinir myndu lenda í erfiðleikum. Samkvæmt Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, „var veikleiki í þessu, og hefði eflaust þurft að vera búið að taka á því [...] eða einn af stóru veikleikunum var, að mínu mati, þessi exposure á milli fjármálfyrirtækjanna á eiginfé í gegnum [...] ekki bara í gegnum einhverja eignahluti sem að átti þá að draga frá í eiginfjárútreikningi heldur líka í gegnum lánveitingar sem var miklu umfangsmeira, held ég, heldur en maður vissi af“.³⁰ Til stuðnings þessu má nefna að árið 2008 voru dæmi þess að samstarf væri milli bankanna um að fjármagna eða kaupa bréf hver annars. Í september 2008 gerðu Landsbankinn og Glitnir samkomulag um að skiptast á hlutabréfum, Landsbankinn keypti í Glitni og Glitnir í Landsbankanum. Frá þessu er nánar skýrt í kafla 12.0 en í stuttu máli var um að ræða viðskipti þar sem Glitnir keypti andvirði 3,7 milljarða króna af hlutabréfum Landsbankans í nokkrum viðskiptum um miðjan og seinni hluta september og Landsbankinn keypti á móti 3,7 milljarða virði af hlutabréfum Glitnis. Þá var samkomulag milli Glitnis og Kaupþings um fjármögnun hvers banka á hlutabréfum hins, skv. lánsúmsókn vegna lánveitingar Kaupþings til FL Group í maí 2008. Andvirði lánsins skyldi varið til kaupa á hlutabréfum í Glitni en í úmsókninni segir: „The € 90m facility stems from a deal Kaupthing and Glitnir made where Glitnir committed to lend against Kaupthing shares and Kaupthing committed to lend against Glitnir shares.“³¹

Ef horft er á stóru bankana þrjá sem eina heild, og þá byggt á rökstuðningi um kerfisleg tengsl þeirra, er áhugavert að skoða hversu mikill styrkur þeirra var til þess að takast á við áföll. Til þess að varpa nokkru ljósi á það er hér metið umfang krossfjármögnunar. Með krossfjármögnun er hér átt við hversu mikið bankarnir lánuðu, með veðum í bréfum eða í gegnum framvirka samninga, til kaupa í hinum bönkunum. Sömu grunnaðferðafræði er beitt og í kafla 9.4.2, þ.e. að annars vegar er fjármögnun framvirkra samninga talin með, nema í tilviki Kaupþings sem dró eignir í öðrum bönkum frá eigin fé. Hins vegar eru skoðuð lán sem einn banki veitir með veði í hlutabréfum annars. Samanlagt er þetta metið sem krossfjármögnun.

Mynd 10 sýnir niðurstöðu þessa mats. Fyrir hvern banka er fjármögnun bankans á hlutabréfum hinna sýnd. Sjá má að krossfjármögnun Landsbankans var að jafnaði mest af bönkunum þremur. Ef áfram er litið á bankana sem eina heild og eiginfjárgrunnar þeirra lagðir saman og leiðréttir fyrir beinni eiginfjármögnun og krossfjármögnun má reikna kerfislegt eigið fé en uppbygging þess er sýnd á mynd 11. Mynd 12 sýnir loks CAD-hlutfall kerfisins ef litið væri á bankana þrjá sem einn og fjármögnun eigin fjár, bæði bein og kross, væri dregin frá eigin fé. Samanteknar niðurstöður greiningar kafla 9.6.2 og 9.6.3 má sjá í töflu 1 á næstu síðu.

Mynd 10

Krossfjármögnun stóru bankanna þriggja
Útlán hvers með veði í bréfum hinna



Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf og Landsbanki Íslands hf.

30. Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. september 2009, bls. 9.

31. Lánaúmsókn á fundi lánaneftar stjórnar Kaupþings 29.maí 2008.


Tafla 1. Fjármögnun bankanna á eigin bréfum

Ma. kr.	Bein eiginfjármögnun						Krossfjármögnun		
	Glitnir	Kaupþing	Landsbankinn	Alls	Eigið fé samtals	Hlutfall af eigin fé	Krossfjármögnun	Bein- og krossfjárm. samtals	Hlutfall af eigin fé
31.12.2006	24	44	47	115	922	12	88	203	22
31.3.2007	23	50	57	131	882	15	100	231	26
30.6.2007	33	52	61	146	877	17	133	278	32
30.9.2007	33	77	75	185	917	20	145	331	36
31.12.2007	44	102	84	230	982	23	119	350	36
31.3.2008	52	107	81	240	1171	20	92	332	28
30.6.2008	63	159	81	303	1186	26	92	395	33
30.9.2008	30	138	83	251			75	326	

Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf.

Mynd 11

Kerfislegt eigið fé stóru bankanna þriggja




Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf.

Mynd 12

Kerfislegt CAD-hlutfall bankanna þriggja

Leiðrétt með frádrætti veiks eigin fjár



Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf.

9.6.4 Fjármögnun á hlutabréfum FL Group hf. og Exista hf.

Stærstu eigendur Glitnis og Kaupþings voru skráð félög á markaði, þ.e. FL Group hf. og Exista hf. í þeirri röð. Í báðum félögum var kjölfestuhluturinn í bönkunum stærsta eignin og uppistaðan í eigin fé félaganna í lok árs 2007.³² Því var ljóst að færri annar bankinn í þrot stæði viðkomandi eigandi bankans mjög höllum fæti. Þetta kom á daginn þegar tilkynnt var um tilboð ríkisins um kaup á 75% hlutafjár í Glitni en í framhaldinu var FL Group hf., sem á þeim tímapunkti hafði tekið upp nafnið Stoðir hf., sett í greiðslustöðvun. Að sama skapi var Exista hf. í uppnámi eftir að Kaupþing féll. Í kjölfarið voru hlutabréf beggja félaga næsta verðlítill.

FL Group og Exista voru, eins og áður segir, skráð félög á markaði og líkt og með hlutabréf bankanna sjálfra höfðu íslensku bankarnir veitt lán út á hlutabréf félaganna tveggja. Þau veð urðu að engu við fall bankanna og lán sem aðeins voru tryggt með þessum veðum voru töpuð. Því má færa fyrir því sterk rök að veðeiginleikar þessara bréfa hafi, í samhengi við eigið fé íslenska fjármálakerfisins, verið svipaðir eiginleikum bréfanna sjálfra. Lánveitingar bankanna út á þessi bréf hafi því dregið á sama hátt úr styrk eigin fjár kerfisins. Án þess að framkvæma jafn heildstæða greiningu og með bréf bankanna er áhugavert að meta á sambærilegan hátt hversu há lán bankanna voru bundin í þessum bréfum. Sambærileg aðferðafræði fyrir hlutabréf þessara félaga og fyrir hlutabréf bankanna felst í því að taka fyrir hvern lánatakanda það sem er lægra af eftirfarandi tvennu; upphæð útlána hans í ákveðnum banka eða verðmæti veða sem bankinn hefur tekið í bréfunum. Þetta var gert miðað við dagsetningu í lok árs 2007 og má sjá niðurstöðurnar í töflu 2.

Niðurstöðurnar draga fram hversu mikið hver banki hefði líklega tapað ef Glitnir eða Kaupþing hefði fallið og dregið stærsta eiganda sinn með sér í fallinu. Ef Kaupþing hefði fallið og Exista hefði farið í þrot hefði bankinn, miðað við þetta mat, tapað um 32 milljörðum á fallinu. Því má segja að geta bankans til að þola áföll hafi verið þessum 32 milljörðum minni. Eins hefðu hinir bankarnir samtals tapað rúmum 12 milljörðum á falli Exista sem afleiðingu af falli Kaupþings. Þetta er fyrir utan bein áhrif hinna bankanna af fjármögnun hlutabréfa Kaupþings. Í tilviki FL Group eru tölurnar þó öllu hærri. Ef Glitnir hefði fallið og FL Group farið í þrot hefði, miðað við þetta mat, Glitnir sjálfur

32. Skv. ársreikningum félaganna fyrir árið 2007.

tapað um 42 milljörðum á því. Styrkur bankans til að taka áföllum hefði því verið minni sem því nam. Þessu til viðbótar hefði Landsbankinn tapað um 53 milljörðum og Kaupþing tæpum 10. Þessi skuldsetning á hlutabréfum stærsta eiganda Glitnis var þannig til þess fallin að skapa nokkuð sterk keðjuverkandi áhrif, sér í lagi gagnvart Landsbankanum, ef til falls FL Group kæmi í framhaldi af falli Glitnis.

9.7 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Lánveitingar bankanna til kaupa á eigin hlutabréfum voru umtalsverðar. Þær voru ýmist framkvæmdar með beinum lánum með veðum í bréfunum eða með framvirkum samningum. Hér að ofan hefur jafnframt verið lýst annars konar dæmum, þar sem tapsáhætta vegna hlutabréfa bankanna lá hjá þeim sjálfum. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að saman hafi þetta valdið því að geta bankanna til þess að þola áföll var minni en birt eiginfjárlutföll þeirra gáfu til kynna þar sem mögulegt rekstrartap þeirra hefði skilað sér í lækkun hlutabréfaverðs og þar með auknu tapi vegna þeirrar áhættu sem bankarnir báru vegna eigin hlutabréfa. Jafnframt telur nefndin að leiða megi að því líkur að þessi áhætta vegna eigin hlutabréfa hafi valdið því að bankarnir lögðu enn frekara fjármagn í það að styðja við gengi bréfanna eins og rökstutt er í kafla 12.0.

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að fjármögnun bankanna á hlutabréfum hvers annars hafi verið það umfangsmikil að með því hafi skapast mikil kerfisleg áhætta sem hafi veikt getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér þá lausafjárkreppu sem skall á um mitt ár 2007. Þessi kerfislega áhætta magnaðist enn frekar vegna fjármögnunar bankanna á hlutabréfum Exista og FL Group sem ljóst var að myndu falla verulega í verði ef þeir bankar sem félögin áttu kjölfestuhluti í féllu.

Þrátt fyrir þá framkvæmd sem verið hefur á reikningsskilum fjármálafyrirtækja hér á landi er það álit rannsóknarnefndar Alþingis að veigamikil rök leiði til þeirrar niðurstöðu að draga hefði átt lán, sem einvörðungu eru tryggð með veði í eigin hlutabréfum, frá eigin fé fjármálafyrirtækis á grundvelli 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Hið sama gildi um hluti sem voru að formi til skráðir í eigu þriðja aðila en „fyrir reikning“ viðkomandi fjármálafyrirtækis. Nánari röksemdir fyrir þessari niðurstöðu koma fram í kafla 11.2. Með tilliti til þessarar niðurstöðu nefndarinnar hefur í þessum kafla verið lýst með dæmum hvaða þýðingu ætla má að framkvæmd í samræmi við túlkun nefndarinnar hefði haft í starfsemi stóru fjármálafyrirtækjanna Glitnis, Kaupþings og Landsbankans á síðustu árum. Sú þrönga túlkun sem fjármálafyrirtækin beittu í þessu sambandi leiddi til þess að eigið fé þeirra var skráð hærra heldur en ef áðurnefndri túlkun nefndarinnar hefði verið fylgt. Of hátt skráð eigið fé banka eykur getu hans til vaxtar og því má leiða að því líkur að ef fylgt hefði verið þeirri túlkun, sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur hér sett fram, hefði vöxtur bankanna ekki orðið jafnhraður og raun varð.

Rannsóknarnefndin telur, í ljósi þess sem rakið er í þessum kafla, ástæðu til þess að setja fram þá ábendingu að hugað verði að því að setja skýrari reglur um hvaða eigin hlutabréf í fjármálafyrirtæki eigi að koma til frádráttar við útreikning á eigin fé þeirra.

Tafla 2. Lán með veði í skráðum hlutabréfum eigenda bankanna¹

Ma. kr.	Félag sem fjármagnað var	
	FL	Exista
Glitnir	42	7
Kaupþing	10	32
Landsbankinn	53	5
Alls	104	45

1. Fjármögnun hvors félags flokkuð eftir lánveitanda

Heimild: Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf.

10. kafli

Launa- og hvatakerfi bankanna

10.1 Þáttur hvatakerfanna í rekstri bankanna

Á síðustu árum hefur krafan um að tengja saman hag atvinnurekenda (hluthafa) og starfsmanna fyrirtækja verið áberandi og byggir hún bæði á fræðilegum og hagnýtum sjónarmiðum.¹ Íslendingar þekkja vel til slíkra launakerfa ekki síst í sjávarútvegi þar sem aflahlutur áhafna er útbreitt fyrirkomulag og telja margir að það sé veigamikill þáttur í velgengni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Starfsmenn sem vinna í þekkingariðnaði, þar sem aðgangshömlur að markaði eru tiltölulega litlar, hafa allsterka samningsstöðu gagnvart því að krefjast hlutdeildar í þeirri verðmætasköpun sem þeir vinna að. Með þeirri menntun og reynslu sem þeir hafa aflað á umræddu sviði geta þeir sjálfir veitt vinnuveitendum sínum samkeppni enda fylgir uppbyggingu á nýjum fyrirtækjum ekki mikill kostnaður.

Mikið hefur verið skrifað um lausnir á svokölluðum umboðsvanda,² þ.e. hvernig hægt er að tryggja að stjórnendur vinni verk sín vel og skili vinnuveitendum sínum þar með bestum hugsanlegum árangri. Vandinn er til staðar þar sem starfsmenn búa yfir öðrum upplýsingum en eigendur fyrirtækisins en það er eigendum kostnaðarsamt og jafnvel ómögulegt að fylgjast með starfsmönnum til að tryggja að þeir vinni einatt að hag eigendanna. Með eftirliti væri mögulegt að koma í veg fyrir t.d. sjálfstöku stjórnenda sem er ein helsta hættan sem steðjar að eigandanum. Bent hefur verið á að hægt sé að koma upp eftirlitsferlum til að stuðla að góðum stjórnarháttum og virkri stjórn fyrirtækisins (e. good corporate governance) og getur það dregið úr umboðsvandanum. Fræðimenn hafa jafnvel sýnt fram á að öflugar stjórnir skili hærri ávöxtun hlutafjár skráðra fyrirtækja.³ Árangurstenging launa er aðferð sem beitt hefur verið til að tengja saman hag starfsmanna og eigenda og draga þannig úr umboðsvandanum. Árangurstengingin er yfirleitt sérstök umbun til starfsmanna fyrir að vinna fyrirfram skilgreint verk eða ná tilteknum árangri, t.d. ákveðinni rekstrarafkomu. Rekstrarafkomuna má mæla með ýmsum hætti; með innri mælikvörðum sem skilgreindir eru í ársreikningum eða ytri mælikvörðum sem byggjast á utanaðkomandi þáttum, svo sem markaðsverði hlutabréfa skráðra fyrirtækja. Það er vandasamt að hanna hvatakerfi

1. Jensen, M. og K. Murphy: „Performance Pay and Top Management Incentives.“ *Journal of Political Economy*, 1990 Vol. 98, No. 2.
2. Umboðsvandi verður til þegar aðilar sem fara með umboð fyrir aðra hafa ekki sömu hvata eða hagsmuni og þeir sem veita þeim umboðið. Umboðsaðilarnir geta því freistast til þess að vinna fremur að eigin hagsmunum á kostnað umboðenda sinna. Dæmi um þetta eru eigendur fyrirtækja annars vegar og stjórnendur fyrirtækja hins vegar. Ávinningur stjórnenda eru laun á meðan ávinningur eigenda er framtíðarágóði fyrirtækisins. Hvatakerfum er komið á í því augnamiði að reyna að sameina betur hagsmuni eigenda og stjórnenda.
3. Gompers, P.; J. Ishii og A. Metrick: „Corporate Governance and Equity Prices.“ *Quarterly Journal of Economics*, 118 2003, bls. 107–155.

sem samtvinnar hag eigenda og starfsmanna á hagkvæman hátt.⁴ Starfsmenn, þá sérstaklega stjórnendur, hafa oftast betri þekkingu á fyrirtækinu en eigendur þess. Því er hættu á að þeir nýti sér yfirburði sína til að hafa áhrif á árangursmælingarnar; hagræði tölum, noti peninga fyrirtækisins til að hafa áhrif á markaðsverð þess eða vinni verk sín þannig að þeir uppfylli kröfur um árangursgreiðslur í bráð en grafi undan hagsmunum hluthafanna í lengd. Rannsóknir gefa til kynna að árangurstenging launa komi ekki í stað eftirlits með stjórnendum. Enn sem áður er meiri hættu á sjálfsafgreiðslu launa þar sem dregið er úr eftirliti með stjórnendum.⁵ Kemur þetta meðal annars fram í því að líkur á lögsóknum gegn hlutafélögunum aukast þegar stjórnir ákveða að nýta árangurstengingu launa í stað öflugs eftirlits.⁶

Eftirfarandi umfjöllun er ætlað að svara því hvaða áhrif hvatakerfin höfðu í rekstri íslensku bankanna og hvort þau hafi átt þátt í falli þeirra.

Líkt og þekkt er úr fræðilegri umfjöllun og rætt var í kafla 3.0 hafa bankar nokkra sérstöðu sem fyrirtæki. Svigrúm til árangurstengingar launa bankamanna er að jafnaði talið minna en t.d. framleiðslufyrirtækja vegna þeirrar þjónustu sem bankar veita áhættufælnum viðskiptavinum sínum annars vegar og hins vegar vegna hinnar miklu skuldsetningar bankanna. Ef innstæðu- og skuldabréfaeigendur missa trú á bönkum veldur það óhjákvæmilega falli þeirra. Þar með brestur sú lífæð sem bankar eru gagnvart efnahagskerfum. Eftir því sem skuldsetning fyrirtækja eykst ættu laun æðstu stjórnenda og lykilstarfsmanna að vera að stærstum hluta föst laun og taka minna mið af rekstrarárangri. Þetta á ekki síst við um banka.⁷

Það er ljóst að verkefni stjórnenda alþjóðlegra banka eru ærin og eðlilega þarf að gera miklar hæfniskröfur til bankastjórnenda. Til að tryggja að þeim sé mætt með ráðningu réttara aðila þurfa laun þeirra að vera samkeppnishæf. Sú sérstaða banka sem lýst var hér að framan, og þá um leið sú staða hversu mjög stjórnendur banka geta með ákvörðunum sínum haft áhrif á afkomu þeirra, leiðir til þess að við skipulag og framkvæmd launa- og hvatakerfa innan þeirra kann að vera varasamt að ákveða launakjör bankastjóra þannig að stærstur hluti þeirra sé háður mælikvörðum sem bankastjórnir sjálfir og hlutaðeigandi starfsmenn geta haft töluverða stjórn á. Ólíkt sjómanninum sem er háður náttúrunni um aflabrögð hefur bankastjórinn þræði í hendi sér sem geta haft bókhaldsleg áhrif á rekstrarniðurstöðuna. Sem dæmi má nefna að síendurnýjuð lán mynda aldrei bókhaldslegt tap. Þar ráðast áhrif lánsins af ákvörðunum stjórnenda bankans.

Bankastjórnandi sem til dæmis hefur einungis einn tíunda hluta launa sinna í formi grunnlauna eða fastra launa en 90% sem hlutfall af árangri fyrirtækisins mun óhjákvæmilega einhvern tíma lenda í þeirri aðstöðu að þurfa að

4. Jensen, M.; K. Murphy og E. Wruck: *Remuneration: Where we've been, how we got here, what are the problems, and how to fix them*. European Corporate Governance Institute, Finance Working Paper No. 44/2004.
5. Bebchuk, Lucian; Jesse M. Fried og David I. Walker: „Managerial Power and Rent Extraction in the Design of Executive Compensation.“ *University of Chicago Law Review*, 2002 Vol. 69, bls. 751–846.
6. Talley, Eric og Gudrun Johnsen: *Corporate Governance, Executive Compensation and Securities Litigation*. USC Law School, Olin Research Paper No. 04-7 2005 og USC CLEO Research Paper No. C04-4 2005. Sjá einnig Röell, Ailsa A. og Lin Peng: *Executive Pay, Earnings Manipulation and Shareholder Litigation*. (August 2006) AFA 2005 Philadelphia Meetings. Aðgengilegt á SSRN: <http://ssrn.com/abstract=488148>.
7. Sjá m.a. grein Kose, John: „Incentive Features in CEO compensation in the Banking Industry.“ *Economic Policy Review*, Vol. 9, No. 1, apríl 2003.

velja á milli þess að taka bókhaldslega ákvörðun sem leiðir til þess að hann fái greidd hærrí samningsbundin laun eða velja rekstrarlegan og/eða bókhaldslegan kost í rekstri bankans sem ekki tryggir honum jafn há laun. Eins og áður segir er hættan sem af þessu leiðir sérstaklega mikil í fyrirtækjum sem þegar eru mjög skuldsett.⁸ Í harðri samkeppni nútímans verður tæpast mikil stökkbreyting á arðsemi fyrirtækis með því að auka rekstrarlegt hag-ræði. Aukin arðsemi verður fyrst og fremst vegna nýrra uppgötvana, tækni-framfara eða fjárfestinga sem leiða af sér meiri umsvif á markaðnum. Þetta hefur aftur áhrif á verðlagningu vöru og þjónustu sem fyrirtækið býður fram og getur aukið hagnað þess. En fjárfestingum fylgir frekari skuldsetning og hjá fjármálafyrirtækjum sem þegar eru mjög skuldsett er varasamt að hvetja stjórnendur áfram með vísan í aukna arðsemi sem aðeins verður uppfyllt með meiri skuldsetningu svo vel sé. Slíkt hvatakerfi er líklegt til þess að ýta félaginu fram af brúninni, ef svo má að orði komast, því líkur eru á því að stjórnendurnir muni gera það sem þeim er uppálagt og kerfið hvetur þá til ef þeir eiga að öðrum kosti á hættu að missa vinnuna og sæta því tekjutapi sem af því leiðir. Líkt og Sigurjón Þ. Arnason benti á í skýrslutöku fyrir rannsóknar-nefnd Alþingis hefði það jafngilt því að segja starfinu upp að fara harkalega gegn vilja stærstu hluthafa.⁹

Í ljósi hinnar miklu skuldsetningar bankanna og þeirrar staðreyndar að þeir greiddu stjórnendum og ýmsum starfsmönnum sínum verulegar bónusgreiðslur taldi rannsóknarnefnd Alþingis nauðsynlegt að kanna hvatakerfi bankanna nánar til þess að geta metið hvort orsakir falls bankanna mætti að einhverju leyti finna í þessum þætti rekstrar þeirra. Beindist athugunin að uppbyggingu hvatakerfanna, launasamsetningu starfsmanna, því hverjir tóku ákvarðanir um kaupauka og á hvaða forsendum og hvernig lánaþynging til stjórnenda og starfsmanna var háttáð. Þá lagði nefndin áherslu á að kanna hversu stór hluti launa voru grunnlaun hjá ólíkum hópum bankastarfsmanna og hversu stór hluti launanna var á hinn bóginn ákvarðaður út frá innri og ytri mælikvörðum (bókhaldslegum stærðum, huglægum forsendum eða þáttum sem ákvarðaðir eru úti á markaði). Jafnframt var kannað hvort sjá mætti þess dæmi að stjórnendur segðu ekki satt og rétt frá um afkomu fyrirtækisins til að mæta þeim kröfum sem hvatakerfið gerði til þeirra, líkt og kenningar spá fyrir um að geti gerst.¹⁰ Loks var leitast við að upplýsa hvaða markmið kerfið setti fram gagnvart stjórnendum, hvernig þeim markmiðum var náð og hvaða áhrif það hafði á fjárhagsstöðu stjórnenda og rekstur bankanna.

Algengt fyrirkomulag árangurstengingar launa er að veita umbun bæði fyrir árangur til skamms tíma sem og til langs tíma. Árlegir eða hálfárslegir bónusar falla undir hið fyrrnefnda. Bónusarnir eru gjarnan ákvarðaðir af innri mælikvörðum, svo sem arðsemi þeirrar starfseiningar sem starfsmaðurinn vinnur fyrir og ætlað er að hvetja áfram með árangurstengingu. Hins vegar byggir árangurstenging til langs tíma aðallega á ytri mælikvörðum svo sem markaðsverði hlutabréfa fyrirtækisins. Gjarnan eru gerðir kaupréttarsamningar við starfsmanninn til að ná markmiðum til langs tíma. Starfsmaðurinn hagnast þegar hlutabréfaverð fyrirtækisins hækkar en þá getur hann innleyst

8. John, T.A. og K. John: „Top Management Compensation and Capital Structure.“ *Journal of Finance*, 1993 Vol. XLVIII, No. 3, bls. 949–974.

9. Skýrsla Sigurjóns Þ. Arnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 116.

10. Bebchuk, Fried; Jesse M. Fried og David I. Walker: „Managerial Power and Rent Extraction in the Design of Executive Compensation.“ *University of Chicago Law Review*, 2002 Vol. 69, bls. 751–846.

hagnað þar sem innlausnarverð samningsins er orðið eitthvað lægra en hægt er að fá á markaði. Með því að selja hlutabréfin á markaði getur starfsmaðurinn notið þeirra verðhækkana og þar með hagnaðar. Í sama tilgangi kann fyrirtækið frekar að kjósa að veita starfsmanninum hlutabréf í félaginu strax við upphaf starfs með skilyrðum um að selja ekki bréfin á markaði fyrr en eftir tiltekinn tíma. Þessar tvær aðferðir hafa þó ólík áhrif á kostnað fyrirtækisins og einnig á hagsmuni starfsmannsins. Sé síðarnefnda leiðin farin getur hann strax frá upphafi greitt atkvæði á hluthafafundum en það getur hann ekki ef hann er aðeins með kaupréttarsamning. Venjan er að fyrirtækin gefi út nýja hluti í þessu skyni; annað hvort þegar nýta á kaupréttinn eða þegar starfsmanninum eru afhent bréf með skilyrðum. Þetta rýrir eignarhluta annarra hluthafa sem fyrir eru eigendur að félaginu.

10.2 Gagnasöfnun og úrtak

Á grundvelli þeirra heimilda til gagnasöfnunar sem Alþingi veitti rannsóknarnefndinni með lögum nr. 142/2008 var ráðist í að búa til gagnagrunn sem næði yfir upplýsingar um allar launagreiðslur til starfsmanna móðurfélaganna, Kaupþings, Landsbankans og Glitnis, á árunum 2004–2008. Nefndin hafði ekki tók á að safna upplýsingum um launakjör starfsmanna dótturfélaga, nema að takmörkuðu leyti. Nefndin hafði aðgang að öllum ráðningarsamningum starfsmanna framangreindra lögaðila.

Greiningin miðast aðeins við þá starfsmenn sem unnu að eiginlegri bankastarfsemi. Því voru stöðugildi sem lutu að annars konar starfsemi, s.s. ræstingum, mótuneyti, lækniþjónustu og húsvörslu tekin út úr gagnasafninu. Í þeim tilfellum þar sem starfsheiti starfsmanns var ekki skilgreint í gagnasafninu var gert ráð fyrir að starfsheiti starfsmanns á fyrra eða seinna tímabili gildi. Mánaðarlegum gögnum var safnað. Ef starfsmaður var í hlutastarfi, voru starfshlutfall og laun hans færð upp eins og hann væri í fullu starfi. Mánaðarlegum gögnum var breytt í meðaltalsgögn með því að leggja saman allar mánaðargreiðslur innan hvers launaliðar og deila í með fjölda mánaða sem viðkomandi starfsmaður vann yfir árið. Upplýsingar sem eru birtar um launadreifingar miðast því við meðalmánaðarlaun starfsmannanna.

Fjöldi launaliða var mismunandi eftir bönkum allt frá 77 launaliðum upp í 271. Launaliðirnir voru samræmdir milli bankanna og dregnir saman í fjóra meginliði:

- 1) grunnlaun; föst mánaðarlaun, allar aðrar fastar viðbótargreiðslur svo sem bifreiðastyrkir, hlunnindi (afnot bifreiðar, sími, matur, fatakaup) og aukagreiðslur sem ekki tilheyra bónusgreiðslum,
- 2) bónusgreiðslur, árangurstengdar greiðslur sem inntar eru af hendi fyrir árangur fyrra árs, bónusgreiðslur vegna starfsafmælis eða aðrar greiðslur sem miða að því að halda í starfsmann og varna því að hann fari til annarra starfa,
- 3) innleystir kaupréttir, þ.e. skattskyldar tekjur af innlausn kaupréttarsamninga eða uppgjöri þeirra, þá aðeins af þeim hagnaði sem hlýst af innlausninni, þó að rétthafi ráðstafi hagnaði samningsins til að halda í hlutabréfin,
- 4) lífeyrisgreiðslur; mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð hvort sem er í sameignarsjóð eða séreignarsjóð.

Í sambærilegum rannsóknum er oftast tekið saman svokallað vilnunarvirði kaupréttarsamninga þegar þeir eru veittir starfsmönnum og það talið til hluta af launum þeirra.¹¹ Ekki var tekið tillit til þess hluta launa sem greiddur var í formi hlutabréfa í bönkunum (e. restricted stock grants) (eins og dæmi voru um í Kaupþingi), né þeirra bónusgreiðslna sem haldið var eftir hverju sinni (svo sem í Glitni), heldur aðeins tekið mið af þeim bónusgreiðslum sem raunverulega voru greiddar inn á reikning starfsmannanna.

Fjöldi starfsmanna og þar með mælinga í gagnasafninu má sjá í töflu 1 en heildarfjöldi stöðugilda í samstæðum bankanna er að finna í töflu 2 hér á eftir.

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna í gagnasafni

	2004	2005	2006	2007	2008
Glitnir	1.179	1.243	1.250	1.619	1.530
Landsbankinn	1.272	1.349	1.549	1.723	1.750
Kaupþing	1.220	1.270	1.334	1.502	1.387

Heimild: Glitnir banki hf, Landsbanki Íslands hf og Kaupþing banki hf.

Heildarfjöldi starfsmanna í gagnasafni miðast við fjölda starfsmanna í móðurfélögum bankanna og kann því að vera annar en sem nemur stöðugildum í viðkomandi banka þar sem sumir starfsmenn eru í hlutastörfum eða orlofi (fæðingarorlofi, veikindaorlofi o.s.frv.). Þeir starfsmenn sem voru á launaskrá á hverjum tíma hjá bönkunum eru í úrtaki því sem rannsóknin tekur til. Eins og áður segir hafði rannsóknarnefnd Alþingis ekki aðgang að gögnum um launakjör starfsmanna dótturfélaga bankanna enda er launabókhaldi og útgreiðslu launa oft útvistað og gögnin því ekki hluti af gagnasafni móðurfélaganna. Starfsmenn erlendra útibúa eru þó að nokkru marki með í þessari greiningu.

Tafla 2. Heildarfjöldi stöðugilda í bönkunum


	Glitnir	Landsbankinn	Kaupþing	Alls
2004	1.126	1.121	1.501	3.748
2005	1.216	1.725	2.318	5.259
2006	1.392	2.117	2.553	6.062
2007	1.976	2.640	3.109	7.725
2008	1.976	2.640	3.256	7.872

Heimild: Glitnir banki hf, Landsbanki Íslands hf og Kaupþing banki hf.

Öll laun sem til umfjöllunar eru og samanburður þeirra milli ára eru staðvirt með vísitölu neysliverðs miðað við október 2008 og allur vöxtur sem hér er skráður er því raunvöxtur. Það þýðir að laun sem greidd voru út árið 2004 hafa verið reiknuð fram til ársins 2008 og endurspegla því kaupmátt á því ári. Í umfjöllun hér á eftir um starfssamninga eru laun sem samið er um sett fram á nafnvirði, þ.e. verðlagi þess árs sem samningur var gerður.


11. Vilnunarvirði eða Black-Scholes-virði byggir á verðlíkani Myrons S. Scholes og Fishers Black sem birtist í grein eftir þá árið 1973, „The Pricing of Options and Corporate Liabilities.“ *Journal of Political Economy*, 1973 81 (3), bls. 637–654. Verð kaupréttarins byggir m.a. á lengd samningstímans, verðinu sem gildir á markaði á þeim tíma sem samningur er gerður, innlausnarverði samningsins og verðsveiflum sem orðið hafa á hlutabréfum sem kauprétturinn er um. Að Black látum hlutu Scholes og Robert Merton Nóbelsverðlaun fyrir þróun á verðformúlunni en Merton þróaði starf þeirra Scholes og Black frekar.

Mynd 1
Hundraðsmörk mánaðarlauna hjá Glitni
Heildarlaun




Heimild: Glitni banki hf.

Mynd 2
Hlutfall í heildarlaunakostnaði
Glitni



Heimild: Glitni banki hf.

Mynd 3
Munur á hundraðsmörkum launadreifingar
Glitni



Starfsmenn í 75. hundraðsmörkum voru með 2,18 sinnum laun þeirra sem voru í 25. hundraðsmörkum. Hundraðsmörk marka þá upphæð sem tiltekni hlutfall starfsmanna er með í laun eða sem hefur laun þar fyrir neðan. 25. hundraðsmörkin marka þá upphæð sem 25% starfsmanna hafa eða eru undir í launum.
Heimild: Glitni banki hf.

10.3 Hvatakerfi Glitnis banka hf.

10.3.1 Launadreifing Glitnis

Af stóru bönkunum þremur var breytileiki launa minnstur hjá Glitni. Nokkur breyting varð á launadreifingunni árið 2007 við eigendaskipti á bankanum, þar sem afgerandi skil urðu milli þeirra 11 starfsmanna sem hæst höfðu launin og annarra starfsmanna (sjá mynd 1 og 2). Þannig fékk 1% starfsmanna bankans sem hæstu laun höfðu á árunum 2004–2006 laun sem samsvöruðu um áttföldum launum þeirra sem lágu á miðri launadreifingunni, en var með tíföld laun þeirra árið 2007 og 2008, eins og sjá má á mynd 3.

Á árunum 2004 til 2008 urðu tiltölulega litlar breytingar á samsetningu launa um 90% starfsmanna Glitnis. Hins vegar varð töluverð breyting á launadreifingu bankans. Árið 2004 fengu þau 10% starfsmanna Glitnis sem höfðu hæstu launin rúmlega 30% af heildarlaunagreiðslum bankans en árið 2007 fékk þessi hópur ríflega 45% heildarlauna sem greidd voru starfsmönnum bankans (mynd 2). Þessa miklu tekjuaukningu hinna hæstlaunuðu má skýra með innleystum kaupréttum um 20 starfsmanna félagsins árið 2007. Meðalinnlausn kaupréttanna hjá þessum hópi var um 6,9 milljónir króna á mánuði, á bilinu 170 þúsund krónur þá mánuði sem viðkomandi starfaði hjá bankanum það árið, til 33,5 milljóna króna að meðaltali á mánuði. Kaupréttir skýra hins vegar ekki hækkun laun hinna hæstlaunuðu hjá bankanum árið 2008. Bónusgreiðslur gera það hins vegar en meðalbónusgreiðslur til 1% starfsmanna með hæstu launin jukust um tæplega helming, úr 3,7 milljónum króna í 5,5 milljónir króna á mánuði, á sama tíma og meðalgrunnlaun þessa hóps lækkuðu um 7% að raungildi. Í töflu 1 eru laun 10 launahæstu starfsmanna Glitnis á árunum 2004 til 2008 birt á raunvirði miðað við árið 2008.

10.3.2 Hvatakerfi starfsmanna tekjusviða Glitnis

Rannsóknarnefnd Alþingis skoðaði sérstaklega tvo hópa innan ólíkra tekjusviða bankanna, þ.e. fyrirtækjaráðgjafar og verðbréfamiðlunar. Til samanburðar voru laun sambærilegra starfsmanna innan eins stöðsviðs greind sérstaklega, þ.e. innan greiningardeildar. Í tilfelli Glitnis reyndist verðbréfamiðlunin að meðaltali vera með hæstu launin af þessum þremur sviðum. Hærri bónusgreiðslur skýra að nokkru leyti muninn milli þessara tekjusviða þar sem grunnlaun voru umtalsvert hærri hjá fyrirtækjaráðgjöf en verðbréfamiðlun og hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum því mun hærri í tilfelli verðbréfamiðlunar.

Heildarlaun starfsmanna fyrirtækjaráðgjafar á mánuði hækkðu um tæpan helming að meðaltali frá 2004 til 2008, sjá mynd 10. Mest varð breytingin milli áruna 2004 og 2005 en þá aukningu má helst rekja til hærri bónusgreiðslna árið 2005.¹²

Meðalheildarlaun starfsmanna verðbréfamiðlunar á mánuði ríflega tvöfölduðust frá árinu 2004 til ársins 2008, sjá mynd 11. Stærstan hluta hækkunarinnar má rekja til vaxandi bónusgreiðslna þar sem grunnlaun stóðu í stað að raunvirði milli tímabila.

Meðalheildarlaun starfsmanna greiningardeildar Glitnis á mánuði ríflega tvöfölduðust frá árinu 2004 til 2007. Frá 2004 til 2006 áttu vaxandi grunnlaun stærstan þátt í hækkun heildarlauna en árin 2007 og 2008 má sjá verulega aukningu í bónusgreiðslum til þessara starfsmanna, sjá mynd 12.

12. Minnt er á að allar breytingar eru á raunvirði.

Tafla 3. 10 launahæstu starfsmenn Glitnis á árunum 2004–2008


	Verðlag október 2008	Starfsheiti	Heildarlaun á mánuði að meðaltali, m.kr.
2004			
1	Erlendur Magnússon	Framkvæmdastjóri	9,104
2	Bjarni Ármannsson	Forstjóri	8,610
3	Þorsteinn Þorsteinsson	Sérfræðingur	5,347
4	Sigurður B. Stefánsson	Framkvæmdastjóri	4,206
5	Tómas Sigurðsson	Stjórnarmaður	4,166
6	Kristján Óskarsson	Framkvæmdastjóri	4,149
7	Finnur Reyr Stefánsson	Framkvæmdastjóri	3,952
8	Tómas Kristjánsson	Framkvæmdastjóri	3,803
9	Þorgils Óttar Mathiesen	Framkvæmdastjóri	3,636
10	Jón Þórisson	Framkvæmdastjóri	3,600
2005			
1	Bjarni Ármannsson	Forstjóri	13,754
2	Erlendur Magnússon	Framkvæmdastjóri	5,757
3	Einar Örn Ólafsson	Sérfræðingur	4,946
4	Ásmundur Tryggvason	Sérfræðingur	4,464
5	Jón Þórisson	Framkvæmdastjóri	3,917
6	Einar Pálmi Sigmundsson	Sérfræðingur	3,800
7	Björn Björnsson	Framkvæmdastjóri	3,736
8	Haukur Oddsson	Framkvæmdastjóri	3,474
9	Jóhannes Baldursson	Sérfræðingur	2,974
10	Finnur Reyr Stefánsson	Framkvæmdastjóri	2,953
2006			
1	Bjarni Ármannsson	Forstjóri	21,752
2	Guðmundur Hjaltason	Framkvæmdastjóri	10,774
3	Steinunn Kristín Þórðardóttir	Framkvæmdastjóri	6,902
4	Tómas Kristjánsson	Framkvæmdastjóri	6,678
5	Magnús Pálmi Örnólfsson	Forstöðumaður	6,148
6	Guðmundur Kristján Tómasson	Framkvæmdastjóri	5,957
7	Finnur Reyr Stefánsson	Framkvæmdastjóri	5,718
8	Örn Gunnarsson	Forstöðumaður	5,618
9	Haukur Oddsson	Framkvæmdastjóri	5,453
10	Erlendur Magnússon	Framkvæmdastjóri	5,240
2007			
1	Lárus Welding ¹	Forstjóri	84,348
2	Bjarni Ármannsson	Forstjóri	50,315
3	Jón Diðrik Jónsson	Framkvæmdastjóri	27,022
4	Bernhard A. Petersen	Stjórnarmaður	24,755
5	Tómas Kristjánsson	Framkvæmdastjóri	23,420
6	Finnur Reyr Stefánsson	Framkvæmdastjóri	23,092
7	Örn Gunnarsson	Forstöðumaður	20,282
8	Magnús Pálmi Örnólfsson	Forstöðumaður	11,796
9	Vilborg Loftsdóttir	Forstöðumaður	11,402
10	Magnús Arnar Arngrímsson	Sérfræðingur	10,974
2008			
1	Einar Páll Tamimi ¹	Framkvæmdastjóri	20,866
2	Alexander Kristján Guðmundsson	Framkvæmdastjóri	15,731
3	Jóhannes Baldursson	Framkvæmdastjóri	14,083
4	Magnús Pálmi Örnólfsson	Forstöðumaður	12,338
5	Magnús Bjarnason	Framkvæmdastjóri	10,791
6	Einar Örn Ólafsson	Framkvæmdastjóri	10,146
7	Magnús Arnar Arngrímsson	Framkvæmdastjóri	9,791
8	Rósant Mór Torfason	Framkvæmdastjóri	9,235
9	Vilhelm Mór Þorsteinsson	Framkvæmdastjóri	8,098
10	Rúnar Jónsson	Forstöðumaður	7,496

1. Viðkomandi starfsmaður starfaði aðeins hluta úr ári.

Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 4


1% hæstu laun Glitnis og samsetning þeirra
Að meðaltali



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 5


Vægi launaliða í launadreifingu Glitnis 2004
Eftir hundraðsmörkum



Fyrsta súlan t.v. vísar til meðalvægis launaliða þeirra starfsmanna sem eru með lægstu launin, önnur súlan vísar til þeirra 11%–25% starfsmanna sem næstir koma í launastiganum o.s.frv.
Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 6


Vægi launaliða í launadreifingu Glitnis 2007
Eftir hundraðsmörkum



Fyrsta súlan t.v. vísar til meðalvægis launaliða þeirra starfsmanna sem eru með lægstu launin, önnur súlan vísar til þeirra 11%–25% starfsmanna sem næstir koma í launastiganum o.s.frv.
Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 7


Vægi bónusgreiðslna í heildarlaunum eftir hundraðsmörkum launadreifingar Glitnis



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 8


Meðalbónusgreiðslur á mánuði eftir hundraðsmörkum launadreifingar Glitnis 10–95%



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 9

Meðalbónusgreiðslur á mánuði eftir hundraðsmörkum launadreifingar Glitnis 10->99%



Heimild: Glitnir banki hf.

10.3.3 Árangurstenging launa hjá Glitni

Allnokkur hvatakerfi voru í notkun samtímis hjá Glitni sem tengja áttu afkomu bankans og launagreiðslur starfsmanna og fór þeim fjölgandi eftir því sem leið á tímabilið sem hér er til rannsóknar (2004–2008). Frá árinu 2006 voru einkum fjögur kerfi í gangi:

1. Hagsaukakerfi Glitnis, svokallað EVA-kerfi, (e. EVA – Economic Value Added) sem átti rætur að rekja til fyrirrennara bankans, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, en því kerfi var ætlað að tengja laun forstjórans við árangur hans í starfi. Eftirtaldir starfseiningar bankans voru einnig með bónusgreiðslur greiddar miðað við þetta kerfi: Skuldsett fjármögnun, fyrirtækjaráðgjöf, fyrirtækjasvið og framkvæmdastjórn.
2. Framtak var annað bónuskerfi sem hannað var fyrir stoðdeildir bankans, rekstrardeild, upplýsingatæknisvið, fjárhagssvið og aðrar stoðdeildir. Kerfið grundvallaðist á því að tiltekin bónusfjárhæð var skilgreind ásamt skilyrðum sem þurfti að uppfylla til að greiðsla færi fram.
3. Hlutdeild var þriðja kerfið sem byggði á svokölluðum veltubónusum en á þeim voru markaðsviðskiptin, viðskiptabankasviðið, einkabanki, eignastýring og fjármögnun bankans.
4. Sérstakar (ad hoc) bónusgreiðslur voru einnig leyfðar innan bankans og réðust þær af huglægu mati stjórnenda á vinnuframlagi starfsmanns óháð afkomu.

EVA-kerfið tók grundvallarbreytingum á tímabilinu og að endingu breyttist það yfir í svokallað ROE-kerfi.¹³ Árið 2001 var gert ráð fyrir að ef hagsaukamarkmið næðust þá myndi slíkt skila þeim sem rétt áttu á bónusgreiðslum tvennum mánaðarlaunum starfsmannsins, sjá mynd 13. Bankastjórnin ákvað hvaða krónutala hagsaukamarkmiðið skyldi vera hverju sinni en hagsaukinn fólst í þeirri verðmætaaukningu sem varð til milli tímabila sem árangur var mældur. Héldist rekstur bankans í horfinu frá fyrra ári fékk forstjórinn markmiðsbónus sem nam einum mánaðarlaunum og hlutfallslega í samræmi við það eftir því sem hagsaukinn jókst. Þá var gert ráð fyrir þaki á bónusgreiðslur en sú umbun sem kerfið skilaði umfram þakið var að einum þriðja hluta greidd út samstundis en tveir þriðju hlutar voru lagðir í svokallaðan bónusbanka og greiddir út ári síðar ef hagsaukinn hélt velli eða óx milli ára. Tap sem jafngilti hagsaukamarkmiðinu leiddi til þess að nokkurs konar skuld myndaðist í bónusbankanum, þ.e. bónuspotturinn yrði færður niður sem tapinu næmi, og þyrfti forstjórinn að vinna upp tapið á næsta rekstrarári til að komast í jákvæða inneign í bónus til útgreiðslu.¹⁴ Þannig var bónusinn beintengdur tekjum bankans að teknu tilliti til kostnaðar eigin fjár hluthafanna.¹⁵

13. ROE – Return on Equity; arðsemi eigin fjár.

14. $Hagsauki = R - K * C$; R - rekstrarhagnaður eftir fjármagnsliði og skatta, K - ávöxtunarkrafa eigin fjár, C - eigið fé bankans.

15. Kostnaður hluthafanna (k) var fengin með ávöxtunarkröfu sem er afbrigði af svokölluðu CAPM líkani (e. Capital Asset Pricing Model). $k = r_f + (r_m - r_f) b + r_s$; k - ávöxtunarkrafa á eigið fé til Glitnis, r_f - áhættulaus ávöxtun, tekur mið af lengstu óverðtryggðu ríkisbréfum, r_m - metin langtímaávöxtun hlutabréfamarkaðar, b - mæling á hlutfallslegri áhættu hlutabréfa Glitnis á markaði (betagildi), r_s - sérstakt áhættuálag vegna smáðar og seljanleika á markaði – sérstakt áhættuálag er viðbót framkvæmdastjórnar bankans við hefðbundna ávöxtunarkröfu sem fjármálafræðin gera ráð fyrir (eignað fræðimönnunum Treynor, Sharpe, Litter og Mossin með framlagi þeirra til fjármálafræðanna á sjöunda áratug síðustu aldar).

Breyting var gerð á hagsaukakerfi bankans árið 2006 en þá voru bónusgreiðslur til starfsmanna settar í beint samhengi við arðsemi eigin fjár. Þannig skyldi fullur kaupuki greiddur ef arðsemi eigin fjár næði 25%. Fyrir hvert prósentustig sem arðsemin jókst umfram það markmið skyldi bónusinn hækka um 8%. Að sama skapi lækkaði bónusinn um 8% fyrir hvert prósentustig undir 25% arðsemi. Þannig var enginn bónus greiddur út ef arðsemi eigin fjár var undir 12,5%, sem var áætlaður kostnaður eigin fjár, enda væri bankinn þá ekki að skapa arðsemi umfram fórnarkostnað eigin fjár. Þetta má sjá á mynd 14.

Greiðslur vegna þessa kerfis skyldu inntar af hendi í jöfnum hlutum tvisvar á ári, 1. mars og 1. september. Við ákvörðun á fjárhæð greiðslnanna var litið til afkomu undangengins árs og áttu greiðslurnar því báðar að vera jafnháar. Starfsmaður greiddi tekjuskatt af bónusgreiðslum auk þess að greiða 4% í lífeyrissjóð. Glitnir greiddi að auki 6% mótframlag í lífeyrissjóð.

Hlutdeildarkerfi sem byggt var á árangurstengdum greiðslum markaðs- viðskipta, grundvallaðist á þeirri hugmynd að starfsmenn fengju beina hlutdeild í þeim hagnaði sem varð af starfsemi deilda eða sviða eftir því sem við átti. Þannig fengu starfsmenn verðbréfamiðlunar og gjaldeyrismiðlunar frá 0,01%–0,68% af þjónustutekjum sviðanna beggja.¹⁶ Mjög mikill munur var á bónusgreiðslum milli starfsmanna eða allt að 60-faldur munur. Sá sem hafði hæstar bónusgreiðslur (árið 2008) hafði um tífaldar bónusgreiðslur á við meðalstarfsmanninn.

Vegna lítills breytileika í miðlunartekjum milli mánaða er ekki hægt að sjá marktæk áhrif tekna á bónusgreiðslur með kerfisbundnum hætti. Bónusgreiðslurnar jukust þó að meðaltali jafnt og þétt milli ára. Bónusgreiðslur þær sem féllu gjaldeyrismiðluninni, sem starfssviði, í skaut voru að meðaltali 3,1 milljón króna á mánuði frá miðju ári 2005 til loka sama árs, 14,6 milljónir 2006, 26,2 milljónir 2007 en 37,7 milljónir 2008. Í verðbréfamiðlun Glitnis voru bónusgreiðslur á sama tímabili að meðaltali um 6,9 milljónir króna á mánuði árið 2005, 10,9 milljónir 2006, 14,8 milljónir 2007 og 18,7 milljónir 2008. Gjaldyrismiðlunin virðist því hafa notið nokkurrar sérstöðu innan bankans.


Þrátt fyrir að tölfræðilíkon nái ekki að kortleggja tengingu miðlunartekna og bónusgreiðslna til starfsmanna með kerfisbundnum hætti er ljóst að bónusgreiðslur einstakra miðlara Glitnis voru í beinu hlutfalli við þær tekjur sem deild þeirra aflaði. Þess vegna er hægt að segja að í Glitni hafi verið til staðar raunveruleg árangurstenging launa miðlara.

10.3.4 Kaupréttarsamningar

Til að halda í mikilvæga starfsmenn hófst viðamikil aðgerð af hálfu stjórnenda Glitnis strax árið 2003. Gerðir voru ýmiss konar samningar við starfsmennina sjálfa eða eignarhaldsfélög þeirra. Meðal annars var um að ræða samninga um kaup á hlutabréfum í Glitni (áður Íslandsbanka), með tilteknum skilyrðum skv. samningi, lánsamninga til fjármögnunar á hlutabréfakaupum í bankanum, lánsloforð til að fjármagna hlutabréfakaup í framtíðinni og samninga um sölurétt á hlutum í bankanum.


16. Svo dæmi séu tekin þá fékk verðbréfamiðlari 0,14% af tekjum verðbréfamiðlunar og 0,07% af tekjum gjaldeyrismiðlunar og starfsmaður gjaldeyrismiðlunar fékk 0,23% af tekjum gjaldeyrismiðlunar, en 0,09% af tekjum verðbréfamiðlunar.

Mynd 10
Meðalmánaðarlaun í fyrirtækjaraðgjöf Glitnis




Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert.
Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 11
Meðalmánaðarlaun í verðbréfamiðlun Glitnis




Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert.
Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 12
Meðalmánaðarlaun í greiningardeild Glitnis




Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert.
Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 13
 Bónuskerfi Glitnis
 2001–2005



Heimild: Glitni banki hf.

Mynd 14
 Áætlun um árangurstengdar launagreiðslur
 Glitni 2006–2008



ROE-bónus
 Heimild: Glitni banki hf.

Fyrstu samningarnir sem gerðir voru við starfsmenn og stjórnendur um kaup á hlutabréfum í bankanum voru nokkuð hófstiltir en upphæðirnar hækkuðu eftir því sem árin liðu. Upphæðir einstakra samninga á árunum 2003–2008 voru frá um 5 milljónum króna upp í 1,2 milljarða. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur vitneskju um alls 100 samninga sem voru gerðir í þessum tilgangi hjá bankanum á árunum 2003–2008 að nafnverði samtals ríflega 15,2 milljarðar króna. Heildarlán til starfsmanna Glitnis stóðu í 54 milljörðum króna í september 2008 en slík lán höfðu numið 1,6 milljörðum í janúar 2004, eins og sjá má m.a. í töflu 5.

Í nóvember 2003 voru að minnsta kosti átta lánasamningar gerðir við starfsmenn Glitnis (sem þá hét enn Íslandsbanki) í þeim tilgangi að fjármagna hlutabréfakaup þeirra í bankanum sem nefndinni er kunnugt um. Flest lánin voru á gjalddaga 1. febrúar 2006 en í einhverjum tilvikum hafði starfsmaðurinn rétt á að fresta greiðslum í allt að tvö ár. Samhliða þessum lánasamningum voru gerðir samningar um sölurétt á sama fjölda hluta og keyptir voru með kaupsamningnum og á sama gengi og hlutirnir voru keyptir á.

Árið 2004 gerðu um 40 starfsmenn Glitnis (þá Íslandsbanka) kaupsamninga um hlutabréf í bankanum. Bankinn veitti lán til kaupanna sem greidda átti í einni greiðslu fjórum árum síðar, í mörgum tilfellum 1. febrúar 2008. Í samningunum var tekið fram í 3. gr.: „Hrökkvi markaðsverð hinna seldu hlutabréfa ekki fyrir endurgreiðslu eftirstöðva kaupverðs á gjalddaga kaupverðsins er kaupanda heimilt, með skriflegri yfirlýsingu, að falla frá kaupunum og fellur þá skuldbinding hans til greiðslu á kaupverðinu niður. Hafi kaupandi greitt inn á kaupverðið fyrir gjalddaga skal réttur hans til að falla frá kaupum sínum takmarkast við þann fjölda hluta sem er ógreiddur.“ Samhljóða samningar voru gerðir árið 2005 og 2006 við 18 starfsmenn eða eignarhaldsfélög þeirra. Höfuðstóll lánanna var frá 5 milljónum króna upp í allt að 396 milljónir króna. Sem dæmi má nefna samning við eignarhaldsfélagið Musku ehf. sem er í eigu Guðmundar Hjaltasonar, eins af framkvæmdastjórum Glitnis, um lán sem veitt var 12. september 2006 til kaupa á hlutabréfum að nafnverði 20 milljónir króna en umsamið kaupverð á hlut var 19,8 sem var vísitölubundið miðað við lánsjaravísitölu. Þessi samningur bar 5% fasta ársvexti sem lögðust við höfuðstól á 12 mánaða fresti og skyldu greiddir upp við uppgjör samningsins á gjalddaga í september 2011. Þá var annar samningur gerður 31. janúar 2005 við félagið K467 ehf. sem bar 6,8% fasta vexti og skyldu þeir greiðast við uppgjör samningsins á gjalddaga 1. nóvember 2014. Á sama tíma og samningurinn var gerður var ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa sem eru á gjalddaga í mars 2017 um 7,72% en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa á gjalddaga í febrúar 2009 var 8,3% þann sama dag, 31. janúar 2005. Fleiri dæmi eru um að vextir sem starfsmennirnir greiddu væru hagstæðari en þágildandi kjör á skuldbindingum íslenska ríkisins.

Árið 2007 voru samningar af þessu tagi a.m.k. þrír talsins en þar var um að ræða samninga um kaup á hlutabréfum í Glitni fyrir um 400 milljónir kr. við Magnús Arnar Arngrímsson, þá sérfræðing en síðar framkvæmdastjóra hjá Glitni, EV-Holding í eigu Eggerts Þórs Kristóferssonar, þáverandi forstöðumanns, síðar framkvæmdastjóra hjá Glitni, og Krems ehf. í eigu Helga Antons Eiríkssonar, framkvæmdastjóra hjá Glitni. Bankinn lánaði starfsmönnum og fyrirtækjum í 100% eigu þeirra fyrir kaupunum með verðtryggðu láni til 5 ára á 4,95% og 5,75% vöxtum, tengdum vísitölu neysluverðs. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð á markaði til 7 ára

var 6,2–6,3% á þeim tíma sem framkvæmdastjórnir skrifuðu undir. Með samningum eignarhaldsfélaganna var eiginlegur söluréttur gefinn út þar sem áhættan lá öll hjá bankanum þó ekki komi það fram í lánasamningunum líkt og áður tíðkaðist. Í tilfalli Magnúsar Arnar, sem gerði samning í eigin nafni en ekki eignarhaldsfélags, var svofellt ákvæði í 5. gr.: „Samningurinn er gerður á þeirri forsendu að kaupandi starfi hjá Glitni banka hf. eða dótturfélagi eigi skemur en til 4. maí 2012. Láti kaupandi af störfum að eigin ósk fyrir þann tíma eða ef honum er sagt upp störfum fyrir þann tíma vegna brota í starfi veitir hann Glitni banka einhliða kauprétt á þeim hlutabréfum sem kaupsamningur þessi tekur til á verði sem svarar til ógreidds kaupverðs að viðbættum áföllnum vöxtum. Hafi kaupandi greitt inná kaupverðið fyrir gjalddaga skal kaupréttur Glitnis banka hf. einungis taka til þess sem hlutfallslega er ógreitt.“

Af þessu leiðir að það var enginn hvati fyrir framangreinda starfsmenn að draga úr áhættu bankans og borga inn á lánin.

Eignarhaldsfélagið Landsýn, sem er í 100% eigu Bjarna Ármannssonar, fyrrum forstjóra, gerði þrjá lánasamninga árið 2006 að nafnvirði 930 milljónir kr., 905 milljónir kr. og 845 milljónir kr. Höfuðstóll lánanna var bundinn við vísitölu neysliverðs og voru eftirgreiddir ársvextir 4,35% annars vegar og 5% hins vegar í þeim lánasamningum sem rannsóknarnefnd hefur undir höndum. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa var 4,40% og 4,28% á þeim tíma sem forstjórinn skrifaði undir sína samninga.

Einn framkvæmdastjórnanna, Jóhannes Baldursson, gerði samning um kaup á hlutabréfum í bankanum að nafnvirði 1 milljón króna í mars árið 2004, að verðmæti 7,7 milljónir, á gjalddaga 1. febrúar 2008. Vextirnir voru hóflegir í samanburði við kjör á almennum markaði eða um 5,4% fastir óverðtryggðir vextir. Jóhannes var þarna metinn, líkt og aðrir framkvæmdastjórnar bankans, með allra áreiðanlegustu skuldurum á markaðnum, og jafnvel betri en íslenska ríkið, því til samanburðar voru vextir ríkisbréfa um 8,38% þann mánuð sem samningurinn var gerður en þau bréf eru einnig óverðtryggð.

Skilmálar í kaupsamningunum sem gerðir voru við starfsmennina sjálfa voru óhefðbundnir að tvennu leyti. Annars vegar gátu starfsmenn fallið frá kaupum á hlutabréfum í bankanum ef markaðsverð á bréfunum yrði lægra en það verð sem starfsmenn greiddu í upphafi með láninu og hins vegar var ákvæði um að starfsmenn mættu greiða inn á lánið til hlutabréfakaupanna áður en að gjalddaga kom. Ef starfsmenn hugðust hins vegar nýta sér þann rétt að falla frá kaupum á hlutabréfunum vegna óhagstæðs gengis þeirra var einungis hægt að fella niður þann hluta samningsins sem var ógreiddur á þeim tíma. Starfsmönnum var þó gert að starfa hjá bankanum a.m.k. næstu þrjú árin, þannig miðuðu samningarnir sem gerðir voru árið 2004 við að starfsmenn störfuðu hjá bankanum til 1. febrúar 2007.

Hinn 1. febrúar 2008 samdi Glitnir við starfsmenn sem voru með samninga á gjalddaga um skilmálabreytingu á þeim lánnum sem veitt voru á árunum 2003–2004. Skilmálabreytingin fólst í að undirliggjandi kaup starfsmanna á hlutabréfum í bankanum voru framlengd til 1. febrúar 2009. Vextir sem starfsmönnum var gert að greiða voru lágir, til dæmis 6,4% í tilfalli Jóhannesar Baldurssonar, eins framkvæmdastjóra bankans. Annars hljóðuðu vaxtakjörin samkvæmt skilmálabreytingunum upp á fasta vexti frá 6,4% til 9,95% og án verðbóta. Lánskjörin samkvæmt kaupsamningunum voru í samræmi við m.a. lánskjör fjármálastofnana, þ.e. flatir REIBOR vextir eða

LIBOR + 100 punktar. Bankinn var hins vegar sjálfur fjármagnaður á LIBOR + 400 punktar á þessum sama tíma.¹⁷

Þorsteinn Már Baldvinsson, sem tók við stjórnarformensku í bankanum hinn 20. febrúar 2008, boðaði í viðtali við Morgunblaðið þremur dögum síðar aðhald í rekstri Glitnis. Í viðtalinu segir: „Þorsteinn útilokar ekki að síðar verði gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn bankans, en segir að slíkir samningar verði háðir því að raunverulegur árangur náist. „Ég tel að starfsmenn eigi að hafa ávinning af því þegar fyrirtæki gengur vel,“ segir Þorsteinn Már.“¹⁸

Í maí sama ár voru þó veitt lán til eignarhaldsfélaga fjórtán starfsmanna bankans, og eins stjórnarmanns, alls að upphæð 8,3 milljarðar króna. Þrettán af eignarhaldsfélögum voru stofnuð sama daginn, 17. maí 2008 af KPMG. Einn lánþega var félag í eigu stjórnarmannsins Hauks Guðjónssonar og fékk það að láni 480 milljónir króna frá bankanum til að kaupa hlutabréf í Glitni fyrir 330 milljónir að markaðsvirði og verja 150 milljónum til útgreiðslu arðs til hluthafa HG Holding sem var í 100% eigu Hauks sjálfs. Lánið var myntkórfulán til fimm ára með 300–500 punkta álagi ofan á viðmiðunarvexti (300 punktar + REIBOR, EURIBOR eða LIBOR) eftir samsetningu myntkórfunnar. KÞG Holding í 100% eigu Kristins Þórs Geirssonar, framkvæmdastjóra, fékk sams konar lán og HG Holding með sama vaxtaálagi og myntsamsetningu að upphæð 1,15 milljarðar króna. Einum milljarði af láninu var varið til kaupa á hlutabréfum í Glitni en 150 milljónum til að greiða út arð til hluthafa KÞG Holding ehf. Magnús Arnar Arngrímsson, framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs, samþykkti þetta lán fyrir hönd Glitnis og Rósant Már Torfason, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, staðfesti. Á svipuðum tíma fengu eignarhaldsfélög beggja þessara framkvæmdastjóra lán frá bankanum á svipuðum kjörum og framangreind félög þeirra Hauks og Kristins, að upphæð 800 milljónir hvort.

Kaup KÞG Holding og samsvarandi lán félagsins voru gerð að umtalsefni í *Viðskiptablaðinu* 19. maí 2008. Haft er eftir stjórnarformanni Glitnis, Þorsteini Má Baldvinssyni, að lán þetta sé veitt með sömu skilyrðum og lán til annarra og kaupin hafi verið gerð á markaðsvirði. Þorsteinn bætti við í viðtalinu við blaðið: „Fyrirtæki hans [Kristins] hefur góða eiginfjárstöðu og það hefur lagt fram tryggingar fyrir láninu sem uppfylla að öllu kröfur bankans hvað slíkt varðar.“ Í viðtalinu heldur hann áfram: „Þetta er gert að frumkvæði Kristins og er ekki hluti af hans starfskjörum og ekki er um neina sölutryggingu að ræða. Hann hefur greinilega trú á bankanum og sjálfum sér og því hefur hann ákveðið að kaupa.“ Í ársreikningum KÞG Holding frá 2007 kemur fram að félagið keypti 58,8 milljóna króna hlut á genginu 16,9. Félagið var með eigið fé samtals 211 milljónir, þar af 288 milljónir sem byggðust á endurmatreikningi, en heildarhlutafé í félaginu var 500 þúsund krónur. Rekstrarlegt tap félagsins það árið var um 50 milljónir króna. Ársreikningurinn er ekki endurskoðaður. Hér veitti Glitnir hlutafélögum HG Holding og KÞG Holding lán til útgreiðslu arðs en hvorugt félag var rekið með hagnaði árið sem arðgreiðslan féll til.

17. Bankinn gaf út skuldabréf í júlí 2007 á 70 bp yfir Libor sem var nærri CDS álögum bankans á þeim tíma. CDS álög Glitnis voru um 400 bp í febrúar og mars 2008. Það má því telja að það hafi verið þau fjármögnunarkjör sem bankanum buðust á sama tíma og stjórnendur bankans gerðu samninga við sjálfa sig og samstarfsmenn sína um að fjármagna stöðutökur þeirra á 100 bp yfir Libor vöxtum.

18. *Morgunblaðið* 23. febrúar 2008, bls. 1.

Um lánaþyrirgreiðslu til framkvæmdastjóranna var eftirfarandi bókað í fundargerð áhættumatsnefndar bankans (e. risk committee) nr. 666 af fundi sem haldinn var 30. apríl 2008 um afgreiðslu mála milli funda:

„1. Afgreiðsla sérstakra mála /LWAKG SÖÞ

Óskað er eftir að RC samþykki eftirfarandi.

„Áhættunefnd heimilar að lánamál er varða framkvæmdastjóra Glitnis í framkvæmdastjórn, félög í þeirra eigu og tengdra aðila, séu kynnt og afgreidd milli funda í hluta nefndarinnar sem samanstendur hverju sinni amk af formanni nefndarinnar, varaformanni og framkvæmdastjóra áhættu- stýringar. Slík erindi verði ekki bókuð í almennri fundargerð nefndarinnar, heldur hljóti sérstaka bókun, en meðferð þeirra uppfylli að öllu öðru leyti fyrirmæli í starfsreglum stjórnar Glitnis, en í því felst m.a. að þau hljóti kynningu í stjórn.“

Athugið að ekki leikur vafi á að þessi hluti nefndarinnar er ákvörðunarbær milli funda eða á fundi, einungis er verið að fallast á að slík erindi hljóti takmarkaða kynningu.

Niðurstæða

Samþykkt 27/4/2008: LW, AKG, HAE, RMT, GG, MAA, SÖÞ.“

Ekki verður séð af fundargerðum stjórnar bankans að lánaþyrirgreiðsla sú sem vísað er til í fundargerð áhættumatsnefndar, þ.e. til framkvæmdastjóra bankans, hafi verið kynnt fyrir stjórninni eins og samþykkt var af áhættumatsnefndinni. Stjórn Glitnis samþykkti hins vegar lánin til KPG Holding og HG Holding á 178. fundi sínum 6. maí 2008.

Tafla 4. Lán til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna Glitnis í maí 2008

<i>Kennitala fyrirtækis</i>	<i>Nafn starfsmanns</i>	<i>Upphæð lánsins, m. kr.</i>
4705081590	Bjarni Jóhannesson	171
4705081830	Elmar Svavarsson	171
6801080720	Ari Daníelsson	171
6812071630	Friðfinnur R. Sigurðsson	171
6812072010	Stefán Sigurðsson	171
4705081240	Rúnar Jónsson	341
4106042640	Haukur Guðjónsson	480
4705080940	Magnús Pálmi Örnólfsson	512
4705081160	Ingi Rafnar Júlíusson	512
4705080430	Eggert Þór Kristófersson	512
4705080190	Einar Örn Ólafsson	800
4705080270	Magnús Arnar Arngrímsson	800
4705080350	Vilhjelm Már Þorsteinsson	800
4705080780	Jóhannes Baldursson	800
4705083100	Rósant Már Torfason	800
4106042560	Kristinn Þór Geirsson	1.228
Samtals		8.437

Heimild: Glitnir banki hf.

10.3.5 Starfskjör forstjóra Glitnis banka hf.

10.3.5.1 Samningar við Bjarna Ármannsson

Bjarni Ármannsson varð forstjóri Íslandsbanka-FBA árið 2000 við sameiningu Íslandsbanka hf. og FBA Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Fram til ársins 2003 var Valur Valsson annar forstjóri fyrirtækisins við hlið Bjarna en á því

tímabili sem hér er sérstaklega til rannsóknar, árin 2004–2008, sat Bjarni einn á forstjórástóli Íslandsbanka, síðar Glitnis, þ.e.a.s. til 1. maí 2007. Starfssamningar stjórnarinnar við hann ná aftur til 20. desember 2000. Meðal atriða sem þar koma fram og stjórn bankans hefur samþykkt, og voru nýmæli frá fyrri samningum, má nefna að lífeyrisréttindi Bjarna voru ríflegri en þekktist meðal launamanna. Samkvæmt 8. gr. samningsins frá 20. desember árið 2000 skyldi bankinn greiða 19,5% mótframlag af föstum launum Bjarna í lífeyrissjóð á móti 4% framlagi hans. Lögum samkvæmt greiddi bankinn 6% iðgjald af bónusgreiðslum á móti 4% framlagi Bjarna. Samkvæmt 3. gr. samningsins var Bjarna óheimilt, án sérstaks samþykkis bankaráðs, að vera meðeigandi eða þátttakandi í öðrum atvinnurekstri eða gegna öðrum launuðum eða ólaunuðum störfum. Forstjóranum var þó heimilt að eiga hlutabréf í öðrum hlutafélögum innan þeirra marka sem verklagsreglur bankans um fjárfestingar starfsfólks í verðbréfavíðskiptum heimiluðu á þeim tíma og taka þátt í almennum félagsmálum utan bankans.

Þá var forstjóra óheimilt, án skriflegs samþykkis bankaráðs, að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki sem að einhverju leyti ræki starfsemi á sama sviði og bankinn og því í samkeppni við hann. Honum var óheimilt að starfa hjá eða fyrir slíkt fyrirtæki, t.d. sem stjórnarmaður, nefndarmaður eða ráðgjafi, nema með samþykki formanns bankaráðs. Þær kvaðir skyldu gilda í sex mánuði eftir að starfstíma hans lyki hjá bankanum.

Umsamin mánaðarlaun námu 996 þúsund krónum á mánuði í lok árs 2000 en launin skyldu taka breytingum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands á hverjum tíma. Þá kom fram í samningnum að hvor aðili hans gæti óskað eftir endurskoðun á þessari launaákvörðun ef hann teldi t.d. að laun sambærilegra aðila hjá öðrum íslenskum bönkum eða fyrirtækjum hefðu breyst umfram laun almennt í landinu. Stjórnarlaun eða aðrar greiðslur sem kynnu að falla til við störf Bjarna á vegum bankans skyldu renna til bankans sjálfs.

Bónusgreiðslur til Bjarna voru greiddar út samkvæmt árangurstengdu launakerfi bankans, EVA kerfinu, þar sem markmiðsbónus Bjarna var 325 þúsund kr. á mánuði, samtals 3,9 milljónir kr. á ári. Samkvæmt starfssamningnum var gert ráð fyrir því að ef bónusfjárhæðin væri yfir 6 milljónir kr. á ári, takmörkuðust bónusútgreiðslurnar við þá fjárhæð. Þriðjungur þeirrar bónusfjárhæðar sem áynnist umfram 6 milljónir kr. yrði strax greiddur í lífeyrissjóð Bjarna en það sem eftir stæði yrði flutt í bónusbanka til útgreiðslu síðar. Þá var samið svo um að gerður yrði kaupréttarsamningur við Bjarna á hlutabréfum í bankanum.

Risnukostnaður skyldi greiddur í samræmi við almennar reglur bankans eins og þær voru á hverjum tíma. Þá lét bankinn forstjóranum í té bifreið í eigu bankans til ótakmarkaðra afnota og var allur rekstrarkostnaður bifreiðarinnar greiddur af bankanum. Kveðið var á um 6 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrést í samningnum sem undirritaður var 20. desember árið 2000.

10.3.5.2 Árangurstenging launa Bjarna Ármannssonar

Af athugun á efni þeirra samninga sem stjórn Glitnis gerði við Bjarna Ármannsson um árangurstengingu launa hans má ráða að þar hafi ráðið sama sjónarmið og í öðrum samningum um laun starfsmanna. Forstjórinn skrifaði undir samning um árangurstengingu launa sem byggðist á hagsaukakerfi þar sem gert var ráð fyrir að ef markmið um hagsauka bankans í heild næðist leiddi það til 30% bónusgreiðslu ofan á mánaðarlaun.

Hinn 28. ágúst 2001 var gerður kaupréttarsamningur við Bjarna Ármannsson og honum tryggður réttur til að kaupa hlutabréf í bankanum á þriggja ára tímabili samtals allt að 15 milljónir króna að nafnvirði á 4,23 krónur hlutinn. Innlaun var leyfileg í eftirfarandi áföngum: 20% í maí 2002 (þ.e. 3 milljónir að nafnvirði), 30% í maí 2003 og 50% í maí 2004. Bjarna var þó heimilt að fresta nýtingu kaupréttar milli ára hygðist hann ekki leysa til sín bréfin þegar þau voru innleysanleg. Hefði ekki allur kauprétturinn verið nýttur 31. maí 2004 skyldi forstjóranum heimilt að fresta innlaun á ónýttum kauprétti allt til 31. maí 2006. Þá félli allur óinnleystur kaupréttur niður samkvæmt e-lið 1. gr. kaupréttarsamningsins við Bjarna.

Hinn 1. mars 2002 gerði stjórn bankans viðauka við starfssamning Bjarna sem fól í sér hækkun launa hans í 1,2 milljónir kr. á mánuði í grunnlaun, viðbótarlífeyrisframlag vegna ársins 2001 sem nam 2,5 milljónum og viðbótarkauprétt á 15 milljónum hluta að nafnvirði í bankanum á genginu 4,6. Forstjóranum skyldi heimilt að nýta þann kauprétt í eftirfarandi áföngum: 20% í ágúst 2003, 30% í ágúst 2004 og 50% í ágúst 2005. Önnur ákvæði fyrri kaupréttarsamnings frá 28. ágúst 2001 giltu, svo sem frestun á innlaun kaupréttar ef hann yrði ekki nýttur í þeim áföngum sem lýst var hér að ofan. Viðaukinn var undirritaður af formanni bankaráðs, Kristjáni Ragnarssyni, og forstjóranum sjálfum, Bjarna Ármannssyni.

Hinn 16. desember 2003 ákváðu Einar Sveinsson og Kristján Ragnarsson fyrir hönd bankaráðs að Bjarna Ármannssyni yrðu greidd ein mánaðarlaun (sem þá voru ríflega 1,2 milljónir kr.) í kaupauka – óháð EVA bónuskerfi bankans.¹⁹

Hinn 23. mars árið 2004 samdi Bjarni á ný um viðauka við ráðningarsamning sinn en í þetta skiptið við þáverandi bankaráðsformann Einar Sveinsson. Samkvæmt viðaukanum skyldu laun forstjórans verða 1,8 milljónir kr. á mánuði, frá áramótum 2004. Bankinn skyldi greiða honum 10 milljónir kr. í viðbótarframlag í lífeyrissjóð vegna ársins 2003 en framlagið kom til greiðslu í mars 2004. Þá skyldi bankinn greiða 10 milljónir kr. í kaupauka vegna ársins 2003 og skyldi sú fjárhæð einnig greidd í mars 2004. Sú kaupaukagreiðsla var því óháð EVA-kerfinu um árangurstengingu launa. Þá var 6. grein ráðningarsamnings Bjarna breytt á þann veg að markmiðsbónus samkvæmt EVA-kerfinu skyldi vera 650 þúsund krónur á mánuði eða samtals 7,8 milljónir á ári frá 1. janúar 2004. Færi reiknuð bónusfjárhæð yfir 12 milljónir skyldi launaútgreiðsla takmarkast við þá upphæð. Það sem áynnist umfram hana yrði hins vegar greitt í lífeyrissjóð. Þá var forstjóra heimilað að nýta kauprétti sína hvenær sem var þó ekki síðar en 31. maí 2006. Vekja má athygli á því að meginbreytingin við þetta var sú að reiknuð bónusfjárhæð umfram 12 milljóna króna hámark á bónus var greidd að fullu í lífeyrissjóð Bjarna en fór ekki að hluta í bónuspott. Þar með gat bankinn ekki lengur endurheimt bónusgreiðslur úr bónuspotti ef tap myndaðist á næstu árum eftir mikinn hagnað.

Hinn 25. febrúar 2005 var enn á ný gerður viðauki við ráðningarsamning forstjórans. Þar var kveðið á um 10 milljóna kr. aukaframlag í lífeyrissjóð Bjarna og 20 milljóna kr. kaupauka vegna ársins 2004 sem var tvöföldun kaupauka frá árinu áður. Til samanburðar jókst arður hluthafa úr 30 aurum á hverja krónu að nafnvirði árið 2003 í 40 aura eða um þriðjung.

19. Yfirlýsing um kaupauka Bjarna Ármannssonar, dags. 16. desember 2003, undirrituð af Kristjáni Ragnarssyni og Einari Sveinssyni fyrir hönd bankaráðs.

Árið 2006 tóku nýir kjölfestufjárfestar við bankanum. Einar Sveinsson steig til hliðar sem formaður stjórnar og Þorsteinn M. Jónsson tók við stjórnarformennsku. Karl Wernersson, þá formaður kjaranefndar stjórnar Glitnis, samþykkti viðauka við ráðningarsamning forstjórans, Bjarna Ármannssonar. Þar kvað við nýjan tón í uppbyggingu hvatakerfa bankans. Föst mánaðarlaun forstjórans voru hækkuð í 3 milljónir króna. Afgerandi breyting var gerð á 6. gr. ráðningarsamningsins sem kvað á um árangurstengingu launa. EVA-kerfið heyrði sögunni til í tilfalli forstjórans en árangurstengdur bónus skyldi nú miðast við arðsemi eigin fjár bankans á árinu. Þannig yrði enginn bónus greiddur ef arðsemi væri undir 15%. Færi arðsemi eigin fjár yfir 30% greiddist ígildi árslauna í bónus. Ef arðsemi eigin fjár yrði á bilinu 15–30% yrði greitt hlutfallslega fyrir hvert brot úr prósentu uns ársláunum væri náð. Forstjórinn fengi hlutabréf í bankanum að andvirði ársgrunnlauna ef hagnaður ykist um 24%. Þá segir svo í 6. gr.: „Skal slíkur bónus ekki reiknast, aukist hagnaður um minni krónutölu en 12% en hækki línulega frá því og nái hámarki í 24%. Lágmarkseignarhaldstími á þessum bréfum skal nema 3 árum, nema sem að því lítur [sic] að greiða opinber gjöld vegna kaupanna.“

Þá fengi Bjarni greiddar 20 milljónir króna í laun til viðbótar vegna ársins 2005 og 18 milljóna króna eingreiðslu í lífeyrissjóð sinn vegna sama tímabils. Uppgerður og greiddur bónus vegna fyrstu sex mánaða ársins 2006 næmi alls 43,2 milljónum króna.

Að auki var gengið frá lánasamningi við eignarhaldsfélag forstjórans vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum að nafnverði 50 milljónir kr. en lánsfjárhæðin nam kaupverði hlutanna.

Eftir tæplega tíu ára starf Bjarna hjá bankanum var gerður við hann starfslokasamningur og tók sá samningur gildi 1. maí 2007. Glitnir gat ekki skilað öllum þeim gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis fór fram á varðandi þennan samning. Til að mynda vantar síðari blaðsíðu samningsins en samkvæmt upplýsingum frá Glitni tók sú síða ekki gildi heldur einungis fyrsta síða samningsins. Á fyrstu blaðsíðu er kveðið á um að Bjarni láti af störfum 1. maí 2007 og að beinum starfsskyldum hans ljúki frá og með þeim degi. Stjórnin samdi þó um að fráfarandi forstjóri yrði í sérverkefnum til 31. dags sama mánaðar og yrði félaginu til ráðgjafar til og með 1. september 2007 en þæði á meðan laun frá félaginu. Forstjóranum skyldi óheimilt að ráða sig til annarra starfa fyrr en 1. desember sama ár. Í 2. gr. samningsins samþykkti félagið að greiða forstjóranum laun og önnur hlunnindi, sbr. 5. gr. ráðningarsamnings hans, í átján mánuði frá dagsetningu starfslokasamnings. Hinn 15. janúar 2008 skyldi félagið greiða forstjóranum eingreiðslu vegna starfa hans í þágu félagsins að upphæð 270 milljónir króna. Við starfslok yrði honum greiddur 50 milljóna króna bónus fyrir árið 2007 sem teldist fullnaðargreiðsla óháð því sem hann kynni ella að hafa átt rétt á samkvæmt viðaukum við ráðningarsamning hans. Loks kom fram að yrði forstjóra gert af skattayfirvöldum að greiða skatta vegna söluréttarsamninga hans sem ekki hefðu verið nýttir og ekki væru lengur í gildi myndi félagið bæta forstjóra þann kostnað. Skuldbinding félagsins skyldi þó ekki verða hærri en 40 milljónir kr. vegna þessa.

Hinn 26. febrúar 2007 tilkynnti Bjarni launafulltrúa bankans um nýtingu kaupréttar að nafnverði 15 milljónir kr. á genginu 2,81. Lokagengi þann dag á markaði var 28,2 krónur. Bjarni óskaði eftir heimild regluvarðar vegna umræddra viðskipta og var hún veitt. Bjarni afhenti launadeild bankans ljósrit af eintaki kaupréttarsamnings og sá hún um framkvæmd viðskiptanna og

greiðslu til handa Bjarna. Bjarni afhenti samninginn frá 28. ágúst 2001 sem kvað á um að innlausnargengi bréfanna væri 4,23 krónur. Ef tekið er tillit til arðgreiðslna, þar sem hvert prósentustig af nafnvirði félagsins lækkar verð hvers hlutar sem samið hefur verið um í kauprétti niður um 0,01 krónu, hefði kaupgengi bréfanna átt að vera 2,25 kr. (þ.e. $4,23 - 1,98 = 2,25$). Ekki hafa borist gögn um frekari röksemdir fyrir því innlausnargengi sem nýtt var í viðskiptunum. Kaupréttarsamningurinn féll úr gildi þann 31. maí 2006 samkvæmt kaupréttarsamningi dagsettum 28. ágúst 2001, samkvæmt viðauka við ráðningarsamning forstjóra dags. 1. mars 2002 (sem vísar til samnings dags. 28. ágúst 2001 varðandi þetta atriði) og samkvæmt viðauka við ráðningarsamning dags. 23. mars 2004. Þó síðastnefndi viðaukinn hafi kveðið á um að Bjarni gæti hvenær sem væri nýtt kaupréttarsamning dags. 28. ágúst 2001 sagði þar einnig: „[...] þó ekki síðar en 31. maí 2006“, sbr. 7. gr. viðaukans.

Tölvubréfasamskipti Bjarna Ármannssonar við starfskjaranefnd stjórnar Glitnis má skilja sem svo að Bjarni hafi lagt til þann valkost að í stað þess að innleysa hinn ónýtta kauprétt yrði Bjarna greitt virði samningsins beint út „ca. 370 milljónir brúttó 7%“.²⁰ Af samskiptunum má ráða að stjórnarmennirnir höfðu ekki undir höndum þá samninga sem Bjarni vísaði til og ekki verður séð að þeir hafi kynnt sér efni þeirra. Útgreiðsla í reiðufé var þó ekki samþykkt. Upp kom umræða milli stjórnarmannanna um sölu annarra stjórnenda Glitnis, Finns R. Stefánssonar, Tómasar Kristjánssonar og Jóns Diðriks Jónssonar, á bréfum bankans sem Jón Sigurðsson virtist vera andvígur, sbr. eftirfarandi ummæli: „Ef þeir vilja selja bréf þá er það algjörlega sér umræða sem ég er mjög neikvæður gagnvart. Kv. JS.“

Ekki er að sjá á skriflegum samskiptum milli manna að aðrir en Jón Sigurðsson hafi veitt Bjarna Ármannssyni, forstjóra Glitnis, samþykki sitt til að nýta kaupréttinn eins og forstjórinn leitaði eftir. Ekki verður heldur séð að önnur gögn um samskipti milli Bjarna og þremmenninganna liggi fyrir hjá starfskjaranefnd.

Viðskipti Bjarna með bréf Glitnis fóru fram á genginu 2,81 og voru þau tilkynnt til Verðbréfaskráningar kl. 13:55 27. febrúar 2007. Bréfin voru síðan seld samdægurs á genginu 28,2. Kl. 18:17 var tilkynnt um innlausn Bjarna á kauprétti og 380 milljóna króna hagnað hans vegna innlausnarinnar í Kauphöll.

Í viðauka við ráðningarsamning forstjóra, dags. 7. mars 2007, sem undirritaður er af Karli Wernerssyni og Bjarna Ármannssyni, segir í 1. gr.: „Bjarni Ármannsson nýtir kauprétt að hlutabréfum í Glitni að nafnvirði 15 m.kr. sbr. samning um kauprétt dags. 1. mars 2002 með tilvísun í samning 28.08.2001 með tilvísun í samþykkt Bankaráðs Íslandsbanka 15. ágúst 2000. Þrátt fyrir ákvæði um tryggingar til greiðslu á lánasamningum til Landsýnar, sbr. 6. gr. lánasamninga dags. 12. janúar 2006 og samsk ákvæði í lánssamningi dags. 26. maí 2006 er Bjarna heimilt að halda þeim fjármunum sem út úr nýtingu kaupréttarins kemur.“

Hinn 20. febrúar 2008, fyrir aðalfund sem haldinn var síðar sama dag, barst stjórn Glitnis bréf frá minnihlutaeiganda í félaginu, Vilhjálmi Bjarnasyni, þar sem hann óskaði eftir að nokkrum spurningum hans yrði svarað á aðalfundinum undir liðnum „önnur mál“. Stuttu áður hafði Vilhjálmur komið fram í fjölmiðlum og upplýst að hann íhugaði að höfða skaðabótamál á hendur

20. Tölvubréf Bjarna Ármannssonar til Karls Wernersssonar, Skarphéðins Berg Steinarssonar og Jóns Sigurðssonar stjórnarmanns Glitnis 25. febrúar 2007, kl. 14:17.

stjórn Glitnis vegna ríflegra bónusgreiðslna og ofurlauna til fyrrum forstjóra. Af tölvubrэфasamskiptum stjórnenda Glitnis virðist mega ráða að þeir hafi ekki viljað að launauppgjör við fyrrverandi forstjóra yrði að fullu birt og yrði þar með til umræðu á aðalfundinum. Þegar leiðrétting barst frá endurskoðendum varðandi laun til fyrrverandi forstjóra, sem leiddi í ljós að skuldbindingar félagsins um bónusgreiðslur til handa honum voru 370 milljónir kr. en ekki 100 milljónir eins og áður hafði verið talið fram, voru viðbrögðin eftirfarandi: „Ekki góðar fréttir. Gefur Vilhjálmi mögulega skotfæri á fundinum. Hvernig gat þetta gerst?“²¹ Annar starfsmaður svarar með eftirfarandi hætti: „Þar sem greiðslan er á árinu 2008 – verður þetta ekki sett fram í reikningum 2007. Þetta verður því ekki til umfjöllunar.“

Í skýringum 19 í ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 kemur fram að Bjarni Ármannsson hafi fengið 100 milljónir í bónus á árinu 2007. Þegar framangreint er virt vakna spurningar um hvort þessi framsetning sé í samræmi við góðar reikningsskilavenjur og gefi glögga mynd af rekstri félagsins á þessum tíma.

10.3.5.3 Samningar við Lárus Welding

Lárus Welding var ráðinn til starfa sem forstjóri Glitnis 1. maí 2007. Bankaráð Glitnis gerði ráðningarsamning við hann sem var undirritaður 30. apríl sama ár. Þar var kveðið á um að samningurinn væri til 5 ára og væri uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 12 mánaða fyrirvara. Samið var um föst laun forstjórans, samtals 5,5 milljónir króna á mánuði, sem væru óháð almennum launabreytingum en endurskoðuð í samráði við stjórn félagsins fyrir lok febrúar ár hvert, þó fyrst í febrúar 2009. Fengi forstjórinn stjórnarlausn fyrir setu í stjórnnum annarra fyrirtækja fyrir hönd félagsins skyldu þau renna til bankans. Að auki var samið um að forstjórinn fengi 300 milljóna króna eingreiðslu frá bankanum þegar hann hæfi störf, að því skilyrði uppfylltu að hann væri að minnsta kosti í starfi hjá félaginu í 12 mánuði frá undirritun samnings. Glitnir ætti endurkröfu á forstjóranum sem næmi sömu fjárhæð ef það skilyrði yrði ekki uppfyllt. Hinn 1. febrúar 2008 yrði forstjóranum svo greidd önnur eingreiðsla að upphæð 300 milljónir króna, að því gefnu að hann starfaði að minnsta kosti í 12 mánuði frá útborgun greiðslunnar hjá félaginu. Hætti hann störfum innan þess tíma yrði honum gert að endurgreiða þessa eingreiðslu. Til viðbótar launum, eingreiðslum, bónusum og kaupréttum skyldi forstjóri eiga rétt á sérstökum greiðslum frá félaginu að núvirði 250 milljónir króna á ráðningartímabilinu. Skyldu forstjóri og félagið komast að samkomulagi um útfærslu á þessum greiðslum áður en ráðningartímabili forstjórans lyki. Ef forstjórinn hætti að eigin ósk á samningstímanum skyldu þessar sérstöku greiðslur falla niður. Yrði forstjóranum á hinn bóginn sagt upp ætti hann rétt á fullri eingreiðslu og sérstökum greiðslum ef uppsögnin kæmi ekki til vegna vanefnda á samningnum.

Bónusgreiðslur til handa forstjóranum gátu numið allt að 70 milljónum króna á ári og yrðu þær ákvarðaðar af stjórn eða starfskjaranefnd að teknu tilliti til frammistöðu forstjórans, afkomu og umsvifa félagsins, auk annarra þátta sem haft gætu áhrif á verðmæti þess í bráð og lengd.

21. Tölvubrэф starfsmanns Glitnis til Harðar Felix Harðarssonar, Kristins Arnar Stefánssonar, Lilju Aðalsteinsdóttur, og afrit til Lárusar Welding, Þorsteins M. Jónssonar, Helga Rúnars Óskarssonar, Más Mássonar, Vilhelms M. Þorsteinssonar og Völu Pálsdóttur, sent 20. febrúar 2008 kl. 10:32. Efni: Yfirlýsing frá stjórn Glitnis.

Fyrir utan bifreið sem félagið sá forstjóranum fyrir til fullra afnota, honum að kostnaðarlausu, stóð félagið straum af kostnaði við íbúð forstjórans í London, þ.m.t. húsaleiga og önnur föst gjöld. Skyldi sá kostnaður vera að hámarki 6 milljónir króna á ári.

Gerður var kaupréttarsamningur við forstjóran sem kvað á um rétt hans til að kaupa hlutabréf í félaginu að nafnvirði 150 milljónir króna. Gengi kaupréttarins miðaðist við lokagengi félagsins á markaði hinn 30. apríl 2007 sem var 26,6 og skyldi leiðréttast fyrir arðgreiðslum. Kauprétturinn var innleysanlegur að fimm tungshlut á hverju ári yfir fimm ár.

Rannsóknarnefnd Alþingis metur það svo að kostnaður Glitnis af samningnum við Lárus hafi verið um 5,1 milljarður króna þegar hann var gerður og félli hann til á 5 árum. Samningurinn var samþykktur á 35 mínútna fundi bankastjórnar 30. apríl 2007 en á þeim sama fundi sagði forstjórinn, Bjarni Ármannsson, starfi sínu lausu með formlegum hætti gagnvart bankaráðinu, nýr stjórnarformaður var kosinn og nýr forstjóri ráðinn.

Lífeyrissjóðsgreiðslur til Lárusar voru í samræmi við ákvæði í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins. Mótframlag vinnuveitanda skyldi reiknast af grunnlaunum og greiddum bónusgreiðslum.

Forstjórinn skuldbatt sig til að eiga ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambærilegum rekstri og félagið stundaði meðan hann sinnti störfum fyrir bankann. Slíkt bann héldist í eitt ár eftir að störfum hans fyrir bankann lyki.

Hinn 31. mars 2008 undirrituðu Þorsteinn Már Baldvinsson og Lárus Welding samning um að fresta þeirri eingreiðslu sem falla átti til 1. febrúar 2008 samkvæmt ráðningarsamningi Lárusar, að fjárhæð 300 milljónir kr., fram til 1. febrúar 2009. Samhliða yrði gengið frá láni frá bankanum til Lárusar þar sem Lárus fengi að láni 177.412.800 kr. Lánið yrði á gjalddaga 1. febrúar 2009 og myndu kjör miðast við REIBOR vexti + 0 punktar. Veð var tekið í launagreiðslunni sem átti að inna af hendi ári síðar. Lánið var eingreiðslulán þar sem vextir skyldu greiddir á gjalddaga. Félagið myndi auk framangreindrar greiðslu greiða Lárusi á gjalddaga lánsins fjárhæð sem samsvaraði öllum vaxta- og lántökukostnaði vegna tilgreinds láns. Í samningnum segir svo orðrétt: „Komi til þess að réttur Lárusar til framangreindrar eingreiðslu falli niður samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings ber félaginu eftir sem áður að halda Lárusi skaðlausum af vaxta- og lántökukostnaði af láninu. Skilyrði í ráðningarsamningi um störf Lárusar hjá félaginu miðast við 12 mánuði frá 1. febrúar 2008.“


Uppsögn félagsins á ráðningarsamningi Lárusar fyrir 1. febrúar 2009 hefur ekki áhrif á skuldbindingu félagsins samkvæmt framangreindu. Það sama gildir um breytingar sem gerðar kunna að verða á rekstri félagsins, svo sem vegna samruna eða yfirtöku. Lárusi er ávallt heimilt að skuldajafna kröfu til þeirrar greiðslu sem gjaldféll 1. febrúar 2008 gegn framangreindu láni.

Lárus fellur ennfremur með samningi þessum frá kauprétti sem honum var veittur með 7. gr. ráðningarsamningsins. Um er að ræða kauprétt að hlutabréfum í Glitni að nafnvirði 150 milljónir króna.“

Samningurinn er undirritaður af Herði F. Harðarsyni, yfirlögfræðingi bankans, og Magnúsi Arnari Arngrímssyni, framkvæmdastjóra.


Starfsmaður launadeildar Glitnis spurði Lárus í tölvubréfi hvort í framangreindum samningi fælist að hann félli frá greiðslu sem starfsmaðurinn hafði greitt Lárusi 1. febrúar sama ár en síðan bakfært mánuði síðar eða 1. mars. Í tölvupósti 5. maí 2008 svaraði Lárus því til að svo væri ekki, „en það [kæmi]

Mynd 15
Heildarlaun forstjóra Glitnis
Að meðaltali á mánuði




Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 16
Grunnlaun forstjóra Glitnis
Að meðaltali á mánuði




Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 17
Hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum
Forstjóra Glitnis




Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 18
Hlutfall grunnlauna af heildarlaunum
Forstjórar Glitnis




Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 19
Bónusgreiðslur til forstjóra Glitnis
Að meðaltali á mánuði



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 20
Hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlaunum
Forstjórar Glitnis



Heimild: Glitnir banki hf.

inn á næsta ári²². Starfsmaðurinn svaraði með annarri spurningu: „Má þá segja að við séum að fresta gjaldfærslu um 1 ár?“ Lárus svaraði með tölvubréfi 6. maí kl. 07:49. Þar sagði m.a.: „Eg verð að fa thetta ut ur reikningunum sem eg er að kynna amorgun er það ekki klart? Hver eru ahrifin.“

Á fundi hinn 6. maí kl. 18:30 kynnti Lárus fyrir stjórn Glitnis afkomutölur fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 þar sem fram kom að rekstrarafkoma bankans hefði batnað milli ársfjórðunga (síðasta ársfjórðungs 2007 og fyrsta ársfjórðungs 2008). Stjórnin samþykkti milliuppgjör samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 að lokinni kynningu Lárusar.²³

10.3.6 Nánar um launakjör forstjóra Glitnis

Meðalmánaðarlaun Bjarna Ármannssonar fimmfölduðust á þremur árum, fóru úr 9 milljónum kr. á mánuði árið 2004 í rúmar 50 milljónir kr. á mánuði árið 2007.²⁴ Þessar tölur endurspeglar það sem kemur fram í launakerfum bankans. Bjarni endurgreiddi félaginu 370 milljónir kr. í byrjun árs 2009, þ.m.t. þær eitt hundrað milljónir kr. sem hann fékk greiddar í bónus á árinu 2007. Árið 2007 tók Lárus Welding við forstjórastöðu Glitnis. Meðaltal heildarmánaðarlauna hans það ár nam um 84 milljónum kr. Lárus var aðeins um 4 mánuði á launaskrá hjá bankanum það árið.

Grunnlaun Bjarna Ármannssonar voru rétt rúmar 2,5 milljónir kr. að meðaltali á mánuði árin 2004 og 2005, á verðlagi ársins 2008. Árið 2006 tvöfölduðust launin í rúmlega 5,5 milljónir kr. en lækkuðu síðan aftur í um 3,5 milljónir kr. árið 2007. Hækkunin árið 2006 skýrist af launaliðnum „önnur laun“ sem nam ríflega 27 milljónum kr. það árið. Grunnlaun Lárusar Welding námu rúmum 3 milljónum kr. að meðaltali á mánuði árin 2007 og 2008.

Af heildarlaunum Bjarna Ármannssonar á árunum 2004 til 2007 er hlutfall bónusgreiðslna á bilinu 18% til 29%. Árið 2007 er hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum Lárusar Welding hins vegar 94%, sjá mynd 17. Bónusgreiðslur Lárusar eru að stærstum hluta 300 milljóna kr. eingreiðsla sem hann fékk samkvæmt ráðningarsamningi það ár, eins og áður segir. Hún dreifist á þá fjóra mánuði sem hann starfaði hjá bankanum árið 2007.

Hlutfall grunnlauna Bjarna Ármannssonar af meðalheildarlaunum á mánuði lækkaði úr 31% árið 2004 í 7% árið 2007. Hlutfall grunnlauna Lárusar Welding af heildarlaunum var 4% árið 2007 en ári síðar var hlutfallið 86%.

Bónusgreiðslur sem Bjarna Ármannssyni voru greiddar hækkuðu jafnt og þétt árin 2004 til 2007. Greiðslurnar námu um 1,8 milljónum kr. að meðaltali á mánuði árið 2004 en voru komnar í tæpar 9 milljónir kr. að meðaltali á mánuði árið 2007. Lárus Welding fékk greiddar um 80 milljónir kr. að meðaltali á mánuði í bónusgreiðslur þá fjóra mánuði sem hann var á launaskrá fyrirtækisins árið 2007, sbr. mynd 19.

Hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlaunum Bjarna Ármannssonar var 21% árið 2004. Hlutfallið var 9% árið 2007. Hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlaunum Lárusar Welding var 2% árið 2007 en hækkaði í 14% ári síðar, sbr. mynd 20.

Innleystir kaupréttir Bjarna Ármannssonar námu rúmum 2 milljónum kr. að meðaltali á mánuði árið 2004 en árið 2007 námu þeir tæpum 34 milljónum kr. á mánuði að meðaltali.

22. Tölvubréf Lárusar Welding til starfsmanns launadeildar Glitnis, 5. maí 2008.

23. „Minutes of the 178th Meeting of the Board of Directors of Glitnir banki hf. held on Monday 6th of May at 18:30.“

24. Þó Bjarni hafi aðeins verið forstjóri í fjóra mánuði hélt hann launum sínum út árið 2007. Meðaltal launa byggist því á tólf mánuðum en ekki fjórum í þessari úttekt. Launin eru framreiknuð til ársins 2008.

10.3.7 Lánafyrirgreiðslur til starfsmanna Glitnis

Lán Glitnis til starfsmanna sinna, og/eða eignarhaldsfélaga í þeirra eigu, námu alls um 55 milljörðum króna þegar þau urðu hæst í september 2008. Sú fjárhæð samsvaraði á þeim tíma um 17% af eiginfjárgrunni bankans. Hér er litið til eignarhluta starfsmanna í félögum og tilsvandi hlutdeildar þeirra í skuldum félaga. Miðað var við þau félög sem starfsmaður átti ráðandi hlut í, þ.e. um 20% eignarhlut eða stærri. Samkvæmt því viðmiði nam heildarlánafyrirgreiðsla Glitnis til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra alls um 35 milljörðum króna við fall bankans.²⁵ Til trygginga fyrir a.m.k. þriðjungi þeirra lána stóðu hlutabréf í bankanum sjálfum.


Tafla 5. Heildarlán til starfsmanna Glitnis og eignarhaldsfélaga þeirra

M. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Aðrir/Aðrir	5.993	10.913	13.340	17.082	21.962
Sjávarsýn ehf/Bjarni Ármannsson	758	801	790	1.449	1.451
Tjarnarmýri ehf/Guðný Irene Aðalsteinsdóttir	114	–	–	–	–
Kaggur ehf/Guðný Irene Aðalsteinsdóttir	475	–	–	–	–
Snæból ehf/Finnur Reyr Stefánsson	437	458	457	821	255
Gani ehf/Tómas Kristjánsson	437	458	457	821	255
C22 ehf/Þorgils Óttar Mathiesen	218	229	229	228	228
Eignarhaldsfélagið Teitur ehf/Haukur Oddsson	437	458	458	597	705
Universal Exports ehf/Jón Guðmann Þórisson	218	–	–	–	–
BK-44 ehf/Birkir Kristinsson	1.763	3.036	4.401	1.939	2.024
Klasi ehf/Finnur Reyr Stefánsson	383	1.363	2.249	1.680	2.182
Klasi ehf/Tómas Kristjánsson	383	1.363	2.249	1.680	2.182
Klasi ehf/Þorgils Óttar Mathiesen	366	1.303	2.149	1.605	2.085
ÞJDJ ehf/Jón Diðrik Jónsson	–	426	349	561	618
K467 ehf/Sigurður B. Stefánsson	–	179	175	206	286
Kristinn Þór Geirsson/Kristinn Þór Geirsson	–	120	149	–	111
Sáttur ehf/Guðmundur Ólason	–	632	806	724	–
Rapp ehf/Þorgils Óttar Mathiesen	–	494	588	–	–
Vilhelm Már Þorsteinsson/Vilhelm Már Þorsteinsson	–	114	182	190	193
Guðmundur Örn Þórðarson/Guðmundur Örn Þórðarson	–	–	290	293	–
Hjúki ehf/Guðmundur Ásgeirsson	–	–	760	634	2.587
Freyr Þórðarson/Freyr Þórðarson	–	–	192	194	–
Ægir Birgisson/Ægir Birgisson	–	–	115	116	–
Guðrún Sveinsdóttir/Guðrún Sveinsdóttir	–	–	208	–	–
Einar Páll Tamimi/Einar Páll Tamimi	–	–	118	–	153
Gnollur ehf/Jóhannes Baldursson	–	–	206	218	244
Landsýn ehf/Bjarni Ármannsson	–	–	2.791	2.924	3.980
HG Holding ehf/Haukur Guðjónsson	–	–	136	733	2.011
KÞG Holding ehf/Kristinn Þór Geirsson	–	–	136	733	2.998
JB Byggingafélag ehf/Edda Sólveig Úlfarsdóttir	–	–	376	770	946
Hlér ehf/Guðmundur Ásgeirsson	–	–	217	205	324
Árni Magnússon/Árni Magnússon	–	–	132	–	–
Magnús Bjarnason/Magnús Bjarnason	–	–	196	–	–
Steinagerði ehf/Guðmundur Hjaltason	–	–	597	323	545
BK-42 ehf/Birkir Kristinsson	–	–	103	109	109
Verslun Einars Þorgilssonar ehf/Þorgils Óttar Mathiesen	–	–	645	669	1.085
AM equity ehf/Árni Magnússon	–	–	101	142	169
IDA ehf/Magnús Bjarnason	–	–	151	183	587
Muska ehf/Guðmundur Hjaltason	–	–	399	621	696
Tamimi Holding ehf/Einar Páll Tamimi	–	–	–	255	286
Óli Ægir ehf/Jóhann Ómarsson	–	–	–	165	171
Hængur ehf/Benedikt Einarsson	–	–	–	205	231
Alfreð Hauksson/Alfreð Hauksson	–	–	–	114	186
Magnús Arnar Arngrímsson/Magnús Arnar Arngrímsson	–	–	–	153	174
Krem ehf/Helgi Anton Eiríksson	–	–	–	222	249
EV Holding ehf/Eggert Þór Kristófersson	–	–	–	104	117

25. Þá er einungis litið til lána til einstaklinga og félaga sem hafa einhvern tíma á rannsóknartíma-bílinu fengið 100 milljónir eða meira að láni.

Mynd 21

Innleystir kaupréttir forstjóra Glitnis
Að meðaltali á mánuði




— Bjarni Ármannsson
— Lárus Welding

Kaupréttir voru innleystir einu sinni á ári. Hér er meðalhagnaður á mánuði vegna innlausnar settur fram til að gæta samræmis.
Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 22


Lán til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra
Glitnir - Starfsmenn sem hafa yfir 100 milljónir að láni hjá bankanum



Heimild: Glitnir banki hf.

Mynd 23

Heildarlán til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra
Glitnir - allir starfsmenn



Heimild: Glitnir banki hf.

Heildarlán til starfsmanna Glitnis og eignarhaldsfélaga þeirra (frh.)

M. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Ingi Rafnar Júlíusson/Ingi Rafnar Júlíusson	–	–	–	136	125
Jóhann Ómarsson/Jóhann Ómarsson	–	–	–	129	–
Ante ehf/Freyr Þórðarson	–	–	–	253	–
Helgi Anton Eiríksson/Helgi Anton Eiríksson	–	–	–	124	116
Birna Einarsdóttir/Birna Einarsdóttir	–	–	–	108	119
Imagine Investments ehf/Bjarni Ármannsson	–	–	–	–	878
Lárus Welding/Lárus Welding	–	–	–	–	181
Dúfan ehf/Magnús Eyjólfsson	–	–	–	–	184
Geirmundartindur ehf/Elmar Svavarsson	–	–	–	–	232
AB 135 ehf/Stefán Sigurðsson	–	–	–	–	232
Langidalur ehf/Magnús Pálmi Örnólfsson	–	–	–	–	697
AB 133 ehf/Ari Daníelsson	–	–	–	–	232
Strandatún ehf/Rósant Már Torfason	–	–	–	–	1.065
Gnómi ehf/Jóhannes Baldursson	–	–	–	–	1.066
Laugalind ehf/Friðfinnur Ragnar Sigurðsson	–	–	–	–	232
Einarsmelur 18 ehf/Einar Örn Ólafsson	–	–	–	–	1.066
AB 158 ehf/Ingi Rafnar Júlíusson	–	–	–	–	697
HEKT ehf/Eggert Þór Kristófersson	–	–	–	–	685
Guðmundur Ólason/Guðmundur Ólason	–	–	–	–	103
Draupnir fjárfestingafélag ehf/Jón Diðrik Jónsson	–	–	–	–	700
Kambshóll ehf/Tómas Kristjánsson	–	–	–	–	141
Jón Diðrik Jónsson/Jón Diðrik Jónsson	–	–	–	–	117
Hugís ehf/Hjörtur Grétarsson	–	–	–	–	120
Sólrún Adda Elvarsdóttir/Sólrún Adda Elvarsdóttir	–	–	–	–	112
Snorri Arnar Viðarsson/Snorri Arnar Viðarsson	–	–	–	–	103

Lán til starfsmanna og/eða eignarhaldsfélaga þeirra sem samtals eru yfir 100 milljónir. Hutdeild starfsmanns í láni til eignarhaldsfélags endurspeglar eignarhluta hans í félaginu.

Heimild: Glitnir banki hf.

10.3.8 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Uppbygging EVA-kerfisins var að mörgu leyti skynsamlegri til þess að samhæfa markmið eigenda og stjórnenda en uppbygging annarra hvatakerfa. Í fyrsta lagi gerði EVA-kerfið ráð fyrir þaki á bónusútgreiðslur. Í öðru lagi var umbunað fyrir að halda óbreyttum rekstri en ekki aðeins fyrir bættan árangur eins og síðar varð og einkenndi hvatakerfi hinna bankanna. Þá var kerfið þannig uppbyggt að refsað var fyrir slægan árangur þar sem bankinn átti þá endurkröfu á svokallaðan bónusbanka. Inneign í bónusbankanum gat orðið neikvæð (e. clawback clauses), sem hvatti til þess að gætt væri að hagsmunum hluthafa til langs tíma. Þó að kerfið hafi ýtt undir áhættusækni stuðlaði það ekki að óhóflegri áhættutöku til skamms tíma andstætt hagsmunum innstæðueigenda í bankanum og minnihlutaeigenda hans. Þó að EVA-kerfið hafi byggt á ávöxtunarkröfu um arðsemi eigin fjár, var hún hlutfallsleg frá fyrstu krónu, þ.e. bónus var greiddur fyrir hverja krónu sem félagið skilaði í hagnað. Markmiðsbónus var greiddur að fullu ef afkoma hélst óbreytt frá fyrra ári þótt hagsauki fyrirtækisins stæði í stað. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var það óheillavænlegt skref, a.m.k. fyrir minnihlutaeigendur bankans og innstæðueigendur, þegar bónusgreiðslum var breytt úr EVA-kerfinu yfir í svokallað ROE-kerfi, þar sem lögð er meiri áhersla á skammtímahagnað en á arðsemi félagsins til lengri tíma.

Í lok árs 2003 tók að fjara undan EVA-kerfinu. Í lok desember ákvað bankaráð Glitnis að greiða Bjarna Ármannssyni ein mánaðarlaun í bónus, óháð kerfinu, vegna rekstrarárangurs ársins 2003. Snemma árs 2004 veiktist kerfið frekar í sessi. Forstjórinn gerði þá samning um 10 milljóna króna


eingreiðslu í lífeyrissjóð vegna ársins 2003. Jafnframt féllst bankaráðið á að greiða forstjóranum 10 milljónir króna í frekari bónus vegna ársins 2003. Hvort tveggja kom til greiðslu í mars 2004. Ráðningarsamningi við forstjóran var breytt á þann veg að bónus samkvæmt EVA-kerfinu var hækkadur að krónutölu. Jafnframt var lagt af það fyrirkomulag kerfisins að fresta útgreiðslum bónusa umfram ákveðið þak. Í staðinn skyldu slíkar greiðslur renna í lífeyrissjóð forstjórans. Þar með breyttist kerfið í grundvallaratriðum gagnvart þeim sem mest áriðandi var að veita aðhald, þ.e. forstjóranum. Hagsmunagæsla til langs tíma var fyrir borð borin einungis þremur árum eftir að henni var komið á fót.

Með nýjum kjölfestufjórðingum árið 2006 leið EVA-kerfið undir lok sem meginhvatarammur en ROE-kerfið tók við. Samkvæmt því gátu stjórnendur einungis átt von á fullum bónusgreiðslum (þ.e. fullum árslaunum) ef bankinn í heild sinni skilaði meiri hagnaði en sem nam 30% arðsemi eigin fjár en hlutfalli af árslaunum ef arðsemi yrði meiri en 15%. Breytingin á hvatakerfi bankans ber áhættusækni kjölfestufjórðinganna glöggvitni. Þensla í útlánum bankans var ein afleiðing þessa, sbr. umfjöllun rannsóknarnefndar um útlán Glitnis m.a. til starfsmanna og kjölfestufjórðinga. Sú staðreynd að forstjórinn gat gert sérstaka samninga um aukagreiðslur ofan á umsamin laun og þær greiðslur sem hvatakerfið átti að færa honum að uppfylltum skilyrðum sýna svigrúm forstjórans til að bæta afkomu sína án tillits til samningsbundinna árangursmarkmiða.

Árið 2007 tók nýr forstjóri við. Valdabreyting varð með nýjum eigendum að bankanum. Þar á meðal var FL Group í stóru hlutverki. Á þessum tíma mælti ROE-kerfið fyrir um að fullar bónusgreiðslur yrðu greiddar ef arðsemi eigin fjár yrði 25%. Enginn bónus var greiddur út úr kerfinu ef arðsemin var undir 12,5%. Almennt er gengið út frá því í viðskipta- og hagfræði að einungis fá fyrirtæki á markaði, og þá einkum stór og þroskuð, geti skilað árlega með stöðugum hætti 25 krónum í hagnað fyrir hverjar 100 krónur sem lagðar eru fram í eigið fé og haldið velli til langs tíma, hvað þá 30 krónum. Arðsemiskröfur af þessu tagi verða því að teljast óraunhæfar. Sé þeim haldið til streitu eru þær til þess fallnar að ýta undir þá neikvæðu þætti sem búast má við að fylgi hvatalaunum, þ.e. að stjórnendur taki of mikla áhættu í rekstri. Í tilfelli fjármálastofnana myndi það fyrst og fremst birtast sem aukning útlánaáhættu sem veldur m.a. auknum sveiflum í rekstrarafkomu þeirra. Það samræmist hvorki markmiðum innstæðueigenda, lánardrottna né minni hluthafa, sem horfa fyrst og fremst til ávinnings fjárfestingar sinnar til langs tíma. Hætta getur jafnvel orðið á því að stjórnendur hagræði rekstrarniðurstöðum til að mæta óraunhæfum markmiðum sem liggja til grundvallar bónusgreiðslunum. Um leið eru innstæðueigendur, hluthafar, aðrir fjárfestar og opinberir eftirlitsaðilar blekkir. Það leiðir til þess að hætta getur steðjað að efnahagskerfinu öllu þegar um kerfislega mikilvægan banka er að ræða.


Rannsóknarnefnd Alþingis dregur þá ályktun að með láni til Lárusar Welding, sem veitt var til að fresta 300 milljóna kr. eingreiðslu hans samkvæmt samningi, hafi stjórn bankans haft bein áhrif á uppgjör hans á fyrsta ársfjórðungi 2008. Þar var gjaldaliði sem var alls um 5,1% af hagnaði bankans á fyrsta ársfjórðungi, frestað til eins árs, með tilheyrandi ofmati á hagnaði og þar með eigin fé. Alls 550 milljóna króna gjöld og framtíðarskuldbindingar, sem félagið tók á sig með ráðningarsamningi við Lárus og fallið höfðu til í rekstri þess, voru ekki tilkynnt í uppgjöri bankans, hvorki ársreikningi félagsins 2007 né í ársframlagsreikningi fyrsta ársfjórðungs 2008. Í ársreikningi 2007

Mynd 24
Hundraðsmörk mánaðarlauna hjá Landsbankanum
Heildarlaun




Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 25
Hlutfall í heildarlaunakostnaði
Landsbankinn



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 26
Munur á hundraðsmörkum launadreifingar
Landsbankans



Starfsmenn sem eru í 75. hundraðsmörkum voru með 2,18 sinnum laun þeirra sem voru í 25. hundraðsmörkum. Hundraðsmörk marka þá upphæð sem tiltekið hlutfall starfsmanna er með í laun eða sem hefur laun þar fyrir neðan. 25. hundraðsmörkin marka þá upphæð sem 25% starfsmanna hafa eða eru undir í launum.

Heimild: Landsbanki Íslands hf.

er einungis tilkynnt um 300 milljóna króna eingreiðslu sem greidd var við undirritun samnings við Lárus. Í staðinn fyrir frestun á eingreiðslu þeirri sem ráðningarsamningur hans kvað á um fékk Lárus lán til eins árs. Lánið hljóðaði upp á rúmlega 177 milljónir króna og fól í sér hlunnindi honum til handa þar sem lánskjörin miðuðust við skuldaálag fjármálastofnana en ekki einstaklinga. Auk þess gekkst félagið undir að greiða alla vexti af láninu. Kjörin voru í reynd afar hagstæð, þ.e. 0% vextir.²⁶

Það vekur athygli nefndarinnar að hvorki er getið í ársskýrslu Glitnis árið 2007 um hluta skuldbindinga sem félagið tókst á hendur með ráðningarsamningi við Lárus, alls 550 milljónir kr., né skuldbindingar félagsins vegna bónusgreiðslna til Bjarna Ármannssonar, alls 270 milljónir kr. Einungis er getið þeirrar 300 milljóna króna eingreiðslu sem Lárus fékk við undirritun ráðningarsamningsins og þeirrar 100 milljóna króna greiðslu sem innt var af hendi til Bjarna Ármannssonar.

Framangreind frestun gjaldfærslu er ekki eina merkið um svigrúm sem lykilstarfsmenn Glitnis virðast hafa veitt sér til að hafa áhrif á rekstrarniðurstöður. Í skjali sem dreift var til þeirra starfsmanna sem nutu bónusgreiðslna sem tengdar voru arðsemi eigin fjár segir orðrétt:²⁷

„Leiðréttingar á rekstrarreikningi og efnahag

Almennt er reglan að ekki eru gerðar leiðréttingar á rekstrarhagnaði og efnahag bankans við útreikninga afkomutengds launakerfis. Við sérstakar aðstæður samkvæmt ákvörðun framkvæmdarstjórnar bankans má þó framkvæma leiðréttingar á efnahag og rekstrarreikningi, til hækkunar eða lækkunar. Þegar slíkt á við eru leiðréttingarnar framkvæmdar að teknu tilliti til áhrifa af tengdum þáttum svo sem skattskyldu.“

Frá árinu 2003 til 2008 lánaði Glitnir starfsmönnum alls um 15 milljarða króna vegna hlutfjárkaupa í bankanum í því augnamiði að halda lykilstarfsmönnum bankans. Til að byrja með lánaði bankinn starfsmönnum umtalsverðar fjárhæðir í þeirra eigin nafni. Um leið veitti bankinn sumum starfsmönnum sölurétt á bréfunum sem láninu var ráðstafað til kaupa á. Síðar veitti bankinn frekari lán í sama tilgangi til eignarhaldsfélaga í 100% eigu starfsmanna. Lánin voru í mörgum tilvikum veitt á mjög hagstæðum kjörum, þ.e. án skuldaraálags ofan á millibankavexti eða jafnvel á vöxtum sem voru lægri en millibankavextir. Slík lánskjör tíðkast að jafnaði ekki í lánastarfsemi banka, nema þá e.t.v. til ríkja. Stjórnendur Glitnis samþykktu sjálfir lán til starfsbræðra og -systra án þess að kjör þeirra virðist hafa verið kynnt fyrir stjórn bankans eða öðrum hluthöfum með formlegum hætti. Bankinn tók hlutabréf í sjálfum sér að veði fyrir greiðslu lánanna. Slík veð eru eðlilega haldlitil þegar syrtir í álinn. Bankinn gengur trauðla að eigin bréfum við þær aðstæður þegar kalla þarf inn veð, þ.e. þegar bankinn sjálfur er undir ágjöf vegna lækkunar hlutabréfaverðs á markaði eða hann er að komast í þrot.

Af framangreindum 15 milljörðum króna, sem Glitnir veitti sem lán til hlutfjárkaupa í því skyni að hvetja lykilstarfsmenn til að starfa áfram hjá bankanum, lánaði bankinn fjórtán framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum bankans alls um 8,1 milljarð í maí 2008. Vakinn er athygli á því að á aðalfundi Glitnis 20. febrúar 2008 lét Þorsteinn Már Baldvinsson, nýkjörinn

26. Samningur milli Glitnis banka hf. og Lárusar Welding, Reykjavík 31. mars 2008.

27. „Lýsing á afkomutengdu kerfi“, merkt „Trúnaðarmál“, tekið saman af fulltrúum framkvæmdarstjórnar bankans í mars 2006.

stjórnarformaður, þau orð falla að kaupréttarsamningar yrðu ekki gerðir við starfsfólk Glitnis eins og staðan væri.²⁸

Rannsóknarnefnd Alþingis veur einnig athygli á lánnum sem bankinn veitti stjórnarmanni og framkvæmdastjóra í gegnum eignarhaldsfélög þeirra, KÞG Holding og HG Holding, m.a. til útgreiðslu arðs hjá félögum sem voru í taprekstri. Lánin voru veitt gegn veðum í bréfum í Glitni og virði tryggingaþekju lánsins var um 85% í tilfalli KÞG Holding, en hins vegar einungis 68% í tilfalli HG Holding.

Það veur athygli rannsóknarnefndar að ítrekað var endursamið um kjör stjórnenda og starfsmanna og þá ávallt þeim til hagsbóta. Frestun á innlausn kaupréttarsamninga og framlenging lána til starfsmanna vegna hlutafjárkaupa eru dæmi um þetta. Hér má einnig nefna innlausn Bjarna Ármannssonar á kauprétti 26. febrúar 2007 en miðað við skrifleg samningsákvæði um þann kauprétt hafði hann runnið út 31. maí 2006.

Ráðning Lárusar Welding og samþykki á ráðningarkjörum hans fór fram á 35 mínútna löngum stjórnarfundi. Veur þetta spurningar um vandaða stjórnarhætti. Ekki verður séð af fundargerð að stjórnarmenn hafi þar fengið sérstakt ráðrúm til þess að gera athugasemdir við samninginn, eða til að kynna sér efni hans, en samningurinn var þess eðlis að krefjast mátti sérstakrar aðgæslu af þeirra hálfu fyrir hönd eigenda bankans.

Afgerandi breyting varð á uppbyggingu launa hjá æðstu stjórnendum Glitnis sem og hvatakerfi félagsins á tímabilinu 2004–2008. Umbreytingin var til þess fallin að auka verulega áhættusækni stjórnenda. Samanlögð lán til starfsmanna bankans voru orðin alls um 17% eiginfjárgrunnns bankans í árslok 2007. Stór hluti þeirra átti rót sína að rekja til hvata- og umbunarkerfis bankans og voru þau lán veitt með veði í hlutabréfum í bankanum sjálfum eingöngu. Ætla má að sú háa og í raun óraunsæja ávöxtunarkrafa sem var grundvöllur hvatakerfis bankans hafi stuðlað að hinni áhættusömu útlána-starfsemi bankans, þar sem lán til stærstu eigenda bankans og tengdra aðila voru fyrirferðarmikil. Æðstu stjórnendur bankans voru hvattir til að uppfylla ávöxtunarkröfuna og umbunað samkvæmt því.


10.4 Hvatakerfi Landsbanka Íslands hf.

10.4.1 Launadreifing Landsbankans

Launabil á milli þeirra starfsmanna Landsbankans sem fengu hæst og lægst laun var mikið árið 2004, en jókst síðan hröðum skrefum á rannsóknartímabilinu. Árið 2004 runnu þannig um 30% af heildarlaunagreiðslum Landsbankans til 10% starfsmanna sem hæst laun höfðu en 55% af heildarlaunagreiðslum bankans komu í hlut sama hóps árið 2007, sjá mynd 25. Árið 2004 voru þeir hæst launuðu í félaginu (efsta prósentíð í launastiganum) með milli fjögur- og fimmföld laun þeirra starfsmanna sem voru á miðri launadreifingunni í félaginu, en átjánföld meðallaun þegar hæst var árið 2007.


Samsetning launa breyttist lítið hjá 90% starfsmanna. Hlutur grunnlauna hélst nokkuð stöðugur yfir tímabilið hjá þeim. Yfir 75% starfsmanna Landsbankans fengu bónusgreiðslur í einhverju formi samkvæmt launabók-haldi bankans. Samkvæmt starfsmannastefnunni nutu allir fastir og starfandi starfsmenn bónusgreiðslna sem bankaráð ákvað að fenginni tillögu banka-

Mynd 27
1% hæstu laun Landsbankans og samsetning þeirra
Að meðaltali




Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 28
Vægi launaliða í launadreifingu Landsbankans 2004
Eftir hundradsmörkum



Fyrsta súlan t.v. visar til meðalvægis launaliða þeirra 10% starfsmanna sem hafa lægst launin, önnur súlan visar til 11%–25% starfsmanna sem næstir koma í launastiganum o.s.frv.
Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 29
Vægi launaliða í launadreifingu Landsbankans 2007
Eftir hundradsmörkum




Fyrsta súlan t.v. visar til meðalvægis launaliða þeirra 10% starfsmanna sem hafa lægst launin, önnur súlan visar til 11%–25% starfsmanna sem næstir koma í launastiganum o.s.frv.
Heimild: Landsbanki Íslands hf.

28. Sbr. skýrslu mannaúdsstjóra Glitnis Elfars Rúnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. október 2009, bls 27. Sjá einnig „Hlutverk afruglarans“, frétt í *Vísiskiptablaðinu* 18. apríl 2008.

Mynd 30


Vægi bónusgreiðslna í heildarlaunum eftir hundraðsmörkum launadreifingar Landsbankans



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 31


Meðalbónusgreiðslur á mánuði eftir hundraðsmörkum launadreifingar Landsbankans 10–95%



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 32

Meðalbónusgreiðslur á mánuði eftir hundraðsmörkum launadreifingar Landsbankans 10–>99%



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

stjórnar. Heildarmánaðarlaun að meðaltali hjá þeim 10% af heildarfjölda starfsmanna Landsbankans sem lægst laun höfðu hækkuðu lítið sem ekkert að raungildi frá 2004 til 2008. Miðgildi heildarmánaðarlauna í bankanum fór þó úr 349 þúsund krónum árið 2004 í 448 þúsund (að meðaltali á mánuði) árið 2007. Meðaltal heildarmánaðarlauna jókst úr 470 þúsund krónum árið 2004 í 961 þúsund árið 2007. Heildarmánaðarlaun þeirra 5% starfsmanna sem höfðu hæst laun hækkuðu að meðaltali um tæpar 900 þúsund kr. frá 2004 til 2007 (1.145 þúsund í 2.021 þúsund krónur), sjá mynd 24. Heildarmánaðarlaun eins prósentis starfsmanna sem hæst laun höfðu hækkuðu hins vegar úr 3,2 milljónum að meðaltali á mánuði árið 2004 í 27,5 milljónir kr. árið 2007, sjá mynd 27.

Hlutur bónusgreiðslna og ávinnings vegna innlausnar kaupréttá í heildarlaunum jókst umtalsvert á því tímabili sem hér um ræðir hjá þeim hópi starfsmanna sem fengu næsthæst laun (sá hópur sem taldist til 95.–99. hundraðsmarkna launadreifingarinnar). Bónusgreiðslur og innlausn kaupréttá voru um 13% af heildarlaunum þeirra árið 2005, en voru tæpar 40% af heildarlaunum árið 2007, sjá mynd 30. Launasamsetning hjá þeim sem allra hæstu launin fengu (fjórtán til átján starfsmenn) tók miklum breytingum á tímabilinu 2004–2007. Grunnlaun þeirra voru að meðaltali 40% af heildarlaunum árið 2004 en að meðaltali um einn tíundi af heildarlaunum árið 2007, sjá mynd 29. Til samanburðar má nefna að grunnlaun forstjóra í Bandaríkjunum voru um 20% heildarlauna að meðaltali á árunum 1992–2002, bónusar um 20% en allt að helmingur heildarlauna var í formi kaupréttá.²⁹ Rétt er þó að geta þess að þar eru kaupréttir sem hlutfall af heildarlaunum mældir á svokölluðu vilnunarvirði við útgáfu kaupréttanna og því ekki fyllilega sambærilegir þeim tölum sem hér eru settar fram fyrir íslensku bankana.

10.4.2 Hvatakerfi starfsmanna tekjusviða Landsbankans

10.4.2.1 Inngangur

Við ákvörðun á árangurstengdum greiðslum hafði starfsmannasvið Landsbankans til hliðsjónar svokölluð „Meginsjónarmið með árangurstengdu launakerfi Landsbankans“ sem liggja fyrir á sérstöku ódagsettu skjali meðal gagna rannsóknarnefndar. Starfsmannasvið hóf að styðjast við þessi sjónarmið við útreikning slíkra greiðslna í maí 2006. Samkvæmt þeim var markmiðið að hlutfall kaupréttá í heildarlaunum lykilstarfsmanna yrði hlutfallslega hærra en hlutfall bónusa. Gert var ráð fyrir að bónusgreiðslur yrðu almennt tengdar afkomu bankans í heild sinni en einnig tekið tillit til árangurs sviðs og starfseiningar og mats á árangri starfsmanns og samvinnu við aðrar einingar innan bankans. Bankastjóri og framkvæmdastjóri starfsmannasviðs skyldu sjá um mat á þessum þáttum og ákveða bónusa til þessara starfsmanna. Árangurstengd laun útibússtjóra skyldu ákvörðuð út frá arðsemi þess eigin fjár sem hverju útibúi var úthlutað. Þá yrði sérstaklega horft til bata á arðsemi yfir tíma en um þetta segir í skjalinu: „[...] óeðlilegt getur verið að greiða bónus fyrir að ná sífellt sama góða árangri. Jafnframt þarf bónusinn á einhvern hátt að taka tillit til stærðar og aukningar á umfangi útibúa milli tímabila.“ Útibússtjórar gátu hæst fengið þreföld mánaðarlaun sín í bónus.³⁰

29. Jensen, M.; K. Murphy og D. Wruck: *Remuneration: Where we've been, how we got here, what are the problems, and how to fix them*. European Corporate Governance Institute, Finance Working Paper No. 44/2004, bls. 31.

30. „Meginsjónarmið með árangurstengdu launakerfi Landsbankans.“ Kafli um útibússtjóra, bls. 2, ótölusett.

Lykilstarfsmenn og stjórnendur á sviðum sem ekki voru skilgreindar hagnaðareiningar gátu fengið þreföld til tólföld mánaðarlaun í bónus eftir ábyrgð, umfangi starfs og mati bankastjóra og starfsmannastjóra á frammi- stöðu þeirra.

Rannsóknarnefnd Alþingis kannaði kjör starfsmanna á tveimur tekjusvið- um innan bankans og einni stoðdeild til samanburðar. Þau svið sem valin voru til nánari skoðunar voru fyrirtækjaráðgjöf, verðbréfamiðlun og greining- ardeild. Þessar einingar bankans eru samanburðarhæfar hvað varðar mennt- unarstig og eftirspurnaráhrif.

Lykilstarfsmenn og stjórnendur í einingum sem töldust til tekjusviða s.s. verðbréfamiðlunar, gjaldeyris- og afleiðumiðlunar og fyrirtækjaráðgjafar fengu samkvæmt stefnu starfsmannasviðs beina hlutdeild í þeim hagnaði sem varð af starfsemi viðkomandi sviða. Myndaður var sameiginlegur bónuspott- ur sem í voru lögð 10–15% af heildartekjum deildarinnar að frádregnum kostnaði. Forstöðumaður deildarinnar úthlutaði síðan starfsmönnum úr þeim potti í samráði við framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, framkvæmdastjóra verðbréfasviðs og bankastjóra. Kaupakinn skyldi nema um 50% til 200% af árslaunum (þar eru talin mánaðarlaun, föst upphæð og föst hlunnindi svo sem bifreiðastyrkur) í tilfelli sérfræðinga en 350% í tilfelli yfirmanna samkvæmt fyrirfram ákveðnum samningi við hvern og einn starfsmann.

Verðbréfamiðlarar fengu bónusa greidda mánaðarlega, með mánaðartöf. Aðrir fengu bónusa greidda tvisvar á ári. Athygli vekur að reglan um verð- bréfamiðlara gildi ekki um gjaldeyrismiðlara og fengu þeir greiddan út bónus tvisvar á ári líkt og önnur tekjusvið.

Um bónusgreiðslur fjárstýringar og eigin fjárfestingar bankans segir í skjalinu um meginsjónarmið með árangurstengdu launakerfi Landsbankans:

„Báðar þessar deildir nota mikið eigið fé og því getur hagnaður deildanna ýmist orðið mjög mikill eða mjög neikvæður allt eftir þróun verðbréfamark- aða. Jafnframt þarf að hafa í huga að ef bónus í þessum deildum væri miðaður við hagnað umfram eðlilega arðsemi eiginfjár kynni að myndast hvati til að vilja vera með mjög stórar stöður í markaðsbréfum. Hér er því varhugavert að nota kerfi sem byggir á hlutfalli arðsemi umfram viðmið. Réttara er að leggja mat á árangur með samanburði við þróun markaða almennt svo og sett markmið bankans um þróun á heildarstöðu bankans. [...] Sama gildir einnig hér og annarsstaðar að horft er til afkomu bankans í heild sinni, afkomu sviðs og starfseiningar starfsmanns ásamt mati á árangri starfsmanns og samvinnu við aðrar einingar innan bankans.“


Kaupuki þessara starfsmanna gat numið allt að 50%–125% fjárhæð ofan á árslaun, m.ö.o. gat bónusgreiðsla numið frá fjórðungi upp í þrjá fjórðu hluta af heildarlaunum starfsmanns.

Sjóðstjórar eignastýringar bankans nutu allt að 75% álags ofan á árslaun sín í bónusgreiðslur á ári ef árangur þeirra og aðstoðarmanna þeirra var umfram sett viðmið og árangur sambærilegra sjóða á markaði. Í sérstökum tilfellum gat álagið orðið 100% ofan á árslaun. Þá var einnig horft til auk- ningar í sjóðum sem voru í stýringu hjá bankanum.³¹

Svipað fyrirkomulag var á bónusgreiðslum til starfsmanna einkabanka- þjónustu að því undanskildu að það 75% álag sem starfsmenn gátu vænst (í

Mynd 33


Meðalmánaðarlaun í fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans



Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert. Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 34


Meðalmánaðarlaun í verðbréfamiðlun Landsbankans



Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert. Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 35

Meðalmánaðarlaun í greiningardeild Landsbankans



Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert. Heimild: Landsbanki Íslands hf.

31. „Meginsjónarmið með árangurstengdu launakerfi Landsbankans“, bls. 2–3, ótölusettar.

Tafla 6. 10 launahæstu starfsmenn Landsbankans á árunum 2004–2008

Nr.	Nafn	Verðlag október 2008	Starfsheiti	Heildarlaun á mánuði að meðaltali, m.kr.
<i>2004</i>				
1	Steinþór Gunnarsson		Forstöðumaður	4,308
2	Bjarni Þórður Bjarnason		Forstöðumaður	3,478
3	Sigurjón Þ. Árnason		Bankastjóri	2,962
4	Halldór Jón Kristjánsson		Bankastjóri	2,891
5	Helgi Þór Arason		Sérfræðingur	2,804
6	Gísli Finnur Aðalsteinsson		Söluráðgjafi	2,752
7	Jón Sigurðsson		Sérfræðingur	2,681
8	Björn Theódór Lindal			2,675
9	Ársæll Hafsteinsson		Framkvæmdastjóri	2,429
10	Elín Sigfúsdóttir		Framkvæmdastjóri	2,428
<i>2005</i>				
1	Halldór Jón Kristjánsson		Bankastjóri	25,247
2	Sigurjón Þ. Árnason		Bankastjóri	10,244
3	Elín Sigfúsdóttir		Framkvæmdastjóri	8,859
4	Ársæll Hafsteinsson		Framkvæmdastjóri	8,213
5	Yngvi Örn Kristinsson		Framkvæmdastjóri	8,089
6	Steinþór Gunnarsson		Forstöðumaður	6,262
7	Bjarni Þórður Bjarnason		Forstöðumaður	6,018
8	Jón Sigurðsson		Sérfræðingur	5,917
9	Baldvin Valtýsson		Forstöðumaður	4,594
10	Brynjólfur Helgason		Framkvæmdastjóri	4,509
<i>2006</i>				
1	Sigurjón Þ. Árnason		Bankastjóri	20,465
2	Halldór Jón Kristjánsson		Bankastjóri	13,097
3	Elín Sigfúsdóttir		Framkvæmdastjóri	12,954
4	Steinþór Gunnarsson		Forstöðumaður	11,326
5	Baldvin Valtýsson		Forstöðumaður	9,673
6	Ársæll Hafsteinsson		Framkvæmdastjóri	9,199
7	Yngvi Örn Kristinsson		Framkvæmdastjóri	8,891
8	Bjarni Þórður Bjarnason		Forstöðumaður	8,547
9	Ari Wendel		Forstöðumaður	6,955
10	Brynjólfur Helgason		Framkvæmdastjóri	6,503
<i>2007</i>				
1	Lárus Welding ¹		Forstöðumaður	167,281
2	Baldvin Valtýsson		Forstöðumaður	39,763
3	Steinþór Gunnarsson		Forstöðumaður	37,169
4	Yngvi Örn Kristinsson		Framkvæmdastjóri	27,837
5	Jón Þorsteinn Oddleifsson		Forstöðumaður	25,104
6	Ársæll Hafsteinsson		Framkvæmdastjóri	20,594
7	Ari Wendel		Forstöðumaður	20,137
8	Sigurjón Þ. Árnason		Bankastjóri	19,784
9	Ívar Guðjónsson		Forstöðumaður	18,934
10	Guðmundur Guðmundsson		Framkvæmdastjóri	17,300
<i>2008</i>				
1	Hermann Jónasson ²		Framkvæmdastjóri	36,627
2	Sigurjón Þ. Árnason		Bankastjóri	34,837
3	Elín Sigfúsdóttir		Framkvæmdastjóri	18,532
4	Jón Þór Gunnarsson		Forstöðumaður	13,178
5	Halldór Jón Kristjánsson		Bankastjóri	12,731
6	Bjarni Kristjánsson		Sérfræðingur	11,500
7	Steinþór Gunnarsson		Forstöðumaður	11,397
8	Jón Þorsteinn Oddleifsson		Forstöðumaður	11,000
9	Bjarni Þórður Bjarnason		Forstöðumaður	9,511
10	Ívar Guðjónsson		Forstöðumaður	9,469

- Starfsmaðurinn var á launaskrá móðurfélagsins aðeins í einn mánuð það árið, en honum var greiddur út uppsafnaður kaupréttur í formi kaupakgreiðslu þar sem hann sagði starfi sínu lausu hjá bankanum.
- Viðkomandi starfsmaður starfaði einungis í tvo mánuði á árinu, þá mánuði var greiddur út bónus fyrra árs.

Heimild: Landsbanki Íslands hf.

sértilfellum 100%) tengdist umsvifum sviðsins, svokallaðir veltubónusar. Sem fyrr var ákvörðun um bónusa tekin af framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, framkvæmdastjóra eignastýringar eða einkabankapjónustu og bankastjóra eftir sameiginlega yfirferð á árangursmati með hliðsjón af ofangreindu.³² Í töflu 6 eru laun 10 launahæstu starfsmanna Landsbankans á árunum 2004 til 2008 birt á raunvirði miðað við árið 2008.

Samkvæmt skjalinu með meginsjónarmiðum um árangurstengingu launa starfsmanna Landsbankans, sem að sögn Atla Atlasonar, starfsmannastjóra, var fyrst lagt fram í maí 2006, var fyrst og fremst horft til heildarárangurs bankans, þ.e. arðsemi hans, þegar bónusgreiðslur til framkvæmdastjóra voru ákvarðaðar, auk mats á árangri viðkomandi sviðs og frammistöðu viðkomandi framkvæmdastjóra. Næði bankinn settum markmiðum um rekstrarárangur gátu bónusgreiðslur framkvæmdastjóra numið 9–15 mánaðarlaunum þeirra. Bankastjóri tók ákvarðanir um bónusgreiðslur til framkvæmdastjóra.

Bónusgreiðslur til verðbréfasviðs og lögfræðisviðs (auk Halldórs Jóns Kristjánssonar, bankastjóra) voru ákvarðaðar sérstaklega miðað við afkomu Landsbankans í heild. Ef arðsemi bankans fór 5 prósentustig umfram markmið (meðalvextir fjögurra ára ríkisbréfa hverju sinni auk 9 prósentustiga arðsemi eigin fjár fyrir skatta) skyldu framkvæmdastjórar og Halldór Jón Kristjánsson fá greiddan bónus sem næmi fernum mánaðarlaunum og síðan hlutfall þar af allt eftir því hvernig gekk, þ.e. 10 prósentustig í arðsemi umfram viðmið skilaði átta mánaðarlaunum o.s.frv. Engin arðsemi umfram viðmið skilaði engum viðbótarlaunum.

Um Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóra, og Elínu Sigfúsdóttur, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs, gilti sú regla að árlegar bónusgreiðslur skyldu ákvarðast af afkomu Landsbankans í heild. Færi arðsemi bankans 3 prósentustig umfram viðmiðunarmarkmið (meðalvextir fjögurra ára ríkisbréfa hverju sinni (12 prósentustig í maí 2006) auk 6 prósentustiga arðsemi eigin fjár fyrir skatta) skyldu þau fá greiddan kaupauka sem næmi einum árslaunum og síðan hlutfall þar af allt eftir því hvernig gengi, þ.e. 6 prósentustig umfram viðmið myndi skila tvennum árslaunum o.s.frv. Færi arðsemi ekki umfram viðmið yrði ekki um bónusgreiðslur að ræða. Bónusgreiðslur gátu að hámarki orðið þrenn árslaun.

10.4.2.2 Árangurstenging launa í Landsbankanum

Hér að framan var lýst markmiðum bankastjórnar og starfsmannasviðs Landsbankans samkvæmt áðurnefndum skjalfestum meginsjónarmiðum um árangurstengt launakerfi Landsbankans. Fyrir liggja hjá rannsóknarnefnd annars vegar gögn um þær bónusgreiðslur sem í reynd voru greiddar og hins vegar gögn um þjónustutekjur og arðsemi sem varð af starfsemi sviðanna. Af athugun á bónusgreiðslum á þeim sviðum Landsbankans sem nefndin gerði úttekt á (verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf og greiningardeild) verður ekki séð að þær hafi verið í samræmi við þau meginsjónarmið sem áður var lýst að laun starfsmanna skyldu vera tengd árangri. Engin tengsl fundust með tölfræðilega marktækum hætti milli tekna og bónusgreiðslna, m.ö.o. var ekki að sjá að launin væru árangurstengd í þeim skilningi að auknar tekjur leiddu til hærri bónusgreiðslna með kerfisbundnum hætti. Einnig voru hagræn áhrif

32. „Meginsjónarmið með árangurstengdu launakerfi Landsbankans“, bls. 3, ótölusett.

lítil, þ.e. þó að tölfræðilega marktækni skorti var ekki mælanleg næmni bónusgreiðslna við tekjurnar, sjá töflu 2 í fylgiskjali 2 með þessum kafla. Í tilfelli verðbréfamiðlunar kom þó í ljós sú tenging að bónusgreiðslur sviðsins hækkuðu með árunum en ekki þannig að hægt væri að skýra það með hækkandi þjónustutekjum.

Rannsóknarnefnd Alþingis gerði sér einnig far um að kanna möguleg áhrif annarra þátta en þjónustutekna á bónusgreiðslur, svo sem áhrif kyns, starfsaldurs og lífaldurs. Vegna mælingarvanda var þó ekki hægt að segja með nægilegri vissu til um hvort og þá hvaða áhrif þættir höfðu á bónusgreiðslur. Fyrir liggur hversu háar bónusgreiðslur voru greiddar starfsmönnum tekjusviðanna en ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mikilla tekna einstakir starfsmenn öfluðu sjálfir, aðeins sviðið í heild.

Þegar stikaprófum sleppir og gögnin eru skoðuð með lýsandi tölfræði má sjá að mikill munur er á því hversu stór hluti af þóknatekjum er greiddur út í bónus til starfsmanna og deilda. Í fyrirtækjaráðgjöf var gert ráð fyrir að bónus væri greiddur út tvisvar á ári og tæki mið af þóknatekjum sviðsins síðustu 6 mánuði. Verðbréfamiðlun greiddi á meðan út bónus í hverjum mánuði sem tók mið af þóknatekjum sviðsins frá þarsíðasta mánuði. Athygli vekur að á árunum 2004 og 2005 voru upphæðir bónusa sem greiddar voru út til sviðsins nánast þær sömu og jafnvel var greidd út sama upphæð í bónus mánuð eftir mánuð þó að tekjur sviðsins væru breytilegar á þeim tíma. Eins má finna tilvik þar sem tap er á rekstri sviðsins og þóknatekjur eru neikvæðar um 350 milljónir króna í nóvember 2007. Samt sem áður voru greiddar 25 milljónir króna í bónus til starfsmanna sviðsins mánuðinn þar á eftir (sama upphæð og greidd var út í september það ár). Þegar þóknatekjur sviðsins voru neikvæðar um 350 milljónir króna var hins vegar greidd út um 91 milljón króna í bónus þann mánuðinn. Í október sama ár var einnig greidd út um 91 milljón króna í bónus til starfsmanna sviðsins. Á þessum þremur mánuðum frá september til nóvember 2007 voru tekjur sviðsins ríflega 178 milljónir kr. Bónusgreiðslur námu 194 milljónum kr. fyrir sama tímabil. Um fimmtungur þessara bónusgreiðslna kom í hlut forstöðumanns verðbréfamiðlunar sviðs, Steinþórs Gunnarssonar, samtals 45,1 milljón kr. (47,5 á verðlagi 2008). Samtals voru Steinþóri greiddar um 213 milljónir kr. í bónusgreiðslur árið 2007 en verðbréfamiðlun hafði samtals um 2,5 milljarða kr. í tekjur á sama ári. Heildarlaunakostnaður sviðsins var um 1,1 milljarður króna árið 2007 á verðlagi þess árs. Þar af voru 129 milljónir kr. til innlausna kaupréttar en alls voru greiddar ríflega 585 milljónir í bónusa til starfsmanna sviðsins. Miðlarar sviðsins voru alls tólf til þrettán. Til samanburðar voru tekjur sviðsins um 2,4 milljarðar árið á undan en sviðið greiddi á því ári um 196 milljónir í bónusa.

Starfsmaður Landsbankans lýsti því við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að ekki hefði verið kveðið á um bónusgreiðslur í launasamningi hans, né hefði þar verið að finna ákvæði um kaupréttarsamninga. Hann hefði engu að síður fengið tvö símtöl á ári frá yfirmanni sínum þar sem honum var tilkynnt hvað hann fengi í bónus í hvert skipti. Starfsmaðurinn var aldrei upplýstur um hvaða árangur lægi að baki bónusgreiðslu, né var honum gert ljóst hvaða framlag þyrfti að koma frá honum til að fá kaupaukann.³³

33. Skýrsla Arnars Arnarssonar, starfsmanns Landsbankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 2.

Tafla 7. Bónusgreiðslur á tveimur tekjusviðum Landsbankans 2004–2008¹

M. kr.	Heildartekjur	Heildarbónus- greiðslur	Bónusgreiðslur sem hlutfall af heildartekjum viðkomandi sviðs	Staðalfrávik hlutfalls bónus- greiðslna af heildartekjum milli ára
Verðbréfamíðlun	15,734	1,696	14,2	20,8
Fyrirtækjaráðgjöf	12,315	1,178	9,6	12,7

1. Allar tölur eru á verðlagi október 2008.

Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Þetta skýrir líka hvers vegna tölfraðileg marktækni sést ekki við könnun á tengslum þjónustu-/þóknatekna og bónusgreiðslna á umræddum sviðum.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, því að bónusgreiðslurnar hefðu verið launaákvörðun í eðli sínu. Ákveðnir mikilvægir starfsmenn hefðu verið í stöðu til að fara fram á sérstakar greiðslur sér til handa og hefðu sumir sótt slíkt fast.³⁴ Þannig hefði bónus t.d. verið greiddur til starfsmanna innan verðbréfamíðlunar þrátt fyrir rekstrarlegt tap sviðsins. Sagðist hann þó telja að slíkar greiðslur hefðu verið leiðrétting á greiðslum sem fóru fram fyrir á árinu.³⁵

10.4.3 Starfskjör bankastjóra Landsbankans

10.4.3.1 Samningar Halldórs J. Kristjánssonar


Halldór J. Kristjánsson kom til starfa sem bankastjóri Landsbankans snemma árs 1998. Árið 2003 var Sigurjón Þ. Árnason ráðinn við hlið hans sem bankastjóri. Halldór og Sigurjón stýrðu báðir bankanum allt til falls hans.

Fyrsti samningur bankans við Halldór var gerður við ráðningu hans árið 1998. Í þeim samningi var ekki gert ráð fyrir annarri umbun bankastjórans en grunnlaunum, fastri þóknun fyrir nefndarsetu og viðbótarframlagi í lífeyrissjóð hans umfram það sem þekktist á almennum vinnumarkaði. Skyldu þóknunarir sem bankastjórinn fékk fyrir störf á öðrum vettvangi renna til bankans sjálfs. Auk lögboðins 6% mótframlags af heildarlaunum í lífeyrissjóð skyldi Landsbankinn greiða 12% af heildarlaunum til viðbótar í tryggingarvernd og viðbótarlífeyrissparnað sem yrði í umsýslu Íslenska lífeyrissjóðsins. Gert var ráð fyrir 12 mánaða uppsagnarfresti. Auk launa á uppsagnarfresti var gert ráð fyrir starfslokagreiðslu sem rynni í lífeyrissjóð og næmi tveggja ára heildarlaunum, kæmi til uppsagnar á samningnum af hálfu bankans á árinu 1999 án þess að bankastjóri hefði gerst brotlegur í starfi. Sú upphæð skyldi lækka um fjárhæð sem næmi þrennum heildarmánaðarlaunum á ári ef til uppsagnar kæmi eftir 1999. Ákvæði samningsins um starfslokagreiðslur (e. severance pay) var því fallið úr gildi árið 2007.

Hinn 21. september 2000 var gerður nýr samningur við bankastjóran sem var tengdur árangri fyrirtækisins bæði rekstrarlegum árangri sem og breytingum á verði hlutabréfa fyrirtækisins á markaði. Samningurinn gerði ráð fyrir fyrirfram ákveðnum (e. non-discretionary) launum í formi kaupréttarsamninga. Annars vegar var um að ræða árlega kauprétti á hlutabréfum í Landsbankanum sem námu 1,5 milljónum kr. að nafnvirði á ári frá 2001 til

Mynd 36

Árangurstengd kaupréttaráætlun forstjóra
Landsbankinn 2001–2003



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

34. Skýrsla Atla Atlasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2009, bls. 11.

35. Skýrsla Atla Atlasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2009, bls. 10.

2005 en hins vegar kaupréttarsamninga fyrir sama tímabil. Nafnvirði samningsins skyldi ákvarðast af rekstrarárangri sem reiknaður væri út frá „arðsemi fyrir skatta“. Þó var ekki tilgreint í samningnum hvers kyns arðsemi fyrir skatta væri forsenda útgáfu kaupréttarsamninganna, né tilgreint hvenær kaupréttarsamningarnir skyldu innleystir. Árangurstengdur kaupréttur byggðist á arðsemi fyrir skatta en bankastjóranum var heimilt að kaupa meira af hlutabréfum í félaginu á fyrirfram ákveðnu gengi (e. strike price) eftir því sem bankinn skilaði meiri ávöxtun eigin fjár samkvæmt ákveðinni áætlun, sjá mynd 36.

Á haustdögum 2002 var gert nýtt samkomulag við Halldór af hálfu formanns og varaformanns bankaráðs þar sem grunnlaun hans voru hækkuð miðað við verðlagsþróun en kaupréttur sá er hann ávann sér á árunum 2001 til 2003 yrði yfirfæranlegur og mætti nýta hvenær sem væri að ósk bankastjórans. Við þetta jókst virði kaupréttarsamningsins því kaupréttarsamningur sem ekki hefur neinn fyrirframskilgreindan innlausnardag er í reynd hlutabréfin sjálf. Halldór var þó ekki einn í þessa fyrirgreiðslu hjá bankanum þar sem í minnisblaði til hans frá Kristínu Rafnar, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, (ódagsettu) kemur fram undir lið 2: „Þar sem gengi bréfa var mjög lágt þann 1. desember 2001 (3,05) þá ákvað bankaráð að heimila starfsmönnum að flytja áunninn kauprétt sinn milli ára. Þannig er starfsmönnum heimilt að safna saman kauprétti um nokkurra ára skeið og innleysa kaupréttinn í einu lagi.“ Um uppgjör kaupréttarsamninga og varnir Landsbankans gegn þeim má lesa nánar hér á eftir.

Í byrjun árs 2004, eftir að nýir hluthafar komu að rekstri bankans, var gerður ítarlegur kaupréttarsamningur við Halldór og fyrri samningar gerðir upp. Samningurinn, sem var dagsettur 11. febrúar 2004, kvað á um innlausnardag. Kaupréttarhafinn gat svo innleyst kaupréttinn á markaði í 90 daga eftir innlausnardag. Ákvæði 3. mgr. 1 gr. samningsins kvað á um að engin réttindi sem samningurinn veitti yrðu nýtt eftir að innlausnartímabili lyki. Athygli vekur að kauprétturinn var innleysanlegur þá og því aðeins að starfsmaður væri í starfi þegar að innlausn kæmi. Segði starfsmaður upp starfi sínu var honum heimilt að nýta þann rétt sem þegar hafði áunnist. Rétturinn til kaupa á bréfunum var með öllu óframseljanlegur með þeirri undantekningu að ef kaupréttarhafinn félli frá, yrði óvinnufær vegna örorku eða viðamiklar breytingar yrðu á rekstri félagsins, yrði hann gerður upp eða yrði framseljanlegur. Í síðasta tilvikinu kvað samningurinn á um viðtækar heimildir stjórnar til að fullnusta samninginn við kaupréttarhafann og á hvaða degi mismunur á kaupverði og markaðsverði yrði greiddur.

Þriðji kaupréttarsamningurinn sem gerður var af hálfu Landsbankans við Halldór Jón Kristjánsson, bankastjóra, var undirritaður af honum sjálfum og formanni bankaráðs 1. apríl 2005. Þar var Halldóri veittur réttur til kaupa á 25 milljónum hluta í bankanum á genginu 14,25. Þar af voru 10 milljónir hluta áunnir 1. desember sama ár en 5 milljónir hluta áunnir á hverju ári 2005–2008. Samningurinn kvað á um að 60% af áunnum kauprétti 1. desember 2005 væri innleysanlegur þremur árum síðar, 1. desember 2008. Kaupréttarsamningur þessi var að öðru leyti samhljóða samningnum frá 11. febrúar 2004.

Ólíkt hinum bankastjóra Landsbankans, Sigurjóni Þ. Árnasyni, naut Halldór engra sértækra bónusgreiðslna á árinu 2005. Árið 2006 var honum greiddur bónus fyrir rekstrarárangur 2005 líkt og kveðið var á um í samningi við Sigurjón, dags. 23. apríl 2003. Athygli vekur að arðsemin sem liggur til

grundvallar bónusgreiðslunni, 64,2 prósentustig, er nokkuð hærri en sú sem fjárfestum var tilkynnt í ársreikningi 2005, 56 prósentustig, skv. útreikningum sem rannsóknarnefnd hefur undir höndum.³⁶

Samningur Halldórs um lífeyrisgreiðslur miðaðist framan af við kjör bankamanna um greiðslur í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissjóð. Árið 2005 námu lífeyrisgreiðslur Halldórs um 5% af heildarlaunum hans enda innleystur kaupréttur stór hluti heildarlauna sem ekki var greitt af í lífeyrissjóð, þar sem hann ákvað að halda þeim hlutabréfum í bankanum sem hann innleysti á þeim tíma. Breyting varð þó á þessu árið 2008 en þá námu greiðslur bankans í lífeyrissjóð vegna Halldórs um 30% heildarlauna hans.

10.4.3.2 Samningar Sigurjóns Þ. Árnasonar

Formaður bankaráðs gerði ráðningarsamning við Sigurjón Þ. Árnason 21. apríl 2003. Samkvæmt samningnum fékk Sigurjón greiddar alls 20 milljónir króna við undirritun samningsins vegna þeirra lífeyris-, orlofs- og kaupréttarhlunninda sem hann var talinn hafa orðið af við að yfirgefa þáverandi stöðu sína sem forstöðumaður hjá Búnaðarbankanum. Samkvæmt samningnum greiddi bankinn um 20% launa hans í lífeyrissjóð á móti þeim 4% sem Sigurjón greiddi sjálfur.

Ráðningarsamningurinn kvað á um að Sigurjón fengi kauprétt á 15 milljónum hluta á innlausnargenginu 4,12 sem áynnust hlutfallslega á fjögurra ára tímabili og yrðu innleysanlegir að 60% hluta eftir þann tíma, og hlutfallslega áfram næstu tvö árin. Hvert prósentustig af nafnverði í arðgreiðslur á kaupréttartímabilinu lækkaði innlausnargengið um 0,01 kr. á hlut.


Bónusgreiðslur samkvæmt ráðningarsamningnum tóku mið af afkomu Landsbankans í heild sinni. Ef arðsemi bankans færi 5 prósentustigum umfram viðmið skyldi Sigurjón fá kaupauka sem næmi fernum mánaðarlaunum en 10 prósentustig í arðsemi bankans umfram viðmið skilaði Sigurjóni áttföldum mánaðarlaunum hans. Yrði engin arðsemi umfram viðmið skyldi enga bónusa greiða. Viðmið sem formaður bankaráðs Landsbankans setti í samningi aðila 21. apríl 2003 voru meðalvextir á fjögurra ára ríkisbréfum (sem þá voru 7,05%) að viðbættum 9 prósentustigum í arðsemi eigin fjár fyrir skatta samtals 16,05 prósentustig. Fyrir árin 2003 og 2004 skyldu bónusgreiðslur vera samkvæmt ákvörðun formanns bankaráðs, Björgólfs Guðmundssonar, með hliðsjón af mati á frammistöðu bankans í ljósi aðstæðna, þ.e. háð eigin ákvörðun og vilja formannsins (e. discretionary). Bónusgreiðslurnar skyldu greiddar 1. apríl ár hvert. Formaður og varaformaður bankaráðs ákváðu bónusgreiðslur Sigurjóns fyrir árin 2003 og 2004 og verður ekki séð að Sigurjón hafi miðað við þær greiðslur fengið greitt samkvæmt þeim viðmiðum sem sett voru um bónusgreiðslur til hans í samningi hans og formanns bankaráðs Landsbankans frá apríl 2003.

Viðmið um lágmarksrekstrarárangur sem skilyrði fyrir greiðslu bónusa til Sigurjóns lækkuðu umtalsvert í viðauka við ráðningarsamning sem undirritaður var í ágúst 2005. Í stað 5 prósentustiga arðsemi eigin fjár umfram viðmið þurfti samkvæmt viðaukanum einungis að ná 3 prósentustigum í arðsemi eigin fjár til þess að Sigurjón ætti rétt á kaupaukagreiðslum. Viðmiðið lækkaði

36. Launabókhald Landsbankans, bónusgreiðslur og útreikningar Hauks Þórs Haraldssonar fyrir árið 2005, samþykkt og greitt af Atla Atlasyni. Skýringar á mismuninum lágu, að mati rannsóknarnefndar, í því hvort taka ætti tillit til afskriftar á viðskiptavild Burðaráss þegar Straumur sameinaðist félaginu í Straumi-Burðarás.

Mynd 37


Heildarlaun forstjóra Landsbankans
Að meðaltali á mánuði



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 38


Grunnlaun forstjóra Landsbankans
Að meðaltali á mánuði



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 39

Hlutfall grunnlauna af heildarlaunum
Forstjórar Landsbankans



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

einnig úr 9 prósentustiga álagi ofan á ríkisbréf til fjögurra ára í 6% (7,5% + 6% samtals 13,5%). Einnig varð sú breyting að í stað lotugreiðslna þar sem Sigurjón gat fengið greidd fern mánaðarlaun ef arðsemi eigin fjár yrði 5 prósentustig umfram viðmið og fern í viðbót ef hún yrði 10% eða meira umfram viðmið skyldi Sigurjón nú fá kaupauka sem næmi einum árslaunum ef arðsemin færi umfram viðmiðið 3 prósentustig (að viðbættum vöxtum ríkisbréfa til fjögurra ára og 6 prósentustiga áhættuálagi), sem var lækkun um 2,55 prósentustig, og hlutfallslega (af árslaunum) umfram það eftir því sem arðsemi jókst. Þannig myndi 6 prósentustiga arðsemi eigin fjár umfram viðmið skila tvennum árslaunum, þ.e. 24 mánaðarlaunum. Hámark bónusgreiðslna var ákveðið þrenn árslaun (36 mánaðarlaun). Bónusgreiðslur áttu eftir þetta að koma til greiðslu 1. mars ár hvert og 30% af reiknaðri bónusgreiðslu skyldu greidd í séreignarlífeyrissjóð.

Þannig fimmfaldaðist næmi bónusgreiðslna við eigið fé úr 0,8 í 4 (þ.e. áður fékk Sigurjón 80% af einum mánaðarlaunum fyrir hverja prósentustigaaukningu arðsemi eigin fjár umfram viðmið, sem nú var lægra en áður, en eftir breytingu hlaut hann fern mánaðarlaun í bónusgreiðslur). Til upplýsingar má benda á það sem áður kom fram að bónusgreiðslur Halldórs J. Kristjánssonar voru eftir sem áður samkvæmt samningnum sem Sigurjón gerði árið 2003. Til að Halldór gæti átt tilkall til sambærilegra fjárhæða í bónusa og Sigurjón varð því Landsbankinn að ná mun ríkulegri ávöxtun eigin fjár en nægði til bónusgreiðslna til Sigurjóns fyrir sömu tímabil. Formaður bankaráðs Landsbankans samþykkti þessa breytingu fyrir hönd Landsbankans.

Kaupréttarsamningar sem gerðir voru við Sigurjón og Halldór J. Kristjánsson voru samhljóða, að öðru leyti en um upphæðir, svo sem um framsal og innlausn. Innlausnardagur í samningi Sigurjóns skyldi vera 1. desember 2006 (að 60% hluta áunnins kaupréttar) með 90 daga fresti til innlausnar eftir þann dag eins og áður var lýst í umfjöllun um kaupréttarsamninga Halldórs hér að framan.

Þá urðu þær breytingar í janúar 2005 að mótframlag Landsbankans til lífeyrisgreiðslna í séreignarsjóð Sigurjóns skyldu nema 30% af launum hans á móti 4% framlagi hans sjálfs. Samkvæmt viðauka við ráðningarsamning dags. 10. ágúst 2005 skyldi „framlag Landsbankans á móti iðgjaldi Sigurjóns hækka um 10 prósentustig frá og með 1. ágúst 2005“.

10.4.4 Nánar um laun bankastjóra Landsbankans

Heildarmánaðarlaun Sigurjóns P. Arnasonar rúmlega nifölduðust frá árinu 2004 til 2008 og voru tæpar 35 milljónir króna að meðaltali á mánuði árið 2008. Heildarmánaðarlaun Halldórs J. Kristjánssonar voru tæpar 3 milljónir að meðaltali á mánuði árið 2004 en fóru í rúmar 25 milljónir króna að meðaltali á mánuði árið 2005. Árin 2006 til 2008 voru launin á bilinu 8,5 til 13 milljónir króna að meðaltali á mánuði, uppreiknað til ársins 2008.

Samtals námu launagreiðslur á árunum 2004 til 2008 til Halldórs J. Kristjánssonar 680 milljónum kr. Launagreiðslur til Sigurjóns P. Arnasonar yfir sama tímabil námu 963 milljónum kr. (í báðum tilvikum samtals á verðlagi hvers árs). Heildarlaun bankastjóranna tveggja voru nánast jafnhá árið 2004 eða 4,5 milljónir kr. að meðaltali á mánuði. Þau þróuðust með ólíkum hætti eftir því sem á leið, sjá mynd 37. Grunnlaun þeirra (mánaðarlaun auk fastrar greiðslu, hlunninda og annarra launa sem greidd voru í reiðufé og tengdust ekki árangri) voru hin sömu framan af. Með samningnum sem Sigurjón gerði

við bankaráðið árið 2005 varð nokkur munur á launum bankastjóranna en ári síðar var munurinn afmáður hvað grunnlaunin áhræði. Grunnlaun beggja voru ríflega 3 milljónir kr. á mánuði að meðaltali á árunum 2007 og 2008 og lækkuðu lítillega að raungildi á því tímabili. Hlutfall grunnlauna í heildarlaunum lækkaði þó mikið hjá þeim báðum á tímabilinu eða úr því að vera 43% af heildarlaunum Sigurjóns og 60% af heildarlaunum Halldórs árið 2004 í að vera tæplega 10% af heildarlaunum Halldórs árið 2005 (þá innleysti hann áunninn kauprétt) og sama hlutfall árið 2008 hjá Sigurjóni.

Grunnlaun Sigurjóns Þ. Árnasonar náðu hámarki árið 2006 er þau voru rúmar 3,3 milljónir króna að meðaltali á mánuði. Þá höfðu grunnlaun hans tvöfaldast frá árinu 2004. Lítils háttar lækkan varð á grunnlaunum hans árið 2007. Grunnlaun Halldórs J. Kristjánssonar tvöfölduðust milli ára 2004 og 2008, fóru úr rúmlega 1,5 milljónum króna að meðaltali á mánuði í rúmar 3 milljónir króna.

Bónusgreiðslum til forstjóranna var ólíkt farið eins og fjallað er um hér að ofan. Í tilfalli Sigurjóns námu þær allt að 25 milljónum króna að meðaltali á mánuði árið 2008, einkum vegna 125 milljóna kr. eingreiðslu sem hann fékk í október það ár, en um 10 milljónum kr. á mánuði árin 2006 og 2007. Bónusgreiðslur til Halldórs námu hins vegar um 5 til 7 milljónum kr. að meðaltali á mánuði árin 2006–2008. Halldór fékk engar bónusgreiðslur árið 2005, en árið 2004 fékk hann greiddar um 700 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í bónus, sjá mynd 40.


Hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum Sigurjóns Þ. Árnasonar hækkaði úr 37% árið 2004 í 72% árið 2008. Hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum Halldórs J. Kristjánssonar var hæst árið 2006 eða 64% en hlutfallið lækkaði síðan aftur, sjá mynd 41.

Lífeyrisgreiðslur voru tölverður hluti af heildarlaunum Sigurjóns. Slíkar greiðslur námu 20–30% af heildarlaunum hans en frá 5% og upp í 35% af heildarlaunum Halldórs. Árið 2005 fékk Halldór stóran hluta launa sinna greiddan út í formi kaupréttar sem hann innleysti. Hann seldi þó ekki hlutabréfin sem hann innleysti til sín og greiddi því ekki í lífeyrissjóð af þeim tekjum. Það skýrir hið lága hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlaunum hans það ár, sjá nánar á mynd 42.

Halldór J. Kristjánsson innleysti tæplega 22 milljóna króna hagnað í kaupréttum að meðaltali á mánuði árið 2005 (miðað við verðlag við fall bankans 2008). Hann innleysti um 120 milljóna kr. hagnað á verðlagi ársins 2005 en hlaut einnig um 100 milljónir kr. í svokölluð kaupréttarhlunnindi, sem hér eru lögð að jöfnu. Sigurjón innleysti aldrei hlutabréf samkvæmt kaupréttum sínum heldur gerði samkomulag við formann bankaráðs þann 1. desember 2006 um að fresta innlausn allra kaupréttanna sinna um allt að 4 ár frá síðasta nýtingardegi, enda væri hann í starfi hjá bankanum.³⁷ Hann bar því við í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd að birting launaupplýsinga í tímaritum á Íslandi hefði valdið því að hann hafi viljað fresta innlausn kaupréttanna þangað til að hann hætti að vinna fyrir bankann.³⁸ Miðað við 4. október 2007 átti Sigurjón 140 milljónir óinnleysta kaupréttarhluta í Landsbankanum, sjá einnig mynd 43.

Mynd 40


Bónusgreiðslur til forstjóra Landsbankans
Að meðaltali á mánuði



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 41


Hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum
Forstjóra Landsbankans



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 42

Hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlaunum
Forstjóra Landsbankans




Heimild: Landsbanki Íslands hf.

37. Viðauki við kaupréttarsamninga, Reykjavík 1. desember 2006, undirritaður af Björgólfi Guðmundssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni. Vottað af Andra Sveinssyni og Þór Kristjánssyni.

38. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 178.

Mynd 43

Innleystir kaupréttir forstjóra Landsbankans
Að meðaltali á mánuði



Kaupréttir voru innleystir einu sinni á ári. Hér er meðalhagnaður á mánuði vegna innlausnar settur fram til að gæta samræmis.
Heimild: Landsbanki Íslands hf.

10.4.5 Fjármögnun og innlausn kaupréttarsamninga í Landsbankanum

Árið 2000 voru kaupréttarsamningar innleiddir í launa- og hvatakerfi Landsbankans. Ólíkt viðtekinni venju á erlendum mörkuðum þar sem hlutafélög gefa út nýtt hlutafé til að mæta innlausn kaupréttarsamninga var fyrst ákveðið, á þeim tíma sem ríkið var aðaleigandi bankans, að stofna fjárhaldsfélög (e. trusts) á aflandssvæðum. Þetta var að fyrirmynd hvatakerfis Búnaðarbankans sem hafði komið upp tveimur félögum, Otris S.A og Ferradis Holding S.A., á Bresku Jómfrúaeypjum eða einu hinna svonefndu aflandssvæða. Félögin, sem Landsbankinn setti á stofn, voru síðar í umsýslu og umsjá m.a. Kristjáns Gunnars Valdimarssonar, þáverandi forstöðumanns skattasviðs Landsbankans, og Hauks Þórs Haraldssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs bankans. Framan af var framkvæmdin sú þegar gerðir voru kaupréttarsamningar við starfsmenn að Landsbankinn lánaði eignarhaldsfélagunum LB Holding árið 2000, þá Marcus Capital Ltd. árið 2004 og að lokum Proteus Global Holding árið 2005 fyrir kaupum á hlutabréfum í bankanum.³⁹ Þetta var gert í því skyni að verja stöðu bankans vegna skuldbindinga gagnvart starfsmönnum um að afhenda bréfin síðar á tilteknu gengi.⁴⁰ Undirliggjandi veð fyrir lánunum voru hlutabréfin sjálf. Landsbankinn gerði síðan framvirkan samning við hvert eignarhaldsfélag fyrir sig um afhendingu á bréfunum sem fól í sér fjármagnskostnað fyrir bankann en tekjustreymi fyrir hið erlenda eignarhaldsfélag til að standa straum af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar hlutabréfakaupanna. Þegar bréfin hækkuðu í verði myndaðist eigið fé í félögunum. Fjármögnun á félögunum færðist yfir í hina bankana tvo, Glitni og Kaupþing, árið 2006 og staðfesti Sigurjón Þ. Arnason það við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.⁴¹

Hin erlendu fjárhaldsfélög, sem síðar urðu a.m.k. þrjú talsins, voru eignalaus í upphafi en áttu að fullu tvö til fjögur eignarhaldsfélög sem stofnuð voru til þess að halda utan um hlutabréf Landsbankans.⁴² Þessi félög voru sjálfseignarstofnanir. Kaupréttarsamningar voru gerðir við stjórnendur og lykilstarfsmenn bankans og náðu slíkir samningar hámarki á tímabilinu frá lokum árs 2007 og fram til falls bankans í október 2008 en þá náðu þeir til 13,2% hlutafjár í bankanum. Ástæða þess að stofnuð voru fleiri eignarhaldsfélög var sú að með því mátti komast hjá flöggunarskyldu samkvæmt IX. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. samsvarandi ákvæði eldri laga nr. 33/2003 um sama efni.⁴³ Fram til ársins 2006 fengu eignarhaldsfélögin, eins og áður sagði, lán hjá Landsbankanum og keyptu hlutabréf í samræmi við þá kauprétti sem veittir voru starfsmönnum. Frá árinu 2006 fjármögnuðu Glitnir, Kaupþing og Straumur þessi félög og Landsbankinn gaf út sjálf-skuldarábyrgð til tryggingar lántökunni hjá Glitni og Kaupþingi en ekki gagnvart lánunum frá Straumi. Hin erlendu eignarhaldsfélög áttu síðan að standa skil á afhendingu bréfanna ef verð bréfanna yrði hærra en kaupréttargengið og kaupréttirnir yrðu nýttir, samkvæmt framvirkum samningum. Ef gengi bréfanna yrði lægra en kaupréttargengið yrðu kaupréttirnir ekki nýttir sem þýddi

39. Eignarhaldsfélögin LB Holding, Marcus Capital Ltd. og Proteus Holding voru að fullu í eigu fjárhaldsfélaganna, sem voru sjálfseignarstofnanir að forminu til.

40. Skýrsla Sigurjóns Þ. Arnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 178.

41. Skýrsla Sigurjóns Þ. Arnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 163.

42. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. september 2009, bls. 6.

43. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. september 2009, bls. 6–9.

að félagið ætti hlutabréf sem stæðu ekki undir láninu sem hafði verið tekið til að kaupa þau. Þar með hefði lækkun hlutabréfaverðsins endanlega fallið á bankann sjálfan. Með öðrum orðum má segja að bankinn hafi í raun gefið hinu erlenda félagi sölurétt þar sem bankinn veitti sjálfskuldarábyrgð vegna lánaanna sem fjármögnuð voru af Glitni og Kaupþingi, en þó ekki gagnvart þeim lánnum sem Straumur fjármagnaði. Því hélst áhætta af lækkun bréfanna ávallt hjá bankanum sjálfum eða fjárhagslega tengdum aðilum hans, s.s. Straumi.

Eignarhaldsfélögin sem sett voru á fót í ofangreindum tilgangi voru a.m.k. eftirfarandi:

LB Holding Ltd. (kt. 630600-9010) var skráð á Guernsey. Í fyrstu fjármagnaði Landsbankinn sjálfur félagið til kaupa á bréfum í bankanum en eftir 2006 fjármagnaði Straumur kaup á alls 150 milljónum hluta að nafnvirði í Landsbankanum.⁴⁴ Tekin voru tvö lán hjá Straumi. Fyrra lánið var tekið 10. október 2006 að upphæð rúmlega tveir milljarðar kr. Lánstími var 142 dagar en heimild var til framlengingar lánstíma til 26. febrúar 2011. Lánið bar 8,22% fasta óverðtryggða ársvexti.⁴⁵ Síðara lánið var tekið 30. janúar 2007 að upphæð rúmlega 700 milljónir kr. Lánstími var 364 dagar en heimild var til framlengingar til 25. janúar 2012. Lánið bar 11,20% fasta óverðtryggða ársvexti.⁴⁶ Tryggingar fyrir báðum lánnum voru hlutabréf í Landsbankanum og nam tryggingarhlutfallið upphaflega 150%. Heimilt var að krefjast aukinna trygginga ef tryggingarhlutfallið færi niður fyrir 130%.⁴⁷ Staða fyrra lánsins hinn 30. september 2008 var tæplega 2,7 milljarðar króna. Í mars 2008 fór Landsbankinn fram á að Straumur veitti LB Holding framlengingu vegna síðara lánsins sem hafði verið á gjalddaga 30. janúar 2008. Gegn framlengingunni greiddi Landsbankinn Straumi 500 milljónir króna fyrirfram.⁴⁸

44. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. september 2009, bls. 7.

45. Lánasamningur milli Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. og LB Holding Ltd., dagsettur 10. október 2006.

46. Lánasamningur milli Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. og LB Holding Ltd., dagsettur 30. janúar 2007.

47. Handveðsýfirlýsing LB Holding Ltd., dagsett 10. október 2006 og 30. janúar 2007.

48. Kynning lánanefndarfundar Straums nr. 175 8. apríl 2008.

Aflandsfélög Landsbankans

Aðferðum Landsbanka Íslands hf. til að komast hjá flöggunarskyldu vegna eignarhalds á bréfum í Landsbankanum sem ætluð voru til að mæta skuldbindingum félagsins vegna kaupréttarsamninga starfsmanna og til að stækka eiginfjárgrunn bankans er lýst hér á eftir.


Aflandsfélögin voru að fullu undir stjórn og fjárhagslegum yfirlitum Landsbankans og gaf bankinn út sjálfskuldarábyrgðir í sínu nafni til að ábyrgjast lán þeirra (t.d. Zimham Corp. og Empennage Inc.) hjá Kaupþingi og Glitni. Athygli vekur að Landsbankinn þurfti ekki að leggja fram sambærilega ábyrgð gagnvart Straumi en stærsti hluthafinn var hinn sami í báðum bönkum, Björgólfur Thor Björgólfsson. Um hugsanlegar ástæður að baki fyrirkomulagi þessara viðskipta kemur helst til greina að þar hafi ráðið markmið um: að stækka eiginfjárgrunn Landsbankans; að hækka verð á hlutabréfum í Landsbankanum með kaupþrýstingi sem myndaðist vegna bréfa er keypt voru á markaði; að komast hjá yfirtökuskyldu Samsonar eignarhaldsfélags vegna útgáfu kaupréttarsamninga; og komast hjá lækkun eiginfjárgrunns Landsbankans.

Rammagrein 1

„Kaupréttinn fékk ég að vita um með símtali frá Atla Atlasyni starfsmannastjóra bankans þar sem hann biður mig að koma til sín. Ekki veit ég hvað hann vildi í símtalinu [...] en á skrifstofu Atla var hreinlega bunki af blöðum sem Sigurjón Þ. Árnason hafði undirritað. Hann undirritaði bara kaupréttarsamningana, ekki Halldór J., og þar var tilkynnt að maður væri að fá kauprétt.“

Skýrsla Einaris Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 1.

$S_1 - S_N$: Starfsmenn Landsbankans



Kargile Portfolio Inc. (kt. 481204-9170) var skráð á eyjuni Tortóla. Landsbankinn fjármagnaði sjálfur kaup félagsins á hlutabréfum alls 42,7 milljónir hluta í bankanum. Lánin voru tvö árið 2005. Fyrra lánið hljóðaði upp á rúmar 475 milljónir króna og var til tveggja ára. Lánið var á föstum 8,70% vöxtum.⁴⁹ Síðara lánið hljóðaði upp á rúmar 50 milljónir króna og var það einnig til tveggja ára. Lánið var á föstum vöxtum sem miðuðust við 0,50% álag ofan á eins mánaðar REIBOR vexti.⁵⁰ Tryggingar fyrir báðum lánunum voru hlutabréf í Landsbankanum, þau sömu og keypt voru. Lánin voru afgreidd á milli funda lánanefndar Landsbankans en upplýsingar um þau er að finna í fundargerðum lánanefndarinnar frá 2. febrúar og 18. maí 2005. Í desember 2006 var fjármögnun á bréfum til Kargile Portfolio Inc. komin yfir til Straums. Staða láns Straums til Kargile hinn 30. september 2008 var um 308 milljónir króna.⁵¹

49. Fundargerð lánanefndar Landsbanka Íslands, 81. fundur, miðvikudaginn 2. febrúar 2005, kl. 14:10–15:50. Lánið var afgreitt milli funda.
 50. Fundargerð lánanefndar Landsbanka Íslands, 94. fundur, miðvikudaginn 18. maí 2005, kl. 13:45–15:00.
 51. Sjá samantekt Straums um lánasafn bankans tekið saman fyrir rannsóknarnefnd Alþingis (Lánasafn fyrir Rannsóknarnefnd.xls) en einnig CIC memo 195 D – Samson committed credit line.pdf, tekið saman af Styrmi Guðmundssyni og Önnu Rut Ágústsdóttur 5. september 2008.

Marcus Capital Ltd. (kt. 510305-9810) var skráð á eyjunni Tortóla. Félagið keypti 90 milljónir hluta að nafnvirði í Landsbankanum. Kaupin fjármagnaði Landsbankinn sjálfur en síðar Straumur-Burðarás. Upprunalega lánið hjá Landsbankanum var rúmur einn milljarður króna með lánstíma til tveggja ára. Það bar fasta vexti sem miðuðust við 0,5% álag ofan á eins mánaðar REIBOR. Trygging fyrir láninu voru hlutabréf í Landsbankanum, þau sömu og keypt voru. Lánið var afgreitt á milli funda lánanefndar Landsbankans en upplýsingar um það er að finna í fundargerð lánanefndarinnar frá 18. maí 2005.⁵² Færsla lánsins til Straums átti sér stað á árinu 2006. Hinn 30. september 2008 stóð lánið í tæplega 1,2 milljörðum króna.

Empennage Inc. (kt. 690506-9710) var skráð í Panama. Félagið fékk 2,5 milljarða króna lán hjá Kaupþingi í júlí 2006 með veði í 122,5 milljónum hluta í Landsbankanum. Lánið var á gjalddaga þann 30. júní 2007 en með heimild um framlengingu til 30. júní 2008. Lánið bar 10,95% fasta vexti.⁵³ Staða láns Empennage 30. september 2008 var tæpir 7,9 milljarðar króna.⁵⁴

Frá júlí 2006 og fram til ágúst 2006 keypti Empennage alls 123.269.412 hluti að nafnvirði sem var þá að markaðsvirði um 2,5 milljarðar kr. Tafla 8 sýnir einstök viðskipti Empennage Inc. árið 2006.

Tafla 8. Kaup Empennage á hlutabréfum í Landsbankanum

Dagsetning	Nafnvirð, kr.	Kaupgengi	Upphæð viðskipta, kr.
5.7.2006	60.000.000	20,0	1.200.000.000
6.7.2006	25.000.000	20,0	500.000.000
28.7.2006	14.000.000	20,3	284.200.000
31.7.2006	11.051.466	20,5	226.555.053
17.8.2006	13.217.946	21,5	284.185.839
Samtals:	123.269.412		2.494.940.892

Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Hinn 29. júní 2007 keypti Empennage um 115 milljónir hluta í Landsbankanum á genginu 30,4 af LI Hedge. Verðmæti viðskiptanna var um 3,5 milljarðar kr. Lokagengi hlutabréfa í Landsbankanum þann dag var aftur á móti 38,1. LI Hedge hélt utan um varnir á framvirkum samningum fyrir bankann. Í sama mánuði losaði Smáey ehf. stöðu sína í framvirkum samningi 70 milljónir að nafnvirði í Landsbankanum en LI Hedge keypti af einu sviði bankans, svokölluðum eigin viðskiptum, sem nam mismuninum af 115 milljónum og þeim bréfum sem sjóðnum áskotnaðist við innlausn Smáeyjar. Varð heildareign Empennage í Landsbankanum nú 238.269.412 hlutir eða um 7,24 milljarðar kr. sé miðað við gengið 30,4.

Útlán Kaupþings til Empennage í júlí 2007 námu 4,4 milljörðum kr. Heildarskuld félagsins við bankann í lok júlí 2007 var alls 6,9 milljarðar kr. Handveðssamningur dagsettur 28. júní 2007 er með veði í öllum verðmætum í vörslusafni Empennage hjá Arion-verðbréfavörslu. Bragi Gunnarsson, starfsmaður Landsbankans, skrifaði undir handveðssamninginn. Gagnvart hluthafaskrá Landsbankans var Arion orðinn hluthafi með um 223,5 milljónir

52. Fundargerð lánanefndar Landsbanka Íslands, 94. fundur, miðvikudaginn 18. maí 2005, kl. 13:45–15:00.

53. Beiðni frá Empennage Inc. til Landsbanka Íslands um ábyrgð á láni Kaupþings banka hf. til Empennage Inc., dagsett 4. júlí 2006.

54. Sjá lánasamning Empennage við Kaupþing, dags. 30. júní 2006.

hluta fyrir hönd Empennage eftir júlí 2007. Það sem út af stóð, um 15 milljónir hluta, voru enn á nafni Empennage samkvæmt hluthafaskrá en Moody's nefnir Empennage sem ellefta stærsta hluthafa Landsbankans skv. hluthafaskrá frá 10. maí sama ár, með alls 123 milljónir hluta.⁵⁵ Athygli vekur að lánsfjárukning til félagsins í júlí 2007 er ríflega 800 milljónum króna hærrí en útlögð fjárhæð til hlutabréfakaupanna eftir að tekið hefur verið tillit til viðskiptakostnaðar. Fyrir hönd Kaupþings samþykktu Hreiðar Már Sigurðsson og Jakob Bjarnason lánið á fundi lánanefndar sem þeir sátu tveir. Hreiðar Már tók málið upp undir liðnum önnur mál, án sérstaks kynningarefnis. Engin fylgiskjöl voru til grundvallar lánveitingunni önnur en sjálfskuldarábyrgð Landsbankans sem undirrituð var af Sigurjóni Þ. Árnasyni og Elínu Sigfúsdóttur.⁵⁶ Innan Landsbankans sá Haukur Þór Haraldsson um viðskipti og fjárhagslega umsýslu með fjárhaldsfélögum og eignarhaldsfélögum þeirra.⁵⁷

Vextir á láni Empennage hjá Kaupþingi á viðmiðunardegi 30. september 2008 voru 14,15% og tryggingaþekja 130%. Í úttekt innri endurskoðunar Kaupþings frá 7. júní 2009 sagði: „01.10.2008 eru lánin [til Empennage] framlengd einhliða af Bjarka Diego frá gjalddaga 05.08.2008 með nýjum gjalddaga 15.10.2008 þar sem vöxtum af láni ISK 6,8 ma., ISK 1.077.130.069 er bætt við. Samtals ISK 7.877.130.069 án allra pappíra eða heimilda lánanefnda, samkvæmt fyrirskipun Bjarka Diego.“⁵⁸ Þann 7. júní 2009 voru lánin enn í vanskilum í bókum Kaupþings.

Við frekari eftirgrennslan rannsóknarnefndar Alþingis á síðustu stigum rannsóknar sinnar kom í ljós að Landsbankinn gaf út nýtt hlutafé, alls 6,8 milljarða að markaðsvirði eða 172 milljónir að nafnvirði, í ágúst 2007 sem var 1,5% af útistandandi hlutum eftir hlutafjárukningu. Alls voru þá útistandandi tæpir 1,2 milljarðar að nafnvirði í félaginu. Á sama tíma lánaði Kaupþing Landsbankanum fyrir þessari aukningu hlutafjár í bankanum í gegnum félagið Empennage sem keypti alls 115 milljónir að nafnvirði. Hér vaknar því sú spurning hvort eiginfjárlutfall bankans hafi hækkað án raunverulegs eiginfjárframlags. Breyting á samþykktum félagsins til aukningar hlutafjárins var undirrituð 31. júlí 2007 af Björgólfi Guðmundssyni, Svöfu Grönfeldt og Þorgeiri Baldurssyni, bankaráðsmönnum í Landsbankanum.

Zimham Corporation (kt. 690506-9980) var skráð í Panama. Enginn eigandi var skráður en erfingi (e. registered beneficial owner of the trust) var Rauði krossinn. Kaupþing lánaði félaginu 4,5 milljarða króna í júní 2006 gegn sjálfsskuldarábyrgð Landsbankans sem undirrituð var af Sigurjóni Þ. Árnasyni og Elínu Sigfúsdóttur. Lánið frá Kaupþingi var endurgreitt í júní 2007. Í sama mánuði veitti Glitnir Zimham 5,6 milljarða kr. lán með 160% tryggingaþekju og handveði í tæplega 238 milljónum hluta í Landsbankanum. Vegna lækkandi verðs á hlutabréfum Landsbankans var fljótlega gert veðkall á félagið. Félagið sótti þá um lækkun tryggingaþekjunnar niður í 125% sem var samþykkt milli lánanefndarfunda Glitnis af Lárusi Welding, Guðmundi Hjaltasyni og Alexander K. Guðmundssyni þann 8. febrúar 2008. Þetta var fært til bókar á fundi lánanefndar 13. febrúar sama ár. Tekið var fram að þetta

55. „Landsbanki Islands hf.“ Company Profile. Moody's Banking, júní 2007.

56. „Minutes - Credit Committee Meeting of Kaupthing, Meeting 557, 21/06/07.“ Sjá einnig: „Minnisblað.“ Innri endurskoðun Kaupþings, dags. 7. júní 2009.

57. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. september 2009, bls. 12. Sjá einnig skýrslu Atla Atlasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2009, bls. 6.

58. Minnisblað innri endurskoðunar Kaupþings, dags. 7. júní 2009.

væri gert gegn því að félagið greiddi lánið strax niður um 300 milljónir og að félagið yrði áhættumetið samkvæmt starfsreglum bankans.⁵⁹ Zimham var í vanskilum við Glitni við fall Landsbankans í október 2008. Ekki eru nein gögn um að veðköll hafi farið fram síðan í febrúar það ár en tryggingaþekjan var komin niður um 1,2 milljarða miðað við upprunalegan lánasamning í ágúst það ár.⁶⁰ Staða láns Zimham við Glitni 30. september 2008 var ríflega 5,6 milljarðar króna.

Peko Investment Company Ltd. (kt. 510305-9730) var skráð á eyjunni Tortóla. Félagið átti 130 milljónir hluta að nafnvirði í Landsbankanum sem voru fjármagnaðir af Straumi-Burðarás. Hinn 29. september 2006 tók félagið rúmlega 1,5 milljarða króna lán, upphaflega til 153 daga en með heimild til framlengingar lánstímans til 26. febrúar 2011. Lánið bar fasta 8,22% óverðtryggða ársvexti.⁶¹ Tryggingar fyrir láninu voru hlutabréf í Landsbankanum og var tryggingaþekja 150%. Heimilt var að krefjast aukinna trygginga ef tryggingaþekja færi niður fyrir 130%.⁶² Staða lánsins 30. september 2008 var 1,7 milljarðar króna.

Proteus Global Holding S.A. (kt. 520204-9030) var skráð á eyjunni Tortóla. Proteus átti 207,9 milljónir hluta að nafnvirði í Landsbankanum sem voru fjármagnaðir af Straumi-Burðarás. Tæpir 1,4 milljarðar króna voru teknir að láni 29. september 2006 til 153 daga en með heimild til framlengingar lánstíma til 26. febrúar 2011. Lánið bar fasta 8,22% óverðtryggða ársvexti.⁶³ Tryggingar fyrir láninu voru hlutabréf í Landsbankanum með 150% tryggingaþekju. Var heimilt að krefjast aukinna trygginga ef tryggingaþekjan færi niður fyrir 130%.⁶⁴ Staða lánsins þann 30. september 2008 var tæplega 1,6 milljarðar króna.

59. „Minutes, Meeting 649 of the Glitnir Bank Risk Committee, Tuesday, February 12th 2008.“

60. „Review of Glitnir, Identification of unusual transactions in the period 1st of September – 15th of October 2008.“ Skýrsla Ernst & Young frá 19. febrúar 2009.

61. Lánasamningur milli Straums-Burðarás Fjárfestingabanka hf. og Peko Investment Company Ltd., dags. 29. september 2006.

62. Handveðsýfirlýsing Peko Investment Company Ltd., dags. 29. september 2006.

63. Lánasamningur milli Straums-Burðarás Fjárfestingabanka hf. og Proteus Global Holding S.A., dags. 29. september 2006.

64. Handveðsýfirlýsing Proteus Global Holding S.A., dagsett 29. september 2006.

Veðheimild til þriðja aðila í bréfum Proteus Global Holding í Landsbankanum

Rammagrein 2


Proteus Global Holding kemur aftur við sögu á fundi lánanefndar Straums-Burðarás hinn 15. janúar 2007.⁶⁵ Þar kemur fram að félagið Proteus Global Holding veiti félaginu NewCo veðheimild í bréfum sínum í Landsbankanum, alls 105 milljónir að nafnvirði, vegna láns til NewCo frá Straumi alls um 5,7 milljarðar króna (með 200 vaxtapunkta álagi og veðkall miðað við 130% tryggingaþekju). Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki þetta veðleyfi undir höndum. Á þeim tíma var tryggingaþekja Proteus Global Holding alls 425%. Í fundargerðinni kemur fram að NewCo sé í 50,1% eigu Kurt Kejser og fjölskyldu (KKN Invest)⁶⁶ og það hafi unnið með stjórnendum Straums að því

65. „107th Credit Committee Meeting, January 15th 2007.“ Straumur-Burðarás.


66. Lánanefndarkynning 160, 7. desember 2007: „Project Autumn, New Shareholders in Property Group – Corporate Finance – Copenhagen.“

að auðvelda hugsanlega yfirtöku á 10–12,5% hlutafjár í félaginu Property Group sem sé fasteignafélag í Danmörku og eigi meðal annars fasteignir þar. Sú yfirtaka fari í gegnum félagið NewCo sem aftur verði í 49,9% eigu Straums og 50,1% eigu KKN Invest. Markmiðið sé að NewCo kaupi 20–25% hlut í Property Group. Þeir sem vilji selja hlutinn í Property Group séu BG Partners (10%) og B2B Holding (5%). Ennfremur muni félagið Partner Holding selja 10–12,5% í félaginu Property Group til EIK Bank og annarra fjárfesta. BG Partners muni þó halda um 40% af sínum hlut í Property Group.

Fyrirtækjasmsteypan fyrir framangreinda sölu hlutabréfa í Property Group:



Eftir sölu hluta í Property Group:



Lánið var samþykkt á lánanefndarfundi Straums 7. desember 2007 á grundvelli þeirrar tillögu sem lá fyrir og kynnt hafði verið á fundi hinn 15. janúar sama ár.⁶⁷ Þá kemur fram hér að seljandi hlutanna var GOGS ehf. sem var í 100% eigu fyrrverandi framkvæmdastjóra Straums, Guðmundar Arnar Þórðarsonar. Sambýliskona hans, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, var varamaður stjórnar GOGS ehf. og einnig framkvæmdastjóri fjárstýringar Straums þegar lánið var veitt.

67. „The Credit & Investment Committee did approve on the proposed transaction primarily on the basis of it increasing the Bank’s liquidity and decreasing the overall exposure to Property Group and related parties. Committee members revealed their interest in seeing a thorough analysis of Property Group and the quality of both the Bank’s equity investment and debts related to the company. Also, it would be appropriate for CF to introduce its strategy regarding its future relationship with the client to the Committee.“ Minutes of meeting no. 160 of the Credit & Investment Committee of Straumur Investment Bank hf., 7. desember 2007, samþykkt af William Fall, Jakob Ásmundssyni, Óttari Pálssyni, Andrew Bernhardt og Oscar Crohn.

Kimball Associated Inc. (kt. 550107-9880) var skráð í Panama. Straumur-Burðarás fjármagnaði kaup Kimball Associated á hlutabréfum í Landsbankanum, rúmlega 326 milljónir að nafnvirði. Straumur veitti lánið 30. janúar 2007. Lánsfjárhæð var 6,513 milljarðar kr. Þar af skyldi ráðstafa 6,5 milljörðum kr. inn á reikning lántaka í Landsbankanum í Lúxemborg en 13 milljónir voru greiddar í lántökuþóknun til Straums. Lánið var til 364 daga en með heimild til framlengingar lánstíma til 25. janúar 2012. Lánið bar fasta óverðtryggða 11,20% ársvexti.⁶⁸ Tryggingar fyrir láninu voru hlutabréf í Landsbankanum í eigu Kimball Associated en einnig undirritaði Proteus Global Holding handveðsýfirlýsingu þar sem sett voru að handveði hlutabréf í Landsbankanum vegna lánsins. Tryggingaþekjan var 150% og var heimilt að krefjast aukinna trygginga ef tryggingaþekjan færi niður fyrir 130%.⁶⁹ Staða láns Kimball Associated Inc. hjá Straumi var 6,5 milljarðar króna þann 30. september 2008. Hinn 29. janúar 2007 veittu þau George Allen og Carmen Wong, fyrir hönd stjórnar Kimball Associated, Kristjáni G. Valdimarssyni, lögfræðingi hjá Landsbankanum, umboð til að undirrita lánið fyrir hönd félagsins.⁷⁰ Í mars 2008 greiddi Landsbankinn 800 milljónir króna fyrirfram gegn framlengingu lánsins frá Straumi um þrjú mánuði en það hafði verið á gjalddaga 30. janúar 2008.

Hinn 29. janúar 2008 sóttist Straumur eftir því að kaupa skuldtryggingu af Glitni, þ.e. að Glitnir tæki á sig áhættu vegna Kimball Associated til eins mánaðar gegn þóknun, en þau viðskipti gengu ekki í gegn.⁷¹ Þá sneri Straumur sér til Kaupþings sem seldi bankanum skuldtryggingu í mars. Með henni samþykkti Kaupþing að taka á sig áhættu af Kimball Associated í einn mánuð, frá 30. mars til 30. apríl 2008. Aðeins tveir lánanefndarfulltrúar Kaupþings, Hreiðar Már Sigurðsson og Bjarki Diego, sátu þann fund lánanefndar þar sem skuldtryggingin var samþykkt.⁷² Í júlí 2008 sótti Kimball Associated aftur um þriggja mánaða framlengingu lánsins. Þá kallaði Straumur eftir frekari tryggingum fyrir endurgreiðslu lánsins. Samkvæmt fundargerðum lánanefndar Straums skyldi Kaupþing veita frekari veðtryggingu gegn því að Straumur legði fram ábyrgð vegna láns Kaupþings til Kjalar.⁷³

Samkvæmt athugun á lánabókum bankanna voru Empennage Inc. og Zimham Corporated aldrei fjármögnuð af Landsbankanum. Hin sex félögin voru fjármögnuð af Landsbankanum sjálfum út þriðja ársfjórðung 2006. Þá hurfu þau úr bókum bankans og eru í bókum Straums eftir það. Útistandandi lán umræddra félaga hjá Straumi voru alls tæplega 14 milljarðar kr. við fall Landsbankans. Athygli vekur að Straumur virðist ekki hafa kallað eftir frekari

68. Lánasamningur milli Straums-Burðarás Fjárfestingabanka hf. og Kimball Associated Inc., dags. 30. janúar 2007. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til eins árs þennan dag var 11,3%.

69. Handveðsýfirlýsing Kimball Associated Inc., dags. 30. janúar 2007.

70. Power of Attorney – Kimball Associated Inc., dags. 29. janúar 2007.


71. „Minutes 193. meeting of the Corporate Credit Committee Friday, December 21st, 2007.“ Glitnir.

72. „Minutes 595. Meeting Group Credit Committee of Kaupthing Bank hf. 3/04/2008.“

73. „Minutes of meeting no. 186 of the Credit & Investment Committee of Straumur Investment Bank hf.“ Í fundargerðinni segir m.a.: „*Kimball extension and risk swap (approved via email on the 1st of July)* – DF [Debt Finance] is seeking approval for a 3 months extension (until 30th of September) of the existing loan to Kimball of ISK 6.6bn. The loan is collateralized with LAIS shares and the current asset cover is 114%. STRB is in the process of calling for further collateral to increase the asset cover to at least 130% (which is the margin call trigger). That should be finalized shortly. Kaupthing has verbally approved to provide a guarantee for the Kimball loan until 30th of September. In return Straumur will provide Kaupthing with a guarantee on their loan to Kjalar. That loan is securitized with KAUP shares and has a margin call trigger at 110% asset cover.“

Mynd 44

Varnir vegna kaupréttarsamninga Landsbankans
Eignarhlutfall ólíkra fjárhaldsfélaga í Landsbankanum



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

ábyrgðum af hálfu Landsbankans á sama hátt og Kaupþing og Glitnir gerðu þegar lánin féllu niður fyrir umsamda tryggingaþekju.

Rétt er að geta þess að Landsbankinn fjármagnaði sams konar „kaupréttarfélag“ fyrir Straum og veitti þeim alls um 6,1 milljarðs króna lánaþyrngreiðslu sem skiptist jafnt niður á þrjú félög skráð á Tortóla á Bresku Jómfrúaeypjum: Omicron S.A., Visgan Corp. og Criollo S.A. Lánasamningarnir voru samhljóða og gerðir 22. desember 2006, sjá einnig fylgiskjal 1 með þessum kafla. Undirskriftir á samningunum eru illlæsilegar en virðast vera undirskriftir Jóns Þórs Grímssonar og Árna Maríassonar.

Eignir framangreindra félaga voru samanlagt um 13,2% af hlutafé Landsbankans frá miðju ári 2006 til falls bankans, sjá mynd 44 um eignarhlutfall fjárhalds- og eignarhaldsfélaga á Tortóla og í Panama í Landsbankanum. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki fundið skýringar á ráðstöfunum á um 225 milljónum hluta í Landsbankanum af þeim 1.480 milljónum hluta sem voru útstandandi vegna kaupréttarsamninga í lok árs 2007 miðað við ársreikning. Heildarinnlausn starfsmanna Landsbankans á kaupréttarsamningum nam 217 milljónum að nafnvirði í félaginu á árunum 2004–2008. Ekki er að sjá að Landsbankinn hafi dregið á eign aflandsfélaganna til að mæta þessari innlausn starfsmannanna.

Tafla 9. Lánaþyrngreiðsla aflandsfélaga Landsbankans í bankakerfinu

Staða lána m.v. 30. september 2008	Félag:	Skráð:	Fyrirgreiðsla frá Kaupþingi		Fyrirgreiðsla frá Glitni		Fyrirgreiðsla frá Straumi	
			Staða láns m.kr.	Veð m.kr að nafnvirði	Staða láns	Veð m.kr að nafnvirði	Staða láns	Veð m.kr að nafnvirði
	Empennage Inc	Panama	7.877	238				
	Kargile Portfolio Inc	Tortóla					309	43
	Kimball Associated Inc	Panama					6.576	326
	LB Holding Ltd	Guernsey					2.653	150
	Marcus Capital Ltd	Tortóla					1.181	90
	Peko Investment Company Ltd	Tortóla					1.701	130
	Proteus Global Holding SA	Tortóla					1.577	208
	Zimham Corporation	Panama			5.637	238		

Heildarlán til kaupréttarféлага í milljörðum króna:	21,565
Heildarhlutir í Landsbankanum að veði, ¹ ma.kr. að nafnvirði:	1,142
Heildarúttegið hlutafé, ma.kr. að nafnvirði:	11,193
Hlutfall kaupréttarbréfa af heildarhlutafé í eigu félaganna:	13,2
Hlutfall kaupréttarbréfa af heildarhlutafé að veði:	10,2

1. Bréf Proteus Global Holding SA virðist hafa verið tekið að veði oftar en einu sinni. Því eru hlutir félaganna sem lagðir eru að veði fleiri en raunveruleg eign félaganna.

Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Í skýrslu Kristjáns G. Valdimarssonar, fyrrum forstöðumanns skattasviðs Landsbankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að stærsti hluthafinn í Landsbankanum, Samson eignarhaldsfélag ehf., hefði notið undanþágu frá yfirtökuskyldu við kaupin á bankanum á þeirri forsendu að hlutafjareign færi ekki yfir þau ríflega 45,8% sem félagið hafði keypt í bankanum. Venja er í tengslum við kaupréttarsamninga að gefa út viðbótarhlutabréf til þeirra sem innleysa kaupréttinn. Í tilviki Landsbankans hefði það þynnt út hlut Samsonar eignarhaldsfélags ehf. Ef kaupréttarsamningar hefðu verið gerðir með þeim

hætti, hefði félagið ekki getað tryggt meirihlutaeign sína í bankanum eftir innlausn því reglur um yfirtökuskyldu hefðu mögulega getað átt við að sögn Kristjáns ef Samson eignarhaldsfélag ehf. hefði síðar ætlað að auka við hlut sinn að nýju.⁷⁴

Kristján Gunnar Valdimarsson lýsti því við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að fyrir aðalfund Landsbankans 9. febrúar 2007 hefði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri, farið þess á leit við sig að safna saman umboðum frá stjórnnum erlendu fjárhaldsfélaganna sem héldu samanlagt utan um 13,2% eignarhluta í bankanum og fara með atkvæðarétt félaganna á fundinum og þá einkum til að leggja starfskjarastefnu bankaráðs lið. Samkvæmt Kristjáni var þetta gert og sagðist hann í samræmi við það hafa farið með atkvæðarétt félaganna á fundinum skv. umboði og greitt atkvæði á fundinum.⁷⁵

Um 20% af nafnvirði upprunalegra kaupréttarsamninga starfsmanna Landsbankans, sem áður höfðu starfað hjá Búnaðarbankanum, voru til innlausnar í desember 2007. Eins og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, rakti í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lét bankinn hjá líða að efna kaupréttarsamningana við starfsmennina í lok árs 2007. Þegar hann var inntur eftir því hvort ekki hefði verið eðlilegt að láta kaupréttarsamningana ganga í gegn með hefðbundnum hætti, þ.e. að starfsmenn keyptu bréf af bankanum á innlausnarverði og gætu svo eftir atvikum selt þau á markaði þannig að hagnaður yrði innleystur, sagði bankastjórinn að óheppilegt hefði verið að lykilstarfsmenn væru að innleysa hagnað í desember 2007 vegna kaupréttanna svona hver í kapp við annan.⁷⁶ Bankinn hefði ekki haft svigrúm á þeim tíma til að lána þeim fyrir kaupum vegna kaupréttanna, hvorki til að standa skil á skattgreiðslum vegna innlausnarinnar né til að halda í bréfin áfram. Af orðum bankastjórans virðist mega ráða að stjórn bankans hafi sjálf viljað hafa stjórn á því hvernig sala á bréfunum fór fram á markaði eftir að kaupréttir væru innleystir. Það væri t.d. ástæðan fyrir því að allir samningarnir voru með sama innlausnardag enda keypti bankinn sjálfur þau bréf í bankanum sem voru innleyst með þessum hætti, svo sem innlausn Halldórs J. Kristjánssonar í upphafi árs 2005.


10.4.6 Lánafyrirgreiðsla til starfsmanna Landsbankans

Fáir starfsmenn Landsbankans tóku lán í eigin nafni eða nafni eignarhaldsfélaga í þeirra eigu hjá útibúum Landsbankans á Íslandi að upphæð 100 milljónir kr. eða meira. Landsbankinn lánaði alls tæplega 2 milljarða kr. til starfsmanna sem fengu meira en 100 milljónir að láni hver. Um 40% þeirra lána sem Landsbankinn veitti starfsmönnum sínum gengu til Guðmundar Péturs Davíðssonar. Hann er bróðursonur Björgólfs Guðmundssonar. Lán Guðmundar og eignarhaldsfélags hans, Brimholts, stóðu í tæplega 800 milljónum kr. í lok september 2008.

Heildarútlán allra starfsmanna Landsbankans sem voru útistandandi við fall bankans námu alls um 14 milljörðum króna.

Mynd 45

Útgefnir kaupréttarsamningar
Landsbankinn



Útgefnir kaupréttir á mismunandi innlausnargengi.
Heimild: Landsbanki Íslands hf.

„Ég var með kauprétt í Búnaðarbankanum, gamla ríkisbankanum, sem ég afsalaði mér árið 2003 og skrifaði þá undir samning hjá Landsbankanum sem var innleysanlegur 1. des. 2007. Síðan er ég búinn að vera í baráttu frá því í nóvember 2007 til dagsins í dag og væntanlega þarf ég að fara fyrir dómstóla til að ná fram rétti mínum.“

Skýrsla Arnars Arnarssonar, starfsmanns Landsbankans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. september 2009.

74. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. september 2009, bls. 26.


75. Skýrsla Kristjáns G. Valdimarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. september 2009, bls. 8.

76. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 169.

Mynd 46

Lán til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra

Landsbankinn - starfsmenn sem hafa yfir 100 milljónir að láni hjá bankanum




Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Mynd 47

Heildarlán til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra

Landsbankinn - allir starfsmenn



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Tafla 10. Heildarlán til starfsmanna Landsbankans og eignarhaldsfélaga þeirra

M. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Aðrir/Aðrir	1.635	4.834	6.364	9.399	12.081
Miðjan hf./Ragnhildur Guðjónsdóttir	157	182	189	183	219
Guðmundur Pétur Davíðsson/Guðmundur Pétur Davíðsson	–	–	119	100	225
Stefán Þór Bjarnason/Stefán Þór Bjarnason	–	–	105	–	–
Brimholt ehf./Guðmundur Pétur Davíðsson	–	–	–	269	564
Sanderson ehf./Tryggvi Jónsson	–	–	–	167	305
Guðmundur Ingi Hauksson/Guðmundur Ingi Hauksson	–	–	–	–	150
Tryggvi Tryggvason/Tryggvi Tryggvason	–	–	–	–	108
Júlíus Þór Gunnarsson/Júlíus Þór Gunnarsson	–	–	–	–	117
Jón Örn Guðmundsson/Jón Örn Guðmundsson	–	–	–	–	136
Stefán Álfsson/Stefán Álfsson	–	–	–	–	115
Reir ehf./Hilmar Þór Kristinsson	–	–	–	–	105

Heimild: Landsbanki Íslands hf.

10.4.7 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Hvatakerfi Landsbankans byggði á tveimur meginstoðum; skammtíma bónusgreiðslum og umtalsverðum kaupréttarsamningum lykilstarfsmanna sem bankinn bar mikinn kostnað af. Bónusgreiðslur Landsbankans til lykilstarfsmanna voru ekki tengdar árangri að öðru leyti en því að bónus skyldi greiddur ef arðsemi eigin fjár væri á bilinu 9–14% hærri en ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa (til meðallangs tíma) á uppgjörstímanum. Mismunandi skilyrði giltu um útgreiðslu bónuss gagnvart einstökum lykilstarfsmönnum. Þannig giltu t.d. ólíkir samningar um bónusgreiðslur til bankastjóranna, Halldórs J. Kristjánssonar og Sigurjóns Þ. Árnasonar. Bónusgreiðslur til starfsmanna voru að stórum hluta byggðar á mati æðstu stjórnenda, bankastjórans Sigurjóns Þ. Árnasonar sem fór með starfsmannamál og framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs. Eins og staðið var að þessum ákvörðunum í Landsbankanum er ekki hægt að útiloka að það hversu ákveðið einstakir starfsmenn sóttust eftir bónusum og mismunandi aðstaða starfsmanna til þess að gera slíkar kröfur hafi í reynd haft sitt að segja þegar kom að ákvörðun yfirmanna um bónusa. Við þessar aðstæður kann því möguleiki einstakra starfsmanna til að hafa með viðskiptum sem þeir sinna innan bankans áhrif á sýnt umfang og færðar tekjur sviðs/deildar til skamms tíma að fá meiri þýðingu en mat á framleiðni starfsmanna og þá til lengri tíma.

Veltubónusar voru einnig áberandi í Landsbankanum, s.s. greiðsla til handa þjónustufulltrúa ef viðskiptavinur opnaði nýjan reikning eða færði sparnað sinn frá bankareikningi yfir í peningamarkaðssjóð. Hætt er við því að áhersla starfsmanna verði frekar á að afla nýrra viðskipta heldur en að viðhalda þeim gömlu. Veltubónusar hjá sjóðstjórum, líkt og voru tíðkaðir í Landsbankanum, leiða almennt til mikillar markaðssóknar sjóða sem hefur þau áhrif að þeir stækka án þess að slíkt sé nokkur mælikvarði á hæfni starfsmannsins til að skapa virði fyrir viðskiptavininn.

Almennt jukust bónusgreiðslur mikið milli ára í Landsbankanum á meðan tekjur þeirra starfssviða sem rannsóknarnefnd athugaði sérstaklega stóðu í stað. Sérstaka athygli vekur sú staðreynd að greiddir voru bónusar til verðbréfamiðlunar haustið 2007 sem námu hærri upphæð en tekjurnar sem sviðið skapaði á samsvarandi tímabili.

Starfskjör Halldórs J. Kristjánssonar og Sigurjóns Þ. Árnasonar voru að ýmsu leyti ólík kjörum annarra lykilstarfsmanna. Halldór innleysti kauprétt sinn árið 2005 samkvæmt samningi en þegar kom að innlausn Sigurjóns 1. desember 2006 gerði hann samning við bankaráðsformanninn um að fresta öllum kaupréttum uns hann hætti hjá bankanum. Virði kaupréttarsamninga sem ekki hafa innlausnardag er í raun hlutabréfin sjálf. Því lengri tími sem er þar til innlausn á sér stað og því verðmætari sem hlutabréfin verða, þeim mun meira vex fórnarkostnaður fyrirtækisins vegna kaupréttanna. Kaupréttarsamningar starfsmanna sem voru óinnleystir höfðu hins vegar hagnafelld áhrif á ítök kjölfestufjórðanna í Landsbankanum eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um þá aðferð Landsbankans að verja sig vegna framtíðarkostnaðar við kaupréttarsamninga með því að kaupa samsvarandi hlutabréf í bankanum á sama tíma og kaupréttarsamningar voru gerðir við lykilstarfsmenn eru eftirfarandi:

Fjármögnun á kaupréttarsamningum var upphaflega á hendi Landsbankans sjálfs en síðar lögðu stjórnendur bankans fram sjálfskuldarábyrgð Landsbankans (eða fjárhagslega tengdra aðila sbr. lánsfjármögnun Straums). Því var ekki um varnir á framtíðarskuldbindingum bankans að ræða þar sem áhættan hvíldi á bankanum sjálfum allan tímann.

Kaupin á hlutabréfunum inn í aflandsfélög, eftir að fjármögnun félaganna var tryggð, skapaði kaupþrýsting á bréf í Landsbankanum sem stjórnendur stýrðu og stuðluðu að hækku hlutabréfa í bankanum á markaði eða vörnuðu lækkun verðs.


Leiða má að því líkur að sú ráðstöfun bankans að verða ekki við innlausn kaupréttarsamninga starfsmanna sem voru á innlausn 1. desember 2007 og næstu 90 daga þar á eftir kunni að hafa komið í veg fyrir lækkun á verði hlutabréfa Landsbankans á markaði. Með ráðstöfunum sínum kom Landsbankinn í veg fyrir að starfsmenn fengju að kaupa hlutabréfin á umsömdu verði en slíkt hefði fyrirsjáanlega myndað söluprýsting á verð hlutabréfa í bankanum ef starfsmenn innleystu hagnað sinn vegna þeirra.

Ákvörðun stjórnenda og kjölfestufjórðanna bankans að fjármagna hlutabréfakaup á eigin bréfum í því skyni að „verja“ stöðu bankans vegna útgefinna kaupréttanna í stað þess að gefa út nýja hluti eftir því sem kaupréttarsamningarnir voru á innlausn, tryggði kjölfestufjórðun, eignarhaldsfélaginu Samson ehf., óbreytt yfirráð í bankanum. Ef bankinn hefði ekki fjármagnað og/eða gengist í ábyrgðir fyrir þann 13,2% hlut í honum sjálfum, sem bundinn var í kaupréttarsamningum, og hin hefðbundna leið verið farin að gefa út nýja hluti til að uppfylla kaupréttarsamninga starfsmanna hefði eignarhaldsfélagið Samson ehf. mögulega getað misst yfirráð í bankanum.

Landsbankinn kom hlutabréfum sem ætluð voru til að mæta skuldbindingum vegna kaupréttarsamninga starfsmanna fyrir í um átta aflandsfélögum og virðist það hafa verið gert í því skyni að komast hjá flöggunarskyldu. Ekki verður annað séð en að öll félögin hafi í reynd lotið sömu stjórn. Þannig var t.d. umboðum safnað frá stjórnnum allra félaganna, sem voru í höndum lögmannna á aflandssvæðum, til að starfsmaður Landsbankans gæti farið með atkvæðarétt félaganna á aðalfundi bankans vorið 2007. Upplýsingar um þessi stjórnunarlegu yfirráð Landsbankans á félögunum komu ekki fram gagnvart fjárfestum, smærri hluthöfum og eftirlitsaðilum. Stjórnunarleg tengsl félaganna endurspeglast einnig í þeirri staðreynd að eitt félaganna, Proteus,

Mynd 48


Hundraðsmörk mánaðarlauna hjá Kaupþingi
Heildarlaun



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 49


Hlutfall í heildarlaunakostnaði
Kaupþing



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 50

Munur á hundraðsmörkum launadreifingar
Kaupþings



Starfsmenn sem eru í 75. hundraðsmörkum voru með 2,18 sinnum laun þeirra sem voru í 25. hundraðsmörkum. Hundraðsmörk marka þá upphæð sem tiltekið hlutfall starfsmanna er með í laun eða sem hefur laun þar fyrir neðan. 25. hundraðsmörkin marka þá upphæð sem 25% starfsmanna hafa eða eru undir í launum.

Heimild: Kaupþing banki hf.

lánaði öðru nýju systurfélagi, Kimball Associated, sem hafði ekkert eigið fé, hlutabréf sín sem tryggingu fyrir lánsfé hins nýja félags.⁷⁷ Það sem rakið hefur verið hér að framan bendir til þess að reglum um flöggunarskyldu hafi ekki verið fylgt.

Rannsóknir hafa sýnt að forstjórar fyrirtækja fresta í sífellt meira mæli launagreiðslum með því að auka hlut lífeyrisframlags og þ.a.l. tekna í framtíðinni fyrir störf sem unnin eru í nútíð.⁷⁸ Stór þáttur launa Sigurjóns Þ. Árnasonar var greiddur í lífeyrissjóð og þá einkum séreignarsjóð. Það sama átti við hjá Halldóri J. Kristjánssyni. Sigurjón innleysti aldrei kauprétti sína, eins og áður sagði, heldur gerði samkomulag við formann bankaráðs um frestun innlausna.⁷⁹ Hann bar því við í skýrslutöku að birting launaupplýsinga í tímaritum á Íslandi hefði valdið því að hann vildi fresta innlausn kaupréttar þangað til að hann hætti að vinna fyrir bankann.⁸⁰ Það er eðlilegt og æskilegt að upplýsingar um hvatakerfi og laun forstjóra skráðra hlutafélaga séu uppi á borðum, enda er það stór þáttur í stjórnarháttum fyrirtækisins og hefur spágildi um frammistöðu þess sem og rekstrarhæfi. Það er þó heppilegra að tengja slíka kröfu lagaumhverfinu með skýrum hætti. Ella er hægt að stýra því sem almenningi er látið í té sem leiðir til þess að rangar ályktanir eru dregnar um rekstrarmöguleika fyrirtækisins.⁸¹

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að hvatakerfi Landsbankans var til þess fallið að hafa veruleg áhrif á rekstrarskilyrði hans.

10.5 Hvatakerfi Kaupþings banka hf.

10.5.1 Launadreifing Kaupþings

Launadreifingin í Kaupþingi breyttist lítið á tímabilinu sem hér er til athugunar, þ.e. frá 2004 til falls bankans í október 2008. Árið 2004 féllu um 48% útgreiddra launa Kaupþings í skaut þeim 10% starfsmanna sem höfðu hæst laun og um 50% árið 2007.

Af framangreindu má ráða að munur á milli launahæstu og launalægstu starfsmanna Kaupþings var mikill. Árið 2007 námu heildarlaun forstjóra Kaupþings tæplega 159-földum launum meðalstarfsmanns í bankanum.⁸² Launamunur á milli þeirra 25% starfsmanna sem hæstu launin höfðu og þeirra 25% starfsmanna með lægstu launin var tvöfaldur. Ef skoðaður er launamunur þeirra 10% starfsmanna sem voru hæst launaðir og þeirra 10% með lægstu launin að meðaltali á mánuði árið 2008 var fyrrnefndi hópurinn með rúmlega 6-föld laun þess síðarnefnda. Launahæstu fjórir til fjórtán starfsmennirnir (það 1% starfsmanna Kaupþings sem hæst laun hafði) höfðu

77. Eigið fé þess hafði aukist vegna hækkunar hlutabréfaverðs Landsbankans.

78. Sundaram, Rangarajan K. og David Yermack: „Pay Me Later: Inside Debt and its Role in Managerial Compensation.“ *Journal of Finance*, Vol. 62, Issue 4. August 2007. Aðgengileg á SSRN: <http://ssrn.com/abstract=717102>.

79. Viðauki við kaupréttarsamninga, Reykjavík 1. desember 2006, undirritaður af Björgólfi Guðmundssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni.

80. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 178.

81. Rannsóknarnefndin bendir í þessu sambandi á að sérstakar reglur gilda um birtingu upplýsinga um launagreiðslur til stjórnenda bankanna. Samkvæmt 42. gr. reglna um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003 sem Fjármálaeftirlitið setti skal í skýringum við reikninga lánastofnana birta sérgreindar upplýsingar um fjárhæð launa og þóknana einstakra stjórnarmanna og stjórnenda ef slíkar upplýsingar eru ekki birtar í skýrslu stjórnar. Tekið er fram að þetta séu lágmarkskröfur en fyrirtækjum sem skráð séu á markaði beri að fylgja ítarlegri reglum sem þar kunnir að gilda.

82. Af launagögnum frá Kaupþingi má ráða að heildarlaun Hreiðars Más Sigurðssonar hafi verið 75,5 milljónir kr. að meðaltali á mánuði á meðan miðgildi launa í Kaupþingi voru 476 þúsund kr.

á tímabilinu að meðaltali 13 til 16-föld mánaðarlaun þeirra starfsmanna sem lágu í miðri launadreifingu.

Vægi launaliða var ólíkt hjá mismunandi launahópum innan bankans. Hjá þeim 10% starfsmanna sem lægst höfðu launin voru grunnlaun um 88% af heildarlaunagreiðslum að meðaltali, bónusar voru um 1%, innleystir kaupréttarsamningar um 4% og lífeyrisgreiðslur um 7% af heildarlaunagreiðslum. Hjá þeim 10–25% starfsmanna sem næstlægst höfðu launin voru grunnlaunin langstærstur launaliða að meðaltali, eða um 89% af heildarlaunum. Vægi grunnlauna í Kaupþingi fór lækkanði eftir því sem laun starfsmanna hækkðu og vægi bónusa í heildarlaunum jókst. Sú þróun festi sig frekar í sessi með tímanum hjá launahæstu hópnum en árið 2007 voru grunnlaun um 35% af heildarlaunum þeirra sem hlutu allra hæstu launin. Samsetning launaliða breyttist þó lítið hjá 90% starfsmanna Kaupþings á öllu tímabilinu.

10.5.2 Hvatakerfi starfsmanna tekjusviða Kaupþings

Laun „lykilstarfsmanna“ Kaupþings, eins og þeir voru kallaðir í starfsmanna- og launastefnu bankans, skiptust í föst laun og kaupauka sem voru greiddir út tvisvar á ári til starfsmanna tekjusviða, en einu sinni á ári til starfsmanna stoðsviða. Kaupaukarnir tóku mið af árangri undangenginna sex eða tólf mánaða.⁸³ Þá nutu ákveðnir starfsmenn sérstakrar lánafyrirgreiðslu með veðum í hlutabréfum Kaupþings. Við ákvörðun á bónusgreiðslum var tekið tillit til rekstrarárangurs bankans í heild sem og viðkomandi deildar samkvæmt starfsmannastefnunni. Skilyrði þess að bónus yrði greiddur var að markmið um 15% arðsemi eigin fjár bankans næðust. Í töflu 11 eru laun 10 launahæstu starfsmanna Kaupþings á árunum 2004 til 2008 birt á raunvirði miðað við árið 2008.


Tafla 11. 10 launahæstu starfsmenn Kaupþings á árunum 2004–2008

	Verðlag október 2008		Heildarlaun á mánuði að meðaltali, m. kr.
Nafn	Starfsheiti		
2004			
1	Árni Tómasson ¹	Bankastjóri	32,643
2	Hreiðar Már Sigurðsson	Forstjóri	17,244
3	Sólon Rúnar Sigurðsson	Yfirstjórn	11,454
4	Sigurður Einarsson	Yfirstjórn	10,358
5	Guðmundur Þórður Guðmundsson	Framkvæmdastjóri	7,519
6	Sigurgeir Örn Jónsson	Afleiður	6,762
7	Bjarni Karl Guðlaugsson		6,324
8	Ingólfur Helgason	Forstjóri	6,059
9	Steingrímur P. Kárason	Framkvæmdastjóri	5,996
10	Ingvar Vilhjálmsson	Framkvæmdastjóri	5,266
2005			
1	Sólon Rúnar Sigurðsson ²	Yfirstjórn	45,771
2	Hreiðar Már Sigurðsson	Forstjóri	32,934
3	Ásgrímur Skarphéðinsson	Framkvæmdastjóri	27,860
4	Guðni Niels Aðalsteinsson	Fjárstýring-Funding	18,992
5	Þórarinn Sveinsson	Framkvæmdastjóri	18,958
6	Ingólfur Helgason	Forstjóri	14,445
7	Steingrímur P. Kárason	Framkvæmdastjóri	14,084
8	Ingvar Vilhjálmsson	Framkvæmdastjóri	9,501
9	Frosti Rey Rúnarsson	Forstöðumaður	8,631
10	Örvar Kærned	Forstöðumaður	8,516

83. „Launa- og starfsmannastefna Kaupþings 2004–2008.“ Skýrsla tekin saman af aðalögfræðingi bankans og afhent rannsóknarnefnd Alþingis í mars 2009.

Mynd 51


1% hæstu laun Kaupþings og samsetning þeirra Að meðaltali



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 52


Vægi launaliða í launadreifingu Kaupþings 2004 Eftir hundradsmörkum



Fyrsta súlan t.v. vísar til meðalvægis launaliða þeirra 10% starfsmanna sem hafa lægstu launin, önnur súlan vísar til 11%–25% starfsmanna sem næstir koma í launastiganum o.s.frv. Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 53


Vægi launaliða í launadreifingu Kaupþings 2007 Eftir hundradsmörkum



Fyrsta súlan t.v. vísar til meðalvægis launaliða þeirra 10% starfsmanna sem hafa lægstu launin, önnur súlan vísar til 11%–25% starfsmanna sem næstir koma í launastiganum o.s.frv. Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 54


Vægi bónusgreiðslna í heildarlaunum eftir
hundraðsmörkum launadreifingar Kaupþings



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 55


Meðalbónusgreiðslur á mánuði eftir
hundraðsmörkum launadreifingar Kaupþings
10–95%



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 56

Meðalbónusgreiðslur á mánuði eftir hundraðs-
mörkum launadreifingar Kaupþings
10–>99%



Heimild: Kaupþing banki hf.

10 launahæstu starfsmenn Kaupþings á árunum 2004–2008 (frh.)

	Verðlag október 2008		Heildarlaun á mánuði að meðaltali, m. kr.
	Nafn	Starfsheiti	
2006			
1	Hreiðar Már Sigurðsson	Forstjóri	80,696
2	Ingólfur Helgason	Forstjóri	12,759
3	Örvar Kærnested	Forstöðumaður	11,787
4	Kristján Arason	Framkvæmdastjóri	10,978
5	Friðrik Stefán Halldórsson	Framkvæmdastjóri	10,469
6	Ingvar Vilhjálmsón	Framkvæmdastjóri	10,451
7	Steingrímur P. Kárasón	Framkvæmdastjóri	9,877
8	Þórarinn Sveinsson	Framkvæmdastjóri	8,485
9	Bjarki H Diego	Framkvæmdastjóri	7,620
10	Frosti Rey Rúnarsson	Forstöðumaður	7,438
2007			
1	Hreiðar Már Sigurðsson	Forstjóri	75,562
2	Kristján Arason	Framkvæmdastjóri	23,438
3	Steingrímur P. Kárasón	Framkvæmdastjóri	15,292
4	Guðni Niels Aðalsteinnsson	Framkvæmdastjóri	14,782
5	Ingólfur Helgason	Forstjóri	12,222
6	Þórólfur Jónsson	Framkvæmdastjóri	10,708
7	Bjarki H Diego	Framkvæmdastjóri	9,113
8	Guðmundur Þór Gunnarsson	Fyrirtækjaviðskipti	8,624
9	Ingvar Vilhjálmsón	Framkvæmdastjóri	8,248
10	Guðný Arna Sveinsdóttir	Framkvæmdastjóri	8,191
2008			
1	Hreiðar Már Sigurðsson	Forstjóri	48,959
2	Ingvar Vilhjálmsón	Framkvæmdastjóri	8,584
3	Ingólfur Helgason	Forstjóri	8,499
4	Steingrímur P. Kárasón	Framkvæmdastjóri	7,075
5	Guðni Niels Aðalsteinnsson	Framkvæmdastjóri	6,897
6	Þórólfur Jónsson	Framkvæmdastjóri	6,512
7	Bjarki H Diego	Framkvæmdastjóri	6,204
8	Guðný Arna Sveinsdóttir	Framkvæmdastjóri	6,100
9	Hannes Frímánn Hrólfsson	Aðstoðarframkvæmdastjóri	6,093
10	Þórarinn Sveinsson	Framkvæmdastjóri	5,750

1. Starfslokagreiðslur greiddar út í janúar - starfsmaður annars ekki á launaskrá.
2. Starfslokagreiðslur greiddar á tveimur mánuðum - starfsmaður annars ekki á launaskrá.

Heimild: Kaupþing banki hf.

Heildarlaun starfsmanna tekjusviðanna hækkuðu. Hluttur bónusgreiðslna jókst úr 20% árið 2004 í 35% árið 2008 hjá starfsmönnum fyrirtækjaráðgjafar. Bónusgreiðslur voru 23% af heildarlaunum verðbréfamiðlara árið 2004 en 37% árið 2008. Um innleysta kauprétti var vart að ræða hjá starfsmönnum verðbréfamiðlunar eftir árið 2006 og voru ekki áberandi launaliður meðal þeirra sem sinntu fyrirtækjaráðgjöf enda ný stefna tekin upp í því efni með fjármögnun á hlutabréfum í Kaupþingi með 10% persónulegri ábyrgð starfsmannanna.

Heildarmánaðarlaun að meðaltali í verðbréfamiðlun Kaupþings hækkuðu úr rúmlega 1,5 milljónum króna árið 2004 í rúmlega 2,5 milljónir árið 2006. Grunnlaunin jukust milli árana 2005 og 2006 en lækkuðu síðan á ný að raungildi.

Þróun heildarmánaðarlauna í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings að meðaltali var mjög áþekkt launaþróun verðbréfamiðlunar bankans. Launin hækkuðu úr tæplega 1,5 milljónum króna árið 2004 í tæplega 2,5 milljónir árið 2006. Grunnlaun uxu jafnt og þétt til 2006 en tóku þá að lækka að raungildi. Bónusar jukust frá 2004 til 2006 en stóðu nánast í stað eftir það, sjá mynd 58.

Athygli vekur að hluttur bónusgreiðslna í heildarlaunum starfsmanna greiningardeildar jókst hröðum skrefum og var orðinn um 30% af heildar-

launum 2008 en vart mælanlegur árið 2004. Fólk í greiningardeild hlaut auk þess kaupréttarsamninga sem voru innleystir á árunum 2005, 2007 og 2008.

Þróun mánaðarlauna í greiningardeild Kaupþings er töluvert frábrugðin launaþróun verðbréfamiðlunar og fyrirtækjaráðgjafar bankans. Heildarlaun tvöfölduðust á tímabilinu og voru komin í tæpar 1,5 milljónir kr. að meðaltali á mánuði árið 2008. Grunnlaunin voru frekar stöðug yfir tímabilið. Helsta breytingin var á bónusgreiðslum sem jukust verulega á árunum 2007 og 2008, sjá mynd 59.

Grunnlaun þess 1% starfsmanna Kaupþings sem hæstu launin höfðu voru um þriðjungur af heildarlaunum þessara starfsmanna að meðaltali. Stærstur hluti heildartekna þeirra var hagnaður vegna innleystra kaupréttarsamninga, frá þriðjungi heildarlauna árið 2007 upp í ríflega 60% árið 2005 að meðaltali, sjá mynd 51.

Árið 2006 var kynnt nýtt fyrirkomulag á kaupaukum sem gerði ráð fyrir því að ákveðið hlutfall yrði miðað við gengi hlutabréfa bankans og útgreiðslu frestað í þrjú ár. Greiðslan var þannig háð því meginskilyrði að starfsmaður væri ennþá í starfi innan samstæðunnar. Um 814 þúsund hlutir í bankanum höfðu verið lagðir til hliðar í þessum tilgangi þegar bankinn féll.⁸⁴ Ekki hefur verið tekið tillit til þeirra í þessari greiningu þar sem þeir voru ekki enn orðnir hluti af launagreiðslum sem höfðu farið fram í gegnum launakerfi bankans. Innlausn hlutabréfanna voru því ávisun á hugsanlegan kaupauka í framtíðinni. Erfitt er að meta virði þessara 814 þúsund hluta en við upphaf árs 2008 var gengi Kaupþings 847 krónur á hlut og kostnaður félagsins, að mati rannsóknarnefndar, vegna þessa launaþáttar alls um 690 milljónir kr. á þeim tíma. Alls naut 101 starfsmaður bónuss í formi hlutabréfa í bankanum.

10.5.2.1 Kaupréttarsamningar starfsmanna Kaupþings

Á árinu 2005 voru útistandandi kaupréttarsamningar starfsmanna um 13 milljónir hluta (130 milljónir kr. að nafnvirði). Innlausnarverð þeirra var á bilinu 600 til 660 á hlut (hver hlutur var tíu kr. að nafnvirði). Stærstur hluti þeirra var þó ekki laus til innlausnar fyrr en 2008, eða um 10 milljónir hluta. Árið 2006 voru gerðir nýir samningar um kauprétt starfsmanna á rúmlega 20 milljónum hluta í bankanum. Tiltölulega lítill hluti af þeim kaupréttum sem veittir voru eftir árið 2005 var innleystur fyrir utan þær 4,2 milljónir hluta sem innleystar voru á árunum 2007 til 2008. Við fall bankans voru um 35 milljónir hluta í bankanum útistandandi vegna kaupréttarsamninga starfsmanna, sjá nánar á mynd 60.

Sú krafa var þó uppi meðal starfsmanna og stjórnenda Kaupþings að fá heldur lán hjá félaginu til kaupa á bréfum⁸⁵ með sölurétti fremur en að gefnir væru út kaupréttir. Sú aðferð var mun hagstæðari fyrir starfsmennina þar sem kaupréttir voru skattlagðir með sama hætti og laun en hagnaður vegna hlutafjárkaupa sem fjármagnaður var með lánnum bar einungis 10% fjármagnstekjuskatt.⁸⁶ Aðferðin var einnig heppilegri fyrir fyrirtækið að sögn forstjórans, Hreiðars Más Sigurðssonar, þar sem fyrirtækið greiddi þá ekki tryggingargjald vegna þeirra eins og ef um kauprétti hefði verið að ræða.⁸⁷

84. Samkvæmt gögnum frá innri endurskoðun Kaupþings: „Kaupréttir Rannsóknarnefnd Alþingis 23.03.2009.xlsx.“


85. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 111.

86. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 111.

87. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 111.

Mynd 57


Meðalmánaðarlaun í verðbréfamiðlun Kaupþings



Tölur fyrir ofan sýlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert.
Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 58


Meðalmánaðarlaun í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings



Tölur fyrir ofan sýlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert.
Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 59

Meðalmánaðarlaun í greiningardeild Kaupþings



Tölur fyrir ofan sýlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins ár hvert.
Heimild: Kaupþing banki hf.

Rammagrein 3

Aflandsfélög notuð til að verja stöðu Búnaðarbanka Íslands vegna valréttar starfsmanna hans

Í janúar 2002 stofnaði Búnaðarbanki Íslands hf. tvö félög á Bresku Jómfrúaleyjum. Annað félagið hét Otris S.A. og hitt Ferradis Holding S.A. Stjórnarmenn félagsins voru tveir erlendir aðilar auk Andra Vilhjalms Sveinssonar. Félögin voru stofnuð til þess að halda utan um hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands sem keypt voru sem varnir á móti valréttum lykilstarfsmanna bankans. Um stofnun félaga af þessum toga af hálfu Landsbanka Íslands hf. er fjallað í kafla 4.5 hér að framan. Við sameiningu Kaupþings og Búnaðarbankans árið 2003 komust þessi félög undir stjórn hins sameinaða banka. Í lok árs 2003 voru félögin bæði mjög stórir eigendur í bankanum. Ferradis Holding S.A. átti yfir 5,3 milljónir hluta en Otris S.A. yfir 3,5 milljónir hluta. Samtals voru þessi félög áttundi stærsti hluthafi bankans með yfir 2% hlut. Um miðjan september árið 2004 voru bréfin seld út úr þessum félögum til dótturfélags Kaupþings í Lúxemborg. Rannsóknarnefnd Alþingis gat ekki rakið frekar hverjir kaupendurnir voru. Miðað við verð á hlutabréfum í Kaupþingi á þessum tíma má ætla að söluverðið hafi verið um 4,5 milljarðar króna. Ljóst er að þegar þetta var gert voru þeir starfsmenn sem áttu valréttina á móti þessum vörnum flestir hættir störfum hjá bankanum enda fluttu flestir þeirra sig yfir til Landsbankans fyrir sameiningu Kaupþings og Búnaðarbankans. Í ljósi þessa var Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrum fjármálastjóri Kaupþings, spurð að því við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd hvort söluandvirði bréfanna hefði verið fært heim eða látið sitja eftir úti í þessum félögum. Guðný svaraði: „Ég veit ... það er ekki komið heim ... ég er alveg viss um það.“⁸⁸ Líklegt má þó telja að hluti af þessum sölutekjum hafi verið notaður til að greiða niður lán þessara félaga sem upphaflega voru tekin hjá Búnaðarbankanum. Þessi félög komu síðan aftur við sögu bankans 2007. Kaupþing var með sértrygðá lánavafninga (CDO, Collateralized Debt Obligation) í gegnum útibú sitt við New Bond Street í London. Einn af þeim vafningum var kallaður Café-prógrammið.⁸⁹ Var þá eignum safnað saman inn í félag, láns hæfismats aflað og síðan gefnir út eignavarðir víxlar (ABCP, Asset Backed Commercial Paper) sem keyptir voru af peningamarkaðssjóðum í Bandaríkjunum. Þetta var gert með milligöngu Dresdner bankans í Bandaríkjunum sem á móti veitti Kaupþingi óbæina lausafjárlnu.⁹⁰ Í lok árs 2007 dró Dresdner banki sig út úr þessum viðskiptum þar sem salan á eignavörðu víxlunum hafði dregist verulega saman. Kaupþing þurfti því að finna aðra leið til að fjármagna þessar eignir. Hluti af eignunum var þá fjármagnaður með aðstoð Credit Suisse í gegnum félag sem hét Magnolia og var staðsett á Írlandi. Magnolia fékk samtals 650 milljóna dollara lán frá Kaupþingi 13. desember 2007 til að fjármagna tvo vafninga. Á móti kom 242 milljóna dollara innlán Magnolia til Kaupþings.⁹¹ Þetta lán var síðan notað til að greiða niður lán sem Dresdner banki hafði haft hjá Kaupþingi.

88. Skýrsla Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. október 2009, bls. 3.

89. Vafningurinn samanstóð af eignum með láns hæfismat frá Aaa til A2, 53% var Aa2 og 35% A2. Yfir helmingurinn af eignunum voru bandarískir sértryggðir lánavafningar (CLO, Collateralized Loan Obligation). Samtals var um 70% CLO, 12% Collateralized Synthetic Debt Obligation og um 16% Collateralized Debt Obligation, CDO.

90. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 95.

91. Group Credit Committee of Kaupthing Bank hf., fundur nr. 580 13. desember 2007.

Vafningarnir og áhættan sem þeim fylgdu var slík að Kaupþing tók fyrst á sig það tap sem myndast gæti á eignunum.⁹² Samkvæmt Hreiðari Má Sigurðssyni var afgangurinn af Café vafningnum seldur til félaganna Ferradis og Otris. Kaupþing lánaði félögunum til að kaupa þessar eignir út úr Café. Þar sem eigið fé var fyrir í þessum félögum var þar með hægt að fresta því að afskrifa þessar eignir af efnahagsreikningi Kaupþings.⁹³

Í upphafi árs 2008 voru Ferradis og Otris með um 28,5 milljarða kr. lán frá Kaupþingi banka hf.

92. Lánaumsókn 11. desember 2007. Approval for two Credit Linked Loans and reduction of Liquidity Facility to Dresdner Bank.

93. Skýrsla Hreiðars Má Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 95.

10.5.2.2 Lán starfsmanna Kaupþings til hlutabréfakaupa

Samkvæmt fréttatilkynningu Kaupþings Búnaðarbanka var sú stefna samþykkt á aðalfundi bankans 27. mars 2004 að æskilegt væri að lykilstarfsmenn væru einnig hluthafar bankans með afgerandi hætti.⁹⁴ Í því skyni var samþykkt að veita starfsmönnum kauprétti og þeim boðið að taka lán hjá bankanum til að fjármagna kaup á hlutabréfum í félaginu og samfara því var veittur sölu-réttur á bréfunum.

Eftir framangreinda stefnumótun aðalfundar í mars 2004 jukust lán til starfsmanna Kaupþings mikið. Lánin voru orðin liðlega 5 milljarðar króna í upphafi árs 2005. Á aðalfundi bankans 2004 gerði Ásgeir Thoroddsen, formaður launanevndar, grein fyrir launafyrirkomulagi bankans.⁹⁵ Þar var samþykkt tillaga stjórnar að kaup og sölu-réttir til starfsmanna gætu verið allt að 9% af útgefnum hlutum í bankanum. Í ræðu formanns launanevndar var sérstaklega tekið fram að starfsmenn ættu ekki að bera fjárhagslega áhættu af kaupum á hlutafé í bankanum en nytu á hinn bóginn ávinnings af því að hlutabréfin hækkuðu í verði. Skaðleysi starfsmanna var á þessum tíma tryggt með útgáfu sölu-rétta.⁹⁶ Lán sem veitt voru starfsmönnum í þessu skyni árið 2003 voru á sambærilegum kjörum og bankinn naut sjálfur, þ.e. REIBOR vextir án álags.⁹⁷ Lán til starfsmanna sem veitt voru árið 2005 voru hins vegar með 120 punkta álagi ofan á REIBOR og sama vaxtaálag var ef lánið var veitt í erlendum myntum en þá ofan á LIBOR eða EURIBOR vexti.⁹⁸ Vextirnir skyldu lagðir við höfuðstólinn einu sinni á ári en gjalddagi lánanna sem veitt voru árið 2005 var 1. desember 2010. Á þremur og hálfu ári (frá ársbyrjun 2005) riflega áttíðuldust lán sem Kaupþing veitti starfsmönnum sínum til hlutafjárkaupa í bankanum og stóðu í um 45 milljörðum kr. í upphafi árs 2008

94. Fréttatilkynning Kaupþings 29. mars 2004 um niðurstöður aðalfundar sem haldinn var 27. mars sama ár.

95. Sjá fréttatilkynningu Kaupþings frá 29. mars 2004 um niðurstöður aðalfundar og „Report of Compensation Committee to the Board of Directors in Munich,“ september 2005, liður 4.

96. „Starfsmanna- og launastefna Kaupþings 2004 til 2008.“ Samantekt útbúin af Helga Sigurðssyni, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Kaupþings, og afhent rannsóknarnefnd Alþingis í mars 2009.

97. Ákvæði 5. gr. staðlaðs samnings um kaup, sölu-rétt og kauprétt á hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. við starfsmenn bankans frá 10. nóvember 2003.


98. Lánssamningur ónafngreinds starfsmanns Kaupþings, undirritaður 21. desember 2005.

„[...] það sem var kosturinn fyrir okkur að gera þetta með þessum hætti var að það var eigið fé inni í þessum „trust“-um, inni í þessum sjálfseignarstofnunum og fyrir okkur að selja þessar eignir til þessara sjálfseignarstofnana og með láni, gerði það að verkum að fyrsta tapið sem yrði af þessum lánum mundi lenda í sjálfseignarstofnunum. [...] Þetta voru „off balance sheet trusts“ sem höfðu hagnast á undanförunum árum, áttu töluvert eigið fé í árslok 2007. [...] kosturinn fyrir okkur að gera þetta, í staðinn bara að taka lánin beint á okkur, kosturinn var þá að við gátum nýtt þetta eigið fé sem var í þessum sjálfseignarstofnunum til að mæta fyrstu töpunum, ef þau yrðu. Þegar við gerum þetta þá er engin af þessum eignum í „default“ og allar þessar eignir eru með hátt lánsþæfismat en það er nokkuð ljóst að í dag er töluvert stór hluti af þessum lánum í „default“.“

Skýrsla Hreiðars Má Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 96.

Mynd 60

Útistandandi kaupréttarsamningar
Á starfsmenn Kaupþings




Útgefning kaupréttir á mismunandi innlausnargengi.
Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 61

Lán til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra

Kaupþing - starfsmenn sem hafa yfir 500 milljónir að láni hjá bankanum




Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 62

Heildarlán til starfsmanna og eignarhaldsfélaga þeirra

Kaupþing - allir starfsmenn

Kaupþing - allir starfsmenn



Heimild: Kaupþing banki hf.

„Svo við fórum og „rístrúkeruðum“ þetta með Credit Suisse og okkar liði, seldum hluta af þessu, Credit Suisse fjármagnaði hluta af þessu og við fjármögnum þetta tvennt hlutfallseignum í gegnum „trusts“ sem að bankinn átti ekki, en var svona undir „control“ bankans.“

Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 95.

Tafla 12. Heildarlán til starfsmanna Kaupþings og eignarhaldsfélaga þeirra

M. kr.	2005	2006	2007	2008
Aðrir / Aðrir	9.247	16.470	20.001	23.416
Ingvar Vilhjálmsson/Ingvar Vilhjálmsson	770	1.931	2.861	5.084
Ingólfur Helgason/Ingólfur Helgason	–	1.800	2.450	3.469
Guðný Arna Sveinsdóttir/Guðný Arna Sveinsdóttir	–	614	1.058	1.547
Örvar Kærnested/Örvar Kærnested	–	935	978	–
Bjarki H. Diego/Bjarki H. Diego	–	809	915	1.145
Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson/Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson	–	1.611	–	–
Sigurður Einarsson/Sigurður Einarsson	–	3.190	3.331	7.805
Hreiðar Már Sigurðsson/Hreiðar Már Sigurðsson	–	1.170	–	–
Kristján Arason/Kristján Arason	–	949	1.159	1.213
Þórarinn Sveinsson/Þórarinn Sveinsson	–	992	1.543	–
Steingrímur P. Kárason/Steingrímur P. Kárason	–	1.011	1.512	2.274
Hreiðar Már Sigurðsson ehf/Hreiðar Már Sigurðsson	–	3.470	4.246	5.864
Frosti Reyrrúnarsson/Frosti Reyrrúnarsson	–	712	1.038	1.368
Stefán Ákason/Stefán Ákason	–	508	600	707
Hannes Frímánn Hrólfsson/Hannes Frímánn Hrólfsson	–	678	1.313	2.273
Svali H. Björgvinsson/Svali H. Björgvinsson	–	–	649	772
THSV ehf/Þórarinn Sveinsson	–	–	592	907
Þorlákur Runólfsson/Þorlákur Runólfsson	–	–	712	1.456
Guðni Niels Aðalsteinsson/Guðni Niels Aðalsteinsson	–	–	726	1.285
7 hægr ehf/Kristján Arason	–	–	–	1.806
Helgi Sigurðsson/Helgi Sigurðsson	–	–	–	549
Vilhjálmur Vilhjálmsson/Vilhjálmur Vilhjálmsson	–	–	–	558
Ingvar Vilhjálmsson ehf/Ingvar Vilhjálmsson	–	–	–	5.706
HFH ehf/Hannes Frímánn Hrólfsson	–	–	–	2.412
RST ehf/Guðni Niels Aðalsteinsson	–	–	–	1.261

Starfsmenn sem hafa fengið yfir 500 milljónir að láni frá Kaupþingi.

Heimild: Kaupþing banki hf.

eða tæplega 10% af eiginfjárgrunni bankans.⁹⁹ Lánin stóðu í 60 milljörðum króna við fall bankans í byrjun október 2008.

IFRS reikningsskilastaðlar gera ráð fyrir að sölurétti beri að draga frá eiginfjárgrunni félags.¹⁰⁰ Stjórnendur Kaupþings leituðu því leiða til að haga þessari tegund hvatalauna, þ.e. lánnum til hlutabréfakaupa með sölurétti á bréfunum fyrir andvirði veðsins við lántöku, á annan veg með atbeina endurskoðenda bankans. Lausnin fólst í því að veita lán með 10% sjálfsskuldarábyrgð starfsmannsins á höfuðstól og vöxtum þess gegn því að starfsmaður félli frá söluréttinum. Yfirlýsing vegna niðurfellingar söluréttar var send Kauphöll Íslands 31. desember 2005. Kveðið var á um að til veðkalla vegna öflunar frekari trygginga kæmi ef virði veða færi niður fyrir 90% af höfuðstól lána að teknu tilliti til vaxta. Bankinn knúði ekki fram veðköll þegar bréfin tóku að lækka árið 2007 og veðþekja fór niður fyrir tilskilin mörk þar sem stjórnendur leituðu að „annarri lausn“, sbr. ummæli Guðmundar Þórðar Guðmundssonar hér á eftir.¹⁰¹ Endurskoðendur bankans virðast þó ekki

99. Sjá fréttatilkynningu Kaupþings frá 29. mars 2004 um niðurstöður aðalfundar og „Report of Compensation Committee to the Board of Directors in Munich,“ september 2005, liður 4.

100. Sjá umfjöllun um eigið fé í köflum 9 og 11. Sjá einnig skýrslu Sigurðar Jónssonar, Sæmundar Valdimarssonar og Reynis Stefáns Gylfasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. júlí 2009, bls. 54.

101. Skýrsla Bjarkar Þórarinsdóttur og Guðmundar Þ. Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. september 2009, bls. 33.

hafa litið til sambands eiginfjárgrunns bankans og lána til starfsmanna fyrir hlutabréfum í bankanum fyrr en á þeim tímapunkti, þ.e. þegar hlutabréf í bankanum tóku að lækka og virði veðanna þar með. Fyrir rannsóknarnefnd var ytri endurskoðandi Kaupþings, Reynir Stefán Gylfason, spurður hvort hann hefði kynnt sér reglur í öðrum löndum um reikningslega meðferð á lánnum hlutafélag til starfsmanna í því skyni að kaupa hlutabréf í félaginu. Svar Reynis hljóðaði svo:

„Nei, við sem sagt, þegar að þetta var, 2005, þá var náttúrulega innleiðing á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og þá fór fram gríðarleg umræða, annars vegar innan bara okkar félags hérna innanhúss á Íslandi, KPMG, jafnframt á milli endurskoðunarskrifstofa sem voru þá með þessi, þessa banka, [...] við spurðum, ég meina, hvernig eru menn að meðhöndla lán til starfsmanna með veði í eigin bréfum. Þar kom einhvers staðar fram að slíkt væri óheimilt, t.d. ef ég man rétt í Lúxemborg. Þannig að við fengum aldrei komment, sagt: Heyrðu, þetta er óeðlilegur gjörningur, þetta ætti aldrei ...“¹⁰²

Aðspurður hver munurinn væri á því að veita sölurétt annars vegar og hins vegar að veita lán, án ábyrgðar, svaraði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, á þessa leið: „Ég hugsa að það sé eitthvað lítill munur á því.“¹⁰³

Í þessu sambandi má geta þess að lánveitingar af því tagi sem Kaupþing og Glitnir veittu starfsmönnum sínum hafa verið bannaðar í Bandaríkjunum frá árinu 1950 samkvæmt lögum um innstæðutryggingarsjóð þar í landi en þau eiga rætur að rekja til ársins 1828.¹⁰⁴

Fyrirsvarsmenn bankans virðast hafa lagt hart að starfsmönnum að taka við háum lánnum til kaupa á hlutabréfum og fyrirtækjamening sú er við lýði var innan bankans hneig einnig í þá átt. Guðmundur Þórður Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, lýsti þessu með eftirfarandi hætti: „[...] ef þú sest niður með yfirmanni þínum: Heyrðu, ég bara hef ekki efni á að taka svona stórt lán hjá þér. Hann: Mér finnst að, þú átt að taka þetta. Ég: Nei, veistu að mér líst ekki á þetta, ég er ekki með nógu há laun til þess að standa undir þessu hérna. Hann: Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því, það eru, áhætta þín er í raun og veru mjög takmörkuð eða engin. Þú tekur þetta hér.“¹⁰⁵

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd kom fram hjá Hreiðari Má Sigurðssyni að heildarlánveitingar bankans til starfsfólks vegna kaupa þess á hlutabréfum í bankanum á framangreindum grundvelli hefðu numið 50

102. Skýrsla Sigurðar Jónssonar, Sæmundar Valdimarssonar og Reynis Stefáns Gylfasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. júlí 2009, bls. 56.

103. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 104.

104. Lög um innstæðutryggingarsjóð Bandaríkjanna, Federal Deposit Insurance Act, kafli 18 (v): Loans by insured institutions on their own stock. (1) General prohibition. No insured depository institution may make any loan or discount on the security of the shares of its own capital stock. (2) Exclusion. For purposes of this subsection, an insured depository institution shall not be deemed to be making a loan or discount on the security of the shares of its own capital stock if it acquires the stock to prevent loss upon a debt previously contracted for in good faith. [Codified to 12 U.S.C. 1828(v)] [Source: Section 2[18(v)] of the Act of September 21, 1950 (Pub. L. No. 797; 64 Stat. 882), effective September 21, 1950, as added by section 1207(b) (2) of the Act of December 27, 2000 (Pub. L. No. 106–569; 114 Stat. 3034), effective December 27, 2000] Sjá nánar: <http://www.fdic.gov/regulations/laws/rules/1000-2000.html>.

105. Skýrsla Bjarkar Þórarinsdóttur og Guðmundar Þ. Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. september 2009, bls. 54.

„Ef ég væri að stofna banka í dag þá mundi ég ekki byggja svona kerfi aftur, það er mitt – ég held að það hafi ekki verið gott kerfi. [...] Þetta er bara mjög sárt hvernig þetta hefur farið og hvað þetta hefur valdið fyrrum samstarfsmönnum mínum miklum vandræðum.“

Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009.

milljörðum króna. Miðað við áður nefnda 10% sjálfskuldarábyrgð á höfuðstól námu persónulegar skuldbindingar starfsfólks því um 5 milljörðum króna.¹⁰⁶ Um þetta komu m.a. fram hjá Hreiðari Má þau sjónarmið sem vitnað er til hér til hliðar.

Þegar kom að þeim tíma að það reyndi hugsanlega á veðköll síðla árs 2007 vegna 10% sjálfskuldarábyrgðar starfsmanna á lánunum var ekki hlaupið að því fyrir þá að selja hlutabréfin í Kaupþingi til að mæta veðköllum. Samkvæmt 7. gr. lánessamninga sem starfsmenn undirrituðu vegna lána með veðum í hlutabréfum Kaupþings var óheimilt að selja eða veðsetja bréfin fyrr en lánið væri að fullu greitt. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra lögfræðisviðs bankans, seldu starfsmenn aðeins 0,9% af heildarhlutafé sínu á árinu 2006, 2,2% á árinu 2007 og 0,6% á árinu 2008. Það kom þó ekki aðeins til af tryggð heldur einnig vegna nefndra kvaða sem mælt var fyrir um gagnvart starfsmönnum í lánasamningum. Starfsmenn Kaupþings áttu á þessum tíma samtals ríflega 7% í bankanum.

Starfsmenn Kaupþings sem gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefnd 4. september 2009 mátu það svo að bankinn hefði í raun með þessu haldið í „gíslingu“ mörgum starfsmönnum sem tekið höfðu lán af þessu tagi. Fyrirsvarsmenn bankans hefðu stöðugt veitt sama svarið þegar starfsmenn báru sig eftir heimildum til að selja bréfin og mæta veðköllum. Það var á þann veg að verið væri að skoða málið.¹⁰⁷

Í fyrrnefndri skýrslutöku sagði Guðmundur Þórður Guðmundsson: „Í samningnum er líka kveðið á um að þegar þetta er komið niður fyrir ákveðna þekju, þá eigi að koma veðkall frá bankanum, ef að því er ekki sinnt, þá megi bankinn leysa til sín bréfin og já, gera upp í raun og veru lánin og í raun og veru, þegar var bent á þetta, þá var sagt: Það er sem sagt verið að leita að annarri lausn. Og þetta er auðvitað vísbending um það að það mátti aldrei sýna veikleika með því að selja bréf í raun og veru. Og þetta náttúrulega er þannig að ég vil meina það að þú varst með stóran hóp starfsfólks sem var í raun og veru, þetta var bara hreint út, í bara gíslingu í meira en ár og jafnvel lengri tíma hjá banka með þessa stöðu. Nema það bara að segja upp eða hætta og þá vissi kannski fólk ekki í raun og veru hver staða þess var ef það hefði tekið upp á því. [...] Hagsmunirnir voru það miklir, alveg satt, ef við sýnum veikleika, ef lykilstjórnendur, stór hópur lykilstjórnenda fer að selja bréfin sín í bankanum, þá bara hrynur þetta [...].“¹⁰⁸

Í greinargerð framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Kaupþings sem afhent var rannsóknarnefnd í mars 2009 sagði til skýringar þessu:

„Samkvæmt reglum bankans var starfsmönnum ekki heimilt á þessum tíma [árið 2005] að stofna félög utan um fjárfestinguna þar sem Fjármálaeftirlitið taldi að eignarhaldsfélög starfsmanna brytu í bága gegn gagnsæisreglum á fjármálamarkaði (sjá reglur bankans sem staðfest var af FME). Enginn vafi er á því að starfsmenn bankans hefðu sett þessi kaup inná félag ef afstaða FME á þessum tíma hefði ekki komið í veg fyrir það. Því ráða ekki aðeins sjónarmið um áhættu heldur einnig hrein hagkvæmnissjón-

106. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 113.

107. Skýrsla Bjarkar Þórarinsdóttur og Guðmundar Þórðar Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. september 2009, bls. 33.

108. Skýrsla Bjarkar Þórarinsdóttur og Guðmundar Þórðar Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. september 2009, bls. 33.

armið varðandi möguleika starfsmanna að draga frá fjármagnskostnað. [...] Reynt var að líkja eftir félagaforminu með því að takmarka ábyrgð starfsmanna við 10% persónulega ábyrgð auk trygginga sem fólust í undirliggjandi andvirði verðmæti hlutanna, sem á þessum tíma var verulega hærra en lánsfjárhæðin. Lagt var til grundvallar að bréfin yrðu seld ef tryggingaþekjan færi niður fyrir 120% mörk og þannig væri útilokað að starfsmenn gætu orðið fyrir fjárhagslegum skaða.“

Að minnsta kosti hluti stjórnenda Kaupþings fylgdi því eftir að koma lánunum úr persónulegri ábyrgð sinni. Þann 12. desember 2006 sendu Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kaupþings Lúxemborg, og Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupþings Singer & Friedlander, tölvubréf af netfangi Magnúsar til Sigurðar Einarssonar og Hreiðars Más Sigurðssonar og afrit á Ármann Þorvaldsson. Í bréfinu kom fram hugmynd um að stjórnendurnir gætu losað sig undan persónulegri ábyrgð vegna lánanna þannig að Kaupþing bæri alla áhættu. Tekið skal fram að innan hornklofa eru skýringar rannsóknarnefndar á hugtökum sem skammstöfuð eru í bréfinu:

„Sæll Siggí og Hreiðar

Þar sem að Ármann er búinn að ræða þetta við ykkur höfum við talað okkur saman (samtök loyal CEOa) og komist að þessari hugmynd um bréf okkar í bankanum:

1. Við stofnum SPV (hver um sig) [eignarhaldsfélag eða Special Purpose Vehicle] og setjum öll bréf og lán í það félag.
2. Við fáum viðbótarlán uppá að 90% LTV [Loan to Value, eða 90 krónur að láni fyrir hverjar 100 sem eru í félaginu þegar] sem þýðir að við tökum út einhvern pening strax.
3. Við fáum heimild fyrir að fá lánað meira ef gengi KB hækkar sem nemur 90% LTV upp að genginu 1000. Þannig að ef gengið fer yfir 1000 þá getum við ekki fengið meira lánað.
4. Bankinn hefði engin margincall á okkur og myndi taka á sig fræðilegt tap ef að yrði

Við hefðum áhuga á að nota hluta af þessu fjármagni til að setja inní Kaupthing Capital Partners (principal investment sjóður bankans)

Kveðja Magnús og Ármann

Eins og við höfum sagt áður þá höfum við rætt þessa hugmynd við Ingólf líka.“

Tölvubréf Magnúsar og Ármanns lýsir tiltekinni afstöðu meðal æðstu stjórnenda bankans um hvernig binda eigi saman hag hluthafa og stjórnenda. Tillagan sem þarna er sett fram felst í því að stjórnendur geti innleyst áhættulausan hagnað sinn með því að leggja stöðugt meiri áhættu á bankann og hluthafa. Þeir leggja til að eignarhaldsfélög þeirra taki við bréfum sem þegar hafa verið veðsett í bankanum og fái enn frekari lán frá bankanum. Með þessu hefðu þeir getað greitt arð út úr félögunum með lánunum og veðsett alla þá hækkun sem orðið hafði á bréfunum síðan þau voru fyrst veðsett. Þess má geta að Ármann færði lán sín yfir í eignarhaldsfélag í janúar 2007 en Hreiðar Már hafði gert það vorið 2006.

Félagið Kaupthing Capital Partners II Fund L.P. (KCPII/Master) virðist m.a. hafa verið notað í sama tilgangi og Magnús og Ármann lýstu í tölvubréfi sínu. Sjóðurinn átti einnig að halda utan um fjárfestingar Kaupþings í óskráðum bréfum og var opinberlega kynntur sem lokaður sjóður í eigu félagsins, fagfjárfesta og viðskiptavina bankans í einkabankaþjónustu hans.¹⁰⁹ Hinn 14. desember samþykkti lánanefnd stjórnar Kaupþings lán Kaupþings Lúxemborg til starfsmanna eða eignarhaldsfélaga í þeirra eigu sem námu allt að 137 milljónum sterlingspunda til að fjárfesta í félaginu KCPII.¹¹⁰ Um 47 milljónir punda skyldu skiptast milli eftirtalinna aðila:

Tafla 13. Lán Kaupþings til stjórnenda bankans til kaupa á hlutum í Kaupthing Capital Partners II Fund

<i>Nafn</i>	<i>Lánsfjárhæð, milljónir punda</i>
Hreiðar Már Sigurðsson ehf	10,0
DAB ehf (Bjarki Diego)	2,5
Ármann Þorvaldsson	2,5
Ingvar Vilhjálmsson	5,0
Hannes Frímann Hrólffson	2,5
Guðni Niels Aðalsteinsson	2,5
Tim Cocroft	0,5
Jónas Sigurgeirsson	0,5
The Purple Trust (Helgi Bergs)	10,0
Sekula KCP B Trust (Frank Sekula)	1,0
The S Invest Trust (Sigurður Einarsson)	10,0
Alls	47,0

Heimild: Kaupþing banki hf.

Á sama lánanefndarfundi tók nefndin fyrir umsókn KCPII/Master um að Kaupþing myndi veita félaginu bankaábyrgð (e. back up guarantee) að hámarki 45 milljónir evra. Að auki fór fjárfestingarsjóðurinn KCPII Fund sjálfur fram á lán sem nam alls 84 milljónum sterlingspunda (þá um 120 milljónir evra) til að fleyta félaginu yfir tímabundinn lausafjávanda. Tilgangur félagsins er fremur óljós af fundargerð lánanefndar að dæma en því var ætlað að „fjárfesta í fyrirtækjum á sanngjörnum verðum, með hagnaðarmöguleika og skapa sjóðstreymi, sem hafa þegar komið sér vel fyrir á markaði og hafa skýrar leikáætlanir til að byggja upp virði fyrir hluthafana með innri vexti og/ eða yfirtökum“.¹¹¹

Þar sem lánsupphæðin sem KCPII sóttist eftir var það há að hún taldist stór áhættuskuldbinding fyrir Kaupþing Lúxemborg (sem miðaðist við 84 milljónir evra) fór sjóðurinn fram á að móðurfélagið Kaupþing á Íslandi veitti ábyrgð fyrir því sem út af stæði, upp að 120 milljónum evra. Veð Kaupþings Lúxemborg fyrir lánunum voru bréfin í sjóðnum sjálfum sem og bréf starfsmanna sem stóðu að sjóðnum í Kaupþingi. Ekki fylgir nákvæm útlistun á veðunum í fundargerð lánanefndar. Hinn 31. ágúst 2008 var KCPII/Master með 83,6 milljónir evra að láni hjá Kaupþingi Lúxemborg.

109. Sjá einnig: <http://www.kaupthing.com/lisilib/getfile.aspx?itemid=16295>.

110. „Minutes Credit Committee of the Board of Kaupthing Bank hf. 24th meeting, 14/12 2007 time 15:30.“ Fundargerð lánanefndar stjórnar - nefndarmenn voru: Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson, Bjarnfreður H. Ólafsson, Gunnar Páll Pálsson. Aðrir viðstaddir voru Bjarki H. Diego, Steingrímur Kárasón og Guðrún Harðardóttir (sem skrifaði fundargerð).

111. „Minutes Credit Committee of the Board of Kaupthing Bank hf. 24th meeting, 14/12 2007 time 15:30.“

Aðrir starfsmenn sem nutu lánaþyrirgreiðslu með afgreiðslu lánanefndar stjórnar skv. fylgiskjölum fundargerðarinnar (nefndir KCPII Investors) til kaupa í KCPII/Master, og sem lögðu fram 10% eigið fé á móti láninu, voru:

Tafla 14. Lán og eiginfjárframlag starfsmanna Kaupþings í Kaupthing Capital Partners II Fund

<i>Starfsmaður</i>	<i>Framlag</i>	<i>Lán frá Kaupþingi, þúsundir punda</i>
David Sherratt	100,0	9.900
Ben Barnett	70,0	6.930
The Kappi Trust [Gunnar Páll]	70,0	6.930
Forbes Stuart	50,0	4.950
Par Pettersen	25,0	2.475
The Nanu Trust [Sveinn Sölva]	20,0	1.980
Erling Astrup	20,0	1.980
Karl Skjalbred	20,0	1.980
Martin Hawkes	10,0	990
Sekula KCP A Trust [Frank Sekula]	22,0	2.178
Jóhann Pétur Reyndal	20,0	1.980
Þórólfur Jónsson	20,0	1.980
Ben Lee	20,0	1.980
Tim Cavanagh	10,0	990
The Hagnesta Hill Trust	10,0	990
Umar Ali	30,0	2.970
Andreas Rode	10,0	990
Kim Evjenth	16,7	1.666
Lars-Henrik Rören	33,3	3.333
Didrik Kjeldahl	16,7	1.666
Morten Nystrum	4,2	416
Anne Gjören	12,5	1.250
Johan Gustafsson	16,7	1.666
Alls	627,0	62.170

Heimild: Kaupþing banki hf.

Lánin vegna fjárfestinga starfsmanna í Kaupthing Capital Partners II Fund námu því a.m.k. um 109 milljónum punda eða ríflega 19 milljörðum króna miðað við gengi krónunnar við fall bankans. Kaupþing Capital Partners II fékk svo samþykka lánaþyrirgreiðslu fyrir alls 137 milljónir punda¹¹² sem samsvarar 24 milljörðum króna miðað við gengi íslensku krónunnar og sterlingspunds 30. september 2008. Stærstur hluti þessara 43 milljarða króna vegna Kaupthing Capital Partners (19 milljarðar beint til stjórnenda) er því viðbót við þá 45 milljarða sem æðstu stjórnendur Kaupþings höfðu þegar fengið í lán hjá bankanum í árslok 2007.

Hvað varðar lán starfsmanna á Íslandi skal tekið fram að ekki færðu starfsmenn lán og hlutabréf sín yfir í eignarhaldsfélög ef undan eru skildir fjórir starfsmenn sem fengu til þess sérstakt leyfi Hreiðars Más Sigurðssonar og Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur, fjármálastjóra, árið 2008. Það voru Kristján Arason (febrúar 2008), Ingvar Vilhjálmsson (október 2008), Hannes Frímann Hrólfsón (október 2008) og Guðni Niels Aðalsteinsson (október 2008). Bjarki Diego, framkvæmdastjóri, hafði stofnað eignarhaldsfélagið DAB ehf. í

112. „Minutes Credit Committee of the Board of Kaupthing Bank hf. 24th meeting 14/12 2007 time 15:30“, bls. 2.

Tafla 15. Færsla starfsmanna Kaupþings á eignarhluta og skuldum af persónulegri kennitölu yfir í eignarhaldsfélag árið 2008

Nafn starfsmanns	Nafn eignarhaldsfélags	Mánuður færslunnar	Upphæðir í milljónum króna	
			Upphæð láns fært yfir	Upphæð láns á eigin kennitölu eftir færslu
Guðni Niels Aðalsteinsson	RST ehf	Október 2008	1.261	15
Hannes Frimann Hrólfsson	HFH ehf	Október 2008	2.411	18
Ingvar Vilhjálmsson	Ingvar Vilhjálmsson ehf	Október 2008	5.700	20
Kristján Arason	7 hægri ehf	Febrúar 2008	1.202	–

Heimild: Kaupþing banki hf.

ágúst 2007. Lán Bjarka með veðum í Kaupþingi voru þó að stærstum hluta tekin í hans eigin nafni en hlutabréf í Kaupþingi sem voru veðandlag lánsins voru færð sem eign eignarhaldsfélagsins í apríl 2008, alls um 1,5 milljónir hluta, þá að verðmæti um 1,3 milljarðar króna.

Bjarki H. Diego var skráður fruminnherji í Kaupþingi. Einkahlutafélag hans, DAB ehf., hefði átt skv. reglum að vera á skrá hjá Fjármálaeftirlitinu sem félag fjárhagslega tengt fruminnherja en var það ekki. Þannig var ekki tilkynnt um kaup Bjarka á hlutabréfunum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar en hér var um kaup fruminnherja að ræða.

Sama á við um Guðna Niels Aðalsteinsson og félag hans RST ehf. en viðskipti þessara aðila voru ekki tilkynnt til Kauphallarinnar eins og reglur kveða á um. Guðni var skráður fruminnherji í Kaupþingi og einkahlutafélag hans RST ehf. var skráð sem fjárhagslega tengdur aðili.

Rammagrein 4

Í fundargerðinni fyrir 24. fund lánanefndar stjórnar Kaupþings þann 14. desember 2007 kemur eftirfarandi fram á bls. 2:

Kaupthing Capital Partners II Fund

The request is of a Back up Guarantee in the amount of maximum EUR 45m. Kaupthing Luxembourg has granted Kaupthing Capital Partners II Fund, an approval of a loan request in the total amount of GBP 84m (approx. EUR 120m) to cover temporary cash flow needs. Kaupthing Capital Partners II Fund L.P. (KCPII) is constituted based on a Limited Partnership Agreement between KCP II efg (Iceland) as Founder Partner and The Limited Partners. The Fund will, through the Investment Manager, target companies which are accessible at reasonable prices, are profitable and cash generative, which occupy established market positions and have a clear strategy to build shareholder value through organic and/or acquisition-led growth. Since the amount of the requested facility exceeds KBLUX large exposure limit (Currently EUR 82m) the difference up to approx. EUR 120m will have to be covered by a Guarantee from KBICE.

The Guarantee fee will be as follows:

- 1.2% p.a. for the guaranteed amount corresponding to the utilised portion of the committed facility.
- 0.6% p.a. for the guaranteed amount corresponding to the unutilised portion of the committed facility.

The Board Credit Committee approved the request.

Kaupthing Capital Partners II Fund - Employees

An approval of loan facilities in the amount of up to GBP 137m is sought. The purpose is to invest in Kaupthing Capital Partners II Fund L.P. The borrowers are Kaupthing Bank employees, requesting up to GBP 47m, and a holding company which will be in the ownership of the Fund employees and key employees of Investment Banking, requesting up to GBP 90m.

The GBP 47m will be divided between the following individuals/entities:

Hreiðar Már Sigurðsson ehf	10,0
DAB ehf (Bjarki Diego)	2,5
Ármann Þorvaldsson	2,5
Ingvar Vilhjálmsson	5,0
Hannes Frímánn Hrólfsson	2,5
Guðni Niels Aðalsteinsson	2,5
Tim Cocroft	0,5
Jónas Sigurgeirsson	0,5
The Purple Trust (Helgi Bergs)	10,0
Sekula KCP B Trust (Frank Sekula)	1,0
The S Invest Trust	10,0
Total GBP	47,0

Maturity will be 1 year, margin L+1.75%.

A pledge will be taken in the invested participation of the fund as well as all shares in Kaupthing Bank held by the employees in question.

The Board Credit Committee approved the request but recommended that the Board of Directors of Kaupthing Bank, or its appropriate sub-committees, would put down directions on transactions between employees of Kaupthing Bank hf. and funds administered by the bank.

The approval of granting loans to Sigurdur Einarsson and Hreiðar Mar Sigurdsson is in line with a resolution made at the 329th meeting of the Board of Directors of Kaupthing Bank hf., where, in accordance with article 57 of Act No. 161/2002 on Financial Undertakings and Internal Control and Procedural Handbook, the board agreed to grant Sigurdur Einarsson and Hreiðar Mar Sigurdsson a loan of 10 million GBP each due to investments in KCP II., based on normal terms and monitored by the internal auditor in accordance with general rules.

Þar sem Magnús Guðmundsson (forstjóri Kaupthing Bank Luxembourg) og Ármann H. Þorvaldsson (forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander) voru báðir starfsmenn dótturfélaga Kaupþings kemur skuldastaða þeirra (eða eignarhaldsfélaga í þeirra eigu) ekki fram á þeim myndum sem hér eru sýndar að ofan. Samkvæmt lánabókum og skýrslu innri endurskoðunar Kaupþings frá 30. júní 2008 var skuldastaða Magnúsar 3,1 milljarður kr. en tryggingaþekja lánsins var á þeim tíma komin niður í 84%. Félagið Ármann Þorvaldsson ehf. skuldaði móðurfélaginu 3,5 milljarða á sama tíma og tryggingaþekja var 83%.¹¹³ Magnús stofnaði eignarhaldsfélagið Magnús Guðmundsson ehf. í júní 2008 en félagið átti ekki í neinni starfsemi það árið og er skuldlaust skv. ársreikningi 2008 og lánabókum móðurfélags Kaupþings.

113. „Employee Equity Loans – Missing Collateral.“ Skýrslur innri endurskoðunar Kaupþings 30. júní 2008.

Í greinargerð framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Kaupþings sem rannsóknarnefndinni var afhent í mars 2009 segir til skýringar þessu:

„Á árinu 2006 féll FME frá þeirri afstöðu sinni að leggjast gegn því að starfsmenn stofnuðu eignarhaldsfélög um kaup á hlutum. Á stjórnarfundum 24. maí 2006 var samþykkt að veita forstjóra félagsins heimild til þess að stofna félag utan um hlutafé sitt í bankanum. Í fundargerð var bókað að öll persónuleg ábyrgð hans á skuldum falli niður. Starfsreglum bankans var breytt til samræmis við þetta.

[...]

Þegar verð hluta lækkaði á árinu 2007 var bankanum nokkur vandi á höndum að nýta sér hefðbundin ákvæði um veðköll bréfanna. Ástæðan var sú að slík innlausn hefði kallað á tilkynningar til Kauphallar um stórfelldar sölur starfsmanna á hlutafé í bankanum sem hefði óhjákvæmilega vakið mikla tortryggni hjá öðrum hluthöfum bankans, greiningaraðilum og fjárfestum almennt. [...] Þegar starfsmenn óskuðu eftir uppgjöri á lánunum ákvað bankinn að nýta sér ekki skilmála í bréfunum um veðköll en fullvissaði starfsmenn bankans hins vegar um það að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að gengið yrði að skuldinni á þá persónulega.“

Framangreind frásögn er á sama veg og kom fram í bréfi sem stjórnarformaður félagsins, Sigurður Einarsson, skrifaði frá London 26. janúar 2009 og sagt var til vina og vandamanna en birtist á opinberum vettvangi, á vefsíðum svo sem mbl.is:¹¹⁴

„Þegar verð hlutanna lækkaði á árinu 2007 var bankanum nokkur vandi á höndum að nýta sér hefðbundin ákvæði um veðköll hlutabréfanna. Ástæðan var sú að stórfelldar sölur starfsmanna á hlutafé í bankanum hefðu óhjákvæmilega vakið mikla tortryggni hjá öðrum hluthöfum bankans, greiningaraðilum og fjárfestum almennt. Til viðbótar þessu höfðu einstakir starfsmenn bankans stöðu innherja sem torveldaði sölu hlutanna enn frekar.“


Á stjórnarfundum 25. september 2008 samþykkti stjórn Kaupþings að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna þannig að ábyrgð þeirra takmarkaðist við þær tryggingar sem lagðar hefðu verið fram þegar lánin voru veitt.

Þau lán sem Kaupþing hafði veitt Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni bankans, til hlutabréfakaupa í bankanum stóðu í um 6,3 milljörðum hjá móðurfélagi Kaupþings við fall bankans. Þá eru ótalin lán frá Kaupþingi Lúxemborg til félaga í eigu Sigurðar, s.s. The S Invest Trust og Themisto S.A., en það síðarnefnda var samkvæmt bókum Kaupþings í Lúxemborg með a.m.k. 10 milljónir evra að láni, sjá frekari umfjöllun um Kaupthing Capital Partners II Fund.

10.5.2.3 Árangurstenging launa starfsmanna Kaupþings

Að undanskilinni lánaþyrirgreiðslu til kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi fólust árangurstengdar greiðslur starfsmanna Kaupþings að mestu í bónusgreiðslum. Kaupréttarsamningar sem árangurstengd laun voru á undanhaldi í bankanum allt frá 2005 til falls hans. Ákvarðanir um upphæðir bónusgreiðslanna voru í höndum forstjóra, stjórnarformanns, framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs og starfsmannastjóra. Rannsóknarnefnd Alþingis fær ekki séð af athugun sem hún hefur gert að bónusgreiðslurnar hafi verið tengdar rekstrarárangri bankans með kerfisbundnum hætti heldur virðast þær hafa verið háðar huglægu mati stjórnenda.

Mynd 63
Skuldastaða Sigurðar Einarssonar
gagnvart móðurfélagi Kaupþings



Hver litur endurspeglar lánanúmer tiltekins láns og þá mynt sem lánið er tekið í.
Heimild: Kaupþing banki hf.

114. Sótt á vef: <http://www.mbl.is/media/39/1639.pdf>.

Til marks um bónusákvæðanir æðstu stjórnenda Kaupþings er m.a. tölvubréf sem Sigurður Einarsson, stjórnarformaður, sendi Magnúsi Guðmundssyni, forstjóra Kaupþings Lúxemborg, 9. júlí 2008. Vitnað er til tölvubréfsins hér til hliðar og í beinu framhaldi til svars Magnúsar, sem sent var samdægurs frá BlackBerry Wireless Handheld símtæki.

Það er athyglisverð þróun að bónusgreiðslur til stjórnenda eru hæstar á árinu 2008. Á sama tíma og rekstur bankans var erfiður, lausafjárþröng hrjáði hann og verð á hlutabréfum hans féllu í verði fengu stjórnendur hærri bónusa en dæmi voru um áður. Bónusarnir fóru úr 1,3 milljónum kr. að meðaltali á mánuði árið 2007 í 2,1 milljón kr. að meðaltali á mánuði árið 2008. Upphæðir bónusa til helstu lykilstjórnenda, s.s. Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur, fjármálastjóra, Guðna Nielsar Aðalsteinssonar, yfirmanns fjárstýringar, Steingríms Kárasonar, yfirmanns áhættustýringar, og fleiri, hækkuðu úr 15 milljónum kr. fyrir fyrri árs helming 2007 í 25 milljónir kr. fyrir fyrri árs helming 2008.¹¹⁵ Þetta á þó ekki við um þá aðila sem voru með allra hæstu launin, svo sem Hreiðar Mátísson forstjóra, en bónusgreiðslur hans lækkuðu úr 6,2 milljónum kr. á mánuði árið 2007 niður í 3,5 milljónir kr. á mánuði að meðaltali árið 2008. Árshlutauppgjör Kaupþings sýna að afkoma bankans batnaði ekki á þessu tímabili en hagnaður á hvern hlut á fyrri árs helmingi 2007 var 34,6 krónur á hlut en 21,5 krónur á hlut á fyrri árs helmingi 2008.

10.5.3 Starfskjör forstjóra og stjórnarformanns Kaupþings

10.5.3.1 Samningar við Sigurð Einarsson

Sigurður Einarsson var ráðinn forstjóri Kaupþings 16. september 1997. Mánaðarlaun hans samkvæmt ráðningarsamningi voru 550 þúsund krónur á mánuði. Skyldu launin hækka í samræmi við almennar hækkanir launa á vinnumarkaði í kjarasamningum. Bónusgreiðslur forstjórans yrðu 2% af hagnaði Kaupþings eftir skatta samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri fyrir liðið starfsár ef hagnaður næði 15% af arðsemi eigin fjár eins og það var í upphafi liðins starfsárs, en 3% ef arðsemin færi yfir 20% af eigin fé.¹¹⁶ Færi hagnaður eftir skatta yfir 30% fengi forstjórinn 4% af hagnaði í bónus.

Framlag Kaupþings í lífeyrissjóð Sigurðar var alls 26% af föstum mánaðarlaunum hans, þ.e. 20% til viðbótar lögbundnu lágmarksframlagi, en móttframlag Sigurðar var 4%.

Ekki voru gerðar breytingar á ráðningarkjörum Sigurðar fyrr en 20. nóvember 2003, þegar hann var ráðinn stjórnarformaður Kaupþings banka hf. við sameiningu Kaupþings og Búnaðarbankans.¹¹⁷ Þá var gert samkomulag milli hans og félagsins um ráðningarkjör í hina nýju stöðu. Í grein 1.2. í samkomulaginu segir að laun fyrir hefðbundin störf stjórnarformanns séu ákveðin á hluthafafundi en laun fyrir sérstök verkefni hans (e. special tasks) séu ákveðin samkvæmt samkomulaginu.¹¹⁸ Í samkomulaginu er kveðið á um að hin sérstöku verkefni felist í því að stilla saman starfsemi hinna ýmsu útibúa og dótturfélaga Kaupþings milli landa og þannig tryggja að samsteypan vinni

„Hæ Magnús, Við gengum ekki frá bónus fyrir síðasta ár. Ég legg til 1 millj evrur. Hvað segir þú. Kv. Se.“

Tölvubréf Sigurðar Einarssonar til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 9. júlí 2008.

„Takk Meira en nog :-).“

Svar Magnúsar Guðmundssonar, dags. 9. júlí 2008, við tilvitnuðu tölvubréfi Sigurðar Einarssonar.

115. „Bónus H1 2008 Report.xls.“ Excel skjal í viðhengi við tölvubréf Ingólfs Helgasonar til Sigurðar Einarssonar, Hreiðars Mátíssonar og Svala Björgvinssonar, dags. 3. september 2008.

116. Ákvæði 2. gr. ráðningarsamnings Kaupþings hf. Ármúla 13a við Sigurð Einarsson, dags. 27. september 1997.

117. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 2.

118. „Agreement btn. Kaupthing Bunadarbanki and Sigurdur Einarsson, signed by him and Asgeir Thoroddsen. Date: 20. November 2003.“

sem ein heild að sama markmiði. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að stjórnarformaður Kaupþings banka þjóni fyrirtækinu einnig sem stjórnarformaður dótturfyrirtækja og útibúa en hljóti ekki sérstaka greiðslu fyrir þá þjónustu.

Laun fyrir þessi sérstöku verkefni voru ákveðin í samningnum alls 3,3 milljónir króna á mánuði en endurskoðun launakjaranna færi fram árlega. Bónusgreiðslur til stjórnarformannsins skyldu nema 2% af þeim hagnaði sem bankinn skilaði til hluthafa umfram 15% arðsemi eigin fjár. Bónusgreiðslurnar gætu þó aldrei orðið hærri en ársgrunnlaun sem voru samkvæmt þessum samningi 39,6 milljónir króna.

Kaupréttir voru hins vegar veittir í samningnum og voru þeir byggðir á sambærilegum samningum og gerðir höfðu verið við stjórnarformanninn 11. október 2000 (alls 8,2 milljónir á innlausnarverðinu 10,25), og söluréttur á bréfum í bankanum samkvæmt samningi frá 31. desember 2001 (söluréttur á 8 milljónum að nafnvirði í bankanum á 97,6 milljónir kr.). Hinn 30. júní 2003 skyldi stjórnarformanninum samkvæmt samningnum að auki veitt lán, alls rúmir 4 milljarðar kr., til kaupa á 1,5% hlut í bankanum en samningurinn skyldi taka gildi 1. júlí 2003. Gefinn yrði út söluréttur á bréfin á verði 30. júní 2003 en vaxtakostnaður vegna lánsins skyldi metinn til hækkunar verðsins. Ef Sigurður yrði skemur en 5 ár í starfi skyldi bankinn hafa kauprétt á bréfunum á verði sem næmi innlausnarverði (þ.e. því verði sem stjórnarformaðurinn hefði keypt bréfin á) að teknu tilliti til vaxtakostnaðar vegna lánsins, í hlutfalli við þau ár sem hann myndi starfa á því 5 ára tímabili.¹¹⁹

Samkvæmt framangreindu kvað samningur Sigurðar og Kaupþings á um að bankinn bæri í öllum tilvikum vaxtakostnað þess rúmlega 4 milljarða króna láns vegna kaupa á 1,5% hlut í bankanum sem kveðið var á um í samningnum að Sigurður fengi. Ef Sigurður hætti sem stjórnarformaður var mælt fyrir um kauprétt bankans á bréfum hans á því verði sem hann keypti þau upphaflega á en ofan á það verð legðist vaxtakostnaður lánsins fram til þess tíma sem hann hyrfi úr starfinu. Skyldi Sigurður hins vegar sitja í starfi samkvæmt því sem gert var ráð fyrir í samningnum og nýta sér sölurétt þegar lánið kæmi á gjald-daga, sem telja verður ljóst að hefði aðeins komið til ef markaðsvirði hlutabréfa Kaupþings væri Sigurði ekki hagstætt á því tímamarki, myndi bankinn kaupa af honum bréfin á upphaflegu verði (e. strike price) að viðbættum vaxtakostnaði lánsins. Áhættan af þessum gerningi lá því öll á bankanum sjálfum.

Lífeyrisgreiðslur Kaupþings til Sigurðar voru með óhefðbundnu sniði. Bankinn skyldi greiða 10% ofan á laun hans og bónusgreiðslur í lífeyrissjóð en það innihélt móttframlag vinnuveitanda. Þá gat hann lagt í lífeyrissjóð sinn að eigin vild af launum sínum (e. voluntary payments) en Kaupþing myndi greiða á móti í samræmi við almenn viðmið. Að auki myndi bankinn greiða 20% af grunnlaunum og bónusgreiðslum sem aukalega greiðslu í séreignarsparnað Sigurðar. Félagið setti það skilyrði að Sigurður ætti ekki frekari lífeyrskröfur á hendur því umfram það sem lagt var til hlíðar í séreignarlífeyrissparnað og sameignarsjóði sem Sigurður var aðili að.

119. „3.4. The Executive Chairman shall be entitled at the signing of this Agreement to purchase 1,5% of the outstanding shares in the bank on 30 June 2003 (ISK 4.060.000.000). The strike price shall be the share price at that date. If however his tenure is shorter than 5 years from 1 July 2003 the Bank has a call on him at the above strike price, with calculated interest, proportionally for every year that his tenure is shorter than 5 years. 3.5. The bank will issue a loan to the Executive Chairman – to enable him to buy the above shares. Furthermore the bank will issue a put option to the Chairman at the same strike price plus interest.“ „Agreement btn. Kaupthing Bunadarbanki and Sigurdur Einarsson, signed by him and Asgeir Thoroddsen. Date: 20. November 2003“, bls. 3.

Sigurður átti rétt á biðlaunum (e. severance pay) til 12 mánaða, tæki hann ekki endurkjöri sínu sem stjórnarformaður. Að öðrum kosti skyldu biðlaun vera 24 mánuðir. Honum skyldi óheimilt að þiggja laun hjá aðila sem stjórnin mæti sem samkeppnisaðila á meðan að hann þæði biðlaun frá bankanum.

Í ljósi neikvæðrar athygli sem kaupréttarákvæði samnings Sigurðar frá 20. nóvember 2003 fengu í opinberri umræðu á Íslandi var gerður nýr samningur við Sigurð 30. desember 2003, en samningur frá 20. nóvember s.á. var felldur úr gildi. Í yfirlýsingu Hreiðars Más Sigurðssonar og Sigurðar Einarssonar sem birtist í Kauphöllinni 21. nóvember 2003 segir: „Í ljósi umræðna um samning okkar um kaup á hlutabréfum í Kaupþingi Búnaðarbanka óskum við eftir að koma eftirgreindu á framfæri: [...] höfum við ákveðið að falla frá hinum nýgerða samningi um kaup á hlutabréfum í bankanum og orðið hefur að samkomulagi milli okkar og stjórnar Kaupþings Búnaðarbanka að efna til nýrra samningaviðræðna um kaup okkar og kjör. Í þeim viðræðum munum við sem fyrr leggja áherslu á að hagur hluthafa bankans og æðstu stjórnenda fari saman og sömuleiðis að kjör þeirra taki mið af því sem eðlilegt telst í samkeppnisumhverfi bankans.“

Samkvæmt hinum nýja samningi voru laun Sigurðar sem starfandi stjórnarformanns alls 740 þúsund krónur á mánuði fyrir árið 2003. Sérstök laun vegna formennsku í stjórn Kaupþings banka voru til viðbótar 300 þúsund krónur á mánuði fyrir árið 2003. Þannig yrðu heildarlaun hans fyrir árið 2003 alls 12.480.000 kr. Bónusgreiðslur fyrir árið 2003 skyldu vera 50 milljónir kr. vegna góðrar afkomu bankans.


Í grein 3.4. hins nýja samnings var kveðið á um að bankaráðið legði fram tillögu á aðalfundi félagsins 20. mars 2004 um að starfsmenn bankans ættu á hverjum tíma tilkall til þess að eiga allt að 7% af hlutafé bankans. Verð hlutanna skyldi vera á markaðsvirði þegar slíkt yrði boðið fram.¹²⁰ Sem þáttur í þessari stefnumótun skyldi stjórnarformanninum veitt um 4 milljarða kr. lán til kaupa á bréfum í bankanum með tilheyrandi sölurétti eins og lýst var í samningnum frá 20. nóvember 2003.

Samningurinn frá 30. desember 2003 skyldi taka gildi hinn 1. janúar 2004. Að öðru leyti en því sem að ofan er getið var hann samhljóða samningi þeim sem gerður hafði verið við Sigurð 20. nóvember 2003.

Viðauki var gerður við samninginn frá 30. desember 2003 þar sem kveðið var á um greiðslur til Sigurðar vegna starfa hans fyrir bankann í London en þangað flutti hann á árinu 2003. Þar skyldu laun hans vera 26 þúsund pund á mánuði en samningurinn frá 30. desember kvað á um laun í íslenskum krónum. Staðaruppbót skyldi greidd 4 þúsund pund á mánuði til viðbótar við grunnlaun. Flutningskostnaður skyldi greiddur til baka vegna flutninga hans sjálfs það árið til London, alls 40 þúsund pund. Einnig skyldi bankinn bera „sanngjarnan“ kostnað vegna flutninga fjölskyldu hans til London á árinu 2004. Þá skyldi bankinn einnig greiða „sanngjarna“ leigu fyrir ákjósanlegan húsakost handa Sigurði og fjölskyldu hans, sem væri „þægilega“ staðsettur í London.


120. „The Board of Kaupthing Bunadarbanki will make a proposal to the next Annual General Shareholders Meeting (to be held on 20 March 2004) that the policy of the Bank is that employees should at any time be entitled to own up to 7% of the total shares of the bank. Price per share shall be at market value when offered.“ „Agreement btn. Kaupthing Bunadarbanki and Sigurdur Einarsson, signed by him and Asgeir Thoroddsen. Date: 30. December 2003“, bls. 3.

Mynd 64
 Heildarlaun forstjóra Kaupþings
 Að meðaltali á mánuði




Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 65
 Grunnlaun forstjóra Kaupþings
 Að meðaltali á mánuði



Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 66
 Bónusgreiðslur til forstjóra Kaupþings
 Að meðaltali á mánuði



Heimild: Kaupþing banki hf.

Hinn 25. janúar 2005 var gerður nýr viðauki við ráðningarsamning Sigurðar í stað þess viðauka sem gerður hafði verið við samninginn frá 30. desember 2003. Við það féll hinn eldri viðauki frá 30. desember 2003 úr gildi. Nýi viðaukinn tók gildi 1. janúar 2005 og gildi til 31. desember 2005. Helstu breytingar frá fyrra viðauka voru þær að laun Sigurðar voru þar hækkuð í 30.000 pund á mánuði. Með viðaukanum var Sigurði heimilað að ákveða hversu stór hluti bónusgreiðslna hans yrði greiddur í pundum og/eða ráðstafað að hluta eða öllu leyti í lífeyrisgreiðslur, en þá án sérstaks mótframlags frá vinnuveitandanum.

Hinn 18. desember 2006 var þriðji starfskjarasamningurinn gerður við Sigurð Einarsson sem um leið felldi úr gildi alla fyrri samninga og samningsviðauka sem gerðir höfðu verið við hann. Þar var kveðið á um að stjórn bankans hefði heimild til þess að gera starfskjarasamning við Sigurð um sérstök verkefni utan þeirra sem heyrðu til hefðbundinna starfa stjórnarformanns og hluthafafundur kvað á um. Samningurinn tiltók einnig starfsskyldur Sigurðar en þær skyldu felast í stefnumótun og samhæfingu ólíkra útbúa og dótturfyrirtækja sem og að skapa og sækja ný viðskiptatækifæri bankans á erlendri grundu.

Mánaðarlaun samkvæmt hinum nýja samningi árið 2006 voru ákveðin 45.000 bresk pund frá og með 1. janúar 2007 en þau skyldu endurskoðuð árlega af starfskjaranefnd bankaráðs. Sem fyrr voru bónusgreiðslur forstjórans 2% af hagnaði bankans umfram 15% arðsemi eigin fjár. Þó skyldi árlegur bónus ekki vera umfram ársgrunnlaun (45.000*12) í breskum pundum.

Árlegir kaupréttir stjórnarformannsins áttu uppruna sinn í samningi frá því í mars 2004, alls 812 þúsund hlutir á genginu 102,5 á ári. Þeir skyldu renna sitt skeið um mitt ár 2008. Í samningnum 18. desember 2006 var staðfest að bankaráð legði fram þá tillögu að árlegir kaupréttir á 812 þúsund hlutum héldust í þrjú ár til viðbótar, 2009, 2010 og 2011. Þó skyldi innlausnarverð miðast við markaðsverð á aðalfundardegi. Réttur til innlausnar væri í hlutfalli við þau ár sem stjórnarformaðurinn væri í starfi á þessum tíma.

Lífeyrisgreiðslur og viðbótarframlag í lífeyrissjóð Sigurðar breyttust ekki í þessum nýja samningi frá því sem áður var.

Biðlaunatími Sigurðar lengdist úr 24 mánuðum í 46 mánuði, þ.e. ef honum yrði sagt upp. Kysi hann sjálfur að hætta störfum ætti hann rétt á 12 mánaða biðlaunum. Biðlaun skyldu samanstanda af grunnlaunum og lífeyrisgreiðslum.

Í grein 5.3. í samningnum kom fram að stjórn bankans gæti einhliða og án fyrirvara sagt upp samningnum við Sigurð ef stjórnin teldi að Sigurður hefði gerst brotlegur við samninginn, hefði orðið uppvís að vanrækslu eða vanhæfni, ef hann hefði brotið af sér af ásetningi eða ef hann yrði ákærður fyrir aðra refsiverða háttsemi.

Í samningnum stjórnar Kaupþings við Sigurð var fjallað um þátttöku bankans í húsnæðiskostnaði Sigurðar vegna búsetu og starfs í London eftir að verkefni hans fyrir bankann fluttust þangað. Á fundi stjórnar 28. maí 2008 samþykkti stjórnin beiðni stjórnarformannsins um að bankinn leigði af honum húsnæði sem hann hafði keypt og bankinn fjármagnað. Þriðji aðili skyldi meta hvort leigukjör bankans á húsnæðinu væru ásættanleg. Sigurður hafði fengið lán frá Kaupþingi Lúxemborg til að fjármagna kaup á húsnæðinu en leiguverðið sem bankinn gekkst inn á að greiða Sigurði var ákveðið sem fjárhæð sem nam kostnaði og afborgunum af láninu.¹²¹

121. Tölvubréf Bjarnfreðar Ólafssonar, hdl., til Sigurðar Einarssonar 6. maí 2008 kl. 15:15. Yfirskrift bréfsins er „UK House“. Sjá einnig fundargerð stjórnar Kaupþings banka frá 28. maí 2008.

Auk leigu sem bankinn greiddi Sigurði fyrir húsnæði samkvæmt samningi, lagði bankinn til greiðslu vegna húsbúnaðar á einkaheimili Sigurðar í Lundúnum 24. september 2008, alls 57 þúsund pund eða um 9 milljónir kr. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan ekki fengið gögn í hendur sem sýna hvernig staðið hefur verið að endurgreiðslu þessara fjármuna. Útibú Kaupþings í London innti af hendi ofangreindar greiðslur vegna húsaleigu og húsbúnaðar. Starfsemi þess útibús virðist ekki hafa verið háð eftirliti innra eftirlits eða endurskoðunar Kaupþings á Íslandi og aðkoma ytri endurskoðenda virðist líka hafa verið takmörkuð.¹²² Nánar er fjallað um rekstur útibús Kaupþings banka hf. í London í rammagrein hér að neðan.

122. Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 14.

Útibú Kaupþings í London og kostnaður við störf stjórnarformanns frá árinu 2005 að falli bankans í október 2008

Rammagrein 5

Á árinu 2005 komu fram ábendingar af hálfu breskra skattyfirvalda um að ekki væri eðlilegt að kostnaður sem tengdist stjórnarformanni Kaupþings væri færður til gjalda hjá litlu dótturfélagi bankans í Bretlandi á þeim tíma, Kaupthing Ltd. Ábendingarnar byggðu á því að samband á milli tekjufærslu og gjaldfærslu í reikningi félagsins væri rofið með þessum hætti við reikningsfærslu. Í framhaldi af þessum athugasemdum stofnaði Kaupþing útibú móðurfélagsins í Bretlandi.

Heildarkostnaður vegna reksturs útibúsins frá maí 2005 til október 2008 nam alls 1.311,5 milljónum króna. Auk stjórnarformanns starfaði einn aðstoðarmaður í útibúinu á fyrri helmingi tímabilsins en tveir á seinni hluta þess. Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir því við Kaupþing banka hf. að gerð yrði grein fyrir helstu útgjöldum útibúsins, hvernig hefði verið háttáð meðferð þessara gjalda í reikningsskilum bankans, hvernig innra eftirlit bankans hefði komið að útibúinu og jafnframt innri og ytri endurskoðun. Allt frá miðju ári 2009 hefur rannsóknarnefndin leitað eftir svörum við þessum atriðum en fyrirspurnir borið takmarkaðan árangur þrátt fyrir viðleitni starfsmanna bankans sem leitað hefur verið til. Þar kemur fyrst til að fylgigögn bókhalds útibúsins voru vistuð hjá dótturfélagi í London en bókhaldsgagn sem færsla í bókhaldi samstæðunnar byggðist á var samandregið yfirlit á einni A4 blaðsíðu. Ytra eftirlit bankans var óvirkt gagnvart útgjöldum þessa útibús í London og einnig innri endurskoðun.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd 7. september 2009 komu meðal annars fram eftirfarandi sjónarmið innri endurskoðanda Kaupþings, Lilju Steinþórsdóttur, um framangreind atriði útibús bankans í London: „Í fyrsta lagi vissi ég ekki persónulega um annað en að þetta væri bara inni í öllu „geiminu“ og þá undir eftirliti bæði fjármálasviðs og fjármálastjóra og ytri endurskoðanda.“ Innri endurskoðandi bankans var einnig spurð að því hvernær hún hefði fyrst frétt af því að svo væri ekki. Svar hennar var að það væri „bara núna í þessari rannsókn“. Þá var hún spurð hvernig slíkt hefði getað gerst og svaraði hún því svo: „[É]g held að það sé vegna mjög, bæði vegna

Þess, eins og þú segir, að þetta var stjórnarformaðurinn, svona ef maður reynir bara að líta á sálfræðina á bak við þetta, og þetta er ekkert endilega það eina sem stjórnendur bankans voru að taka til sín án þess að það væri eftirlit með því.“ Um hið síðastnefnda sagði innri endurskoðandinn nánar: „[J]a, ég er t.d. með í huga að það var einhver geymsla hérna inni í Skútuvogi eða einhvers staðar full af einhverjum bílum, græjum, tjaldvögnum og einhverju svona dótarí sem stjórnendur höfðu aðgang að, til dæmis. [...] En síðar held ég að fjármálastjórinn, Guðný Arna, hún var gífurlega sterkur karakter [...]. Hún bara stjórnaði þessu. Ég held að það hafi verið helst það.“¹²³

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd 31. júlí 2009 voru ytri endurskoðendur Kaupþings banka hf., KPMG, spurðir hvort þeir hefðu endurskoðað starfsemi útibúsins í London. Reynir Stefán Gylfason, löggildur endurskoðandi, svaraði: „Ég þyrfti bara að fá að skoða og svara ykkur [...], svara því sérstaklega.“¹²⁴ Með bréfi til rannsóknarnefndar, dags. 12. ágúst 2009, frá KPMG er því lýst hvernig staðið var að endurskoðun á útgjöldum vegna stjórnarformanns Kaupþings. Í bréfinu sagði: „Við höfum ekki skoðað sérstaklega útgjöld vegna stjórnarformanns Kaupþings. Meðal kostnaðar undir þessum lið eru laun stjórnarformanns og kostnaður við húsnæði í London, sem hvort tveggja er talið honum til skattskyldra tekna og er hluti launaskýringar í ársreikningi, sem er endurskoðuð.“

Tafla 1. Yfirlit yfir útgjöld útibús Kaupþings banka hf. í London vegna stjórnarformanns

Skýring – fjárhæðir í m.kr.	Mai.-des. 2005	Jan.-des. 2006	Jan.-des. 2007	Jan.-sept. 2008	Samtals
Launagjöld	103,980	97,976	185,017	159,390	546,363
Bónus	73,283	63,148	78,328	-1,393	213,366
Samtals launakostnaður	177,263	161,124	263,345	157,997	759,729
Húsnæðiskostnaður	11,496	8,366	38,952	33,975	92,789
Ferðakostnaður	14,004	31,263	63,019	12,789	121,075
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	2,186	34,863	32,826	64,191	134,066
Annar kostnaður	46,361	45,850	-8,800	120,436	203,847
Samtals	46,361	45,850	-8,800	120,436	203,847
Alls	251,310	281,466	389,342	389,388	1.311,506

Heimild: Kaupþing banki hf.

Heildarkostnaður við rekstur útibúsins nam á tímabilinu 1.311,5 milljónum króna. Hann skiptist þannig að 759,7 milljónir kr. eru vegna launa-útgjalda, eða um 58% af heildarkostnaðinum, og 551,8 milljónir kr. vegna annars kostnaðar, eða 42% af heildarkostnaðinum. Bónusgreiðslur voru 28% af heildarlaunakostnaði eða 213,4 milljónir kr. á tímabilinu. Ef heildarlaunakostnaði er skipt á 2,5 stöðugildi alls tímabilsins að jafnaði nemur hann 131 milljón kr. á ári. Á árinu 2007 hækkar húsnæðiskostnaður frá árinu áður um 30 milljónir kr. og ferðakostnaður um svipaða fjárhæð.

123. Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 14 og 15.

124. Skýrsla Reynis Stefáns Gylfasonar o.fl. fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. júlí 2009, bls. 34.

10.5.3.2 Samningar við Hreiðar Mál Sigurðsson

Hreiðar Mál Sigurðsson var ráðinn aðstoðarforstjóri Kaupþings 1. ágúst 1998. Föst mánaðarlaun hans samkvæmt ráðningarsamningi voru 375.000 krónur. Að auki skyldu bónusgreiðslur Hreiðars nema 2% af hagnaði bankans eftir skatta samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri fyrir liðið starfsár ef hagnaður næði 15% af arðsemi á eigið fé fyrirtækisins eins og það var í upphafi ársins.¹²⁵ Lífeyrisgreiðslur Kaupþings námu 10% af heildarlaunum Hreiðars til viðbótar við hans eigið 4% framlag. Í 6. gr. samningsins skuldbatt Kaupþing sig til að greiða skólagjöld fyrir Hreiðar í allt að 2 ár ef hann ákvæði að fara í framhaldsnám eftir 30. september 2000. Gegn þessu lofaði Hreiðar að vinna hjá fyrirtækinu í 12 mánuði eftir að námi lyki.

Rannsóknarnefnd Alþingis fór fram á það við Kaupþing að fá afhenta alla samninga bankans við forstjóra og stjórnarformann. Aðeins tveir samningar bárust varðandi kjör Hreiðars. Annars vegar fyrrnefndur samningur frá árinu 1998 og hins vegar samningur sem gerður var 18. desember 2006.¹²⁶ Í þeim síðarnefnda var gert ráð fyrir að mánaðarlaun Hreiðars væru 45.000 bresk pund og endurskoðuð árlega. Gert var ráð fyrir að bónusgreiðslur til Hreiðars næmu 2% af hagnaði bankans sem væri umfram 15% arðsemi eigin fjár en sú fjárhæð yrði ekki hærrí en sem næmi árslaunum hans (45.000*12).

Frá mars 2004 naut Hreiðar árlegra kaupréttá á alls 812.000 hlutum í bankanum á innlausnarverði 303 fram til ársins 2008. Samkvæmt samningnum frá 18. desember 2006 skyldi stjórnin bera upp tillögu á aðalfundi 2007 um að framlengja hina árlegu kaupréttá Hreiðars til ársins 2011, en innlausnarverð skyldi miðast við markaðsvirði þann dag sem aðalfundur yrði haldinn.¹²⁷ Kauprétturinn ávannst þó ekki nema þá aðeins að Hreiðar héldi áfram störfum hjá bankanum í þrjú ár frá mars 2009. Áunninn kaupréttur yrði hlutfallslegur miðað við þann tíma sem Hreiðar væri í starfi hjá bankanum, kysi hann að hverfa til annarra starfa innan þessara þriggja ára.


Lífeyrisgreiðslur bankans til Hreiðars voru 10% af föstum launum sem og bónusgreiðslum en þar með er talið hið lögboðna 6% mótframlag atvinnurekanda. Eins og í samningi Sigurðar Einarssonar var Hreiðari heimilt að leggja meira af launum sínum til hliðar í lífeyrissjóð og njóta hefðbundins mótframlags frá bankanum í slíkum tilvikum. Að auki greiddi bankinn 20% af launum og bónusgreiðslum í séreignarsjóð en tekið var fram að umfram það gæti Hreiðar ekki átt frekari kröfur á hendur bankanum um lífeyrisgreiðslur.

Bankinn greiddi allan ferðakostnað, þ.m.t. fæðiskostnað og húsnæði fyrir forstjórnann á ferðum hans fyrir bankann, sem og fyrir konu hans ef tilhlýðilegt var talið að hún ferðaðist með honum í erindrekstri hans fyrir bankann. Bankinn stóð einnig straum af rekstri og kostnaði vegna bifreiðar forstjórnans og fjarskipta.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur Hreiðars og bankans var 12 mánuðir en hann átti rétt á 48 mánaða biðlaunum eftir að störfum hans fyrir bankann lyki. Á biðlaunátímanum var Hreiðari óheimilt að starfa fyrir annan banka eða samkeppnisaðila bankans.

Mynd 67

Hlutfall grunnlauna af heildarlaunum
Forstjórar Kaupþings




— Hreiðar Mál Sigurðsson
— Ingólfur Helgason

Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 68

Hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum
Forstjórar Kaupþings




— Hreiðar Mál Sigurðsson
— Ingólfur Helgason

Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 69

Hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlaunum
Forstjórar Kaupþings



— Hreiðar Mál Sigurðsson
— Ingólfur Helgason

Heimild: Kaupþing banki hf.


125. Ráðningarsamningur milli Kaupþings hf. og Hreiðars Mál Sigurðssonar, 1. ágúst 1998.

126. „Agreement signed on 18th of December 2006, by Hreiðar Mál Sigurðsson and Ásgeir Thoroddsen on behalf of Kaupþing Bank.“

127. „Agreement signed on 18th of December 2006, by Hreiðar Mál Sigurðsson and Ásgeir Thoroddsen on behalf of Kaupþing Bank“, grein 3.3.

Mynd 70


Innleystir kaupréttir forstjóra Kaupþings
Að meðaltali á mánuði



Kaupréttir voru innleystir einu sinni á ári. Hér er meðalhagnaður á mánuði vegna innlausnar settur fram til að gæta samræmis.
Heimild: Kaupþing banki hf.

Mynd 71


Meðalmánaðarlaun í fyrirtækjaráðgjöf
bankanna 2004



Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins.
Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Mynd 72

Meðalmánaðarlaun í fyrirtækjaráðgjöf
bankanna 2007



Tölur fyrir ofan súlurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins.
Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Í grein 5.3. í samningi Kaupþings við Hreiðar frá 18. desember 2006 kom fram að stjórn bankans gæti sagt samningnum upp einhliða og án fyrirvara ef hún teldi að Hreiðar hefði gerst brotlegur við ákvæði samningsins, ef hann yrði uppvis að vanrækslu eða vanhæfni, ef hann bryti af sér af ásetningu eða yrði ákærður fyrir aðra refsiverða háttsemi.

10.5.3.3 Samningar við Ingólfur Helgason

Ingólfur Helgason var ráðinn til Kaupþings 13. júlí 1994 sem starfsmaður verðbréfasviðs við miðlun verðbréfa. Launakjör hans miðuðust við 7% hlutdeild í hagnaði verðbréfasviðsins (í hverjum mánuði „áður en tillit er tekið til skatta“).¹²⁸ Launin skyldu þó ekki vera lægri en 200.000 kr. á mánuði en ekki hærri en 300.000 kr. Ekki skyldi greitt fyrir unna yfirvinnu nema sérstaklega yrði um það samið.

Hinn 9. ágúst 1996 undirrituðu Ingólfur og þáverandi forstöðumaður verðbréfasviðs, Sigurður Einarsson, nýtt samkomulag þar sem grunnlaun Ingólfs voru hækkuð í 250 þúsund krónur á mánuði en jafnframt fengi Ingólfur 25 þúsund krónur greiddar ef áætlanir mánaðarins um afkomu verðbréfasviðs stæðust. Hann skyldi einnig fá greiddan bónus sem næmi 2% af meðaltali afkomu þriggja mánaða á undan. Samkomulagið gerði einnig ráð fyrir því að Kaupþing keypti Einingabréf¹²⁹ fyrir eina milljón króna að markaðsvirði og ef Ingólfur yrði enn í starfi 30. september 1998 skyldu bréfin færast yfir á nafn hans.

Ingólfur varð forstöðumaður markaðsviðskipta Kaupþings árið 2001. Hinn 1. júní 2001 gerðu Kaupþing og Ingólfur nýtt samkomulag um launakjör hans. Þar voru mánaðarlaun hans ákveðin alls 600.000 kr. Afkomutenging yrði með þeim hætti að Ingólfur skyldi fá greiddan bónus sem næmi 1% af meðaltali hagnaðar MIH (miðlun innlendra hlutabréfa), MEH (miðlun erlendra hlutabréfa), MS (miðlun skuldabréfa) og EVK (eigin viðskipti Kaupþings) næstu þrjú mánuði á undan, samkvæmt upplýsingum frá bókhaldi og áhættustýringu Kaupþings hf. Ingólfi skyldi einnig látin í té bifreið Kaupþings til eigin nota.

Hinn 25. febrúar 2004 var Ingólfur gerður að framkvæmdastjóra markaðsviðskipta Kaupþings banka hf. (KB banka). Ingólfi skyldi óheimilt að taka að sér önnur störf meðan hann gegndi stöðunni hjá bankanum, nema með skriflegu samþykki forstjóra. Þá var ákveðið að mánaðarlaun Ingólfs yrðu 900 þúsund kr. Bónusgreiðslur skyldu greiddar tvisvar á ári, 1. febrúar og 1. ágúst. Slíkar greiðslur skyldu taka mið af árangri samstæðunnar í heild, KB banka á Íslandi og markaðsviðskipta bankans. Bónus yrði greiddur ef arðsemi færi umfram 15% af eigin fé bankans. Forstjóri ákvað bónusgreiðslur í samráði við stjórnarformann og starfsmannastjóra. Lífeyrisgreiðslur Ingólfs samkvæmt samningnum voru sambærilegar almennum greiðslum til bankamanna.

Tveimur árum síðar, 1. janúar 2006, var Ingólfur ráðinn forstjóri Kaupþings banka á Íslandi. Grunnmánaðarlaun hans samkvæmt launasamningi voru 2,5 milljónir kr. á mánuði. Yrði hagnaður bankans yfir 15% af eigin fé skyldi Ingólfur njóta bónusgreiðslna sem forstjóri samstæðunnar ákvarðaði í samráði við stjórnarformann. Bónus yrði reiknaður fyrir sex mánuði í senn

128. Fylgiskjal við ráðningarsamning Ingólfs Helgasonar undirritað af honum og Guðmundi Haukssyni, þáverandi forstjóra Kaupþings, dags. 13. júlí 1994.

129. Hlutabréfasjóður í stýringu Kaupþings.

(tímabilin voru janúar til júní og júlí til desember) og greiðast 1. febrúar og 1. ágúst fyrir liðið tímabil. Lífeyrissjóðsgreiðslur yrðu 11% af grunnlaunum og bónusum en þar með var talið hið lögboðna 6% móttframlag launagreiðanda. Forstjórinn fengi afnot af bifreið í eigu Kaupþings að verðmæti 9 milljónir kr. Skyldi bankinn greiða allan kostnað af rekstri bifreiðarinnar. Samningurinn kvað á um 12 mánaða uppsagnarfrest ef starfsmaður segði starfinu lausu en 24 mánaða uppsagnarfrest ef frumkvæðið yrði bankans. Ingólfi var meinað að hefja störf hjá keppinautum bankans næstu 12 mánuði eftir að starfi fyrir bankann lyki.

10.5.4 Nánar um laun bankastjóra Kaupþings

Heildarlaun Hreiðars Más Sigurðssonar að meðaltali á mánuði ríflega fjórfölduðust á árunum 2004 til 2006 og voru rúmar 80 milljónir kr. á mánuði árið 2006. Heildarlaun hans að meðaltali á mánuði lækkuðu eftir það niður í tæpar 50 milljónir kr. árið 2008. Heildarlaun Ingólfs Helgasonar voru í kringum 10 milljónir kr. að meðaltali á mánuði allt tímabilið.

Grunnlaun Hreiðars Más Sigurðssonar voru lægst árið 2005 eða tæpar 8 milljónir kr. að meðaltali á mánuði. Þau urðu hæst rúmar 12 milljónir kr. árið 2007. Grunnlaun Ingólfs Helgasonar voru tæpar 4 milljónir kr. að meðaltali á mánuði árin 2004 og 2008 en náðu hámarki árið 2006 í rúmum 7 milljónum kr. að raungildi, sbr. mynd 65.

Bónusgreiðslur til Ingólfs Helgasonar náðu hámarki árið 2006 í um 4,5 milljónum kr. að meðaltali á mánuði. Bónusgreiðslur Hreiðars Más Sigurðssonar náðu hámarki árið 2007 í rúmum 6 milljónum kr. að meðaltali á mánuði, önnur ár voru bónusgreiðslur þeirra í kringum 4 og 5 milljónir kr. að meðaltali á mánuði, sbr. mynd 66.

Hlutfall grunnlauna af heildarlaunum Hreiðars Más Sigurðssonar féll úr 54% árið 2004 í 13% árið 2006 en hækkaði svo aftur og nam 20% árið 2008. Hlutfall grunnlauna af heildarlaunum Ingólfs Helgasonar var lægst árið 2005 og nam þá 32% en var önnur ár í kringum 50%, sjá mynd 67.

Hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum Hreiðars Más Sigurðssonar lækkaði úr tæpum 30% árið 2004 í tæp 5% árið 2006. Árin 2007 og 2008 var hlutfallið í kringum 8%. Árið 2004 nam hlutfall bónusgreiðslna af heildarlaunum Ingólfs Helgasonar rúmlega 35% en lækkaði niður í tæp 25% ári síðar. Síðan varð hækkan á hlutfallinu. Árið 2008 hafði það náð rúmum 45%, sbr. mynd 68.

Hlutfall lífeyrissjóðs í heildarlaunum forstjóra Kaupþings var á bilinu 4–8% á árunum 2005–2008. Þetta lága hlutfall helgast m.a. af því að innleystir kaupréttir vógu þungt í heildarlaunum en ekki var greitt í lífeyrissjóð af þeim tekjum, sbr. mynd 69.


Ingólfur Helgason innleysti rúmar 5 milljónir kr. í kaupréttum að meðaltali á mánuði árið 2005 og rúma hálf milljón kr. á mánuði árið 2007. Innleystir kaupréttir hjá Hreiðari Má Sigurðssyni hækkuðu frá 2004 til 2006. Árið 2006 innleysti hann rúmar 60 milljónir kr. að meðaltali á mánuði en innlausnir fóru síðan minnkandi á árunum 2007 og 2008, sbr. mynd 70.

10.5.5 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Kaupaukakerfi Kaupþings einkenndist af vilja stjórnarinnar og stærstu hluthafa til að hvetja starfsmenn og stjórnendur til mikillar áhættutöku. Merki þess má finna allt frá árinu 1994, sbr. samning við Ingólf Helgason, síðar

Mynd 73


Meðalmánaðarlaun í verðbréfamíðlun bankanna 2004



Tölur fyrir ofan sülurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins.
Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Mynd 74


Meðalmánaðarlaun í verðbréfamíðlun bankanna 2007



Tölur fyrir ofan sülurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins.
Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.


Mynd 75

Meðalmánaðarlaun í greiningardeildum bankanna 2004




Tölur fyrir ofan sülurnar tákna fjölda starfsmanna sviðsins.
Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Mynd 76
Meðalmánaðarlaun í greiningardeildum bankanna 2007




Tölur fyrir ofan sýlurmar tákna fjölda starfsmanna sviðsins.
Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Mynd 77
Bónusgreiðslur sem hlutfall af heildarlaunum Verðbréfamiðlun



Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Mynd 78
Bónusgreiðslur sem hlutfall af heildarlaunum Fyrirtækjaráðgjöf



Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

forstjóra Kaupþings á Íslandi, sem byggði á hlutdeild í hagnaði einvörðungu. Sú stefna hélst yfir allt það tímabil sem hér er til rannsóknar (janúar 2004 til október 2008). Hjá starfsmönnum Kaupþings var launamunur meiri en hjá starfsmönnum hinna bankanna tveggja.

Heildarlaun þeirra 10% starfsmanna Kaupþings sem hæst laun höfðu voru með þeim hæstu hjá íslenskum bönkum á þessu tímabili. Þau voru að jafnaði um 15–18 sinnum laun þeirra starfsmanna sem höfðu meðallaun í bankanum (þ.e. miðgildi launa). Það tók þá starfsmenn sem voru í hópi þeirra 10% sem höfðu lægstu launin þrjú ár að afla sömu tekna og 1% starfsmanna sem hæstu launin þáðu fengu á einum mánuði að meðaltali.

Ljóst er að stjórnendur Kaupþings ákváðu, með samþykki hluthafa, að hverfa frá hvatalaunum í formi kaupréttarsamninga árið 2005 en veittu lykilstarfsmönnum þess í stað lán til hlutfjárkaupa til að ná sama markmiði. Lánin höfðu ýmsa kosti í för með sér fyrir stjórnendur. Ástæðan fyrir þessari umbreytingu á hvatalaunum mun hafa verið sú að stjórnendur Kaupþings vildu koma bankanum undan launakostnaði, kostnaði félagsins vegna opinberra gjalda, draga úr skattbyrði starfsmanna vegna færslu úr tekjuskatti í fjármagnstekjuskatt, en einnig stuðla að því að vaxtakostnaður vegna lánanna yrði frádráttarbær frá skatti eins og í tilfalli forstjóra Kaupþings og forstjóra Kaupthing Singer & Friedlander sem færðu hluti sína síðar yfir í eignarhaldsfélög.

Það vekur athygli að endurskoðendur skuli hafa látið þá samninga óátalda sem stjórnendur gerðu við bankann eftir að upphaflegar athugasemdir endurskoðendanna komu fram um að söluréttir á hlutabréfum í bankanum skyldu dregnir frá eigin fé bankans. Líkt og að framan er rakið fela samningar um lán til kaupa á hlutabréfum með veðum í bréfunum sjálfum og ekki nema 10% sjálfskuldarábyrgð starfsmanna í meginatriðum í sér það sama og að veita sölurétt fyrir 90% af bréfunum.

Starfsmannalán Kaupþings voru af þeirri stærðargráðu að ljóst var að lántakendurnir væru vart borgunarmenn fyrir þeim ef hlutabréf Kaupþings lækkuðu verulega í verði, hvað þá ef Kaupþing yrði gjaldþrota og hlutabréfin þar með verðlaus. Hluthafafundur Kaupþings samþykkti þá tilhögun í mars 2004 að bankinn myndi lána starfsmönnum fyrir allt að 9% af eigin bréfum Kaupþings. Ástæða þess að hluthafafundur samþykkti að veita starfsmönnum sínum slík lán var að sögn formanns starfskjaranefndar, Ásgeirs Thoroddsen, en hann bar tillöguna upp á hluthafafundinum, sú að lánafyrirgreiðslunni hefði verið ætlað að binda saman hag hluthafa og stjórnenda. Það verður að teljast sérlega veikburða samræming hagsmuna ef starfsmenn njóta alls hagnaðar meðan vel gengur en hluthafar sitja uppi með alla áhættuna og þar með gríðarlegt tap ef illa gengur.

Hér að framan var sagt frá viðbrögðum Kaupþings við því að verð bréfa sem lágu sem veð fyrir lánum starfsmanna vegna hlutabréfakaupa lækkaði. Bankinn ákvað í fyrsta lagi að leysa ekki til sín bréf starfsmanna þegar veðköllum vegna lækkandi tryggingaþekju lánanna var ekki sinnt. Í öðru lagi sinnti bankinn ekki beiðnum þeirra starfsmanna sem sóttust eftir því að selja bréf sín í því skyni að mæta veðköllum á lánum sínum. Í þriðja lagi ákvað síðan stjórnin að leysa starfsmenn undan sjálfskuldarábyrgð vegna lánanna. Þessi viðbrögð hlutu, eðli máls samkvæmt, að geta haft áhrif á hlutabréfaverð bankans.

Starfskjör Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, t.d. lán til kaupa á 1,5% hlut í bankanum með sölurétti frá árinu 2003, tengdu saman

hag hluthafa og stjórnenda með sérstæðum hætti. Tilhögunin fól í sér ávísun á áhættulausan hagnað til handa Sigurði en hvatinn sem felst í slíku kerfi er að auka áhættu í rekstri.¹³⁰ Þetta hefur í för með sér að stjórnendur bankans leggja mögulega kapp á skjótfenginn gróða, með miklum og áhættusömum útlánnum til skamms tíma, sem jafnframt felur í sér hættu á auknum vanskilum og útlánatöpum til lengri tíma.

Hin fjárhagslega niðurstaða af söluréttinum sem gefinn var út samhliða láni bankans til stjórnarformannsins árið 2003 var í meginatriðum sú sama fyrir hann og ef gefnir hefðu verið út kaupréttir ef frá eru taldir lægri skattar sem fylgja lánaþyrirkomulaginu. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða til samanburðar hversu stór hluti af útistandandi hlutum (nafnvirði) almenningshlutafélaga í Bandaríkjunum er lagður til hliðar í kauprétti til handa stjórnendum og öðrum lykilstarfsmönnum.¹³¹ Frá 1992–2002 voru útistandandi kaupréttir í almenningshlutafélögum í Bandaríkjunum að meðaltali á bilinu 1,4%–2,1% af útistandandi hlutum félaganna.¹³² Samanlagðir útistandandi kaupréttir og hlutabréf starfsmanna fjármögnuð af Kaupþingi voru hins vegar á miðju ári 2008 um 11–13% af heildarhlutafé bankans.¹³³ Kaupréttir forstjóra í Bandaríkjunum eru að meðaltali um 0,17% af útistandandi hlutafé í almenningshlutafélögum. Sigurður Einarsson hlaut hins vegar árið 2003 kauprétt á 1,5% hlut í Kaupþingi með lánasamningnum sem þá var gerður við hann – þá er önnur fyrirgreiðsla í formi kaupréttar eða lána með veði í fyrirtækinu ótalin. Við þetta bætist svo sú staðreynd að verðbréfamarkaður er grunnur á Íslandi sem gerir hreyfingar starfsmanna út úr stöðum sínum í bankanum mjög erfiðar, einkum sökum þess hversu hátt hlutfall af heildarvirði hlutabréfanna um var að ræða.

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að umfang beins og óbeins eignarhluta starfsmanna Kaupþings eða ávísun þar á, sem rekja má til starfs- og launasamninga, hafi verið svo mikið að það hafi verið til þess fallið að hvetja til aukinnar áhættusæki til skamms tíma og þar með til útlánastefnu sem gat orðið bankanum skaðleg. Nánari umfjöllun um útlán bankans er að finna í kafla 8.0.

Kaupréttir í stórum skömmtum hafa viðlíka áhrif á hegðun stjórnenda og lán til kaupa á hlutabréfum með lítilli eða engri persónulegri ábyrgð. Undir eðlilegum kringumstæðum, hefðu lán til kaupa á hlutabréfum í bankanum þýtt lækkun eigin fjár sem er bönkum, sem rekstrarfélögum, dýrkeypt.

Árlegur rekstrarkostnaður útibús Kaupþings í London vegna stjórnarformannsins Sigurðar Einarssonar var ekki undir eftirliti innri eða ytri endurskoðenda bankans. Þar sem launagreiðslur og leiga Kaupþings á húsnæði Sigurðar fóru allar í gegnum útibúið hafði rannsóknarnefnd Alþingis ekki undir höndum gögn sem gerðu nefndinni kleift að kanna launagreiðslur til hans með sama hætti og launagreiðslur til annarra forsvarsmanna bankans.

130. Aðeins er hægt er að ná fram auknum ágóða fyrir bankann með aukinni áhættu. Hins vegar var áhætta Sigurðar takmörkuð þar sem hann var með lán án persónulegra ábyrgða fyrir hlutabréfunum. Sjá einnig umræðu um þetta hjá Jörn Astrup Hansen í fylgiskjali 1 við kafla 8.


131. Fyrirtæki í hlutabréfavísitölunni S&P 500, sjá Jensen, M.; K. Murphy og E. Wruck: *Remuneration: Where we've been, how we got here, what are the problems, and how to fix them*. European Corporate Governance Institute, Finance Working Paper No. 44/2004.

132. Jensen, M.; K. Murphy og E. Wruck: *Remuneration: Where we've been, how we got here, what are the problems, and how to fix them*. European Corporate Governance Institute, Finance Working Paper No. 44/2004.

133. Veittir kaupréttir á árunum 2005–2008 voru 41 milljón hlutir (5,7% af heildarhlutafé), skv. gögnum frá innri endurskoðun Kaupþings sem afhent voru rannsóknarnefnd 23. mars 2009. Lán til starfsmanna voru alls um 7% af heildarhlutafé miðað við hálfársuppgjör Kaupþings 2008.

Mynd 79

Bónusgreiðslur sem hlutfall af heildarlaunum Greiningardeildir




Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf.

Mynd 80

Laun og launatengd gjöld

Meðalkostnaður við hvert stöðugildi á ári




Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf.

Mynd 81


Heildareignir bankanna

Deilt á fjölda stöðugilda




Heimild: Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf.

Mynd 82
Meðalskuldastaða æðstu stjórnenda
Á mánuði




Heimild: Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 83
Meðalskuldastaða æðstu stjórnenda
og fyrirtækja þeirra
Á mánuði



Heimild: Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Mynd 84
Meðalskuldastaða æðstu stjórnenda
og fyrirtækja þeirra



Brotalínur tákna meðallánastöðu, óbrotnar línur tákna hæstu lánastöðu
(stjórnenda hvers banka).
Heimild: Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf.

Það hefði átt að vera sérstakt áhersluatriði stjórnar bankans og ytri endurskoðanda að fylgjast með útgjöldum sem tengdust stjórnarformanni þar sem hann var jafnframt í fullu starfi hjá bankanum.

Lánafyrirgreiðsla til æðstu stjórnenda Kaupþings vegna fjárfestinga þeirra í Kaupthing Capital Partners II Fund er athyglisverð. Samskipti starfsmanna sjálfra í tölvupóstum benda m.a. til að lánin hafi verið veitt án veða og/eða starfsmenn Kaupþings hafi veðsett sömu bréf í bankanum oftan en einu sinni.¹³⁴ Félagið Kaupthing Capital Partners II Fund var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 15. október 2008.¹³⁵

Í rammagrein 3 kemur fram að við sameiningu Búnaðarbanka Íslands og Kaupþings létu stjórnendur hjá líða að leysa upp aflandsfélög sem Búnaðarbankinn hafði sett upp á Tortóla, Otris S.A. og Ferradis Holding S.A., en þau höfðu þann eina tilgang að halda utan um hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands til varnar kaupréttarsamningum starfsmanna hans. Eignir félaganna voru ekki á bóku Kaupþings sem hélt stjórnunarlegum yfirráðum yfir félögunum. Þótt telja megi líklegt að upprunaleg skuld félaganna við Búnaðarbankann til kaupa á bréfum bankans hafi verið greidd ber vitnisburður Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur, fyrrum fjármálastjóra Kaupþings, með sér að stjórnendur hafi látið hjá líða að gera félögin upp og innleysa þann hagnað sem varð þegar bréf félaganna í Kaupþingi voru seld til dótturfélags Kaupþings í Lúxemborg þar sem engin þörf var lengur á vörnum vegna kaupréttarsamninga starfsmanna Búnaðarbankans. Flestir þessara starfsmanna höfðu flutt sig frá Búnaðarbankanum yfir í Landsbankann þegar Sigurjón Þ. Árnason var ráðinn þangað. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki getað rakið fyllilega hvað varð um það fjármagn sem myndaðist í félögunum tveimur en svo virðist sem stjórnendur Kaupþings hafi komið sér upp nokkurs konar afskriftarreikningi sem þeir nýttu síðar til að mæta því tapi sem ella hefði myndast á bóku Kaupþings í lok árs 2007 vegna misheppnaðra fjárfestinga í skuldabréfavafningum.

134. Sjá tölvubréf frá Magnúsi Guðmundssyni frá 12. desember 2006 til Sigurðar Einarssonar, Hreiðars Más Sigurðssonar og Ármanns Þorvaldssonar.

135. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta vegna greiðslufalls á lánunum til Kaupþings, sbr. skýrslu um ákveðna þætti innra eftirlits Kaupþings sem unnin var af PriceWaterhouseCoopers að beiðni Fjármálaeftirlitsins í árslok 2008.

Fylgiskjal 1

Hlutabréfakaup lykilstarfsmanna Sparisjóðabankans (Icebank) og Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.

Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir því við Straum-Burðarás hf., Sparisjóðabankann og SPRON að nefndinni yrðu veittar upplýsingar um stöðu þeirrar fyrirgreiðslu sem starfsmenn nutu til kaupa á hlutum í fyrirtækjunum eins og hún var í byrjun október 2008. Tvö fyrstnefndu fyrirtækin létu í té umbeðnar upplýsingar en SPRON taldi sér ekki unnt að gera það, m.a. af tæknilegum ástæðum og vegna tímaskorts að sögn.

Hlutabréfakaup og lán til félaga í eigu stjórnenda Sparisjóðabankans (Icebank) á markaðsvirði tímabilið 1. janúar 2007 til 21. mars 2009

Á seinni hluta ársins 2007 keyptu félög í eigu lykilstjórnenda og stjórnarmanna Sparisjóðabankans hf. hlutabréf í bankanum, þá að markaðsvirði um 8.780,6 milljónir kr. eða sem nam 27,5% af öllu hlutafé bankans. Hlutabréfakaupin voru fjármögnuð að mestum hluta með lánum frá Sparisjóðabankanum en einnig með lánum frá SPRON, Sparisjóði Keflavíkur, Byr og Sparisjóði Mýrasýslu. Mestur hluti lánanna var í erlendri mynt. Tryggingar fyrir lánunum voru handveð í hlutabréfunum sjálfum.

Taflan hér að neðan sýnir stöðu lánanna eins og hún var í september 2008. Hækkun lánanna má fyrst og fremst rekja til lækkunar á gengi krónunnar. Jafnframt hafði mat á hlutabréfum Sparisjóðabankans lækkað verulega eða um tæp 68% og var innra virði þeirra um 9,5 miðað við árshlutauppgjör bankans 30. júní 2008.

Tafla 1. Staða lána í september 2008 sem stjórnar- og starfsmönnum Sparisjóðabankans (Icebank) voru veitt vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum

<i>Starfsmenn Sparisjóðabankans</i>	<i>Lán samtals m. kr.</i>	<i>Lán í Spari- sjóðabankanum (Icebank) m. kr.</i>	<i>Lán, aðrir bankar m. kr.</i>	<i>Hlutabréfa- eign m. kr.</i>	<i>Nafnverð í m. kr.</i>
Steinþór Jónsson / Bergið ehf	4.219	1.134	3.085	3.034	108.356.622
Hafðís Karlsdóttir / G-tveir ehf / Græn gróska ehf	596	252	344	339	12.118.832
Aðalsteinn G. Jóhannss. / Sparta Hold. ehf	1.998	537	1.461	1.437	51.326.821
Finnur Sveinbjörnsson / Breiðutangí ehf / Græn gróska ehf	1.493	631	862	848	30.297.082
Gunnar Svavarsson / Lagos ehf / Græn gróska ehf	1.044	441	603	594	21.207.958
Ólafur Styrmir Ottósson / Óseki ehf	228	92	136	127	4.544.563
Anna Þ. Reynisdóttir / Saltsalan ehf	369	154	215	212	7.574.270
Sigurður Smári Gylfason / Infestus Hold ehf	1.998	537	1.461	1.437	51.326.821
Agnar Hansson / HDH Invest ehf	1.035	432	603	594	21.207.958
Sveinn Hannesson / Fjárfestingarf. Sproti ehf	220	59	161	158	5.638.085
Samtals	13.199	4.269	8.930	8.781	313.599.012

Heimild: Sparisjóðabankinn (Icebank).

Í október 2007 keyptu félög í eigu bankastjóra Sparisjóðabankans og fimm annarra lykilstjórnenda hluti í bankanum er námu 8,5% af hlutafé bankans. Samtals keyptu þau 96.950.663 hluti að nafnvirði og nam heildar-kaupverð þeirra 2.714,3 milljónum króna. Eigendur þessara félaga voru: Finnur Sveinbjörnsson bankastjóri, Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, Agnar Hansson, framkvæmdastjóri fjárfestingar og síðar

bankastjóri Icebank, Hafdís Þóra Karlsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar-sviðs, Anna Þ. Reynisdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu og Ólafur Styrmir Ottósson, framkvæmdastjóri erlendra viðskipta og staðgeng-ill bankastjóra, síðar aðstoðarbankastjóri.

Í minnisblaði bankastjóra til bankaráðs, dags. 9. október 2007, var m.a. greint frá því að ofangreindir stjórnendur bankans þyrftu á fjármögnun að halda til að geta keypt hluti í bankanum. Í fundargerð stjórnar Sparisjóða-bankans, dags. 9. október 2007, var fjallað um þátttöku bankans í fjármögnun á hlutabréfakaupunum. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

„Í minnisblaði bankastjóra er lagt til að formanni bankaráðsins og varafor-manni verði veitt fullt umboð til þess að ganga til samninga við lántaka úr hópi kaupenda um lánsfjárhæðir og lánskjör með fulltingi sérfræðinga bankans auk ytri endurskoðenda verði það talið heppilegt. Var það sam-þykkt samhljóða.“

Formaður bankaráðsins á þessum tíma var Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Keflavíkur, ~~og varaformaður ráðsins var Steinþór Jónsson.~~



Í áðurnefndu minnisblaði bankastjórans lagði hann til eftirfarandi fyr-irkomulag við lánveitingar til félaga í eigu stjórnenda bankans:

„[...] bankaráð veiti formanni og varaformanni bankaráðs ótakmarkað um-boð til að semja við bankastjóra og framkvæmdastjóra um allt að 100% fjármögnun bankans með aðstoð viðeigandi sérfræðinga bankans og ytri endurskoðenda.“

Í fundargerð bankaráðsins var eftirfarandi bókað um fjármögnun á hluta-fjárkaupum félaga í eigu stjórnenda Sparisjóðabankans:

„Var síðan bókuð sú niðurstaða að formanni og varaformanni væri veitt fullt umboð til þess að leiða málið til farsælla lykta í samráði við ytri end-urskoðanda bankans eftir því sem nauðsynlegt var talið.“

Í kjölfar þessa samþykkti bankaráð Sparisjóðabankans breytingar á reglum um eigin verðbréfi viðskipti stjórnenda bankans til að gera þeim kleift að kaupa hluti í bankanum í gegnum félög í þeirra eigu. Síðar samþykkti banka-ráðið einnig að bankinn lánaði til kaupa á hlutabréfum í bankanum og að tekið yrði handveð í þeim hlutum sem lánað væri fyrir án viðbótartrygginga.

Til viðbótar framangreindum hlutabréfakaupum og lánnum til stjórnenda bankans var samþykkt í lánanefnd bankans í október 2007 að lána félögum í eigu Steinþórs Jónssonar, ~~varaformanns bankaráðs~~, Aðalsteins Jóhannssonar (framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar frá 1. jan. 2008), Sigurðar Smára Gylfasonar (framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs frá 1. jan. 2008) og Sveins Hannessonar, varamanns í stjórn Sparisjóðabankans, til hlutafjárkaupa í bank-anum. Eins og með fyrri lán bankans til stjórnenda var einungis tekið handveð í hinum keyptu hlutabréfum og engar viðbótartryggingar teknar.



Þeir Aðalsteinn Jóhannsson og Sigurður Smári Gylfason voru aðaleig-endur Behrens Fyrirtækjaráðgjafar. Um miðjan október 2007 var tilkynnt að Icebank hefði keypt Behrens Fyrirtækjaráðgjöf og að starfsemi félagsins yrði sameinuð starfsemi Sparisjóðabankans.

Um áramótin 2007–2008 urðu breytingar á stjórnendahópi Icebank. Finn-ur Sveinbjörnsson, Hafdís Karlsdóttir og Gunnar Svavarsson létu af störfum.

Agnar Hansson, framkvæmdastjóri fjárstýringar, varð bankastjóri og ráðnir voru til bankans þeir Aðalsteinn Jóhannsson og Sigurður Smári Gylfason, fyrrum eigendur Behrens Fyrirtækjaráðgjafar.

Félög í eigu þeirra Finns, Gunnars og Hafdísar áttu samtals 5,6% hlutfjár í bankanum. Fram kom á bankaráðsfundi hinn 19. júní 2007, eða rösklega hálfu ári áður en þau létu af störfum hjá Sparisjóðabankanum, að samþykkt hefði verið að lána félaginu Grænni grósku ehf. (dótturfélagi Salt Investment ehf.) samtals 26,3 milljónir króna vegna kaupa á félagunum Breiðutanga ehf. (félagi Finns), Lagos ehf. (félagi Gunnars) og G-tveimur ehf. (félagi Hafdísar).

Engar tryggingar voru fyrir láni þessu aðrar en að bankinn var með kauprétt í eignarhlutum dótturfélaga á grundvelli samkomulags á milli lántaka (Grænnar grósku ehf.), Sparisjóðabankans og dótturfélaganna Breiðutanga ehf., Lagos ehf. og G-tveggja ehf.

Í mars 2008 var samþykkt í bankaráði Sparisjóðabankans að veita félögum í eigu Agnars Hanssonar, Önnu Reynisdóttur og Ólafs S. Ottóssonar viðbótarlán fyrir seinni fjármögnun á hlutfjárkaupum í bankanum. Lánin voru með sömu kjörum og fyrri lán sem félög þeirra fengu í apríl 2007.

Eignarhaldsfélög á vegum Straums-Burðaráss hf., kaup þeirra á hlutabréfum í bankanum og skuldastaða þeirra í október 2008.

Straumur-Burðarás stóð að stofnun þriggja eignarhaldsfélaga. Félögin voru öll skráð á Bresku Jómfrúaeypjum. Megintilgangur eignarhaldsfélaganna var að halda utan um hlutabréfaeign í Straumi-Burðarási en hlutabréfin voru hugsuð til að mæta innlausn á kaupréttarsamningum sem gerðir höfðu verið við helstu stjórnendur bankans.¹³⁶

Í fundargerð 166. fundar lánanefndar Landsbanka Íslands hf. hinn 10. janúar 2007 kemur fram að á milli funda nefndarinnar höfðu þrjú samskonar lán verið samþykkt af hálfu bankans til eignarhaldsfélaganna Visgan Corporation, Omicron Association S.A. og Criollo S.A. Hvert lán var upphaflega að fjárhæð 2.037 milljónir króna og voru lánin öll eingreiðslulán með gjalddaga 6. mars 2007. Heimild var veitt til að framlengja lánin um 1 ár í senn allt til 6. mars 2010. Kjör á lánunum voru REIBOR + 1,40% auk 0,20% lántökugjalds. Samtals var upphafleg lánsfjárhæð til félaganna þriggja 6.111 milljónir króna. Til tryggingar lánunum voru hlutabréf í Straumi-Burðarás samtals 507 milljón hlutir að nafnvirði. Hlutfall lánsins í samanburði við undirliggjandi veð var 150% veðhlutfall, eða 67% tryggingaþekja, skv. fundargerðinni. Lánin

Tafla 2. Hlutfjáreign þriggja eignarhaldsfélaga í Straumi-Burðarás í lok september 2008

Eignarhaldsfélög	Fjárhæð m. kr.	Fjöldi hluta í milljónum
Visgan Corporation	2.656	169
Omicron Association SA	2.655	169
Criollo SA	2.655	169
Samtals	7.966	507

Heimild: Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki.

136. Landsbanki Íslands, Samantekt: Staða stærstu skuldara bankans 31.03.2006 og 31.03.2008, Liður 15 – Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.

voru framlengd og staða þeirra í lok september 2008 var orðin samtals 7.966 milljónir króna. Samanlögð hlutfjáreign framangreindra félaga nam 4,9% af hlutfé Straums-Burðaráss.

Visgan Corporation

Visgan Corporation er skráð á Bresku Jómfrúaeypjum. Félagið keypti 169 milljónir hluta að nafnvirði í Straumi-Burðarási. Landsbanki Íslands sá um að fjármagna kaupin á hlutabréfunum. Lánastaða Visgan Corp. gagnvart Landsbankanum í lok september 2008 var 2.655 milljónir króna.

Omicron Association S.A.

Omicron Association er skráð á Bresku Jómfrúaeypjum. Félagið keypti 169 milljónir hluta að nafnvirði í Straumi-Burðarási. Landsbanki Íslands sá um að fjármagna kaupin. Lánastaða Omicron gagnvart Landsbankanum í lok september 2008 var 2.655 milljónir króna.

Criollo S.A.

Criollo S.A. er skráð á Bresku Jómfrúaeypjum. Criollo keypti samtals um 169 milljónir hluta að nafnvirði í Straumi-Burðarási. Landsbanki Íslands sá um að fjármagna kaupin. Lánastaða Criollo gagnvart Landsbankanum í lok september 2008 var 2.655 milljónir króna.

Fylgiskjal 2

Tafla 1. OLS-greining á næmni þóknatekna á bónusgreiðslur miðlara Glitnis

	<i>Gjaldeyrismiðlarar jaðaráhrif eftirfarandi þátta á bónusgreiðslur</i>	<i>Verðbréfamíðlarar jaðaráhrif eftirfarandi þátta á bónusgreiðslur</i>
Þóknatekjur (t-2)	0,0009855	-0,0020041
Viðkomandi sviðs í þús. kr.	(0,0053579)	(0,0069564)
Ár	11545,55	3907,728
	(3164,649) ²	(1503,323) ²
Skurðpunktur	3140,113	6996,363
	(4196,656)	(2950,434) ¹
	R ² : 0,4065	R ² : 0,1917

Staðalvilla innan sviga.

1. Marktækt við 1% öryggismörk.
2. Marktækt við 5% öryggismörk.

Útreikningar starfsfólks RNA.

Tafla 2. Greining á næmni þóknunatekna á bónusgreiðslur Landsbankans

(1) Tobit-greining á næmni þóknunatekna á bónusgreiðslur fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

	<i>Jaðaráhrif eftirfarandi þátta á bónusgreiðslur gefið að bónusgreiðslur séu greiddar út hálfárslega</i>	<i>Jaðaráhrif eftirfarandi þátta á bónusgreiðslur almennt miðað við meðaltal bónusgreiðslna</i>
Þóknunatekjur (t-1) viðkomandi sviðs í öðru veldi í þús. kr.	-2.32e-14	0.0000
	(5.01e-14)	(1.000)
Ár (meðaltal=2006.12)	-0.00911	0.0023
	(0.1004157)	(1.000)
Mælingar: [0-1]: 30. [1-∞): 21	Pseudo R ² : 0.0076	
Log Likelihood	-53.566	

(2) Greining með aðferð minnstu kvadrata (OLS) á næmni þóknunatekna á bónusgreiðslur verðbréfamíðlunar Landsbankans

	<i>Jaðaráhrif eftirfarandi þátta á bónusgreiðslur sem greiddar eru út mánaðarlega og taka mið af þjónustutekjum fyrri mánaðar</i>
Þóknunatekjur í þús. $\sum_{i=t-1}^t$; N=t-6	4.37E-13
viðkomandi sviðs í öðru veldi	(4.69E-13)
Ár	0.2464
	(0.0794) ¹

R²: 0.2250

Staðalvilla innan sviga.

1. Marktækt við 1% öryggismörk.

Útreikningar starfsfólks RNA.

11. kafli

Innri og ytri endurskoðun

11.1 Innri endurskoðun og áhættustýring

11.1.1 Inngangur

Athugun rannsóknarnefndar Alþingis að því er þennan þátt varðar beindist einkum að því að kanna hversu virk innri endurskoðun bankanna var. Í því sambandi var kannað hvaða reglur giltu um innri endurskoðun. Við mat á innri endurskoðun var stuðst við skýrslur innri endurskoðenda til endurskoðunarnefnda og stjórna fjármálafyrirtækjanna á árabílinu 2005 til falls þeirra svo og skýrslur sem innri endurskoðendur Kaupþings banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf. gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis. Þá var kannað hlutverk áhættustýringar og staða hennar innan bankanna. Meðal þeirra þátta sem athuginin beindist að voru áhrif áhættustýringar á ákvarðanatöku og eftirlit með áhættu, innleiðing alþjóðlegra BASEL II staðla og annað sem áhættustýringu viðkemur.

11.1.2 Lög og reglur um hlutverk innri endurskoðunar

Það heyrir almennt til innri endurskoðunar í fjármálafyrirtækjum að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styðja þannig viðkomandi fyrirtæki í því að ná markmiðum sínum.¹

Í 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er mælt fyrir um að við fjármálafyrirtæki skuli starfa endurskoðunardeild sem annast skuli innri endurskoðun. Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Síðan segir að innri endurskoðun sé hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og sé þáttur í eftirlitakerfi þeirra. Þetta ákvæði tekur ekki til verðbréfamiðlana og rafeyrisfyrirtækja. Þá getur Fjármálaeftirlitið, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá. Samkvæmt 69. gr. sömu laga er sparisjóðum heimilt að hafa samstarf um innri endurskoðun. Í lögum og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum er ekki mælt nánar fyrir um framkvæmd innri endurskoðunar í fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfa- viðskipti skal viðskiptaráðherra setja nánari reglur um innri endurskoðun. Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og við-

1. Sjá nánar Basel Committee on Banking Supervision: *Internal audit in banks and the supervisor's relationship with auditors*. Ágúst 2001, bls. 2.

skiptahætti fjármálafyrirtækja er kveðið svo á að þar sem það er viðeigandi og hæfilegt með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi fjármálafyrirtækis skuli það koma á og viðhalda aðferð við innri endurskoðun sem sé aðskilin og óháð öðrum verkefnum og starfsemi fyrirtækisins og sem sinnir eftirfarandi hlutverkum:

- a) kemur á og viðheldur endurskoðunaráætlun til að rannsaka og meta hæfi og skilvirkni kerfa fyrirtækisins og innri eftirlitskerfa,
- b) gefur út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu vinnu sem innt er af hendi í samræmi við a-lið,
- c) staðfestir að þessum ráðleggingum hafi verið fylgt,
- d) gefur skýrslur í tengslum við innri endurskoðun í samræmi við 3. mgr. 5. gr.

Samkvæmt d-lið 2. tölul. 17. gr. laga nr. 30/2003 skal rækja innri endurskoðun hjá verðbréfasjóðum. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. sömu laga er hins vegar heimilt að útvista því verkefni að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefni hóp eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið gaf út á árinu 2003 leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003 varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki. Á því tímabili sem hér er til skoðunar fékk Straumur-Burðarás undanþágu Fjármálaeftirlitsins frá því að starfrækja innri endurskoðunardeild skv. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Heimild þessi var nýtt af hálfu bankans fyrir árin 2004 til 2006.

Á framangreindum lagagrundvelli gaf Fjármálaeftirlitið síðan út leiðbeinandi tilmæli um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja nr. 3/2008 24. september 2008 eða aðeins nokkrum dögum fyrir fall bankanna. Þar sem ekki var við reglur að styðjast um verkefni innri endurskoðenda byggðist starf þeirra á starfslýsingu stjórnar hvers fjármálafyrirtækis fyrir sig, eins og hún var hverju sinni, en við samningu starfslýsinga var haft, eftir því sem næst verður komist, hliðsjón af reglum Basel nefndarinnar frá 2001.

Á árinu 2001 gaf „Basel Committee on Banking Supervision“ út leiðbeinandi reglur um „Internal audit in banks and the supervisor’s relationship with auditors“, sem fjallaði um eftirfarandi:

- a) Skilgreiningu á innri endurskoðun
- b) Markmið og viðfangsefni innri endurskoðunar
- c) Meginreglur innri endurskoðunar
- d) Verksvið og starfsemi innri endurskoðunar
- e) Samskipti eftirlitsyfirvalda við deild innri endurskoðunar og ytri endurskoðanda
- f) Endurskoðunarnefnd
- g) Útvistun á innri endurskoðun

Um er að ræða leiðbeinandi meginreglur fyrir eftirlitsaðila og rannsóknir þeirra sem annast eftirlit með bönkum og fjármálastofnunum á skipulagi innri endurskoðunar í bönkum og á samskiptum eftirlitsyfirvalda við innri og ytri endurskoðendur.

Í framhaldi af útgáfu leiðbeinandi reglna Basel-nefndarinnar sömdu íslensku fjármálafyrirtækin almennt starfslýsingu fyrir endurskoðunardeildir

„Í Landsbankanum var það að allur vöxtur bankans gerðist með innri vexti, svona svokallað „organic growth“ þannig að bankinn stækkaði úr 200 milljörðum yfir í einhver 4000 eða eitt-hvað án þess að nokkur eining væri keypt sem hafði hálfan starfsmann innri endurskoðanda [...]. Vegna þess hvað bankarnir uxu hratt þá var innri endurskoðun alltaf á eftir [...]. Menn voru kannski hálfu ári, einu ári á eftir en starfsemin hékk alltaf í.“

Skýrsla Sigurjóns Geirssonar, innri endurskoðanda Landsbanka Íslands, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 8 og 10.

og erindisbréf fyrir innri endurskoðanda. Þegar efni erindisbréfanna er virt má með nokkurri einföldun segja að meginverkefni endurskoðunardeilda fjármálastofnana hafi verið að skapa virðisauka með því að vera ráðgefandi við stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum á hverjum tíma og meta árangur² og meta og efla virkni áhættustýringar og eftirlits innan fyrirtækisins þannig að:

- farið sé að lögum og reglum,
- rekstrarupplýsingar séu nákvæmar, áreiðanlegar og aðgengilegar,
- áhætta sé greind með fullnægjandi hætti og henni stjórnað,
- markmiðum sé náð og áætlanir standist,
- samskipti innan stjórnskipulags fyrirtækisins séu í eðlilegum farvegi,
- gjörðir starfsmanna lúti verklagsreglum fyrirtækisins og stefnu,
- verðmæta sé gætt, þau nýtt og þeirra aflað með sem hagkvæmustum hætti,
- gæða- og umbótastarf sé á hverjum tíma samþætt stýriferlum.

Í erindisbréfum innri endurskoðanda fjármálafyrirtækjanna er ávallt gerð grein fyrir að hann sé ráðinn af stjórn fyrirtækisins og sé ábyrgur gagnvart henni. Hann skuli árlega gera endurskoðunaráætlanir um störf endurskoðunardeildarinnar og kynna niðurstöður úttekta fyrir stjórn fyrirtækisins með reglubundnum hætti. Þá er fjallað um að innri endurskoðandi tryggi að starfsmenn deildarinnar hafi yfir að ráða þeirri þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er við innri endurskoðun. Að lokum er gerð grein fyrir heimildum innri endurskoðandans til aðgangs að upplýsingum til að sinna störfum sínum.

Meginverkefni endurskoðunardeildanna á tímabilinu 2005 til falls fjármálafyrirtækjanna á árinu 2008 var að auka gæði og bæta rekstur og meta virkni eftirlits- og upplýsingakerfa og útlánaeftirlits. Hvað varðar útlánaeftirlit og þá sérstaklega mat á virði útlána er ljóst að innri endurskoðunardeildir komu mjög takmarkað að því verki. Í viðtölum við innri endurskoðendur stærstu fjármálafyrirtækjanna kom einnig fram að þeir töldu það ekki hlutverk innri endurskoðunar að annast slíkt heildarmat. Hafi það fyrst verið með leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins frá 24. september 2008 að kveðið var á um að innri endurskoðunardeildum bæri að sinna slíku mati með reglubundnum hætti.

Þar sem leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins til fjármálafyrirtækja nr. 3/2008 um störf innri endurskoðenda voru gefin út aðeins nokkrum dögum áður en bankarnir féllu, höfðu þau ekki áhrif á störf innri endurskoðenda á því tímabili sem hér er til rannsóknar og er því ekki tilefni til að fjalla nánar efnislega um þau. Á hinn bóginn er rétt að víkja stuttlega að viðhorfum innri endurskoðenda til þessara leiðbeinandi tilmæla. Í skýrslu Sigurjóns Geirssonar, innri endurskoðanda Landsbanka Íslands, kom fram að slíkar reglur frá eftirlitsaðilum styrki mjög starf innri endurskoðenda og því hafi verið mjög mikilvægt að fá reglurnar. Á hinn bóginn hafi þær komið allt

„Seinni part árs 2008 eða um mitt ár, þá vorum við svona að undirbúa okkur svoltið í að fara í þessi útlánamál og m.a. vegna þess að við töldum að áhættan í þeim málaflokki væri vaxandi. Það höfðu ekki verið nein útlánatöp að ráði þarna árin á undan og menn höfðu svona kannski meira horft á strúktúrinn í þessum lánamálum.“

Skýrsla Ágústs Hrafnkelssonar, innri endurskoðanda Glitnis banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 3.

2. Sbr. Group Internal Audit Charter Glitnir banki hf. frá 26. október 2007, erindisbréf fyrir innri endurskoðanda Landsbankans og skilgreining á hlutverki endurskoðunardeildar Landsbankans á samstæðugrunni frá 2. júní 2008, Kaupthing banki hf. Group Internal Audit Charter frá 19. janúar 2007 og Kaupthing banki hf. Internal Audit Charter frá 25. janúar 2006, erindisbréf fyrir innri endurskoðanda Sparisjóðabanka Íslands hf. frá 18. september 2007, Internal audit charter for Straumur-Burðarás Investment Bank hf. sem ekki var staðfest af stjórn fyrr en 3. febrúar 2009, erindisbréf fyrir forstöðumann innri endurskoðunar SPRON hf. frá 27. febrúar 2009.

of seint.³ Í skýrslu Ágúst Hrafnkelssonar, innri endurskoðanda Glitnis, kom fram að miklu hefði skipt að leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins hefðu komið fyrir því það væri „alveg ljóst að á þessum uppgangsrárum þá fékk hvað sem varðaði innra eftirlit ákaflega lítinn fókus, það var ekki hátt skrifað í kerfinu og alveg sama hvort menn horfa til regluvörslunnar, áhættustýringarinnar eða innri endurskoðunar þá voru þessar deildir, a.m.k. í Glitni, frekar veikar, lengi framan af“.⁴ Því hefðu þessi tilmæli geta styrkt verulega starfsemi innri endurskoðunar á þessum tíma hefðu þær komið fram miklu fyrir. Í skýrslu Lilju Steinþórsdóttur, innri endurskoðanda Kaupþings, kom fram að ekki léki neinn vafi á að það hefði styrkt mjög innri endurskoðun í fjármálastofnunum, og þá ekki síst hjá minni fjármálafyrirtækjum, hefðu leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins verið gefin út mun fyrir.⁵

11.1.3 Umfang innri endurskoðunar

Við könnun á störfum innri endurskoðenda fjármálafyrirtækjanna fór rannsóknarnefndin yfir endurskoðunarskýrslur sem lagðar voru fram af þeirra hálfu til endurskoðunarnefnda og/eða stjórnna fjármálafyrirtækjanna og tilteknar úttektir á tímabilinu 2005 til falls fyrirtækjanna. Þá voru teknar skýrslur af innri endurskoðendum fjármálafyrirtækja um störf þeirra.

Á árinu 2007 var fjöldi ársverka hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum og dótturfélögum þeirra erlendis við innri endurskoðun 39 sem er rúmlega 0,4% af heildarfjölda ársverka fyrirtækjanna. Hlutfall ársverka sem tengjast innri endurskoðun af heildarfjölda ársverka þriggja stærstu fyrirtækjanna var mjög áþekkur. Hjá hinum fyrirtækjunum sem til skoðunar voru var einu ársverki ráðstafað til þessa viðfangsefnis.

Ef litið er til heildareigna fyrirtækjanna í árslok 2007 og þeim deilt á ársverk hjá innri endurskoðunardeildum nema þær 320 milljörðum kr. á hvert ársverk. Samsvarandi er varðar heildarársverkfjölda fjármálafyrirtækja nema þær 1,5 milljörðum kr.

Meginverkefni endurskoðunardeildanna á tímabilinu 2005 til falls bankanna á árinu 2008 beindist að gæðum og umbótum í rekstri, að mati á virkni eftirlits- og upplýsingakerfa og útlánaeftirlits. Hins vegar komu innri endurskoðendur lítið sem ekkert að gerð reikningsskila fyrirtækjanna. Hvað varðar útlánaeftirlit og þá sérstaklega mat á virði útlána þá komu innri endurskoð-

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda ársverka innri endurskoðunardeilda á árinu 2007 í samanburði við heildarfjölda starfsmanna og eignir fjármálafyrirtækjanna

Skýring	Landsbanki	Glitnir	Kaupþing	Straumur-Burðarás	Sparisjóða-banki	SPRON	Samtals
Fjöldi ársverka	2.640	1.976	3.109	328	87	289	8.429
Fjöldi ársverka innri endurskoðunar	11	8	17	1	1	1	39
Hlutfall innri endurskoðunar (%)	0,4	0,4	0,5	0,3	0,1	0,3	0,4
Eignir í árslok 2007 ma.kr.	3.058	2.949	5.347	651	253	224	12.480
Eignir á hvern starfsmann ma.kr.	1,2	1,5	1,7	2,0	2,9	0,8	1,5
Eignir á hvern starfsmann innri endurskoðunar ma.kr.	278	369	315	651	253	224	320

Heimild: Landsbanki Íslands hf., Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Spron, Sparisjóðabanki Íslands hf.

3. Skýrsla Sigurjóns Geirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 2.
4. Skýrsla Ágúst Hrafnkelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 4.
5. Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 4.

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda úttekta innri endurskoðunar tímabilið 2005 til falls fjármálafyrirtækjanna

	<i>Eftirlitskerfi</i>	<i>Upplýsingakerfi</i>	<i>Lög og reglur</i>	<i>Gæði/ umbætur</i>	<i>Reikningsskil</i>	<i>Útlánaefirlit</i>
Landsbankinn	4	4	4	4	–	3
Glitnir	1	1	–	4	–	1
Kaupþing	2	4	1	2	–	–
Straumur-Burðarás	4	1	–	–	1	2
Sparisjóðabanki/ Icebank	1	2	2	4	–	3
SPRON	3	4	–	2	–	4

Heimild: Landsbanki Íslands hf., Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Spron, Sparisjóðabanki Íslands hf.

unardeildir mjög takmarkað að því verki nema hjá Sparisjóðabankanum/ Icebank og SPRON. Í skýrslutöku af innri endurskoðendum stærstu fjármálafyrirtækjanna kom fram að þeir töldu það ekki hlutverk innri endurskoðunar að annast slíkt heildarmat.

11.1.4 Umfjöllun í skýrslum innri endurskoðenda um tiltekin viðfangsefni á árinu 2008

Við athugun rannsóknarnefndar Alþingis á skýrslum innri endurskoðenda fjármálafyrirtækjanna frá árinu 2005 til falls þeirra á árinu 2008 kemur í ljós að allt til ársins 2007 var þar aðeins að finna fáar athugasemdir og ábendingar um bættu innri starfshætti fyrirtækjanna. Á þessu tímabili vottuðu innri endurskoðendur að innri eftirlitskerfin í heild sinni virki og skili hlutverki sínu. Þegar athugaðar eru skýrslur innri endurskoðenda frá seinni hluta ársins 2007 og frá árinu 2008 kveður við annan tón en þar eru settar fram fjölmargar athugasemdir um innra skipulag og eftirlit fjármálafyrirtækjanna. Skulu hér nokkur dæmi rakin:

Úr greinargerð innri endurskoðanda til bankaráðs Landsbanka Íslands í september 2007:

„Úttektir á erlendum starfseiningum. Á tímabilinu hefur verið lögð áhersla á að taka út allar mikilvægar erlendar starfseiningar bankans. Ein mikilvægasta endurskoðunin á erlendri starfsemi á tímabilinu var endurskoðun á Icesave innlánsreikningnum sem opnaður var í Bretlandi í október 2006. Helstu áhættuþættir sem tengjast Icesave eru rekstraráhætta í útvistaðri starfsemi og orðspors- og regluvörsluáhætta í sambandi við lagaákvæði um aðgerðir gegn peningþvætti. Byggt á endurskoðun okkar á tímabilinu er heildarniðurstaða okkar sú að áhættum í starfseminni sé vel stýrt og nauðsynlegar eftirlitsaðgerðir séu til staðar.“

Landsbanki Luxembourg S.A.: „Á undanförunum misserum hefur verið sérstakt áhyggjuefni hversu illa hefur gengið að vinna úr þeim athugasemdum sem komið hafa fram í endurskoðunarúttektum, einkum vegna þess að sum atriðin, sem bent hefur verið á, eru alvarleg. Stjórnendur bankans hafa undanfarið verið að vinna í þessum málum, bæði með skipulagsbreytingum og nú síðast með ráðningu viðbótar starfsmanns sem mun fyrst um sinn eingöngu vinna í úrbótarverkefnum sem tengjast athugasemdum innri og ytri endurskoðenda.“

Útlánaáhætta í starfseminni: „Í fyrri greinargerðum innri endurskoðenda til bankaráðs hafa komið fram ábendingar um að nauðsynlegt væri að útlána-

„Þegar ég hugsa um bankahrunið þá hugsa ég 2003 til 2006 þar sem menn voru að gera býsna gáfulega hluti, tóku klárlega áhættur en allt svona innan marka. 2006 fengu menn áhættuviðvörðun og nýttu sér hana ekki og héldu áfram. 2007 þar sem allt blés undir og síðan í raun og veru sumarið eða síðsumars 2007 þar sem heimurinn fær fyrstu viðvörðun um að allt sé að falla. [...] ég lít í sjálfu sér á allt sem gerist eftir haustið 2007 til haustsins 2008 sem ákveðna aðferðafræði ... í vörn sem sagt [...] það versta sem gæti komið fyrir Ísland væri það að eitthvert félag færi yfir um, eins og Gnúpur eða eitthvað slíkt. [...] Þannig að það var yfirlýst viðskiptaákvörðun, eins og ég þekki þessa sögu, að það væri vörnin við því óveðri sem hugsanlega væri að skella á.“

Skýrsla Sigurjóns Geirssonar, innri endurskoðanda Landsbanka Íslands hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 7.

„Oft er þetta þannig að maður skrifar eina skýrslu og svo skrifar maður aðra skýrslu og þriðju skýrsluna og svo fer maður að skynja eitthvert yfirbragð yfir hlutum. Aðgangsstýringar í einu kerfi eru kannski ekki stórt mál en ef þú sérð galla í aðgangsstýringum meira eða minna í hverri einustu skoðun í öllum kerfum alls staðar þá er það orðið sérvandamál aðgangsstýringar, þó að þær hafi kannski ekki verið útgangspunkturinn í einstökum skoðunum. Svo gerðum við auðvitað einhverjar svoleiðis athuganir þar sem við vorum bara að átta okkur á því að það þyrfti að skoða tiltekna hluti betur ofan í kjölinn af því að þeir komu upp víða. En ég held að það megi segja það að það eru ýmsir þættir sem máttu betur fara og það er svo sem, því miður þá komumst við ekki lengra með þetta fyrir hrunið.“

Skýrsla Ágústs Hrafnkelssonar, innri endurskoðanda Glitnis banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 12.

reglur bankans verði uppfærðar þannig að þær endurspegli vel þá starfsemi sem bankinn stundar, t.a.m. í gegnum erlend útibú. Enn virðist vanta upp á að þetta sé raunin og leggur innri endurskoðandi áherslu á að vinna við endurskoðun útlánareglna bankans verði klárud án frekari tafa.“

Sérfræðiúttekt á starfsemi endurskoðunardeildar Landsbankans: „Niðurstaða úttektarinnar var almennt mjög jákvæð, en meginniðurstaða skýrslunnar er að endurskoðunarnefnd og þar með bankaráð geti treyst starfi innri endurskoðunar Landsbankans.“

Úr greinargerð innri endurskoðanda Glitnis til Endurskoðunarnefndar í júlí 2008:

„Skýrslur til eftirlitsyfirvalda: Komið hefur í ljós, að skýrslur til eftirlitsyfirvalda eru ekki með þeim hætti, sem vera ber. Fyrir því virðast vera nokkrar ástæður. Ónóg gögn í upplýsingakerfum gera samantektina erfiðari og auka þörf á upplýsingaöflun með handvirkum hætti. Ef horft er til baka er líklegt, að ónógur mannskapur eða ónóg vinna hafi verið lögð í skyldubundna skýrslugjöf auk þess sem mikil starfsmannavelta hafi bitnað á eða dregið úr þeirri þekkingu, sem samantekt vissra skýrslna krefst. Skýrslur hafa oft verið unnar af deildum, sem ekki bera ábyrgð á viðkomandi sviði, og án þess, að þær hafi verið undir það bornar. Innra eftirlit með nákvæmni skýrslanna hefur liðið fyrir það og dæmi eru um, að óljóst sé hver beri ábyrgð á þeim.“

Rekstrarsvið og þjónusta útibúa: „Endurskoðun á rekstrarsviði og á þjónustustarfsemi útibúa tók einnig til könnunar innra skipulags og starfsaðferða með tilliti til stjórnunarháttá og áhættustýringar og hugsanlega aukinnar skilvirkni. Meginniðurstaða endurskoðunarinnar er, að mikilvægt sé að styrkja starfsemi rekstrarsviðs með því að greina helstu áhættuþætti og yfirfara og skilgreina starfsaðferðir. Bættar starfsaðferðir og aukid eftirlit með því, sem út af ber, munu einnig auka trúverðugleika reikningsskila og tryggja þannig hag bankans og viðskiptavina hans.“

Starfsmenn – Fjárhagsleg staða: „Innri endurskoðun samstæðunnar hefur kynnt sér fjárhagslega stöðu starfsmanna, þar á meðal stjórnenda, öðru hverju. Slíkt eftirlit er mikilvægt með tilliti til þess, sem getur orðið undirrot sviksemi af einhverju tagi. Sérstaklega hefur verið skoðað hvaða lán stjórnendur og aðrir starfsmenn hafa tekið til að fjármagna kaup á verðbréfum og þá einkanlega þegar lánin eru meiri en veðinu nemur. Hefur bankastjóra verið kynnt niðurstaða þessarar athugunar og til hvaða ráða skuli grípa.“

Öryggi upplýsingakerfa – Eftirlit með aðgangi: „Vel stýrt umhverfi varðandi öryggi upplýsingakerfa er einn af hornsteinum virks innra eftirlits. Ef notendaaðgangur er vel skilgreindur og vel stýrður, er betur hægt að treysta þeirri vinnu og þeim starfsaðferðum, sem viðhafðar eru. Það mun tryggja, að rétt sé farið með upplýsingar, stuðla að hraðari og áreiðanlegri skýrslugjöf og draga úr þörf fyrir ítarlegar prófanir af hálfu endurskoðenda. Allt er það fallið til að draga úr kostnaði. Endurskoðun okkar á eftirliti með aðgangi að upplýsingakerfum leiddi í ljós, að mikill losarabragur var á starfsaðferðum og eftirliti á þessu sviði.“

Veðköll: „Innri endurskoðun samstæðunnar kannaði starfsaðferðir við veðköll í nóvember 2007. Meginniðurstaða þeirrar könnunar var, að einstakar deildir ættu að bera fulla ábyrgð á því að kalla eftir frekari veðum. Er þau mikilvæg fyrir hagsmuni bankans. Virtist áhættustýringin hafa góða yfirsýn yfir þessi mál en innri endurskoðun taldi, að nauðsynlegt væri að efla eftirlitið að þessu leyti og auka sjálfvirkni.“

Úr skýrslu innri endurskoðanda Kaupþings á Fyrirtækjasviði frá febrúarmánuði 2008: „Útlánareglur: Ekki eru í gildi aðrar útlánareglur á Fyrirtækjasviði en þær sem gilda fyrir allar lánveitingar bankans og koma fram í ICP⁶ 5. Mikilvægt er að Fyrirtækjasvið hafi skilgreindan ramma til að vinna eftir þótt ákveðin frávík séu meðhöndluð sérstaklega. Því er nauðsynlegt að innleiddar séu reglur um lánveitingar til fyrirtækja.“

Fyrirtæki án lánsþátttakers: „Reglur bankans kveða á um að lánaákvörðun sé ógild hafi fyrirtæki ekki fengið lánsþátttaker. Veitt er undanþága frá reglunum ef fyrirtæki er skráð á sérstakan undanþágulista sem Áhættustýring heldur utan um. Við skoðun kom í ljós að mörg fyrirtæki hafa fengið fyrirgreiðslu án þess að uppfylla framangreint skilyrði.“

Útlánaeftirlit: „Útlánaeftirlit Áhættustýringar heldur utan um svokallaðan vöktunarlista (e. watchlist) sem byggður er á upplýsingum úr lánabók. Ákvarðanir um skráningu á vöktunarlista eru teknar á grundvelli munnlegra upplýsinga sem Útlánaeftirlitið fær ársfjórðungslega frá viðskiptastjórum Fyrirtækjasviðs. Í sömu samtölum hefur Útlánaeftirlitið einnig fylgst með eftirliti viðskiptastjóra með ákvæðum lánasamninga. Útlánaeftirlitið gerir ekki sjálfstæðar áreiðanleikakannanir á upplýsingum viðskiptastjóranna. Útlánaeftirlit á að fela í sér rannsóknarvinnu af hálfu eftirlitsaðila. Starfsmenn Útlánaeftirlits þurfa sjálfir að sannreyna stöðu fyrirtækjanna með sjálfstæðum aðgerðum.“

Eftirlit með tryggingum: „Gerð var úrtakskönnun á fyrirliggjandi tryggingum. Nokkur fyrirtæki voru valin með slembiaðferð og kallað var eftir öllum tryggingum sem lágu að baki fyrirgreiðslum til þeirra. Erfitt reyndist að fá skýr svör um gildandi tryggingar og upplýsingar um þær liggja ekki fyrir á einum stað. Almenn er umsjón með tryggingum flókin og heildaryfirsýn ófullnægjandi við núverandi aðstæður. Verkaskipting þarf að vera skýr og sannreyna þarf að tryggingar séu til staðar.“

Úr skýrslu um innri endurskoðun Kaupþings á Fjárstýringu í febrúarmánuði 2008: „Markaðsáhætta: Ekki eru til formlegar heimildir fyrir stöðutöku eigin viðskipta í skráðum afleiðum. Samþykking þarf heimildir og koma á eftirliti með þeim. Útbúa þarf og samþykka á formlegan hátt heimildaramma fyrir afleiðuviðskipti ásamt því að koma á eftirliti með heimildum. Ljúka þarf vinnu við að útbúa og samþykka á formlegan hátt heildarheimild um gjaldeyrisáhættu fyrir Fjárstýringu ásamt því að koma á virku eftirliti með heimildum.“

Útlánaáhætta: Mikilvægt er að sem fyrst verið lokið við að gera ISDA⁷- og CSA⁸-samninga við núverandi mótaðila bankans. Mikilvægt er að tryggja að samningar séu gerðir áður en viðskipti fara fram við nýja aðila, eða að fyrir liggja a.m.k. undirrituð staðfesting frá mótaðila þar til formlegri samningagerð er lokið.“

Úr skýrslu innri endurskoðanda Kaupþings 17. desember 2007 um útlánaeftirlit Kaupþing Bank Lux:

„Kaupþing Bank Luxembourg S.A.: Almenn niðurstaða er sú, að styrkja skuli lánasamþykktir með því að skilgreina og festa betur í sessi lánveitingarferlið.“

„Ég held að aðgangsmál hafi náttúrulega verið gífurlega mikilvæg og að kerfi bankans voru hreinlega alls ekki nógu góð og fólk virtist geta fengið endalausán aðgang að öllu. Ég held að það hafi verið mjög slæmt. Eins tel ég náttúrulega að tryggingamálin hafi verið í ólestri líka, utanumhald utan um tryggingar. [...] Eins og hefur komið í ljós eftir á þá voru þeir hlutir ekki í nægilega föstu formi og menn fundu t.d. leið [fram hjá] lánanefnd og þessar lánareglur til þess að fara bara beint fram hjá því og veita svokölluð peningamarkaðslán sem voru eins og opnir víxlar, engar tryggingar og ekki neitt á bak við það. En varðandi þau mál sem fóru í gegnum lánanefndir þá gerðum við athugasemdir um lánsþátttaker og eftirlitshlutverk áhættustýringar, það átti fulltrúi áhættustýringar að sitja alla lánanefndarfundi og hafa eftirlit með því að allt væri í góðu lagi. Það hlutverk fúnkeraði ekki [...] þannig að fulltrúi áhættustýringar fékk engin gögn fyrir fram, fékk þau bara á fundinum og það var alveg greinilegt á lestri fundargerða og í samtölum við þennan fulltrúa að þessi aðili virkaði ekki sem eftirlitsaðili, sem átti að gera samkvæmt reglunum heldur sem einhvers konar áheyrnarfulltrúi.“

Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur, innri endurskoðanda Kaupþings banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 8.

6. ICP stendur fyrir Internal Control and Procedural Handbook.
7. ISDA stendur fyrir International Swaps and Derivatives Association.
8. CSA stendur fyrir Credit Support Annex.

Meginniðurstaða er að fylgt hafi verið útlánastefnu bankans (e. Internal Credit Policy) á sumum sviðum. [...] Verklagsreglur varðandi lánveitingaferlið eru ekki skriflegar né í flæðiriti. Með það í huga, að lánveitingaferlið og eftirlit með viðeigandi veðum eru á miklu áhættusvæði þarf að skilgreina ferlið með skýrum hætti. [...] Í ljós kom, að of mikil áhætta hefði verið tekin gagnvart sumum helstu viðskiptavinum. Frádrag við mat á tryggingum (e. haircut) fyrir skráð verðbréf var stundum 10% og fyrir frádrag á samningum um gengismun (CDF's) á milli 20% og 33%. Einn viðskiptavinur reyndist hafa sett allmikið af óskráðri fjárfestingu sem veð. Niðurstaða okkar er sú, að hér beri að þrengja og herða verulega á kröfunum.“

Úr skýrslu innri endurskoðanda Straums-Burðarás í janúar 2008 um eftirlitsumhverfið:

„Heiðarleiki og siðferðileg gildi: Að þessu leyti er þörf fyrir endurskoðaða og virka stefnu í bankanum.“

Áhersla á samkeppnishæfi: „Skriflegar starfslýsingar eru almennt ekki fyrirbyggjandi í bankanum. Það ættu þær að vera, a.m.k. fyrir alla þá, sem starfa sem yfirmenn við stjórnun og eftirlit.“

Bankastjórn/Endurskoðunarnefnd: „Í Leiðbeinandi tilmælum segir, að í bankanum skuli vera launanevnd (e. remuneration committee) og endurskoðunarnefnd þótt starfssvið þeirra sé ekki formlega skilgreint. Tilkoma endurskoðunarnefndar greiðir fyrir meiri samskiptum milli CFO (aðalfjármálastjóra), innri og ytri endurskoðanda, eykur umræðu um áreiðanleika fjármálaeigarar skýrslugjafar, um innri eftirlitskerfi og um athugasemdir og tillögur til úrbóta. Skipurit var kynnt í september 2007 í 90 daga yfirliti CEO (bankastjóra), The Way Ahead. Skipuritið hefur ekki verið kynnt nákvæmlega á starfsmannafundi ásamt nýstofnuðum áhættunefndum, sem munu gegna mikilvægu hlutverki í öllu eftirlitsstarfi bankans. Þörf er á betri yfirsýn yfir valdsvið og ábyrgð og á ákveðnu skýrslugjafar- eða tilkynningaferli. Á það einnig við um allar upplýsingar um starfsemina, um ábyrgð stjórnenda á henni og hvaða áhrif hún hefur á heildarhag bankans.“

Mannauðsstefna og starfshættir: „Bankinn hefur enga formlega stefnu í ráðningar- og starfsþjálfunarmálum eða hvað varðar frama í starfi og launauppbót en að því er þó unnið að nokkru leyti.“

Úr skýrslu innri endurskoðanda Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. um útlán á árinu 2008:

„Árleg útlánaskoðun í bankanum hefur hingað til verið miðuð við stöðu viðskiptamanna 30. september ár hvert en þær aðstæður sem sköpuðust við bankahrunið í október urðu til þess að skoðunin dróst og að endingu var ákveðið að viðmiðunardagur skyldi vera 31. 12. 2008. Skýrslulok eru miðuð við 31. 01. 2009.“

Vanskil: „Vanskil hafa margfaldast frá síðustu útlánaskoðun svo sem viðbúið var.“

Tryggingar: „Hvað varðar tryggingar fyrir stærstu útlánunum teljast þær í fæstum tilvikum nægilegar. Gengisfall krónunnar og verðbólguþróun undanfarið hafa leitt til þess að lánin hafa hækkað en undirliggjandi tryggingar oftast nær rýrnað að sama skapi. Því er í mörgum tilvikum um tryggingarvöntun að ræða. Einnig er töluvert um að tryggingar felist nær einungis í hlutafé í fyrirtækjum sem lánað er til og litlar sem engar aðrar eignir eru fyrir hendi.“

Framvirkir samningar með hlutabréf: „Samkvæmt reglum um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja og áhættugrunn telja framvirkir hlutabréfasamningar einungis 6% inn í áhættugrunn (líftími samnings undir ári) á meðan lán með veði í hlutabréfum telja 100%. Vera má að þetta misræmi í reglunum hafi virkað hvetjandi til að stofna frekar til framvirkra hlutabréfasamninga en til lánasamnings, sérstaklega þegar reglur um stórar áhættuskuldbindingar takmarka útlán til tengdra aðila við 25% af eiginfjárgrunni. Lagt er til að bankinn líti framvegis á framvirka samninga með hlutabréf sem ígildi láns með veði í hlutabréfum þegar miðað er við hámarksviðmið slíkra samninga.“

Úr skýrslu innri endurskoðanda SPRON fyrri hluta ársins 2008:

„Vanskilaathuganir: Á árinu hefur innri endurskoðun gert margs konar vanskilaathuganir. Í fyrsta lagi má nefna athugun á stærstu vanskilaaðilum, sem unnin var um mitt árið, en ljóst er að vanskilin hafa aukist nokkuð frá því á síðasta ári. Einnig voru gerðar sérstakar athuganir á innheimtuferlum vegna yfirdráttarvanskila, á færsluskra innstæðulausra færslna og skuldabréfa. Í þeirri athugun kom fram að slaknað hafði á innheimtu á afgreiðslustöðum sparisjóðsins. Í framhaldi af þessu var haft samband við útibúin og þau gerðu viðeigandi ráðstafanir til að bæta innheimtuna á þessum lánnum. Gerð var heildarendurskoðun á NB.is þar sem megináherslan var lögð á vanskil. Í skýrslunni kom fram að vanskil í Netbankanum hefðu aukist frá síðustu athugun. Fjöldi stærstu vanskilaaðila er mjög svipaður og fyrir ári en fjárhæðin hefur næstum tvöfaldast. Hjá Frjálsa hafa verið könnuð vanskil íbúðalána. Undirritaður [innri endurskoðandinn] hefur nokkrar áhyggjur af því að veðhlutfall vanskilálána er í mörgum tilvikum komið nálægt 100% þrátt fyrir að lánað hafi verið fyrir 80% af kaupverði á sínum tíma. Stefna fjárfestingarbankans hefur verið að horfa fyrst og fremst á veðhlutfall eigna og því eru þar mun fleiri viðskiptamenn sem hefur verið synjað um viðskipti hjá öðrum lánastofnunum vegna mikilla skuldbindinga.“

11.1.5 Endurskoðunarnefndir fjármálafyrirtækjanna

Á árunum 2003 til 2008 settu fjármálafyrirtækin sér sjálf starfsreglur um skipan sérstakra endurskoðunarnefnda sem höfðu það verkefni að undirbúa og fjalla um reikningsskil og innra eftirlit fyrirtækisins til undirbúnings umfjöllunar stjórnar viðkomandi fjármálafyrirtækis um þau viðfangsefni. Starfsreglurnar hafa tekið breytingum á tímabilinu sem hér er til skoðunar en það var ekki fyrr en á árinu 2009 sem fjármálafyrirtækjum var gert skylt með breytingu á lögum um ársreikninga að hafa starfandi endurskoðunarnefndir. Með lögum nr. 80/2008 sem tóku gildi 1. janúar 2009 voru gerðar breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, sem fólu í sér að bætt var við lögina nýjum kafla með yfirskriftinni „Endurskoðunarnefnd“ og hefur hann að geyma fjórar greinar, 108. gr. a til 108. gr. d. Í athugasemdum með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 80/2008, er tekið fram að með frumvarpinu sé lagt til að allar einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa starfandi endurskoðunarnefnd innan sinna vébanda. Endurskoðunarnefndin sé eftirlitsnefnd og með því að kveða á um skipun slíkrar nefndar sé leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og óhæði endurskoðenda einingarinnar.⁹ Samkvæmt c-lið 7. tölul. 1. gr. laga

9. Alþt. 2007–2008, A-deild, bls. 4795.

„[Endurskoðunarnefndin] hittist átta til tíu sinnum á ári, bæði 2007 og 2008. Tvisvar á árinu 2006, eftir að ég byrjaði í október. [...] Ég var ritari nefndarinnar og undirbjó fundina og skrifaði fundargerðir og útbjó fundarskema þar sem ég passaði upp á að það fundarskema dekkjaði alveg örugglega alla liðina sem voru nefndir í erindisbréfinu, þannig að þeir færu örugglega yfir það. Þeirra hlutverk gagnvart innri endurskoðun var [...] þessi þriggja mánaða skýrsla innri endurskoðenda var lögð fyrir og þeir ræddu hana áður en hún fór fyrir stjórn. [Á sama hátt var] endurskoðunaráætlunin einnig lögð fyrir nefndina, áður en hún fór fyrir stjórn til samþykktar.“

Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur, innri endurskoðanda Kaupþings banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 5.

nr. 79/2008 um endurskoðendur telst lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki falla undir hugtakið eining tengd almannahagsmunum í lögnum.

Fyrir gildistöku laga nr. 80/2008 voru endurskoðunarnefndir almennt skipaðar þremur stjórnarmönnum. Verkefni þeirra var að velja og gera tillögur til hluthafafundar um ráðningu ytri endurskoðanda og hafa samskipti við ytri endurskoðanda fyrirtækisins. Einnig áttu þær að fjalla um og samþykkja endurskoðunaráætlanir bæði innri og ytri endurskoðenda og þóknun til ytri endurskoðanda. Þá skyldu endurskoðunarnefndir taka til umfjöllunar og leggja mat á umsagnir og álit ytri og innri endurskoðenda og stjórnenda fjár- og bókhaldsmála um virkni og gæði fjárhagsupplýsinga, reikningsskila og innra eftirlits svo og tryggja að skýrslur og greinargerðir eftirlitsaðila fengju umfjöllun á stjórnarfundum.

Við skoðun rannsóknarnefndar á fundargerðum endurskoðunarnefndanna, sérstaklega á árunum 2007 og 2008, sést að nefndirnar hafa haldið fundi 4 til 10 sinnum á ári. Viðfangsefni þeirra var samkvæmt starfsreglum eins og lýst er hér að framan með því fráviki að hjá Landsbanka Íslands hafði nefndin það hlutverk að leggja fyrir stjórn fyrirtækisins tillögu til samþykktar um útlánaafskriftir. Það var ekki fyrr en í lok árs 2007 að SPRON kom á fót endurskoðunarnefnd og hjá Straumi-Burðarási var slíkri nefnd komið á laggirnar á miðju ári 2008.

Fram kom m.a. við skýrslutöku og í viðtölum bæði við ytri og innri endurskoðendur fjármálfyrirtækjanna að með stofnun endurskoðunarnefndanna hefðu öll samskipti og fagleg umfjöllun um áætlunargerð, skýrslur og greinargerðir batnað og eftirfylgni sömuleiðis. Hins vegar er ekki að sjá af fundargerðum nefndanna að þær hafi haft mikið frumkvæði að einstökum málum nema helst hjá Landsbanka Íslands hf.

Eins og áður segir voru gerðar breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga með lögum nr. 80/2008. Er fjármálfyrirtækjum nú ávallt skylt að hafa endurskoðunarnefnd. Með ákvæðum 108. gr. a til 108. gr. d hefur 41. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB verið innleidd. Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. a skal endurskoðunarnefnd skipuð af stjórn fjármálfyrirtækis og skal það gert eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur mönnum hið minnsta. Í 3. mgr. 108. gr. a eru lögfestar sérstakar hæfisreglur fyrir nefndarmenn endurskoðunarnefnda. Þeir verða í fyrsta lagi að vera óháðir endurskoðendum fjármálfyrirtækisins. Í öðru lagi verður meiri hluti nefndarmanna að vera óháður fjármálfyrirtækinu. Álitamál er hvernig skýra beri hugtakið „óháður“ og þá ekki síst hvort það útiloki starfsmenn fjármálfyrirtækis frá því að taka sæti í endurskoðunarnefnd. Hugtakið hefur verið skýrt með hliðsjón af tilmælum framkvæmdastjórnar ESB 2005/162/EB um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórnar, eða eftirlitsstjórnarmenn markaðsskráðra félaga svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir). Í 7. tölul. aðfaraorða tilmælanna er tekið fram að almennt sé talið að seta óháðra fulltrúa í stjórninni, sem geta vefengt ákvarðanir framkvæmdastjórnar, sé leið til að vernda hagsmunum hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Í 18. tölul. aðfaraorða tilmælanna er tekið fram að „sá skilningur [sé] oftast lagður í óhæði að viðkomandi hafi hvorki nán tengsl við framkvæmdastjórnina, ráðandi hluthafa né félagið sjálf“. Síðar í 18. tölul. aðfaraorðanna er síðan tekið fram að við beitingu á „viðmiðun um óhæði [skuli] leggja meiri áherslu á efni en form“. Í II. viðauka

við tilmælin eru taldar upp þær aðstæður sem leitt geta til þess að stjórnarmaður geti ekki talist óháður og þeim lýst nánar. Í b-lið 1. tölul. er tekið fram að viðkomandi megi ekki hafa verið starfsmaður félags eða hlutdeildarfélag og megi ekki hafa verið í slíkri stöðu síðustu þrjú árin nema þegar stjórnarmaður, sem er ekki framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmaður er ekki í yfirstjórn og hefur verið kosinn í stjórnina (í eftirlitsstjórnina) í tengslum við samráðskerfi fyrir starfsmenn sem er samþykkt í lögum og þar sem tryggð er fullnægjandi vernd gegn óréttmætum brottrekstri og annars konar ósanngjarnri meðferð.

Þegar ákvæði 3. mgr. 108. gr. a laga nr. 3/2006, sbr. og ákvæði 1. mgr. 41. gr. tilskipunar 2006/43/EB, eru túlkuð með hliðsjón af ákvæðum tilmæla 2005/162/EB verður að telja að í ákvæðinu felist m.a. áskilnaður um að hinir óháðu nefndarmenn séu ekki starfsmenn fjármálaþyrftækisins.¹⁰ Til nefndarmanna eru gerð þau almennu hæfisskilyrði að þeir búi allir yfir þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Þá er gerð sú menntunarkrafa að minnsta kosti einn nefndarmanna hafi þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

11.1.6 Virkni innra eftirlits bankanna

Af þeim gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis fékk afhent svo og skýrslum sem innri endurskoðendur gáfu fyrir nefndinni verður ráðið að hægt gekk að ná fram umbótum á því sem innri endurskoðendur bentu á í skýrslum og greinargerðum sínum. Í skýrslu Ágúst Hrafnkelssonar, innri endurskoðanda Glitnis, fyrir nefndinni kom þannig fram að í grófum dráttum hefði honum fundist úrbætur hafa gengið mjög hægt fyrir sig í ýmsum málefnum.¹¹ Í skýrslu Lilju Steinþórsdóttur, innri endurskoðanda Kaupþings, kom fram að það hefði gengið misjafnlega að ná fram úrbótum á því sem aflaga hefði farið. Þegar hún hefði komið til starfa í bankanum í október 2006 hefði í raun ekki verið til „kúltúr“ í bankanum til þess að taka við athugasemdum innri endurskoðunar.¹² Í skýrslu Sigurjóns Geirssonar, innri endurskoðanda Landsbankans, kom fram að það sem háð hefði bæði uppbyggingu endurskoðunarviðs og eftirfylgni hefði verið hinn gríðarlega mikli innri vöxtur Landsbankans sem stækkað hefði úr 200 milljörðum í 4.000 milljarða á aðeins fáum árum.¹³

11.1.7 Tengsl Fjármálaeftirlitsins og innri endurskoðenda

Í 14. gr. leiðbeinandi reglna sem Basel-nefndin gaf út árið 2001 um innri endurskoðun kemur fram að fjármálaeftirlit skuli halda reglubundna fundi með innri endurskoðendum banka um áhættu í rekstri hans og hvernig henni sé mætt. Því er lýst að fjármálaeftirlit skuli á slíkum fundum ræða umfang samvinnu á milli ytri og innri endurskoðenda. Í 15. gr. sömu reglna eru fjármálaeftirlit hvött til að ræða stefnumótun sína við innri endurskoðendur.

Í skýrslu Sigurjóns Geirssonar, innri endurskoðanda Landsbanka Íslands, kom fram gagnrýni á að Fjármálaeftirlitið hefði ekki reglubundið haldið

„Innan bankans þá var oft litið á innri endurskoðendur sem nánast ekki hluta af bankanum af því að við áttum að vera til hliðar og svona votta. En Fjármálaeftirlitið leit á okkur sem ekkert sérstakt þá, bara að við ættum að vera hluti af bankanum, þá féllum við svoltið svona mitt á milli. Og bakland innri endurskoðunar verður þar með svoltið veikara við það að Fjármálaeftirlitið nær ekki [...] að byggja formlega á innri endurskoðun.“

Skýrsla Sigurjóns Geirssonar, innri endurskoðanda Landsbanka Íslands hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 4.

10. Samkvæmt þeim alþjóðlegu skilgreiningum á hugtakinu „óháður“ sem notaðar hafa verið hefur almennt verið talið að starfsmenn fyrirtækis geti ekki talist óháðir gagnvart stjórn og daglegum stjórnendum í þessum skilningi. Sjá hér t.d. Staalkjær, Brian Benjamin: *Revisionskomitéers rolle – i et Corporate Governance perspektiv*. Kaupmannahöfn 2005, bls. 73.

11. Skýrsla Ágúst Hrafnkelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 7.

12. Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 6.

13. Skýrsla Sigurjóns Geirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 8.

fundu með innri endurskoðendum eins og mælt væri með í Basel-regglunum. Þá fann hann einnig að því að ekki væri heldur gert ráð fyrir slíkum fundum í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um innra eftirlit. Í skýrslu Sigurjóns kom m.a. fram: „Þessi regla kemur ekki að ástæðulausu inn í Basel-regluverkið því að þetta kemur náttúrulega upp úr áföllum sem evrópski bankaheimurinn hefur þó lent í áður en allt hrundi [...] þar sem menn komust að því að það þyrfti að stórefla óformleg eða frjálst samskipti milli ytri endurskoðenda og fjármálaeftirlita og innri endurskoðenda og fjármálaeftirlita og bara sjá til þess að menn hittust og hefðu einhverjar ástæður til að taka upp símtólið líka [...]. Í þessum reglum er lögð áhersla á að fjármálaeftirlit hitti innri endurskoðendur að lágmarki einu sinni á ári og viðri svona alls konar hluti. Og ég held að slíkir fundir, ef haldnir hefðu verið, hefðu gefið Fjármálaeftirlitinu gríðarlega mikil tækifæri til að fylgjast almennt með hvað menn voru almennt að hugsa og hafa áhyggjur af [...] það má ekki gleyma því að innri endurskoðandi hefur engar sérstakar boðleiðir aðrar en til stjórnar [...]. Nú þetta eru þær sömu stjórnir sem menn hafa komist að niðurstöðu um að voru helst til áhættusæknar og fóru hratt þannig að þetta er svolítið sjálfhverft eftirlitshlutverk. Það er alveg á hreinu í mínum huga að þótt ekki hefði verið annað en að slíkir fundir hefðu verið haldnir þá hefði það getað hjálpað mönnum mjög mikið að ná saman hugsunum þeirra sem voru þá að hafa áhyggjur af hlutum, séð þá frá mismunandi bæjardrym. Annars vegar með alla innsýn inn á við og síðan þessa sýn út á við, sem Fjármálaeftirlitið hefur.“ Sigurjón taldi því að það hefði verið afdrifaríkt að þetta ákvæði Basel-reglnanna um reglubundin samskipti við innri endurskoðendur var ekki tekið upp í íslenskan rétt.¹⁴

Í skýrslu Ágústs Hrafnkelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann myndi ekki til þess að yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins hefði kallað innri endurskoðanda Glitnis til viðræðna um málefni um innri endurskoðun. Samskipti við Fjármálaeftirlitið hefðu í raun verið „sáralítill“.¹⁵

Í skýrslu Lilju Steinþórsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að toga hefði þurft út með tögum þær upplýsingar sem hún hefði þurft frá Fjármálaeftirlitinu. Hefði hún farið þess sérstaklega á leit við Fjármálaeftirlitið að fá fund með þeim. Á honum hefði hún útskýrt hvað hún væri að gera í innri endurskoðun hjá Kaupþingi og óskað eftir viðbrögðum frá eftirlitinu en ekki fengið þau.¹⁶

11.1.8 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um innri endurskoðun

Innri endurskoðun er eitt helsta innra stjórnartækið sem stjórn fjármálafyrirtækis hefur yfir að ráða til að fá óháð mat á því hvort innra eftirlit sé virkt og hvort lögum og reglum, sem og stefnu fyrirtækisins, sé fylgt í daglegum störfum þess.

Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var það mikil framför að Fjármálaeftirlitið skyldi hinn 24. september 2008 gefa út leiðbeinandi tilmæli um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja nr. 3/2008. Á hinn bóginn

14. Skýrsla Sigurjóns Geirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 3.
15. Skýrsla Ágústs Hrafnkelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 8.
16. Skýrsla Lilju Steinþórsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. september 2009, bls. 10.

var það gert allt of seint miðað við þá knýjandi þörf sem var á markvissara og öflugra innra eftirliti í fjármálafyrirtækjunum í ljósi þess að mörg þeirra höfðu stækkað um 30–50% ár hvert, nokkur ár í röð. Í skýrslum sem innri endurskoðendur þriggja stærstu bankanna gáfu fyrir nefndinni kom fram að ef tilmælin hefðu verið til staðar fyrir hefðu þau styrkt stöðu innri endurskoðanda auk þess sem áherslur og verkefni hefðu verið nokkuð önnur, sérstaklega er varðar mat og eftirlit með útlánunum.

Í ljósi þeirra skýrslna sem innri endurskoðendur stóru bankanna þriggja gáfu fyrir rannsóknarnefndinni telur hún að eftirfylgni við athugasemdir innri endurskoðenda hafi almennt gengið mjög hægt fyrir sig, ef hún gekk þá eftir. Verður því ekki séð að störf innri endurskoðenda hafi haft nægilegan slagkraft. Er því ástæða til að draga í efa að innri eftirlitskerfi bankanna hafi í öllum tilvikum haldið í við hinn gífurlega hraða vöxt þeirra.

Rannsóknarnefnd telur brýna þörf á að leggja skýrari lagagrundvöll að innra eftirliti fjármálafyrirtækja og telur í því sambandi ekki viðhlítandi að byggja á leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins sem mæla t.d. fyrir um að innri endurskoðandi „þurfi“ að hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum og að „rík áhersla sé lögð á“ að endurskoðun ljúki með skýrslu. Að mati rannsóknarnefndar þarf að setja lagalega bindandi reglur sem eru skýrar, stöðugar og fyrirsjáanlegar um lágmarksinntak innri endurskoðunar í fjármálafyrirtækjum sem hægt er að fylgja eftir með lagalegum úrræðum. Slíkar reglur ættu því að koma fram í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem hefðu viðhlítandi lagastöð.

Þá telur rannsóknarnefnd mikilvægt að innri endurskoðendur fái tækifæri til að eiga reglulega fundi með Fjármálaeftirlitinu í samræmi við þau sjónarmið sem 14. gr. leiðbeinandi reglna Basel-nefndarinnar frá 2001 um innri endurskoðun er byggð á. Með því gefst þá færi á að samhæfa betur innra og ytra eftirlit og auka slagkraft þess eftirlits sem haft er með fjármálastofnunum.

11.1.9 Áhættustýring

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal fjármálafyrirtæki hafa örugga verkferla fyrir áhættumat fyrirtækisins. Áhættustýring er afar mikilvægur þáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja. Í henni felst að greina og stýra allri áhættu sem tengist starfsemi, ferlum og kerfum fyrirtækisins og ákvarða, þar sem við á, það áhættustig sem fyrirtækið þolir og stýra áhættu innan þeirra áhættuþolmarka, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þá felst í áhættustýringu að hafa eftirlit með hæfi og skilvirkni í stefnu og verkferlum fyrirtækisins um áhættustýringu sem og ráðstöfunum, sem gerðar eru til að ráða bót á annmörkum þar á, þ.m.t. þegar í ljós hefur komið að misbrestur hefur orðið á því hjá starfsmönnum að fara að verkferlum og úrræðum um áhættustýringu, sbr. c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 995/2007. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar er fjármálafyrirtækjum skylt að koma á og viðhalda óháðri starfseiningu sem hefur fyrrgreint hlutverk þar sem slíkt er eðlilegt með tilliti til umfangs og eðlis starfsemi fyrirtækisins. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 69. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er sparisjóðum heimilt að hafa samstarf um áhættustýringu enda sé slíkt gert á almennum viðskiptalegum forsendum.

Stjórn fjármálafyrirtækis ber að koma á og viðhalda skýrum skriflegum verkferlum um ákvarðanatöku og skipulag þar sem boðleiðir innan fyrirtækisins eru skilgreindar sem og skipting verkefna og ábyrgðar, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 995/2007. Í framkvæmd er þetta gert með þeim hætti að stjórn fjármálafyrirtækis samþykkir reglur þar sem skilgreint er hvernig ákvarðanatöku fari fram innan fyrirtækisins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það. Tilgreint er hvaða málefni þurfi að fara fyrir stjórn, hvaða málefni forstjóri hafi heimild til að leiða til lykta og hvaða málefni þurfi að fara fyrir sérstakar áhættu- og/eða lánanefndir. Skilgreind eru mörk í þessum reglum sem taka mið af fjárhæðum og/eða eðli viðskipta sem um ræðir.¹⁷

Það felst í áhættustýringu að fylgjast meðal annars með útlánaáættu fjármálafyrirtækisins, vaxtaáættu, gengisáættu, lausafjáraáættu, rekstraráættu og eiginfjárlutfalli fyrirtækisins og stórum áhættum samkvæmt lögum nr. 161/2002. Af þessu er ljóst að starfsmenn sem annast áhættustýringu fjármálafyrirtækis verða að hafa fulla yfirsýn yfir rekstur þess og vera upplýstir um allar stærri ákvarðanir sem teknar eru innan fyrirtækisins. Áhættustýringu er ætlað að upplýsa yfirstjórn reglulega um stöðu einstakra áhættuþátta innan fyrirtækisins og mat á áhættuþoli þess.¹⁸

Fjármálafyrirtæki skal upplýsa opinberlega um áhættu, áhættustýringu og eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf, sbr. 11. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002.


11.1.9.1 Kaupþing banki hf.

Hjá Kaupþingi heyrði áhættustýring beint undir bankastjórnann. Bankastjórnin sá um stefnumótun bankans varðandi áhættu sem fól í sér skilgreiningu á ásættanlegri áhættu í rekstrinum og almenna stefnumótun um vilja til að taka á áhættu.¹⁹ Markmið Kaupþings í áhættustýringu sinni var ekki að lágmarka áhættu heldur fremur að stýra henni þannig að viðvarandi langtímahagnaður væri tryggður.²⁰

Áhættustefnan og þeir ferlar sem áhættustýringin var unnin eftir voru settir fram í handbók um innri stjórnun og verkferla (e. Internal Control and Procedural handbook). Í þeirri handbók var fjallað ítarlega um markmið og uppbyggingu áhættustjórnunar. Einnig var hverju verksviði áhættustýringar lýst, svo sem útlána- og mótaðilaáættu, markaðsáættu, stórum áhættuskuldbindingum, lausafjáraáættu o.s.frv. Verklag í handbókinni var samþykkt af stjórn bankans.²¹

Framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþingssamstæðunnar (e. chief risk officer) sá um að samhæfa áhættustýringu milli móðurfélags og dótturfélaga. Hann sat einnig fundi lánanefndar Kaupþings (GCC – Group Credit Committee). Hlutverk hans þar var ekki að taka þátt í ákvarðanatöku heldur að „spyrja út í forsendur og koma með athugasemdir“ þegar við átti.²² Áhættustýringin átti einnig þátt í vikulegum áhættufundum (e. Risk Meeting). Á þeim fundum var farið yfir áhættu samstæðunnar á hverjum tíma. Sérstaklega var litið á einstaka áhættuliði, svo sem útlánaáættu og

Staða áhættustýringar innan skipurits Kaupþings



17. Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*. Reykjavík 2009, bls. 226–227.

18. Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*. Reykjavík 2009, bls. 227.

19. Ársskýrsla Kaupþings banka hf. 2007.

20. Ársskýrsla Kaupþings banka hf. 2007.

21. Ársskýrsla Kaupþings banka hf. 2007.

22. Skýrsla Steingríms Kárasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 3.

markaðsáhættu. Gerð voru innri álagspróf sem tóku til sömu þátta og opinber álagspróf Fjármálaeftirlitsins. Einnig var notast við vágreiningu (e. VaR – Value at Risk), líkön til að meta mögulega áhættu á tapi á markaðseignum bankans.²³ Miðað var við mögulegt tap næsta dag og yfir 10 daga tímabil. Á sömu fundum voru lagðar fram lausafjárskýrslur þar sem auga var haft með lausu fé til allt að tveggja ára. Þau gögn sem lögð voru fram á áhættufundunum voru almennt ítarleg og virðast hafa gefið raunhæfa mynd af stöðu bankans á hverjum tíma. Þegar litið er á þróun í þeim gögnum sem lögð voru fram á þessum fundum sést að áherslurnar breytast nokkuð þegar líða tekur á árið 2007 og fram á árið 2008. Ljóst er að laust fé og fjármögnunaráhætta urðu veigameiri í umræðunni. Þessir fundir voru ætlaðir til upplýsingar en einnig til töku ákvarðana. Síðla árs 2007 kom meðal annars í ljós að bankinn ætti afleiður sem væru ekki eins vel varðar og æskilegt þótti, það er bankinn hafði gert ráð fyrir meiri vaxtalækkunum Seðlabanka Íslands þegar afleiðusamningar voru varðir en vænta mátti á þessum tíma, þ.e. þegar líða tók á haustið 2007. Þá var brugðið á það ráð að draga verulega úr afleiðusamningum, sérstaklega með krónur.²⁴ Á sama tíma var tekin ákvörðun, þó ekki á áhættufundi heldur fremur hjá yfirstjórn bankans, að „vöxtur í útlánum yrði takmarkaður, það yrði frekar stefnt að því að þjóna fyrirliggjandi viðskiptavinum“.²⁵

Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni var framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþings, Steingrímur Kárasón, spurður hvort yfirstjórn bankans hefði almennt tekið ábendingum hans vel. Að hans mati hafði það „ekki alltaf“ verið og þá hefði viðkvæðið iðulega verið að þá „færu allir viðskiptavinirnir“. Framkvæmdastjórinn orðaði það svo að hann hefði verið „mótvægið“ og lýsti hlutverki sínu nánar með þeim hætti sem vitnað er til hér til hliðar.²⁶

Kaupþing stefndi að því að taka upp innra mat á útlánaáhættu (e. IRB – Internal Rating Based), í samræmi við stoð 1 í BASEL II reglunum. Þetta fólst í því að bankinn ætti sjálfur að útbúa líkön til að meta útlánaáhættu, eða líkur á tapi. Á þessu byggðist síðan lágmarkseiginfjárlutfallið sem bankanum var nauðsynlegt miðað við áhættu. Til að koma þessu kerfi á þurfti bankinn að útbúa matslíkönin, sýna síðan fram á að þau virkuðu og fá loks samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim. Áhættustýring Kaupþings var við fall bankans bara „að biða eftir því að fá samþykki“ frá Fjármálaeftirlitinu.²⁷ Kaupþing skrifaði svonefnda ICAAP (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process) skýrslu til að uppfylla stoð 2 í BASEL II reglunum. Stoð 2 í BASEL reglunum er ætlað að útvíkka skilgreininguna á þeirri áhættu sem lánastofnanir standa frammi fyrir og ekki er tekin fyrir í stoð 1. Reglunum er ætlað að bæta tenginguna milli áhættu lánastofnunar, áhættustýringar og viðeigandi eiginfjárkröfu.²⁸ ICAAP skýrsla er hluti af þessu ferli, þar er farið yfir innra matsferlið fyrir eiginfjárþörf. Í ICAAP skýrslum er sett fram stefnumótun um hversu mikla áhættu lánastofnunin ætlar að taka. Út frá því er komist að niðurstöðu um viðeigandi eiginfjárkröfu. Matið á viðeigandi eiginfjárkröfu má

„[Þ]að var ekki mín vinna að vera skemmtilegur, en ég samt, fannst það vera, það væri hlustað á það sem ég segði.“

Skýrsla Steingríms Kárasónar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
22. janúar 2010, bls. 22.

„Kaupþing og Íslandsbanki sóttu um leyfi til okkar strax þarna snemma á árinu 2007 til þess að innleiða eigin módel [...]. Við vorum að vinna í þessu mjög, ég held bara með mjög vonduðum hætti, að fara í gegnum þetta með þessum tveimur bönkum, fór heilmikill tími í þetta og mikil fundahöld og það var, við notuðum handbók frá, leiðarvísi frá FSA í Bretlandi [...] ég skynjaði þetta sem bankarnir væru bara, þetta væri allt mjög vandað hjá þeim, öll þessi umgjörð og það eru gerðar miklar kröfur um umgjörð innan bankans, innra eftirlit og upplýsingastreymi lárétt og lóðrétt [...] það þarf að taka út hérna vissa hluta af þessu og það voru fengnir erlendir ráðgjafar til þess o.s.frv. og það var bara, það, þetta var alveg á lokametrunum þarna í september fyrir ári síðan, nákvæmlega ári síðan, að þá sáum við fram á að við gætum veitt þessum tveim bönkum þessa heimild, svona í síðasta lagi í október 2008 til að nota þetta.“

Skýrsla Ragnars Hafliðasonar, aðstoðarforstjóra
Fjármálaeftirlitsins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
16. september 2009, bls. 36.

23. Í vágreiningu eru söguleg gögn notuð til að meta mögulegt „mesta“ vænta tap bankans yfir ákveðið tímabil. Hér var miðað við 99% líkindamörk.

24. „tengdist líka þessum sem voru að fjárfesta í íslenskum krónum erlendis“. Skýrsla Steingríms Kárasónar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 4.

25. Skýrsla Steingríms Kárasónar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 4.

26. Skýrsla Steingríms Kárasónar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 22.

27. Skýrsla Steingríms Kárasónar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 5.

28. „Guidance Note, Basel II: Pillar 2 – The ICAAP & The SREP.“ Financial Services Commission, 18. desember 2007.

byggja á nauðsynlegu eiginfjárlutfalli til að ná fram ákveðnu lánshæfismati eða nauðsynlegu eiginfjárlutfalli til að mæta ákveðnum áföllum. Í ICAAP skýrslum á einnig að koma fram áætlun um hvernig fjármálafyrirtækið ætlar sér að mæta áföllum. Talsverð áhersla er því lögð á að viðeigandi álagspróf séu framkvæmd.²⁹ Kaupþing skilaði ICAAP skýrslu sinni til Fjármálaeftirlitsins í árslok 2007. Fjármálaeftirlitið hélt fund með Kaupþingi um þá skýrslu sumarið 2008. Ekki kom til þess að Kaupþing skilaði annarri ICAAP skýrslu fyrr en eftir fall bankanna.

Áhættustýring Kaupþings fékk mjög góða einkunn samkvæmt CAMELS-mati (e. Capital, Asset Quality, Management, Earnings, Liquidity, and Sensitivity) sem framkvæmt var í maí 2008. Á því formi sem vanalegt er að nota þegar slíkt mat var gert var einkunnin nánar tiltekið þessi:

„☺ Áhættustýring: Almenn er áhættustýring mjög öflug.“

Á hinn bóginn kom fram í CAMELS-matinu að helstu veikleikar bankans væru fjármögnunaráhætta og lausafjáráhætta. Þó var talið ljóst að „veiking krónu hefði jákvæð áhrif á félagið“.³⁰ Hér var þó líklega ekki litið til mögulegra útlánatapa vegna veikingar krónunnar. Í CAMELS-matinu var einnig bent á að „hlutabréf í eigin áhættu væri mest hjá Kaupþingi af þremur stærstu viðskiptabönkunum“ eða um 30% af CAD fé bankanna. Þar af væru óskráð bréf í meirihluta.

Fjármálaeftirlitið mat það svo í skýrslu sinni um útlánaáhættu hjá Kaupþingi banka hf. í janúar 2008 að Kaupþing héldi ekki nægilega vel utan um útlánaáhættu samstæðunnar. Þar kom meðal annars fram að enginn sameiginlegur gagnagrunnur væri til staðar fyrir samstæðuna og að „það þyrfti að kalla sérstaklega eftir upplýsingum frá erlendum dótturfélögum sem [tæki] um einn dag en það [væri] alls ekki ásættanlegt“.³¹ Sem svar við þessu hóf áhættustýring Kaupþings að safna tíðar upplýsingum frá dótturfélögum sínum. Í skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni sagði framkvæmdastjóri áhættustýringar samstæðunnar að upplýsingum um útlán dótturfélaga, svo sem Kaupþings í Lúxemborg, hefði verið safnað mánaðarlega og áætlun notuð þar á milli þannig að mögulegt hefði verið að fá yfirlit yfir útlán samstæðunnar með eins dags fyrirvara.³² Í fyrrnefndri skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu hjá Kaupþingi kom einnig fram að „verklagi og utanumhaldi varðandi stórar áhættuskuldbindingar og yfirsýn yfir þær [væri] ábótavant auk þess sem tengingar [væru] ófullnægjandi“. Í sömu skýrslu kom fram að „fimm af tuttugu stærstu lántakendum [hefðu ekki verið] gefnar lánshæfismatseinkunnir“. Á meðal þeirra var Robert Tchenguiz en lán til hans fólu á þessum tíma í sér mikla áhættuskuldbindingu.

Í köflum 8.0 og 9.0 í skýrslu rannsóknarnefndar er töluvert fjallað um þau veð sem stóðu til tryggingar útlánunum bankanna. Almennt má segja að við áhættustýringu bankanna hafi ekki verið litið í gegnum lánabækurnar til þeirrar áhættu sem fólst í veðunum og fylgni þeirra við aðrar eignir og skuldir bankans. Í skýrslu Steingríms Kárasonar, framkvæmdastjóra áhættustýringar

29. „ICAAP submission – suggested format.“ FSA 22/11/2007.

30. CAMELS-mat fyrir Kaupþing banka hf., maí 2008.

31. „Skýrsla um útlánaáhættu hjá Kaupþingi banka hf.“ Fjármálaeftirlitið, janúar 2008.

32. Skýrsla Steingríms Kárasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 17.

Kaupþings, fyrir rannsóknarnefnd kemur fram það mat hans að áður en lausafjárkreppan hófst hafi fylgni í raun verið minni á milli þeirra veða sem tekin voru en síðar varð eftir að allt sem tengdist Íslandi var álitid álíka áhættusamt. Almennt hafi Kaupþing til dæmis ekki verið veigamikil í eignasafni Exista hf. og hann kvaðst þá ekki ennþá vita „af hverju Bakkavör lenti í vandræðum út af [falli bankanna]“.³³ Fram kom hjá Steingrími að undir það síðasta hefðu verið tekin veð í öllu sem hægt var að taka veð í og að það skýrði á vissan hátt að stór hluti Exista hlutabréfa hefðu staðið að handveði í bankanum undir lokin. Þó kom einnig fram hjá Steingrími að almennt væri erfitt að greina veðgögn án þess að líta á undirliggjandi samninga enda ekki til nein gagnakerfi sem gætu haldið utan um alla þá flóru veðsamninga sem til væru (sjá umræðu um lánasamninga í kafla 15.0).³⁴

Í kafla 8.0 í skýrslu þessari kemur fram að lán til eignarhaldsfélaga hafi aukist verulega frá árinu 2005 og fram að falli bankanna. Rannsóknarnefndin spurði meðal annars framkvæmdastjóra áhættustýringar Kaupþings hvernig útlánaáætla til eignarhaldsfélaga hefði verið metin, sérstaklega í ljósi þess að mörg þessara félaga hafa verið gerð upp með litlar eignir og án þess að eigendur þeirra hafi séð sér hag í að reyna að koma í veg fyrir gjaldþrot. Vitnað er til svars framkvæmdastjórans hér til hliðar, þar sem m.a. segir að ekki hafi verið búist við því að ekkert yrði til að ganga að en gert hafi verið ráð fyrir að ef slíkar aðstæður kæmu upp hefði það einfaldlega áhrif á lánstraust viðkomandi viðskiptamanna í framtíðinni, eins og almennt er með einstaklinga.³⁵ Jafnframt taldi hann að þetta hefði verið almennt viðhorf innan bankans, það er hjá yfirstjórninni. Hér til hliðar er vitnað til orða framkvæmdastjórans um þessi efni.³⁶

Framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþings var einnig beðinn að lýsa því hvernig hann teldi að meta ætti áhættu af útlánum til eignarhaldsfélaga með takmarkaðri ábyrgð. Svar hans við því var að „áhættan [væri] mjög nálægt því að vera sama og að eiga [bréfin] [...] þú ferð eiginlega að vera með, nálgast það að vera sömu áhættu og að eiga bréfin“.³⁷ Ekki er þó að sjá að slík veð hafi verið talin með við útreikning á markaðsáhættu Kaupþings.

Framkvæmdastjórinn tók fram við rannsóknarnefndina að áherslan á líkön í áhættustýringu hefði jafnvel verið of mikil. Í því sambandi sagði hann: „[Ég hef] alltaf minni og minni trú á líkönum sem slíkum þannig að það var svona [sá] lærdómur sem ég lærði af meðan ég var í þessu í bankanum að það væri heilbrigð skynsemi sem dygði best enda var ekki víst að það hefði dugað einu sinni til.“³⁸ Fræðimenn hafa einmitt bent á þetta sjónarmið ekki síst við þær aðstæður þegar fjármálakreppur eru ekki það algengar að gagnaraðir innihaldi nægilegar upplýsingar til að spá fyrir um þær eða til að meta áhættu af þeim.³⁹ Hér má einnig benda á að í ræðu seðlabankastjóra Bandaríkjanna

„[Það gerði náttúrulega enginn ráð fyrir því að það yrði ekkert til þess að ganga að, en það var sem sagt eins og ég mat það, þeir sem voru í viðskiptum og ef þeir skildu eftir eignarhaldsfélög án þess að reyna að koma með frekari tryggingar eða einhvern veginn ganga frá sínum málum að þá, myndi það hafa afleiðingar í framtíðinni. Sama og eins og þegar einstaklingur borgar ekki skuldir sínar, þá fer það í, inn á „credit history“.“

Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
22. janúar 2010, bls. 11.

„Menn, það er sem sagt í bankaviðskiptum að þá, ef einhver, þú tapar á einhverjum viðskiptavini, þó að það sé óbeint í gegnum eitthvað eignarhaldsfélag að þá mun það hafa afleiðingar seinna meir. Það held ég að sé bara, þó að einhver þykist sleppa vel til skamms tíma þá held ég að það verði ekki til lengri tíma. Það er nú hugsunin.“

Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
22. janúar 2010, bls. 12.

33. Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 7.

34. Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 9.

35. Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 11.

36. Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 11.

37. Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 11.

38. Skýrsla Steingríms Káasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. janúar 2010, bls. 24.

39. „[...] since market data is endogenous to market behavior, statistical analysis made in times of stability does not provide much guidance in times of crisis.“ Jón Danielsson: *The Emperor has no Clothes: Limits to Risk Modelling*. FMG Special Papers. Financial Market Group, London School of Economics 2000.

15. maí 2008 þar sem hann fjallaði m.a. um lausafjarkreppuna eins og hún kom mönnum þá fyrir sjónir, kom fram að þær fjármálastofnanir sem legðu meira upp úr huglægu mati á áhættu en að treysta einungis líkönum hefðu farið betur út úr lausafjarkreppunni en aðrar.

11.1.9.2 Glitnir banki hf.

Hjá Glitni heyrði áhættustýringin undir framkvæmdastjóra Fjármálasviðs og áhættustýringar, en ekki beint undir bankastjóra. Áhættustýringunni var síðan skipt upp í fimm svið sem hvert um sig bar ábyrgð á ákveðnum áhættuflokki, svo sem útlánaáhættu, markaðsáhættu o.s.frv. Sá sem gegndi starfi forstöðumanns áhættustýringar þegar Glitnir féll hafði þá starfað hjá bankanum í um tvö ár. Á þeim tíma hafði tvisvar verið skipt um yfirmann hans.⁴⁰


Fjármálaeftirlitið hafði fundið að óhæði áhættustýringar vegna stöðu hennar í skipuriti bankans og talið að „betur færi á því að áhættustýring hefði beina ábyrgð gagnvart forstjóra“.⁴¹ Í minnisblaði sem áhættustýring Glitnis tók saman fyrir rannsóknarnefnd kom fram að stjórnendur bankans hefðu ekki verið sammála þessu viðhorfi og því hefði skipulaginu ekki verið breytt.⁴²

Forstöðumaður áhættustýringar taldi þó að sjálfstæði sitt fyrir fall bankanna í október 2008 hefði verið ágætt og tók fram: „[Ég varð aldrei] var við annað en að ég gæti tjáð mig að fullu leyti um mín sjónarmið og mína skoðun án þess að ég þyrfti að hafa einhverjar áhyggjur af því.“⁴³ Glitnir var með handbók „Glitnir Risk Policy“ sem skilgreindi þá áhættu sem bankinn taldi ásætlanlegt að taka, bæði þegar kom að einstökum áhættuþáttum og einnig allsherjaráhættugreiningu.⁴⁴ Gert var ráð fyrir að stjórn bankans endurskoðaði áhættuhandbókina minnst einu sinni á ári.

Áhættustýring Glitnis bar ábyrgð á útlánaáhættu, lausafjáraáhættu, rekstraráhættu og einnig á lánastefnu og lánareglum á samstæðugrunni, þróun áhættumatslíkana o.s.frv.⁴⁵ Áhættustýring sá um innri skýrslugjöf, aðallega fyrir tvær nefndir innan bankans, það er efnahagsnefnd (e. Alco – Asset and Liability Committee) og áhættunefnd. Einnig átti forstöðumaður áhættustýringar sæti í framkvæmdastjórn. Forstöðumaður áhættustýringar sat einnig fundi áhættunefndar, þar sem lánaákvæðin voru teknar, frá sumri 2007. Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndar virðist hann fyrst og fremst hafa verið áheyrnarfulltrúi á þeim fundum þó að sömu heimildir kveði á um að hann hafi haft vald til að stöðva einstök mál ef svo bar undir.⁴⁶

Fundir efnahagsnefndar voru haldnir mánaðarlega þar til í apríl 2008 þegar Glitnir lýsti yfir viðbúnaðarástandi. Þá fór nefndin að hittast vikulega.⁴⁷ Á fundum efnahagsnefndar var rætt um laust fé, eigið fé, fjármögnun, innra verðmat, markaðsáhættu og fleira. Skýrslur sem sendar voru til Seðlabanka Íslands voru kynntar undir liðnum laust fé og einnig innri lausafjarviðmið

Staða áhættustýringar innra skipurits Glitnis



40. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 1.

41. „Skýrsla um útlánaáhættu hjá Glitni banka hf.“ Fjármálaeftirlitið, febrúar 2008, bls. 6.

42. Minnisblað frá áhættustýringu Glitnis, skrifað fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. desember 2009.

43. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 2.

44. Ársskýrsla Glitnis 2007.

45. Minnisblað frá áhættustýringu Glitnis, skrifað fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. desember 2009.

46. Minnisblað frá áhættustýringu Glitnis, skrifað fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. desember 2009.

47. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 3.

Glitnis. Bankinn setti sér nokkuð strangari reglur um laust fé en kom fram í viðmiðum Seðlabanka Íslands. Ljóst er af þessum skýrslum fyrir allt árið 2008 að þörf yrði fyrir mikið laust fé í október það ár til að mæta greiðslum sem þá yrðu á gjalddaga. Í lok apríl leit svo út að bankinn myndi ekki hafa nægilegt laust fé til að mæta þessum greiðslum. Í lok júní voru gerð álagspróf á laust fé. Miðað við þau var ljóst að sú staða gat komið upp að bankinn hefði ekki laust fé í lok júlí til að mæta skuldbindingum. Fram kom í fundargerð efnahagsnefndar bankans að uppgreiðsla langtímaskuldbindinga og úttektir innstæðna úr starfsstöðvum bankans í London gengju hratt á laust fé bankans, sbr. tilvitnun til fundargerðarinnar hér til hliðar. Eiginfjárgrunnur bankans var áætlaður nokkra mánuði fram í tímann og virðist ekki hafa valdið neinum sérstökum áhyggjum innan bankans á árinu 2008 enda fóru spár um hann hækkandi frekar en hitt. Til að meta markaðsáhættu notaði áhættustýringin vágreiningu (e. VaR) þar sem metin var dagleg möguleg tapsáhætta á markaðseignum bankans.⁴⁸ Aukið flókt á mörkuðum nær tvöfaldaði þessa tapsáhættu frá upphafi árs 2006 fram til loka árs 2007.⁴⁹

Glitnir banki hf. var kominn langt með að innleiða stoð 1 í BASEL II, þ.e. svonefnda IRB-leið, innra mat á útlánaáhættu, sem einnig var getið um í umfjöllun um Kaupþing hér að framan. Eins og þar kom fram var Fjármálaeftirlitið í þann mund að samþykkja þau matslíkön sem bankinn lagði til við mat á eiginfjárþörf sinni þegar bankarnir féllu í október 2008. Í skýrslu forstöðumanns áhættustýringar Glitnis kom fram að bankinn hefði „einsett sér það í rauninni strax árið 2003 að vera hæfur til þess að fá að nota innramatslíkön til þess að reikna sér eiginfjárbindingu vegna útlána“, sbr. nánari tilvitnun hér til hliðar.⁵⁰ Hluti af þessu ferli var innleiðing á stoð 2 í BASEL II. Hún fólst meðal annars í að skrifa ICAAP skýrslu, sem Glitnir gerði og skilaði inn til Fjármálaeftirlitsins í árslok 2007. Í ICAAP skýrsluferlinu studdist Glitnir við erlenda sérfræðinga, enda voru ekki komnar neinar leiðbeiningar frá Fjármálaeftirlitinu um hvernig skýrslan ætti að vera gerð. Fjármálaeftirlitið hélt síðan fund með áhættustýringu Glitnis um miðjan júní til að ræða ICAAP skýrsluna. Einn hluti af ICAAP ferli er að koma af stað umræðu milli banka og eftirlitsaðila en sú umræða var í raun ekki hafin að mati Glitnis. Í grunnðæmi Glitnis í ICAAP skýrslunni sem gefin var út í lok árs 2007 kom meðal annars fram að þess væri vænst að vöxtur í tekjum (hagnaði fyrir skatta) bankans næstu þrjú árin yrði 20% á ári.⁵¹ Einnig kom þar fram að innra markmið Glitnis um eiginfjárhlutfall væri 11%, enda var það markmið sett til að bankinn myndi standast álagspróf Fjármálaeftirlitsins sem miðuðu við 8% eiginfjárhlutfall eftir að tekið hefði verið tillit til álags.⁵²

CAMELS-mat í maí 2008 gaf áhættustýringu og innra eftirliti Glitnis þessa einkunn, í samræmi við form sem almennt var notað í þessu skyni:

„☹ Áhættustýring og Innra eftirlit: Áhættustýring og innra eftirlit eru til staðar í bankanum. Í skýrslu FME eru gerðar talsverðar athugasemdir við bæði þessi svið.“

„[M]aturing of long-term debt that are mostly not being rolled and the constant withdrawal from the London deposit base are draining our liquidity very fast.“

Úr fundargerð efnahagsnefndar Glitnis (Asset and Liability Committee) af fundi nr. 12/2008 25. júní 2008.

„[B]ankinn vildi vinna sín áhættumatslíkön þannig að þau stæðust þessar kröfur, þau, það var í rauninni ekki fyrirsjáanlegt að það yrði mikill ávinningur í þeim skilningi að eiginfjárbindingin mundi lækka vegna útlána sem áttu sér stað úr móðurfélaginu, sem sagt áhættumatslíkönin voru að skila þannig niðurstöðum að [...] eiginfjárbindingin var ekki að breytast, hins vegar voru tölurverðar líkur á því að vegna bankastarfseminnar í Noregi, þar mundi eiginfjárbyrðin lækka [...].“

Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 4.

„[Fundurinn var] meira í þá veru að þeir væru svona að reyna að tryggja að [við] værum að skilja skýrsluna rétt [...]. Ég held að við höfum ekkert fengið endurgjöf af þeim fundi um efnisatriði sem að kannski við vorum spenntir fyrir að fá [...] m.a. um eðlið í álagsprófunum [...] hafði kannski haft væntingar um það að það yrði fljótlega einhver dýlógur um hvað væru ásættanleg viðmið í þessum álagsprófum sem lægju til grundvallar eiginfjármáttinu og þannig að það voru svona kannski frekar vonbrigði en hitt, að það skyldi ekki hafa komið þá fram sjónarmið um það þá, þetta var náttúrulega mikilvægt, mikilvægt atriði hvaða sýn menn höfðu á stöðuna [...].“

Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 4.

48. Notuð voru 99% líkindamörk. Gögn fyrir síðustu 250 viðskiptadaga þar á undan lágu til grundvallar greiningunni.

49. Ársreikningur Glitnis banka hf. 2007.

50. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 4.

51. ICAAP skýrsla Glitnis banka hf. 2007. Glærukyning fyrir stjórn í júní 2007.

52. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 7.

„[V]erulega háar lánveitingar með þessum hætti inni í félögum með takmarkaða ábyrgð, að þau eru náttúrulega og efnislega er slík staða, ef við tökum þokkalega stórt lán með einhverju, jafnvel þó að það hafi verið sæmilegt upphaflegt eigið fé [...] þá er ekki sá eðlismunur á láninu vs. það að eiga bréfin og ef maður horfir til þess að ef að bankinn ætti bréfin þá kæmu þau til frádráttar á eigin fé. Þá er í rauninni það lýsing á, þá er það held ég alveg eðlileg lýsing og eðlileg meðferð á slíkum málum. [...] Þ.e.a.s. þetta eru bara lán, nákvæmlega þess eðlis að þau eiga ekki að teljast til eigin fjár eins og eign í eigin bréfum og eru meðhöndluð þannig, með sama hætti eins og eign í eigin bréfum. Og hérna, ég held að það sé, það er alla vega mín niðurstaða eftir að hafa haft tækifæri til þess að fara, þetta er eitt atriðum sem maður er búinn að fara vel í gegnum, að auðvitað hefði maður viljað að maður hefði sett slík sjónarmið fram að miklu meiri þunga heldur en maður gerði. [...] sama ástæða liggur fyrir því að þú átt að draga eign í eigin bréfum frá eigin fé, er sem sagt ætti að liggja fyrir því að þú ættir að draga svona lán frá eigin fé [...]“.

Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 40.

„Það voru ákveðin viðmið til staðar um hvað að jafnaði skyldi vera, hvað á maður að segja, yfirveðsetningu í slíkum gjörningum. [...] Því miður var það þannig að sumar lánaákvæðanir voru þess eðlis að þekjan var lægri heldur en þessi almennu viðmið.“

Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 28.

Einnig kom fram í CAMELS-matinu á Glitni að helsti veikleiki bankans væri lausafjárstaða hans. Þá kom fram að „áhættuskuldbindingar þeirra aðila sem [væru] með bein tengsl við bankann í gegnum FL Group [næmu] tæpum 60% af CAD. Áhættuskuldbindingar tengdar stærstu eigendum bankans [næmu] rúmum 93% af CAD og [hefðu] þessar skuldbindingar við eigendur bankans hækkað mikið á stuttum tíma“.⁵³ Í CAMELS-matinu kom einnig fram að vænta mætti aukinna vanskila bæði sökum gengisbreytinga og aukinnar verðbólgu sem hvort tveggja hefði áhrif til hækkunar afborgana í krónum. Bent var á að 59% af útlánasafni bankans væri í erlendum myntum.

Varðandi lán í erlendum myntum var stefna Glitnis sú samkvæmt forstöðumanni áhættustýringar að einstaklingar fengju hæst 50% lán fyrir húsnæði ef lánið væri tekið í erlendum myntum. Áhættan vegna gjaldmiðlamisvægis milli tekna og gjalda einstaklinga var leyst með því að taka meiri veð, það er tvöfalda þekju. Rannsóknarnefndin bendir á að þekjan gat samt eingöngu talist tvöföld svo lengi sem önnur lán hvíldu ekki á eigninni.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu hjá Glitni banka hf. kom fram að upp á vantaði að áhættumat væri framkvæmt á lántakendum. Áhættumat vantaði á flesta af 20 stærstu lántakendum bankans, svo sem Geysi Green Energy ehf., Fons ehf. og FL Group hf. Fjármálaeftirlitið taldi þetta ámælisvert.

Glitnir veitti mikið af lánnum með veðum í eigin hlutabréfum eins og fram kemur í kafla 9.0 í skýrslunni. Forstöðumaður áhættustýringar sagði við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni að um þessi lán hefði gilt það sama varðandi áhættumat og um önnur lán með veði í markaðshlutabréfum. Hins vegar benti hann á að innan bankans hefði verið vitund um að lán með veðum í hlutabréfum bankans væru áhættusöm. Í samhengi við umræður um þá mynd sem slíkar lánveitingar tóku á sig innan Glitnis lýsti forstöðumaðurinn þeirri afstöðu sinni að eðli slíkra lánveitinga væri þannig að meðhöndla ætti þau í reikningsuppgjöri með sama hætti og eign í eigin bréfum. Hér til hliðar er vitnað til skýrslu hans að þessu leyti og einnig sjónarmiða sem hann lýsti um það að hann hefði viljað setja slík viðhorf fram af meiri þunga á þessum tíma en hann gerði.⁵⁴ Forstöðumaðurinn lýsti því við sama tækifæri að honum virtist sem ákvarðanir um slíkar lánveitingar hefðu verið teknar af stjórn bankans.⁵⁵

Almennt voru af hálfu áhættustýringar Glitnis tekin saman yfirlit yfir útlán með veði í eignum „sem [lytu] verðbreytingum á markaði“.⁵⁶ Þetta var til viðbótar við reglubundna skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins um meðalþekju á verðbréfalánnum. Ljóst er af þeim skýrslum sem Glitnir sendi Fjármálaeftirlitinu að meðalþekja lána með veðum í verðbréfum hafði lækkað jafnt og þétt frá því í maí 2008 fram í september 2008, enda hafði hlutabréfa-verð lækkað töluvert á því tímabili. Meðalþekjan á samstæðugrundvelli hafði farið úr því að vera 146% í 128%.

11.1.9.3 Landsbanki Íslands hf.

Hjá Landsbankanum heyrði áhættustýring annars vegar undir alþjóðasvið og hins vegar heyrði útlánaáhætta undir lögfræðisvið (undir lögfræðisvið heyrði

53. CAMELS-mat fyrir Glitni banka hf., maí 2008.

54. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 39–40.

55. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 40.

56. Skýrsla Sverris Þorvaldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. janúar 2010, bls. 28.

einnig útibúaþjónusta, útlánaeftirlit og regluvarsla). Yfir hvoru sviðinu fyrir sig var forstöðumaður; einn yfir áhættustýringu og annar yfir útlánaáhættu. Stefnumótun bankans varðandi áhættu var á ábyrgð bankaráðs en bankastjórn stýrði áhættunni í daglegum rekstri.⁵⁷

Hjá Landsbankanum voru áhættustöður flokkaðar eftir eðli áhættunnar. Flokkarnir voru útlánaáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta og áhætta vegna „samsetningar eigna og skulda“.⁵⁸

Forstöðumaður áhættustýringar tók þátt í fundum fjármálanefndar bankans sem haldnir voru vikulega. Þar tóku einnig þátt bankastjórn, framkvæmdastjórnar og aðrir forstöðumenn í bankanum. Mikið af gögnum um stöðu bankans var lagt fram á þessum fundum en þau vörðuðu þó ekki áhættustýringuna eingöngu. Líkt og hjá hinum bönkunum notaði Landsbankinn vágreiningu til að meta markaðsáhættu bankans. Miðað var við daglegt og allt að 10 daga hámarkstap sem vænta mætti miðað við 99% líkindamörk. Einnig var stuðst við álagspróf og aðrar kennistærðir til að meta markaðsáhættu.

Landsbanki Íslands innleiddi stoð 1 í BASEL II reglunum 1. janúar 2007, þar sem farin var sú leið að beita svokallaðri staðalaðferð (e. standardized approach) við að meta eiginfjárförf vegna útlánaáhættu. Bankinn festi kaup á svonefndum SAS hugbúnaði til að aðstoða við útreikninga á eiginfjárlutfallinu (CAD) á samstæðugrundvelli.⁵⁹ Bankinn var kominn á veg með að innleiða stoð 2 í BASEL II sem fólst meðal annars í gerð ICAAP skýrslu og tilheyrandi ferli. Að sögn forstöðumanns útlánaáhættu bankans leið langur tími frá því að bankinn skilaði inn skýrslunni (ICAAP) til Fjármálaeftirlitsins og þar til hann fékk hana til baka frá stofnuninni, eða 5–6 mánuðir, sem forstöðumaðurinn lýsti svo að væri „alveg fáránlega langur tími“.⁶⁰ Skýrslan var þá endursend bankanum vegna þess að undirritun stjórnar vantaði. Bót var ráðin á því og fékk bankinn síðan efnisleg viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við skýrslunni haustið 2008.⁶¹ Í samskiptum við Fjármálaeftirlitið kom fram það mat stofnunarinnar að álagsprófin sem Landsbankinn hafði notað í ICAAP skýrslunni væru ekki nægilega ströng en bankinn hafði notast við staðlað álagspróf Fjármálaeftirlitsins.

CAMELS-mat í maí 2008 gaf áhættustýringu og innra eftirliti Landsbankans þessa einkunn:


„☺ Áhættustýring og Innra eftirlit: Er til staðar. Áhættustýring og áhættustýringakerfi er til staðar skv. ársreikningi bankans. Litlar athugasemdir voru gerðar við áhættustýringu LÍ í útlánaúttekt Fme árið 2007.“⁶²

Töluverðar athugasemdir voru gerðar við stöðu Landsbankans í CAMELS-mati í byrjun sumars 2008. Þar sagði: „Fjármögnunaráhætta og lausafjár-áhætta eru helstu veikleikar bankans en bankinn stendur frammi fyrir erf- iðum aðstæðum á lána- og lausafjármörkuðum. Þá er stór hluti fjármögnunar bankans rafrænir innlánsreikningar í Bretlandi þar sem bankinn hefur staðið

„[Y]firmaður áhættustýringar í Landsbankanum [þýddi] að vera forstöðumaður áhættustýringar sem var yfir fjárfestingabankastarfsemi hans. Þannig að í fjárfestingabankastarfsemi voru markaðsviðskipti og fjárfstýring.“

Skýrsla Þóris Arnar Ingólfssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. desember 2009, bls. 1.

Staða áhættustýringar innan skipurits Landsbankans



„[V]ið fengum [ICAAP skýrsluna] í hausinn frá FME af því að hún hafði ekki hlotið umræðu í stjórn [...] þá var það bara stjórnarfundur, málið dautt og fengið samþykki stjórnar og við skil- uðum þá skýrslunni inn sem sagt en svo þarna um haustið [2008], þegar við fáum feedbackið, þá förum við eitthvað að vinna í þessu en gerist ekkert meira [...]“

Skýrsla Einaris Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 6.

„FME [sagði] að álagsprófið væri alltof einfalt og væri svona, þú veist, þetta væri svona staðlað álagspróf sem var hugsað fyrir alla banka á Ís- landi og við yrðum að þróa okkur eitthvað sjálf. Það var alveg furðulegt að heyra þetta vegna þess að Landsbankinn var þá náttúrulega annar stærsti bankinn eftir Kaupþingi og við notuðum bara FME-prófið og ef það var ekki nógu gott í [ICAAP skýrslu] af hverju [...] í ósköpunum vorum við þá látin gera það á þriggja mánaða fresti [...] þetta stressast. Ef það var svona lélegt?“

Skýrsla Einaris Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 7.

57. Ársskýrsla Landsbanka Íslands 2007.

58. Ársskýrsla Landsbanka Íslands 2007.

59. Skýrsla Einaris Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 5.

60. Skýrsla Einaris Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 7.

61. Skýrsla Einaris Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 6. Einar tilgreinir ekki nánari tímasetningu á því þegar Landsbankinn fékk ICAAP skýrsluna til baka frá Fjármálaeftirlitinu.

62. CAMELS-mat fyrir Landsbanka Íslands hf., júní 2008.

„Lán til venslaðra aðila voru 207 ma.kr. af heildarútlánum sem eru um 2000 ma.kr. Þ.a. eru um 70 ma.kr. til BTB [þ.e. Björgólfs Thors Björgólfssonar] og tengdra og um 70 ma.kr. til BG [þ.e. Björgólfs Guðmundssonar] og tengdra.“

Úr CAMELS-mati fyrir Landsbankann í júní 2008.

„[Ú]tlánamegin þá vorum við, tengt þessu SAS-verkefni, búin að byggja upp útlánastjórnu, sem við kölluðum [...]. Við vorum búin að byggja þar upp [...] samfelldar tímaráðir af útlánaupplýsingum sem gat gert okkur kleift að slæsa og dæsa, ef maður slettir svona aðeins, útlánabókina alveg í hörgul ... Þannig að við vorum með exposure-mælinguna 100%, að mínu mati.“

Skýrsla Einars Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 20.

„[Þ]ú ert svona hálfpartinn stundum eins og þú sért í stjórnarandstöðu [...]. Svo ertu eitthvað að rifast í Sigurjóni [...] hann hafði svolítið gaman af því að hafa mig svolítið reiðan ... svona tuðandi ... en það voru ekki allir sem gerðu það nefnilega [...]. En maður svona þorði ekki að segja alveg allt.“

Skýrsla Einars Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 22–23.

frammi fyrir orðsporsáhættu.“ Nánar kom fram í matinu að lán með veði í hlutabréfum væru 18% af útlánnum Landsbankans og ef framvirkum samningum væri bætt við færi þetta hlutfall í 22%. Þetta ylli samþjöppunaráhættu en einnig væri samþjöppun varðandi einstaka viðskiptamenn.⁶³ Í CAMELS-matinu kom einnig fram að lán til venslaðra aðila væru „11,3% af heildarútlánnum og 84,8% af CAD“.

Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni sagði forstöðumaður útlánaá-hættu að frá og með árinu 2006 hefðu verið reglur innan Landsbankans sem sögðu til um hversu mikið mætti taka að veði af hlutabréfum í einstökum félögum. Þetta hefði verið gert til að koma í veg fyrir samþjöppun áhættu í veðum. Síðar hefði Landsbankinn byrjað að skila skýrslum til Fjármálaeftirlitsins um meðalþekju slíkra lána. Þær skýrslur eru meðal gagna rannsóknarnefndarinnar. Af þeim má sjá að meðalþekjan hækkaði þegar líða tók á árið 2008, þrátt fyrir lækkandi verð á hlutabréfum á þeim tíma bæði innanlands og erlendis. Í maí 2008 var meðalþekja lána með veðum í hlutabréfum 145% en í september var meðalþekjan komin í 159%. Þróunin var sambærileg fyrir móðurfélag Landsbankans.

Samkvæmt skýrslu Fjármálaeftirlitsins um athugun á útlánaá-hættu Landsbankans var stofnunin almennt sátt við „utanumhald og verklag tengt útlánaá-hættu“ og taldi það „almennt í viðunandi horfi“. Hún gerði þó athugasemdir „við að útlánareglur Landsbankans [hefðu] ekki verið uppfærðar til samræmis við þá framkvæmd sem viðhöfð [væri] innan bankans“.⁶⁴ Fjármálaeftirlitið taldi einnig að það gagnakerfi sem Landsbankinn væri með væri „vel í stakk búið til að halda utan um stórar áhættuskuldbindingar og tengsl viðskiptamanna“.⁶⁵ Þessu var forstöðumaður útlánaá-hættu sammála eins og fram kemur hér til hliðar. Fjármálaeftirlitið gerði þó athugasemd við mat á tengslum viðskiptamanna, það er að bankinn tæki „ekki nægilegt tillit til þess við mat á tengslum þegar áhrif [væru] veruleg, m.a. vegna fjölskyldu-tengsla, án þess að um yferráð [væri] að ræða“.⁶⁶

Í því nýja kerfi sem Landsbankinn hafði sett upp til að halda utan um útlán samstæðunnar var ekki mikið lagt upp úr utanumhaldi um tryggingar. Ekki var því öruggt að tryggingar væru rétt skráðar í kerfin.⁶⁷ Að mati forstöðumanns útlánaá-hættu voru síðan gerð þau mistök að lánað var út á veð en ekki út á greiðslugetu. Einnig hafi það verið galli að ekki hafi betur verið gætt jafnvægis milli greiðslugetu í ákveðnum myntum og þeim gjaldmiðlum sem lánin voru veitt í. Almennt hafi ekki verið hikað mikið við að veita eignarhaldsfélögum með innlenda hlutabréfaeign lán í erlendum gjaldmiðlum. Forstöðumaður útlánaá-hættu sagði að varað hefði verið við þessari áhættu „þegar við urðum vör við það að krónan fór að hreyfast [...]“.⁶⁸ Aðspurður í tengslum við framangreinda umræðu fyrir rannsóknarnefnd lýsti forstöðumaður áhættustýringar Landsbankans upplifun sinni á stöðu og hlutverki sínu innan bankans með þeim hætti sem vitnað er til hér til hliðar.

63. CAMELS-mat fyrir Landsbanka Íslands hf., júní 2008.

64. „Skýrsla um athugun á útlánaá-hættu hjá Landsbanka Íslands hf.“ Fjármálaeftirlitið, febrúar 2008.

65. „Skýrsla um athugun á útlánaá-hættu hjá Landsbanka Íslands hf.“ Fjármálaeftirlitið, febrúar 2008.

66. „Skýrsla um athugun á útlánaá-hættu hjá Landsbanka Íslands hf.“ Fjármálaeftirlitið, febrúar 2008.

67. Skýrsla Einars Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 20.

68. Skýrsla Einars Þórs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. janúar 2010, bls. 22.

11.1.10 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um áhættustýringu

Haustið 2008 voru Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. allir komnir vel á veg með að innleiða stoð 2 í BASEL II reglunum. Landsbankinn var búinn að innleiða stoð 1 með svokallaðri staðalaðferð (e. standardized approach) við að meta eiginfjárförf vegna útlánaáhættu. Glitnir og Kaupþing voru nálægt því að fá samþykkt svokallað innra mat á útlánaáhættu (e. IRB – Internal Rating Based), sem nota átti til að meta eiginfjárförf.

CAMELS-mat allra bankanna vorið 2008 gaf til kynna að lausafjárahætta og fjármögnunaráhætta væru helstu veikleikar þeirra. Almenn kom einnig fram að áhætta af hlutabréfum, beint í eigu bankanna eða óbeint sem veðum fyrir útlánunum, væri mikil. Varðandi Glitni og Landsbankann var sérstaklega minnst á að of mikil áhætta væri tengd eigendum bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að hér hafi CAMELS-matið réttilega leitt í ljós tvo verulega áhættuþætti í rekstri bankanna. Of mikil útlán voru veitt vensluðum aðilum og markaðsáhætta var allt of mikil hvort sem það var beint eða í gegnum útlán bankanna. Bregðast hefði þurft við með því að draga verulega úr þessari áhættu. Frá því um vorið jukust hins vegar bæði lán með veðum í hlutabréfum, sbr. umfjöllun í kafla 12.0 og einnig lán til venslaðra aðila, sbr. kafla 8.0. Í ljósi ríkjandi markaðsaðstæðna allt frá ársbyrjun 2008 var bönkunum erfitt um vik að bregðast við. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að bankarnir tóku þessa áhættu í rekstri sínum þegar betur áraði. Áhætta myndast þegar hún er tekin en ekki þegar verð fara að lækka.

Ljóst er að skráning og utunumhald um veð bankanna fyrir útlánunum þeirra var hvergi nærri í viðunandi horfi hjá bönkunum þar sem lítil áhersla var lögð á slíka vinnu á uppgangstímum þeirra. Þar sem þessi mikilvægi þáttur í starfsemi þeirra var í ólagi má leiða líkur að því að sú áhætta sem myndaðist vegna veða, fyrst og fremst samþjöppunaráhætta, hafi orðið mun meiri en bankarnir gerðu sér grein fyrir og þá ekki síst þegar markaðsverðbréf voru tekin að veði. Í slíkum tilvikum getur myndast hvati til að halda verði á veðum uppi ef of stór hluti lánabókarinnar (og afleiðubókarinnar) er beinlínis háður viðkomandi markaðseign, sbr. nánari umfjöllun í kafla 12.0.

Áhættustýring bankanna hefði átt að meta betur áhættu sem fólst í því að taka veð í markaðsverðbréfum á þeim tíma sem veðin voru samþykkt. Eins og vikið er að hér að framan voru veðin almennt ekki könnuð sérstaklega. Því til viðbótar var oft eingöngu litið til veða í stað þess að kanna einnig hvort lántakandi gæti greitt af láninu með greiðsluflæði. Slík könnun hefði átt að ýta undir virkara eftirlit með áhættunni af verðbreytingum veðanna því eins og forstöðumaður áhættustýringar hjá einum bankanna viðurkenndi, og rakið er hér að framan, þá jafngiltu þessi lán því að bankinn ætti í raun sjálfur viðkomandi eignir. Með hliðsjón af þessu telur rannsóknarnefnd Alþingis að áhættustýring bankanna hefði átt að meta þessa áhættu á grundvelli markaðsáhættu en ekki einvörðungu sem útlánaáhættu.

Þá telur nefndin að áhættustýring allra þriggja bankanna hefði átt að fara með lán með veðum í eigin bréfum eins og óvarin lán. Ljóst var að við greiðslufall lána, sem tryggð voru með slíkum veðum, myndi bankinn ekki þvinga fram sölu á eigin bréfum, sérstaklega í ljósi þess hversu stór hluti eigin bréfa var að veði hjá bankanum. Þetta varð einnig raunin eins og rakið er í kafla 12.0. Í stað þess að dregið væri úr þessari áhættu var þróunin gagnstæð, þ.e. áhætta bankanna að þessu leyti jókst eftir að líða tók á lausafjarkreppuna.

Að lokum má nefna að ekki verður séð að tekið hafi verið að fullu tillit til þeirrar gjaldeyrisáhættu sem myndast hafði í lánabókum (og afleiðubókum) bankanna varðandi lán í erlendum myntum. Bankarnir tóku hærra hlutfall veða en umfram það var ekki litið nægjanlega til þess í hvaða mynt tekjuflæði viðkomandi lántaka var. Þá var lánað í miklum mæli í erlendum myntum fyrir innlendum markaðsverðbréfum, sem augljóslega voru með íslenskt tekjuflæði og verðáhættu í krónum. Vegna samfylgni innlends verðbréfamarkaðar og krónunnar reyndust þetta sérstaklega áhættusöm útlán. Ekki verður séð að áhættan af þessum lánnum hafi verið rétt metin. Það hafði aftur þær afleiðingar að þau voru ekki rétt verðlögð sem loks leiddi til þess að einstaklingar og fyrirtæki tóku þessi lán í of miklum mæli. Tap íslenska hagkerfisins af þessu er gífurlegt.

Ljóst er að hvatinn fyrir því að lána í erlendum myntum var meðal annars sá að auka við erlendar eignir bankanna, þar sem skuldir þeirra, þ.e. fjármögnun, var fyrst og fremst í erlendum myntum. Í þessu sambandi skal áréttað á ný það sem fram kemur í kafla 8.0, að ef viðskiptavinir bankanna hafa ekki greiðslugetu, sem sveiflast með erlendu myntinni, þá má færa rök fyrir því að lánin séu ekki raunveruleg eign í erlendri mynt fyrir bankann. Gengisáhættan sem bankinn hefði tekið með því að lána í krónum hvarf ekki við það að lána íslensku viðskiptavininum í erlendri mynt. Áhættan breyttist einvörðungu úr gengisáhættu í skuldaraáhættu (e. default risk).⁶⁹ Þessu til viðbótar var útlánaáhættan mjög samþjöppuð þar sem gæði þessa hluta lánasafnsins voru svo háð einni breytu, þ.e. gengi íslensku krónunnar. Loks jók þessi uppbygging erlendra lána einnig á hagstjórnarvanda stjórnvalda í framhaldinu.

11.2 Ytri endurskoðun

11.2.1 Inngangur

Athugun rannsóknarnefndarinnar beindist einkum að því að greina hvernig ytri endurskoðun á ársreikningum fjármálafyrirtækja eða könnun árschlutareikninga hefði verið framkvæmd. Jafnframt hvernig staðið hefði verið að könnun á því hvort útlán, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi hefðu verið fyrir hendi í eignum fyrirtækjanna og þær færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðlega reikningsskilastaðla í reikningsskilum fyrir árið 2007 og árschlutareikningum 2008.

Í ljósi þess að virði eigna stóru bankanna þriggja eftir hrun var að meðaltali metið 38% af virði þeirra fyrir hrun, svo sem nánar er að vikið í kafla 11.2.6, ákvað rannsóknarnefnd Alþingis að beina sjónum sérstaklega að því hvernig staðið hefði verið að ákvörðunum um niðurfærslu fjármálakrafna. Eins og nánar er að vikið í kafla 11.2.8.2 nam niðurfærsla þriggja stóru bankanna einungis 0,6% af heildarskuldbindingum fyrirtækjanna í október 2008 og 0,7% af heildareignum þeirra um mitt ár 2008. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort reikningsskil fjármálafyrirtækjanna fyrir hrun hafi gefið glögga mynd af hag og afkomu þeirra. Í því sambandi taldi rannsóknarnefndin rétt að huga sérstaklega að því hvernig staðið hefði verið að endurskoðun á mati á virði útlána, meðferð hlutabréfa sem lánað hafði verið fyrir kaupum á

69. Shapiro, Alan C.: „Currency Risk and Country Risk in International Banking.“ *Journal of Finance*, 1985, Vol. 40, No. 3, bls. 881–891.

gegn veði í bréfunum, svo og lánnum til starfsmanna til kaupa á hlutabréfum. Í þessu sambandi var sjónum einnig beint að endurskoðun ytri endurskoðenda á virkni innra eftirlits fjármálfyrirtækjanna með útlánnum.

11.2.2 Lagagrundvöllur endurskoðunar

Meginmarkmið réttarreglna um endurskoðun ársreikninga er að tryggja áreiðanleika ársreikninga. Hluthafar, kröfuhafar og viðskiptavinir fjármálfyrirtækja, sem og fjármálamarkaðir hafa ríka hagsmuni af því að reikningar félaga um efnahag og afkomu séu réttir. Hinu opinbera er einnig þörf á réttum upplýsingum við að gæta almannahagsmuna við setningu reglna um fjármálfyrirtækin og við eftirlit með þeim.⁷⁰

Í 1. mgr. 102. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er fjallað um meginhlutverk endurskoðunar sem er að endurskoða ársreikning fyrirtækis í samræmi við góða endurskoðunarvenju og skal í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Í móðurfélögum skulu endurskoðendur jafnframt endurskoða samstæðureikninginn, sbr. 2. mgr. 102. gr. sömu laga. Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu koma á framfæri við endurskoðendur þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna endurskoðunarinnar. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum móðurfélags, sbr. 1. mgr. 103. gr. sömu laga.

Samkvæmt 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki skal ársreikningur fjármálfyrirtækis endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi sem kjörið skal á aðalfundi fjármálfyrirtækis til eins árs í senn. Samkvæmt 93. gr. sömu laga skal Fjármálaeftirlitið sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggja fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá fjármálfyrirtækjum. Þá skal Fjármálaeftirlitið setja reglur um endurskoðun fjármálfyrirtækja. Að öðru leyti en fram kemur í lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki gilda um endurskoðun þeirra ákvæði IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Á framangreindum grundvelli hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálfyrirtækja. Í 2. mgr. 1. gr. þeirra kemur fram að reglurnar séu skilgreining á meginatriðum í góðri endurskoðunarvenju hjá fjármálfyrirtækjum á grundvelli 93. gr. laga nr. 161/2002, sem áður var minnst á. Þá séu reglurnar einnig leiðbeinandi hvað varðar skipulagningu, framkvæmd og áritun um könnun á árshlutareikningum fjármálfyrirtækja. Samkvæmt 1. gr. reglnanna gilda þær um endurskoðun fjármálfyrirtækja, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða, lánaþyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Samkvæmt 2. gr. reglna nr. 532/2003 er markmið endurskoðunar að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fjármálfyrirtækis og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem um fyrirtækið gilda, félagssamþykktir og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi fyrirtækis. Í þessu felst m.a. rannsókn á því

70. Sjá nánar: Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík 2003, bls. 321.

hvort upplýsingar í rekstrarreikningi og skýringum gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis, hvort útlán, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi í eigu fyrirtækis og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög og góða reikningsskilavenju. Einnig að veðsetning og aðrar kvaðir á eignum komi fram í ársreikningi svo og rannsókn á því hvort skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi eða utan efnahagsreiknings.

Samkvæmt 6. gr. reglna nr. 532/2003 skal framkvæma endurskoðun í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með því er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum sem hæfir og samviskusamir endurskoðendur nota. Meginþættir í framkvæmd endurskoðunar eru könnun á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum og bókhaldsskipulagi. Auk þess athuganir og söfnun gagna til að staðfesta réttmæti einstakra liða sem fram koma í ársreikningi. Jafnframt felst í þessu að endurskoðandi skal, við endurskoðun ársreiknings, framkvæma sérstakar kannanir á stöðu stærstu lánþega með tilliti til greiðslutrygginga og afskriftaþarfar.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla á rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann myndi synja um áritun eða gera fyrirvara svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla, að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánnum tengslum við hlutaðeigandi fjármálfyrirtæki, sbr. 9. gr. reglna nr. 532/2003. Þetta ákvæði reglnanna er nánast samhljóða 92. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórn og/eða framkvæmdastjóra skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef endurskoðandi þykir ástæða til skal hann gera tillögur til stjórnar fjármálfyrirtækis um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti eða innri endurskoðun og á öðru því sem hann telur að geti verið til bóta í rekstri fyrirtækisins, sbr. 11. gr. reglna nr. 532/2003.

Auk þess að árita ársreikning skal endurskoðandi að lokinni hefðbundinni endurskoðunarvinnu senda stjórn viðkomandi fjármálfyrirtækis sérstaka endurskoðunarskýrslu vegna ársuppgjörins. Samkvæmt 13. gr. fyrrnefndra reglna skal endurskoðandi í slíkri skýrslu, eftir því sem við á, gera grein fyrir eftirfarandi:

1. Helstu þáttum þeirrar endurskoðunarvinnu sem framkvæmd hefur verið í tengslum við endurskoðun ársreiknings, þ.m.t. hvernig staðið hefur verið að könnun á útlánnum.
2. Umsögn endurskoðandans um framlög í afskriftareikning, þar á meðal umsögn um sérstök framlög vegna stærstu lánþega.
3. Helstu niðurstöðum endurskoðunarkannana á innra eftirliti stofnunarinnar og álitum endurskoðanda á gæðum innra eftirlitskerfis stofnunarinnar og starfsemi innri endurskoðunardeildar. Í þessu samhengi er eðlilegt að vísað sé til þeirra ábendinga og athugasemda sem endurskoðandi hefur skriflega komið á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra fyrr á árinu.

4. Öðrum þeim athugasemdum og ábendingum, sem endurskoðandi telur ástæðu til að koma á framfæri við stjórn fyrirtækisins, svo sem athugasemdum varðandi rekstur fjármálafyrirtækisins og varðveislu eigna og athugasemdum vegna áhættustýringar stofnunar í tengslum við t.d. útlánaáhættu, gengisáhættu eða vaxtaáhættu.

Að því er varðar könnun árshlutareikninga fjármálafyrirtækis, skal endurskoðandi því aðeins árita árshlutareikning sem kannaðan að hann þekki vel til starfsemi fyrirtækisins og rekstrarumhverfis þess. Könnun á árshlutareikningum byggist á mati á mikilvægi og áhættu með sama hætti og þegar um endurskoðun er að ræða, en vinna endurskoðanda er hins vegar ekki eins umfangsmikil og við endurskoðun. Við framkvæmd könnunar á árshlutareikningi skal endurskoðandi með greiningaraðgerðum meta innra samræmi reikningsskila og hvort afkoma og breytingar á eignum og skuldum fyrirtækisins séu eðlilegar og í samræmi við þá þekkingu sem endurskoðandi hefur á starfsemi fyrirtækisins. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal meta þróun í stærstu útlánunum, greiðslutryggingum og afskriftaframlögum og endurskoðandi skal með fyrirspurnum afla vitneskju um þau atvik eftir lok uppgjörstímabils, fram til þess dags sem áritun endurskoðanda er dagsett, sem gætu haft verulega þýðingu fyrir reikningsskilin, sbr. 14. gr. reglna nr. 532/2003.


11.2.3 Nánar um aðferðafræði og afmörkun rannsóknarinnar

Rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis náði til sex fjármálafyrirtækja á árabílinu 2004 til 2008. Hún tók til allra endurskoðunarskýrsla, tilmæla og annarra samskipta ytri endurskoðanda við æðstu stjórnendur (endurskoðunarnefndir), innri endurskoðendur, aðila innan fjármálafyrirtækjanna sem voru ábyrgir fyrir ársreikningagerð, aðila innan fjármálafyrirtækjanna sem voru ábyrgir fyrir innri eftirlitskerfum og við Fjármálaeftirlitið. Eftir að rannsókn hafði farið fram á fyrrnefndum gögnum voru teknar skýrslur af þeim endurskoðendum sem hlut áttu að máli svo og starfsmönnum fjármálafyrirtækjanna. Var þar farið yfir þau atriði sem kveðið er á um að endurskoðendum beri að sinna við endurskoðun fjármálafyrirtækja, bæði með vísan til fyrirmæla Fjármálaeftirlitsins, alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og krafna um skýrslugerð í lok hefðbundinnar endurskoðunarvinnu. Rannsóknarnefndin tók einnig skýrslu af Stefáni Svavarssyni, löggiltum endurskoðanda og prófessor við Háskólann á Bifröst, sem sérfræðingi í reikningsskilum.

Á árabílinu 2004 til 2008 greiddu fjármálafyrirtækin sex þóknun til endurskoðunarfyrirtækja vegna endurskoðunar reikningsskila og annarrar sérfræðiþjónustu sem tengdist reikningsskilum og er gjaldfærð í samstæðureikningsskilum, alls 4.635 milljónir króna. Á þessu árabíli endurskoðaði KPMG öll fjármálafyrirtækin nema Landsbanka Íslands hf. allt tímabilið og Glitni hf. árin 2006 til 2008. Reikningsskil þessara aðila voru endurskoðuð af PricewaterhouseCoopers hf. Greiðslur til þessara tveggja endurskoðunarfyrirtækja, bæði hér á landi og erlendis, vegna endurskoðunar á samstæðum fjármálafyrirtækjanna eru stærsti hlutinn af heildargreiðslunni.

Á fyrrnefndu tímabili var ráðstafað af eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins til eftirlits með fjármálafyrirtækjum 1.322 milljónum króna en það samsvarar

Mynd 1
Skipting endurskoðunarkostnaðar
2004–2008



Heimild: Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., SPRON.

Tafla 3. Yfirlit yfir endurskoðunarkostnað frá 2004 til 2008

Fjárhæðir í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Landsbanki Íslands hf	83	118	145	305	451	1.102
Kaupþing banki hf	235	286	452	495	438	1.906
Glitnir banki hf	77	77	181	364	318	1.017
Straumur-Burðarás hf	15	27	48	51	164	305
Sparisjóðabanki Íslands hf	6	7	11	19	62	105
SPRON	16	19	31	45	89	200
Samtals	432	534	868	1.279	1.522	4.635
Hlutur eftirlitsgjalds FME v/ eftirlits með fjármálafyrirtækjum	145	147	208	328	494	1.322

Heimild: Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestinga-
banki hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., SPRON.

tæplega 30% af aðkeyptum endurskoðunar- og sérfræðikaupum fjármálafyrirtækjanna sem tengjast endurskoðun og ársreikningagerð. Til að draga upp grófa heildarmynd af samanburði má gera ráð fyrir að fjöldi þeirra ársverka sem Fjármálaeftirlitið gat ráðstafað til eftirlits með fjármálafyrirtækjum á árinu 2008 hafi einungis verið um fimmtungur þess fjölda ársverka sem fjármálafyrirtækin vörðu til innri og ytri endurskoðunar mælt á sama hátt.

11.2.4 Áritun ytri endurskoðenda á ársreikninga fjármálafyrirtækjanna og árshlutauppgjör

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga skulu endurskoðendur að lokinni endurskoðun árita ársreikning og einnig samstæðureikning ef hann er saminn og skal áritunin fylgja ársreikningnum. Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit endurskoðanda á því hvort ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga og settar reikningsskilareglur, svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega. Nánast samhljóða reglur koma fram í 1. mgr. 12. gr. reglna nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Um þýðingu áritunar löggilts endurskoðanda á reikningsskil sagði í lögum um endurskoðendur fram til 1. janúar 2009 að hún fæli í sér, nema annað væri tekið fram, að reikningsskilin hefðu verið endurskoðuð af viðkomandi endurskoðanda „í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að reikningsskilin [gæfu] að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila í samræmi við góða reikningsskilavenju“, sbr. áðurgildandi 8. gr. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur og 2. gr. reglna nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálafyrirtækja. Hinn 1. janúar 2009 tóku síðan gildi ný lög um endurskoðendur nr. 79/2008 og þar segir í 11. gr. að áritun endurskoðanda skuli vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og í skilgreiningum í 1. gr. laganna eru þessir staðlar skilgreindir svo: „Alþjóðlegir staðlar um endurskoðun (ISA) og tengdar yfirlýsingar og staðlar, að því marki sem þeir tengjast endurskoðun, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt í samræmi við 26. gr. tilskipunar 2006/43/EB og teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.“

Ársreikningar þeirra fjármálafyrirtækja sem hér eru til skoðunar fjárhagsárin 2004 til og með 2007 voru áritaðir án fyrirvara af þeim endurskoð-

„Hvað merkja orðin glögg mynd? Er orðið glögg mynd sjálfstætt hugtak eða verður að spyrða það saman við eitthvert regluverk, þannig að endurskoðendur hafi almennt hugsað þetta mál þannig, þ.e. að þeir beri ekki ábyrgð á því þó að lögin og reglurnar dragi fram glögga mynd? Ef reglurnar gera það ekki, að þá segi sko: Glögg mynd í samræmi við – og þið þekkið orðalagið – glögg mynd í samræmi við regluverkið sjálft. Og þetta þýðir það, að jafnvel þótt í einhverjum svona venjulegum skilningi þessara orða ekki birtist þarna glögg mynd, þá segja menn: Það er ekki mitt mál vegna þess að ég er að staðfesta að það var farið eftir reglunum og þetta er glögg mynd í samræmi við reglurnar sjálfar.“

Skýrsla Stefáns Svavarssonar, prófessors, fyrir
rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2009, bls. 5.

unarfyrirtækjum sem kosin voru á aðalfundum félaganna til að annast endurskoðunina. Samkvæmt framansögðu er því ljóst að endurskoðendur fjármálafyrirtækjanna hafa talið ársreikninga þeirra gefa glögga mynd af afkomu félags, efnahag þess og breytingu á handbæru fé, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, á grundvelli endurskoðunar sem fram hafi farið í samræmi við lög og alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 3/2006 skulu ársreikningar samdir í samræmi við þau lög, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á, og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

Í 2. mgr. 5. gr. segir: „Ef ákvæði laga nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal vikið frá þeim í undantekningartilvikum til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 1. mgr. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.“ Um það hvað séu settar reikningsskilavenjur segir í skilgreiningum 2. gr. laganna að það séu „reglur sem reikningsskilaráð gefur út, sbr. 119. gr. [laganna], og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sbr. 12. tölul.“ Í nefndum 12. tölul. eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skilgreindir svo: „reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002“. Þessi síðast nefnda skilgreining kom inn í lög um ársreikninga sem voru upphaflega nr. 144/1994 með lögum nr. 45/2005 og gildi sú breyting um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hófst 1. janúar 2005 eða síðar, sbr. 75. gr. laganna. Hér er ekki tilefni til að rekja frekar hvernig alþjóðlegir reikningsskilastaðlar höfðu áður áhrif á reikningsskilaframkvæmd hér á landi, sbr. t.d. heimildina til að meta ákveðnar eignir til gangvirðis, sbr. lög nr. 28/2004.

Álit allra endurskoðendanna á ársreikningum fjármálafyrirtækjanna árið 2007 voru samhljóða og sagði þar svo: „Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu fjármálafyrirtækjanna á árinu 2007, efnahagi samstæðunnar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.“

Ályktun endurskoðendanna um árshlutareikninga fjármálafyrirtækjanna var einnig samhljóða vegna árshlutauppgjors á miðju ári 2008 og hljóðaði svo: „Við könnun okkar kom ekkert fram sem benti til þess að árshlutareikningurinn gæfi ekki glögga mynd af afkomu fjármálafyrirtækjanna á tímabilinu, fjárhagsstöðu þeirra 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.“

11.2.5 Árshlutareikningar fjármálafyrirtækjanna í júnílok 2008 og fyrsta áætlun um virði fyrirtækjanna eftir fall

Heildareignir móðurfélaga þeirra sex fjármálafyrirtækja sem hér eru til skoðunar voru 11.901 milljarður króna á miðju ári 2008 en á móti námu skuldir tæplega 10.907 milljörðum króna. Þannig nam eigið fé fyrirtækjanna samtals 995 milljörðum króna. Móðurfélögin lögðu til hliðar 78 milljarða króna sem er 0,7% af heildareignum þeirra til að mæta hugsanlegu útlánatapi. Því

„Þegar stjórnendur bankanna eru að gera upp og við að endurskoda á miðju ári 2008 þá er ákveðin staða uppi í samfélaginu í víðasta skilningi, bæði hérlandis og erlendis, og það er á þeim forsendum, sem þá liggja fyrir, sem við endurskoðum og væntanlega stjórnendur eru að gera upp. Það er líka mjög mikilvægt að hafa það í huga, að okkar reglur beinlínis banna okkur – banna okkur – að taka tillit til atburða, sem ekki hafa átt sér stað, þ.e.a.s. vera í spekulatífum vangaveltum um hvað kunni að gerast síðar.“

Skýrsla Sigurðar Jónssonar, lögguils endurskoðanda hjá KPMG, endurskoðunarfyrirtæki Kaupþings banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. júlí 2009, bls. 9.

Tafla 4. Árshlutareikningar móðurfélaga fjármálafyrirtækja 30. júní 2008

Fjárhæðir í ma.kr.	Eignir	Skuldir	Eigið fé	Afskriftir á tímabilinu	Niðurfærsla alls	Niðurfærsla sem hlutfall af eignum (%)
Landsbanki Íslands hf	3.729,3	3.529,9	199,4	9,7	29,6	0,79
Kaupþing banki hf	3.764,3	3.340,1	424,2	6,7	16,8	0,45
Glitnir banki hf	3.165,6	2.984,1	181,5	8,6	21,3	0,67
Straumur-Burðarás hf	710,9	545,3	165,6	1,5	4,7	0,66
Sparisjóðabanki Íslands hf	289,1	278,3	10,8	3,9	4,0	1,38
SPRON	242,2	228,9	13,4	0,6	1,6	0,66
Samtals	11.901,4	10.906,6	994,9	31,0	78,0	0,66


Heimild: Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., SPRON.

„En trúðu menn því virkilega í árslok 2007 og á miðju ári 2008 þegar menn skrifuðu undir reikningana, að þeir gæfu glögga mynd af rekstrar- og efnahag félaganna, að þeir væru að segja satt? Nema þeir hafi algjörlega orðið viðskila við það, sem var að gerast í bönkunum sjálfum, því í bönkunum sjálfum frá ársbyrjun 2007 og raunar frá árslokum 2006, þá eru menn komnir í þann vanda að endurfjármagna sig og í endalausum vandræðum með það.“

Skýrsla Stefáns Svavarssonar, prófessors, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2009, bls. 49.

Mynd 2

Áætlað virði eigna fjármálafyrirtækjanna eftir fall
Sem hlutfall af virði eigna fyrir fall



Heimild: Fjármálaeftirlitið og skilaneindir fjármálafyrirtækjanna.

til viðbótar voru lagðir til hliðar 23 milljarðar króna hjá dótturfélögum eða alls 101 milljarður króna. Rúmlega þriðjungur niðurfærslanna kom til við hálfársuppgjörið í lok júní 2008.

Eftir fall Landsbankans, Kaupþings og Glitnis fór í nóvember 2008 fram endurmat eigna og uppgjör sem skipti efnahag milli hinna nýju fyrirtækja sem stofnuð voru og þeirra gömlu. Sjá nánar í kafla 11.2.6. Í framhaldi af því voru gerðar tillögur um stofnefnahagsreikninga fyrir hin nýju fjármálafyrirtæki. Við mat á stöðu Straums-Burðaráss var stuðst við skýrslu frá skilanefnd, dags. 6. ágúst 2009, en matið var miðað við 31. mars 2009. Hvað varðar Sparisjóðabankann var líka stuðst við skýrslu frá skilanefnd, dags. 9. júní 2009, en matið er miðað við áramót 2008 og það sama gildir um SPRON.

Niðurstöður endurmatsins voru að eignir án niðurfærslu námu 13.130 milljörðum króna en að teknu tilliti til endurmats voru þær metnar á 5.299 milljarða króna sem er lækkun um 7.831 milljarð króna eða um 60%. Til samanburðar var niðurfærslan í lok júní 2008 78 milljarðar króna sem svarar til 0,7% af heildareignum fyrirtækjanna á þeim tíma. Þannig var niðurfærslan við endurmatið tæplega hundraðföld sú sem hún var ársfjórðungi fyrir. Til samanburðar má nefna að þjóðarframléiðsla Íslands fyrir árið 2008 var um 1.476 milljarðar króna og því svarar niðurfærsla eigna fjármálafyrirtækjanna til þjóðarframléiðslu Íslands í fimm ár ef miðað er við árið 2008.

Tafla 5. Áætlað virði eigna móðurfélaga fjármálafyrirtækjanna í október 2008 (eftir fall)

Fjárhæðir í ma.kr.	Eignir án endurmats	Eignir endurmetnar	Niðurfærslur	Niðurfærsla sem hlutfall af eignum (%)
Landsbanki Íslands hf	4.353,0	1.994,0	2.359,0	54,2
Kaupþing banki hf	3.505,3	1.073,0	2.432,3	69,4
Glitnir banki hf	3.906,0	1.360,0	2.546,0	65,2
Straumur-Burðarás hf	782,0	537,0	245,0	31,3
Sparisjóðabanki Íslands hf	317,0	115,0	202,0	63,7
SPRON	267,0	220,0	47,0	17,6
Samtals	13.130,3	5.299,0	7.831,3	59,6

Heimild: Fjármálaeftirlitið og skilaneindir fjármálafyrirtækjanna.

11.2.6 Yfirlit yfir áætlað virði þriggja stærstu fjármálafyrirtækjanna eftir fall sem hlutfall af virði þeirra fyrir fall

Í kjölfar falls þriggja stærstu fjármálafyrirtækjanna í október 2008 fól Fjármálaeftirlitið innlendum endurskoðunarfyrirtækjum að semja drög að stofnefnahagsreikningi fyrir nýju fjármálafyrirtækin sem stofnuð voru á grunni þeirra þriggja sem féllu. Niðurstaða endurskoðunarfyrirtækjanna á eignum nýju fjármálafyrirtækjanna eftir fallið gerði ráð fyrir að áætlaðar eignir þeirra eftir endurmat yrðu á bilinu 40 til 58% af áætluðu virði þeirra eins og það var áður en bankarnir féllu. Hlutfallslegt virði eigna var metið hæst hjá Íslandsbanka, næst kom Landsbankinn en lægst var matið hjá Kaupþingi.

Með samningi, dags. 24. desember 2008, fól Fjármálaeftirlitið endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte LLP í London að gera nýtt verðmat á eignum sem fluttar voru úr gömlu fjármálafyrirtækjunum og mynda áttu stofnefnahagsreikning hinna nýju fjármálafyrirtækja. Deloitte LLP lauk verðmati sínu með skýrslu 24. apríl 2009. Að beiðni Fjármálaeftirlitsins hefur ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman yfirfarið verðmatið hjá öllum fjármálafyrirtækjunum þremur. Verðmat Deloitte LLP var lagt fram með frávikum. Þannig var gert ráð fyrir efri og neðri mörkum í matinu. Munurinn var á bilinu 7–10% hjá hverju fyrirtæki. Niðurstaða verðmatsins frá því í október 2008 og apríl 2009 er mjög svipuð. Þannig er mat Deloitte LLP hæst á Íslandsbanka, næst hæst hjá Landsbankanum og lægst hjá Kaupþingi. Ef meðaltal á fráviki hjá einstaka fjármálafyrirtæki er borið saman við upphaflegt mat endurskoðunarfyrirtækjanna þriggja er munurinn aðeins 1–2% eins og fram kemur í töflunni hér að neðan.

Ef litið er til mats innlendu endurskoðunarfyrirtækjanna á virði eigna sem fluttar voru í upphafi til hinna nýju fjármálafyrirtækja og á fyrsta mat skilanefnda gömlu fjármálafyrirtækjanna á virði eigna sem þar voru skildar eftir, kemur í ljós að til jafnaðar fyrir öll fyrirtækin er eignavirði þeirra eftir endurmat 38%. Ef litið er á einstök fyrirtæki er virði eigna hæst hjá Landsbanka Íslands, næstmest hjá Glitni og minnst hjá Kaupþingi.

Tafla 6. Áætlað virði þriggja stærstu fjármálafyrirtækjanna eftir fall

Sem hlutfall af virði þeirra fyrir fall

Nýju fjármálafyrirtækin	Deloitte LLP			Innlend endurskoðunarfyrirtæki		
	Virði eftir endurmat (%)	Midgildi (%)	Niðurfærsla (%)	Midgildi (%)	Virði eftir endurmat (%)	Niðurfærsla (%)
Íslandsbanki hf (Glitnir)	54–64	59,0	36–46	41,0	58,0	42,0
NBI hf (Landsbankinn)	53–61	57,0	39–47	43,0	55,0	45,0
Arion banki hf (Kaupþing)	35–42	39,0	58–65	61,0	40,0	60,0

Heimild: Deloitte LLP, Fjármálaeftirlitið.

Tafla 7. Áætlað hlutfallslegt heildarvirði eigna gömlu fyrirtækjanna

	Virði eftir endurmat (%)	Niðurfærsla (%)
Glitnir banki hf	35	65
Landsbanki Íslands hf	46	54
Kaupþing banki hf	31	69
Bankarnir þrír	38	62

Heimild: Fjármálaeftirlitið og skilanefndir fjármálafyrirtækjanna.

11.2.7 Reikningsskil bankanna samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Í upphafi árs 2005 innleiddu fjármálafyrirtækin alþjóðlega reikningsskila-
staðla í samstæðureikningsskilum sínum, en lögum um ársreikninga var
breytt á því ári til samræmis við tilskipanir Evrópusambandsins með lögum
nr. 45/2005.⁷¹

Helstu breytingar við innleiðingu staðlanna í íslenska löggjöf voru:

- a) víðtækari heimildir voru teknar upp til að færa tilteknar eignir og
skuldbindingar sem þeim tengjast á gangverði í stað þess að færa þessa
liði á kostnaðarverði og afskrifa á líftíma þeirra, t.d. á 5 til 20 árum og
- b) grundvöllur útreiknings á framlagi í niðurfærslusjóð tapaðra útlána
skyldi byggjast á stöðu útlána á reikningsskiladegi og á fenginni reynslu
af innheimtu þeirra í stað væntinga um framtíðartap útlánanna.

Beiting gangverðs í reikningsskilum á meðal annars við um:

- eignfærðan kostnað vegna óefnislegra réttinda eða þróunar,
- viðskiptavild,
- ýmsa fjármálagerninga, svo sem skuldabréf, afleiður og hlutabréf,
sem aflað hefur verið í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á
skammtímaverðbreytingum,
- fjárfestingaeignir, svo sem fasteignir og aðrar efnislegar eignir, sem
ætlaðar eru til að afla tekna.

Eignfærður kostnaður vegna óefnislegra réttinda eða þróunar og við-
skiptavild eru metin með svokölluðu virðisrýrnunarprófi. Reynist gangverð
þessara þátta lægra en bókfært verð, færast lækkunin á rekstrarreikning.
Gangverð í þessum skilningi er matsverð á endurheimtanlegri fjárhæð á því
sem hærra er; hreinu söluverði eða notkunarvirði.

Ýmsir fjármálagerningar og fjárfestingaeignir eru metnar á gangverði,
sem er markaðsverð ef um skráðar eignir er að ræða, annars á hreinu sölu-
verði eða notkunarvirði, hvort sem hærra er.

Notkunarvirði eigna er núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem vænst
er að myndist af áframhaldandi notkun eignar og ráðstöfun í lok nýtingartím-
ans.

Þessi breyting hefur m.a. haft í för með sér að á uppgangstíma á fjár-
málamörkuðum hefur verðmæti fjármálagerninga eins og hlutabréfa svo
og fasteigna oft hækkað vegna verðþenslu og hefur sú hækkun verið færð á
rekstrarreikning. Einnig hafa fjármálafyrirtæki og önnur félög oft greitt af
sömu ástæðu meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en
sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup og mismunurinn þá til-
greindur sem viðskiptavild. Þetta hefur leitt til þess að eigið fé þessara aðila
hefur á vissan hátt blásið út vegna matsbreytinga og á sama tíma var fátítt að
færð væri virðisrýrnun á rekstrarreikning vegna viðskiptavildar eða annarra
óefnislegra eigna.

71. Áður höfðu verið gerðar breytingar með lögum nr. 28/2004 á lögum um ársreikninga við inn-
leiðingu á félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB frá 27. september 2001
um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar
matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda,
sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Breyting á grundvelli útreiknings á framlagi í niðurfærslusjóð tapaðra útlána byggist á niðurfærsluaðferð útlána samkvæmt staðli nr. 39 frá Alþjóðareikningsskilaráðinu. Við mat á þörf á framlaginu er beitt virðisryrnunarprófi en við það þarf að taka tillit til margra þátta í undirliggjandi rekstri lántaka og/eða tryggingastöðu. Fram kemur í reikningsskilastaðlinum að miða skuli við stöðu einstakra lántaka eða hóps lántaka á reikningsskiladegi, þ.e. við greiningu á ástandi á þeim tímapunkti, en ekki byggja á væntingum eða framtíðarspá um það hvað muni hugsanlega gerast („Incurred loss approach“ en ekki „Expected approach“).

Framangreind nálgun leiddi m.a. til þess að framlag í niðurfærslureikning útlána lækkaði almennt hjá fjármálastofnunum í Evrópu við innleiðingu þessa staðals á árinu 2005. Fyrri aðferðafræði tók í mörögum löndum, þ. á m. hér á landi, tillit til almenns niðurfærslureiknings sem byggðist að hluta á mati á framtíðartapi. Dæmi voru um að fjármálafyrirtæki mynduðu varasjóði (sveiflujöfnunarsjóði) til að glíma við það vandamál að meta útlán.

Alþjóðareikningsskilaráðið vinnur nú að breytingu á reikningsskilastöðlum sem snerta þessi viðfangsefni í tengslum við hina alþjóðlegu efnahagskreppu.⁷²

11.2.8 Um niðurfærslu fjármálakrafna

11.2.8.1 Inngangur

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 532/2003 skal endurskoðun m.a. beinast að því hvort útlán, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góðar endurskoðunarvenjur. Ljóst er af skýringum við ársreikninga fjármálafyrirtækjanna að eftirfarandi viðmiðanir voru notaðar við mat á virði útlána:

Þegar um *sértækar niðurfærslur* er að ræða eru einstakar eignir skoðaðar og metnar út frá hlutlægum merkjum um niðurfærslu. Vísbendingar um að eignir ættu að sæta niðurfærslu eru m.a. eftirfarandi:⁷³

- Verulegir fjárhagslegir erfiðleikar lántaka.
- Vanskil.
- Skilmálabreytingar sökum fjárhagslegra erfiðleika lántaka.
- Veruleg endurskipulagning vegna fjárhagslegra erfiðleika eða yfirvofandi gjaldþrots.
- Veruleg rýrnun trygginga.
- Sannanlegir atburðir sem benda til að áætlað framtíðargreiðslustreymi muni minnka svo mælanlegt sé, jafnvel þótt ekki sé hægt að sýna fram á þessa stöðu í einstökum lánnum eða hjá einstökum lántökum.

Málið horfir á annan veg þegar um *almenna niðurfærslu* er að ræða. Markmiðið með henni er að skilgreina tap, sem þegar hefur orðið en er ekki staðfest, fyrir einstakar eignir. Í þessum tilgangi er gengið út frá „emergence period“, sem er skilgreint sem tímabil á milli atburða sem innifelur sérstaka niðurfærslu og sannanlegra merkja um að hún hafi átt sér stað. Almenn niðurfærsla er væntanlegt tap yfir þetta tímabil. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að „emergence period“ fyrir einstök lán/eignir er metið út frá

„[Endurskoðandi] hefur verið að reyna að komast að einhverri niðurstöðu um það hver þarf afskrift, hver er afskriftarþörfin í heild sinni og í þeirri vinnu hlýtur hann að þurfa klárlega að horfa til þess að ef eitthvað er að útlánnum, sem hann mátti vita að væru ónýt, þá hefði hann þurft að færa það niður og [...] ég held að það sé alveg klárt, að honum hefði borið að færa það niður ef hann hefði einhver gögn um það að þetta væri sem sé tapað, kannski hafa menn að einhverju leyti reitt sig um of á tryggingar, sjálfur hef ég vissar efasemdir um það að tryggingar séu mikils virði, af því að það er í raun reksturinn undirliggjandi, sem að lokum borgar lán til baka en ekki tryggingarnar sem slíkar.“

Skýrsla Stefáns Svavarssonar, prófessors, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2009, bls. 7.

72. Alþjóðareikningsskilaráðið IASB, www.iasb.org

73. Sbr. alþjóðlegur reikningsskilastaðall IAS 39.


„Það eru starfsmenn bankans í lánaeftirliti, sem safna saman upplýsingum úr öllum vefnum, neðan frá og safna saman upp og síðan eru haldnir fundir með þessu fólki. Það er tekið test á þessum niðurstöðum og þetta rennur saman í einn bunka, sem verður þá það, sem rennur inn í ársreikninginn, þannig eins og Reynir sagði, þá auðvitað byggjum við á þessu ferli, sem þau eru með og við höfum ástæðu til að ætla að virki, bæði vegna þess, að við höfum ekki orðið vör við neitt annað og okkar test gefa til kynna og við treystum þessu fólki ágætlega.“

Skýrsla Sigurðar Jónssonar, lögguils endurskoðanda hjá KPMG, endurskoðunarfyrtækni KB banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. júlí 2009, bls. 27.

„Sko, það, sem við gerðum, er að útlánaeftirlit, að hún hittir alla lánastjóra, sem bera ábyrgð, það er hvert útlán eða hvert nafn með einn ákveðinn lánastjóra, sem ber ábyrgð á þessu. Þær hittu alla þessa lánastjóra a.m.k. tvisvar á ári og bara svo við fengjum almenna tilfinningu þá fórum við, ef ég man rétt, ég held örugglega bara á einn fund þar sem við bara vildum fá að vita [...] hvað færi fram á þessum, hvers konar upplýsingar þar væru að koma fram. Og það gaf okkur ekkert tilefni til annars en að það væri vel fylgst með þessum aðilum.“

Skýrsla Reynis Stefáns Gylfasonar, lögguils endurskoðanda hjá KPMG, endurskoðunarfyrtækni KB banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. júlí 2009, bls. 28.

Mynd 3
Niðurfærsla sem hlutfall af skuldbindingu úrtaks eftir fall



Heimild: Fjármálaeftirlitið og skilaneindir fjármálfyrirtækjanna.

því hversu nýjar fjárhagslegar upplýsingar eru til staðar. „Emergence period“ getur verið á bilinu 30 dagar til 360 dagar, meðaltal er 130 dagar.

Mat á niðurfærslu (virðisryrning) á hverjum reikningsskiladegi skal taka til allra útlána. Virðisaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli byggir á því að fyrst sé lagt mat á niðurfærslu gagnvart sértækum útlánnum, sem hvert um sig er metið mikilvægt, en önnur lán eru metin annað hvort á einstaklingsgrunni eða á grundvelli sérstakrar lánaflokkunar. Er flokkuninni ætlað að mynda grundvöll fyrir útreikning á líklegu útlánatapi og er þá byggt á reynslu af svipuðum útlánnum fyrri tíma.

11.2.8.2 Niðurfærsla skuldbindinga þeirra aðila, sem til sérstakrar skoðunar voru, fyrir og eftir fall fjármálfyrirtækjanna.

Móðurfélög fjármálfyrirtækjanna sex sem rannsóknin tekur til höfðu lagt til hliðar 78 milljarða króna til að mæta hugsanlegu útlánatapi í hálfársuppgjöri í júní á árinu 2008. Þriðjungur fjárhæðarinnar var til kominn á fyrri ársshelmingi 2008. Niðurfærslan nam um 0,6% af heildarskuldbindingum fjármálfyrirtækjanna í október 2008 og 0,7% af heildareignum þeirra um mitt ár 2008.

Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir að henni yrðu veittar upplýsingar um hvort og þá hvaða fjárhæðir hefðu verið lagðar til hliðar vegna þeirra fyrirtækjasamstæðna, sem teknar voru til sérstakrar skoðunar, í hálfársuppgjöri á árinu 2008 og í mati sem gert var stuttu eftir fall fjármálfyrirtækjanna af endurskoðunarfyrtækjum í umboði og að beiðni Fjármálaeftirlitsins. Kom það fram í fyrstu drögum að nýjum stofnefnahagsreikningi þriggja stærstu fjármálfyrirtækjanna. Hvað varðar hin fjármálfyrirtækin þá veittu skilaneindir þeirra upplýsingar um mat á þörf fyrir niðurfærslu með sama hætti.

Við athugun rannsóknarnefndar Alþingis á stöðu 46 samstæðna og 524 aðila sem þeim tengjast (sjá kafla 8.12), kom í ljós að skuldbindingar þeirra við öll fjármálfyrirtækin námu 3.165 milljörðum króna eða um 22% af heildarskuldbindingum fjármálfyrirtækjanna í október 2008. Eins og fram kemur hér síðar höfðu verið lagðir til hliðar 12 milljarðar króna vegna þessara tilteknu samstæðna í hálfársuppgjöri fjármálfyrirtækjanna á árinu 2008 en það svaraði til 0,4% af skuldbindingum þeirra við þau í október 2008. Þremur mánuðum síðar var niðurfærsluþörf metin 1.926 milljarðar króna sem svaraði til 61% af skuldbindingum þeirra vegna þessara samstæðna. Ef öll niðurfærslan í hálfársuppgjöri fjármálfyrirtækjanna 2008 hefði gengið til að mæta niðurfærsluþörf þeirra eftir fall til samstæðna sem til skoðunar voru sérstaklega, hefði hún aðeins dugað fyrir 5% af þörfinni.

Af þeim 46 samstæðum sem til skoðunar voru í kafla 8.12 höfðu 24 verið teknar til gjaldþrotaskipta, greiðslustöðvunar eða verið yfirteknar af fjármálfyrirtækjunum í janúar 2010.

Í reikningsskilum fjármálfyrirtækjanna í júnílok 2008 hafði einungis verið færð sérstök niðurfærsla hjá þremur af þeim 46 samstæðum sem til skoðunar voru. Við mat á virði skuldbindinganna eftir fall fjármálfyrirtækjanna höfðu 40 af þeim 46 samstæðum fengið sérstaka niðurfærslu sem námu 1.926 milljörðum króna.

Við mat á því hvort skilyrði voru til þess við ársuppgjör 2007 og hálfársuppgjör 2008 að eignir sættu niðurfærslu átti m.a. að koma til skoðunar hvort verulegir fjárhagslegir erfiðleikar lántaka væru þá til staðar, vanskil og tíðar skilmálabreytingar. Í árslok 2007 nam eigið fé þeirra sex fjármála-

Tafla 8. Yfirlit yfir niðurfærslu skuldbindinga þeirra aðila sem eru í úrtaki til skoðunar

<i>Fjárhæðir í ma.kr.</i>	<i>Landsbanki</i>	<i>Kaupþing</i>	<i>Glitnir</i>	<i>Straumur- Burðarás</i>	<i>Sparisjóða- banki</i>	<i>SPRON</i>	<i>Samtals</i>
Heildarskuldbindingar október 2008	3.600	6.000	3.500	600	250	300	14.250
Skuldbinding - úrtak október 2008	983	1.420	550	160	35	17	3.165
Niðurfærsla - úrtak eftir fall 2008	704	926	228	34	29	5	1.926
Hlutfall af skuldbindingum - úrtak (%)	72,0	65,0	41,0	21,0	83,0	29,0	61,0
Hlutfall af heildarskuldbindingum (%)	20,0	15,0	7,0	6,0	12,0	2,0	14,0
Niðurfærsla - úrtak júní 2008	6	3	1	0	2	0	12
Hlutfall af skuldbindingum - úrtak (%)	0,6	0,2	0,2	0,0	5,7	0,0	0,8
Hlutfall af heildarskuldbindingum (%)	0,2	0,1	0,0	0,0	0,8	0,0	0,2
Heildarniðurfærslur í uppgjöri 30. júní 2008	30	17	21	5	4	2	79
Hlutfall af skuldbindingum - úrtak (%)	3,1	1,2	3,8	3,1	11,4	11,8	5,0
Hlutfall af heildarskuldbindingum (%)	0,8	0,3	0,6	0,8	1,6	0,7	1,1

Heimild: Landsbanki Íslands hf., Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Spron, Sparisjóðabanki Íslands hf.

fyrirtækja sem til skoðunar voru 1.081,6 milljörðum króna sem svarar til 12,1% svonefnds CAD hlutfalls. Í kafla 9.0 er nánar gerð grein fyrir útreikningi eigin fjár. Í árslok 2007 nam eigið fé þessara fjármálafyrirtækja umfram 8% CAD hlutfallið 363,8 milljörðum króna.

Eins og áður segir er útlán stærsti einstaki eignarliður fjármálafyrirtækja og jafnframt helsti áhættuþáttur í starfsemi þeirra. Í ársreikningum fjármálafyrirtækjanna í árslok 2007 námu niðurfærslur vegna útlánaskuldbindinga 65 milljörðum króna eða 0,7% af eiginfjárgrunni og í árshlutauppgjöri á miðju ári 2008 námu niðurfærslur 100,8 milljörðum króna. Í þessu sambandi vísar rannsóknarnefndin til kafla 8.12 þar sem greind eru viðskipti fjármálafyrirtækjanna við 46 samstæður með 524 félaga innan borðs á tímabilinu janúar 2007 til október 2008. Frá janúar 2007 höfðu fjármálafyrirtækin samþykkt lánsfjárheimildir til þessara aðila sem námu 3.012 milljörðum króna, þar af voru 988 milljarðar í formi framlengingar áður tekinn lána eða um þriðjungur. Síðastnefnd lánaviðskipti einkenndust af því að fyrri lánveitingar voru endurfjármagnaðar þar sem lánveitingar gátu ekki staðið við áður gerða samninga. Þá voru þessum aðilum veitt ný lán á tímabilinu sem námu um 2.026 milljörðum króna með veði í hlutabréfum er námu 54% og án trygginga 19% af nýjum lánunum.

Þá gerði nefndin athugun á því hvað hefði verið fært í reikningsskilum fjármálafyrirtækjanna sem niðurfærslur á miðju ári 2008 vegna þeirra samstæðna sem teknar voru til sérstakrar skoðunar en þær námu þá 12 milljörðum króna. Þremur mánuðum síðar var niðurfærsluþörfin metin á 1.926 milljarða króna sem svarar til 61% af skuldbindingum þeirra í október 2008 en við hálfársuppgjörið var niðurfærslan aðeins 0,4% af skuldbindingum þeirra, mælt með sama hætti. Í janúar 2009 hafði yfir helmingur af fyrrnefndum 46 samstæðum verið tekinn til gjaldþrotaskipta eða uppgjörsméðferðar eða verið yfirtekinn af fjármálafyrirtækjunum.

Það ber því allt að þeim brunni að stjórnendum fjármálafyrirtækjanna hafi mátt vera ljóst að borið hafi að færa í sérstakar niðurfærslur útlán vegna mun fleiri aðila en gert var í reikningsskilum fyrirtækjanna árið 2007 og í hálfársuppgjöri árið 2008.

11.2.8.3 Umfjöllun ytri endurskoðenda í endurskoðunarskýrslum um þörf á niðurfærslu útlána

Hér á eftir verða teknir upp úr skýrslum endurskoðenda þeir kaflar sem varða álit endurskoðendanna á þörf á niðurfærslu útlána:

Í endurskoðunarskýrslu PWC 2007 vegna Landsbankans segir:

„Lánasafnið svarar til tveggja þriðju hluta af heildareignum. Við könnuðum hvernig staðið hefði verið að framlögum inn á afskriftareikning vegna lána-rýrnunar og endurreiknuðum afskriftir með tilliti til mótvarandi eigna til að komast að því hvort afskriftir hefðu að meðaltali verið hæfilegar. Við skoðuðum einnig tíu hæstu lánin og var það niðurstaðan, að þau hefðu ekki rýrnað með tilliti til arðsemi og ónógra upplýsinga um hið gagnstæða. Við þetta mat tókum við með í reikninginn þá þróun, sem orðið hefur á markaði og í veðum frá því að ársreikningur 2007 var undirritaður. Hægt var að styðjast við mat óháðra aðila og markaðar (Moody's). Að auki voru vísbendingar um gæði eigna ásættanlegar og lán í vanskilum (90 dagar eða meira) voru ekki umtalsverð. Meirihluti þessara lána er innlendur og eru meðal lántakenda nokkur alþjóðleg, íslensk fyrirtæki. Að okkar mati eru mælikvarðar á rýrnun víðeigandi og við fundum enga óskráða rýrnun. Þótt við teljum, að framlög á afskriftareikning FY2007 séu ekki verulega rangfærð, er viðbúið, að markaðsaðstæður muni versna á árinu 2008.“

Í endurskoðunarskýrslu PWC 2007 vegna Glitnis segir:

„Við höfum kannað mötin með því að lesa fundargerðir áhættunefndar og skoðað skýrslu Lánaeftirlits um 20 stærstu framlögin inn á afskriftareikning vegna einstakra lána, sem hafa rýrnað, og einnig yfirlit yfir afskriftareikninginn. Að auki skoðuðum við útreikninga á afskriftaþörf vegna lánasafnsins. Um helmingur afskriftaframlaga er vegna rýrnunar einstakra lána og helmingur byggist á mati á afskriftaþörf vegna lánasafnsins. Við teljum, að heildarframlagið inn á afskriftareikning endurspegli vel þörfina fyrir niðurfærslu á lánunum í vanskilum og viðskiptakröfum 31. 12. 2007 og þegar okkur þótti ástæða til, komum við athugasemdum þar að lútandi á framfæri við stjórnendur. Engin umtalsverð frávik komu í ljós.“

Í endurskoðunarskýrslu KPMG 2007 vegna Kaupþings banka segir:

„Rýrnun lána í rekstrarreikningi samstæðunnar var 6.098 milljónir króna. Fimm stærstu áhættuskuldbindingarnar voru 28% af heildarútlánunum móðurfélagsins og 10% af heildarútlánunum samstæðunnar. Hefur bankinn orðið að einbeita sér betur að gæðum veða þegar hlutabréf hafa verið sett til tryggingar lánunum. Lán til sumra starfsmanna, bæði almennra og stjórnenda, hafa aukist og eru í sumum tilfellum hærri en markaðsvirði tryggingarinnar í árslok 2007.“

Í endurskoðunarskýrslu KPMG 2007 vegna Straums-Burðaráss segir:

„Engin rýrnun var í útlánunum félagsins á árinu 2007.“

Í endurskoðunarskýrslu KPMG 2007 vegna Sparisjóðabankans/Icebank segir:

„Við höfum yfirfarið mat bankans á útlánunum. Í því sambandi höfum við meðal annars stuðst við þær athugasemdir sem fram koma í útlánaskýrslu, dags. 20. nóvember 2007, við upplýsingar frá starfsmönnum bankans og

við sérstæðar kannanir af okkar hálfu. Alltaf er erfitt að meta þörfina á niðurfærslu vegna einstakra aðila og vel má vera að afskriftaþörf reynist í einhverjum tilvikum önnur þegar frá líður. Í [...] sérgreindan afskriftareikning sundurliðað eftir lántakendum en til samanburðar er sama sundurliðun miðuð við árslok 2006. Ef litið er á afskriftareikning bankans í heild teljum við að við mat á afskriftaþörfinni hafi verið tekið tillit til þeirrar áhættu sem er í útlánnum bankans en eins og áður er getið getur afskriftaþörfin reynst önnur þegar frá líður.“

Í endurskoðunarskýrslu KPMG 2007 vegna SPRON segir:

„Í nóvember og desember 2007 könnuðum við skuldbindingar hjá aðilum með áhættuskuldbindingu yfir 300 millj. Undir þessa skilgreiningu falla 27 aðilar. Samtals nema skuldbindingar þessara aðila 15.299 milljónum króna sem er 43,6% af bókfærðu eigin fé SPRON þann 30. september 2007. Á skoðunardegi var enginn aðili með áhættuskuldbindingu umfram 25% af eigin fé SPRON. Í nóvember og desember 2007 var framkvæmd skoðun á stærstu vanskilaaðilum SPRON. Til skoðunar voru lántakendur sem voru með vanskil yfir 5 milljónir kr. Undir þessa skilgreiningu féllu 23 aðilar. Samtals námu vanskil þessara aðila 321 milljón króna. Skoðun okkar leiddi í ljós að tryggingar hjá flestum vanskilaaðilum á skoðunardegi voru umfram skuldbindingu þeirra. Hins vegar hafa aðstæður breyst frá skoðunardegi og því er afar mikilvægt að fylgst sé reglulega með verðmæti trygginga, ekki síst þar sem talsverð aukning hefur verið í lánnum með veði í hlutabréfum. Auk þess er til staðar áhætta vegna krosseignarhalds og krosstrygginga.“

Af framansögðu virðist ljóst að endurskoðendur fjármálafyrirtækjanna töldu mat fyrirtækjanna á þörf á niðurfærslu útlána á árinu 2007 í meginatriðum rétt þar sem engin umtalsverð frávik voru talin hafa komið í ljós.

11.2.8.4 Hálfársuppgjör fjármálafyrirtækja 2008

Í endurskoðunarbréfum til fjármálafyrirtækjanna eftir hálfársuppgjör þeirra á árinu 2008 kemur fram varðandi niðurfærslu útlána að framlögin hafi aukist frá fyrri tímabilum sem rekja megi til mikilla lækkana á hlutabréfamörkuðum, til veikingar íslensku krónunnar og versnandi efnahagsástands hér á landi og erlendis. Þá koma fram ábendingar um mikilvægi þess að fjármálafyrirtækin hugi m.a. betur að verklagi, mati og allri umhirðu um lánasafn fyrirtækjanna. Ennfremur er boðað af hálfu endurskoðunarfyrirtækjanna að við endurskoðun ársuppgjörs fyrir árið 2008 verði lögð sérstök áhersla á skoðun útlána. Ekki er að finna athugasemdir af hálfu endurskoðendanna sem lúta að því að framlög til niðurfærslu við hálfársuppgjör 2008 séu ekki í heild sinni nægjanleg.

11.2.9 Atriði sem koma m.a. til skoðunar við mat á virkni innra eftirlits með útlánnum

Tekið er fram bæði í 92. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 9. gr. reglna nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálafyrirtækja, að verði endurskoðandi var við verulega ágalla á rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslu-tryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis, skuli hann gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart.

„En sjáðu sko, ef það er þannig [...] að [...] þessir menn, sem skrifuðu upp á reikninga bankanna, hafi verið í algerrri þoku um það hvað væri að gerast í íslenskum bankaheimi þar til í október 2008, að þá náttúrulega voru þeir ekki að vinna vinnuna sína, það er svo einfalt [...]. Biddu, getur það staðist [...] að atburðarásin sé svo hröð í þessu að þörfin fyrir afskriftareikning sé óumdeild eitt prósent, innan við eitt prósent í sex mánaða uppgjörinu 2008, en þremur mánuðum seinna þá er þetta orðið meira en 50%? Ég bara trúi því ekki.“

Skýrsla Stefáns Svavarssonar, prófessors, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2009, bls. 20.

Þau eftirlitskerfi sem koma til skoðunar til að meta virkni innra eftirlits fjármálfyrirtækja eru m.a. áhættustýring, útlánanefndir og innri endurskoðun. Við könnun á því hvernig ytri endurskoðendur skoðuðu framangreinda þætti var horft til endurskoðunarskýrsla árána 2004 til 2007 og annarra gagna sem tengdust viðfangsefninu og lögð voru fyrir rannsóknarnefndina.

Áhættustýring fjármálfyrirtækis felst í því að takast á við og stjórna áhættu til verndar fjárhagslegum styrk fyrirtækisins. Áhættureglur og ferlar eiga að tryggja að áhættan sé bæði þekkt og mæld og að eftirlit sé haft með henni. Fjármálfyrirtæki setja stefnu um áhættusamsetningu þannig að sveiflur vegna óvæntra atburða sem hafa áhrif á bæði eigið fé bankans og afkomu, séu takmarkaðar og viðráðanlegar.

Útlánaáhætta er hættan á að fjármálfyrirtæki verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að mótaðili uppfyllir ekki samningsbundna skyldu sína og veð, sem standa til tryggingar skilvísu greiðslum, nægja ekki til lúkningar á kröfunni. Til að stýra útlánaáhattunni setja fjármálfyrirtækin sér lánareglur í samræmi við stefnu fyrirtækisins þar sem sett eru lánamörk fyrir einstaka lántakendur eða hóp lántakenda, landsvæði og atvinnugreinar. Þá setja fjármálfyrirtækin á fót lánanefndir sem hafa það hlutverk að taka ákvarðanir um lánveitingar og tryggja að þær séu í samræmi við lánareglur.

Viðfangsefni innri endurskoðunar er varðar eftirlitskerfin er að meta virkni áhættustýringar og eftirlits innan fjármálfyrirtækisins, m.a. með því að kanna hvort farið sé að lögum og reglum, áhætta sé greind með fullnægjandi hætti og henni stjórnað, gjörðir starfsmanna lúti verklagsreglum fyrirtækisins og stefnu og að gæða- og umbótastarf sé á hverjum tíma samþætt stýriferlum, eins og nánar var að vikið í kafla 11.1.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri umfjöllun sem er að finna í endurskoðunarskýrslum um innri eftirlitskerfi fjármálfyrirtækjanna.

Endurskoðunarskýrsla PWC 2006 vegna Landsbankans:

Í skýrslunni segir að gott innra eftirlit einkennist af því að vera vel skilgreint, beinast að tilteknu markmiði og vera eðlilegur þáttur í reglulegri, daglegri vinnslu á hvaða sviði sem er. Þeir þættir sem helst varða innra eftirlit eru eftirlitsumhverfi, áhættugreining, skráningarkerfi, eftirlitsaðgerðir og stjórnunareftirlit. „Við teljum að almennt eftirlitsumhverfi bankans sé sterkt en sú aukning og útrás sem fylgt hefur Landsbanka Íslands hf. á erlendri grund hefur kallað á nýjar áherslur svo sem samræmi í regluvörslu, innri endurskoðun og á samræmda áhættunálgun innan samstæðu bankans.“

Endurskoðunarbréf PWC vegna hálfársuppgjör Landsbankans 2008:

Í endurskoðunarbréfi vegna árshlutauppgjör 2008 koma fram athugasemdir er lúta að því að afstemmingarvinnu sé ábótavant og auka þurfi verulega eftirlit fjárhagsdeildar með grunnafstemmingum og styrkja innri eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar verði í uppgjörum bankans. Boðað var að af hálfu endurskoðandans yrði gerð úttekt á verklagi fjárhagsdeildarinnar er varðaði afstemmingarvinnu á næstkomandi ári.

Endurskoðunarskýrsla PWC 2006 vegna Glitnis:

Í endurskoðunarskýrslu 2006 voru gerðar athugasemdir er vörðuðu innra eftirlit hjá bankanum, m.a. um það hvernig aðgerðir innra eftirlits væru

skráðar. Í skýrslunni segir að svo virðist sem upplýsingakerfum hjá Glitni sé almennt vel stjórnað, stefna og starfsaðferðir á mikilvægum sviðum samviskusamlega skráðar og yfirmenn hafi þann metnað að uppfylla viðeigandi staðla. Segja endurskoðendur að lýsa megi innra eftirlitskerfi Glitnis sem „óformlegu“, eftirlitsaðgerðum sé beitt en þær hafi ekki verið skráðar með fullnægjandi hætti á öllum helstu sviðum viðskipta. Telja þeir einnig að eftirlitskerfin í útibúum Glitnis séu allt frá því að vera „óformleg“ til þess að vera „stöðluð/stýrð“. Segjast endurskoðendur vera ánægðir með viðbrögð stjórnenda hjá Glitni við athugasemdum þeirra og með þær aðgerðir, sem þeir hafi gripið til í framhaldinu.

Endurskoðunarskýrsla PWC 2007 vegna Glitnis:

„Við höfum ástæðu til að gera athugasemdir við innra eftirlitskerfið og starfsemi þess og leggjum þær hér með fram ásamt tillögum til úrbóta. Eins og við nefndum í „Early Warning Report“, þá teljum við, að bankinn geti bætt innra eftirlitskerfið. Við erum sáttir við viðbrögð stjórnenda bankans við athugasemdum okkar og tillögum og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir í framkvæmd.“

Endurskoðunarskýrsla KPMG 2007 vegna Kaupþings:

„Kaupþing er með traust upplýsingakerfi og hæft starfsfólk á því sviði. Fram kemur hjá stjórnendum, að nokkur ný kerfi hafi verið innleidd í janúar 2008 en því starfi sé þó ekki lokið og viðbúið, að það standi út árið. Við viljum vekja athygli á því, að vöntun er á formlegri skráningu og samþykktarferli gagnvart nýjum notendum og hvernig staðið er að því að breyta aðgangi að Agresso-kerfinu. Afritun gagna með SAS-hugbúnaði er ekki geymd lengur en í 42 daga og árleg afritun gagna er ekki gerð af hugbúnaðinum eða stjórnkerfi hans.“

Endurskoðunarskýrsla KPMG 2007 vegna Sparisjóðabankans/Icebank:

„Í tengslum við endurskoðun ársreikninga Sparisjóðabankans (Icebank) 2007 var gerð sérstök úttekt á verkferlum við gerð framvirkra samninga. Gerðar voru fjölmargar ábendingar um úrbætur til að styrkja innra eftirlit með framvirkum samningum hjá bankanum. Þá var vakin athygli á breytingum meðal helstu stjórnenda bankans og fjölgun stöðugilda hjá bankanum um 44% á árinu. Hátt í helmingur starfsmanna bankans er með minna en eins árs starfsaldur. Slík aukning og endurnýjun á starfsfólki hlýtur að hafa talsverð áhrif á starfsemina og auka hættu á mistökum og er því enn brýnna en ella að verkferlar séu til staðar og eftir þeim farið.“

Endurskoðunarskýrsla KPMG 2007 vegna SPRON:

Í skýrslunni er lagt til að innra eftirlitið sé styrkt við framkvæmd framvirkra samninga.

Af þeim upplýsingum sem fram komu í skýrslum sem teknar voru af endurskoðendum fjármálafyrirtækjanna fyrir rannsóknarnefnd Alþingis verður ekki annað ráðið en að rannsóknir endurskoðenda á innri eftirlitskerfum fjármálafyrirtækjanna hafi verið jafn takmarkaðar og framangreind umfjöllun í endurskoðunarskýrslum þeirra ber með sér.

11.2.10 Útgáfa hlutafjár eða sala eigin hlutabréfa til starfsmanna eða annarra

Fram hefur komið að fjármálafyrirtækin nýttu sér í nokkrum mæli útgáfu hlutabréfa eða afhendingu eigin bréfa, sem ráðstafað var til starfsmanna í tengslum við kaupréttarsamninga við þá. Mótbókun útgáfunnar var yfirleitt í formi útlána til starfsmanna eða til félaga sem stofnuð voru kringum hlutafjareignina, sem síðar skyldi ráðstafað til starfsmanna. Oftast var gengið þannig frá lánaskjöllum að áhættan í þessum viðskiptum hvíldi áfram á fjármálafyrirtækjunum því annað hvort höfðu starfsmenn sölurétt á bréfunum gagnvart fjármálafyrirtækinu ef hlutafjárkaupin reyndust þeim óhagstæð eða tryggingar starfsmanna fyrir lánunum voru óverulegar umfram verðmæti hlutabréfanna. Þá voru lánin oft með takmörkuðum rétti til frekari endurgreiðslu en næmi andvirði hlutabréfanna og því ólíklegt að til greiðslu þeirra kæmi. Sjá má nánari umfjöllun um mismunandi valrétti starfsmanna bankaanna í kafla 10.0. Í reikningsskilum fjármálafyrirtækjanna voru þessi viðskipti með eigin hlutabréf færð sem aukning eigin fjár og mótbókuð til eigna. Við rannsókn á því hvort reikningsskilum fjármálafyrirtækjanna væri rétt hagað að þessu leyti óskaði rannsóknarnefnd Alþingis eftir því við prófessor Frøystein Gjesdal við Verslunarháskólann í Bergen, að hann segði skoðun sína á því, og lýsti því hvað alþjóðlegir reikningsskilastaðlar segðu um það hvernig bæri að sýna slík viðskipti og meta í reikningsskilum. Svar hans frá 2. október 2009 fer hér á eftir í íslenski þýðingu:

„Um greiðslur í hlutabréfum (vinnulaun greidd í hlutabréfum skipta hér mestu máli) er fjallað í IFRS 2 frá 2004. Þar segir hvenær aðili skuli gjaldfæra kostnað við eiginfjárgerninga sem greiðslu fyrir vöru og þjónustu. Áður hafði lík tillaga verið felld í Bandaríkjunum vegna þrýstings frá fyrirtækjum sem líkaði illa sá samdráttur í hagnaði sem af henni leiddi. IFRS 2 (og FAS 123R, sem var sett í Bandaríkjunum síðar á árinu 2004) hefur verið umdeildasta reikningsskilareglan á síðari árum og lyklatríðið í því eru útgjöldin.

Víða hafa fyrirtæki stofnað sjóði til að annast frama starfsmanna eða hlunnindi. Hafa þessir sjóðir fengið hlutabréf í fyrirtækinu og látið þau í hendur starfsmanna samkvæmt kauprétti. Einn tilgangur með slíku fyrirkomulagi gæti verið að koma kaupréttarútgjöldunum út úr bókunum. Það er ekki lengur unnt. Mörg fyrirtæki hafa leitað annarra og úthugsaðra leiða við að draga úr vinnuafskostnaði. Samt er það svo, að svo lengi sem meginreglurnar eru skýrar, munu þessar tilraunir bera lítinn árangur.

Að því er fram kemur hjá Ernst & Young⁷⁴ eru enn a.m.k. tvær ástæður fyrir því að stofnaðir eru sjóðir: Til að fara framhjá reglum um hlutabréfaeign og draga úr skattlagningu. Nú eru reglur mismunandi eftir ríkjum eða lögsagnarumdæmum og því er ekki alltaf um sömu ástæður að ræða. Við skattlagningu er það skattþrepið sem mestu skiptir (tekjuskattur eða fjármagnstekjuskattur), og einnig skattfrádráttur. Umfjöllunin hér lýtur einvörðungu að reikningsskilum; greining á sköttum er utan við það. Vert er að hafa í huga að lög um reikningsskil fyrirtækja og skattalög eru ekki endilega samræmd.

74. International GAAP, 2009, bls. 1914.

IASB⁷⁵ ákvað 2004 að krefjast sameiningar starfsmannasjóða í flestum tilfellum. Ástæðan var sú, að fyrirtækið nýtur ávaxtanna, ber ábyrgðina og fer með stjórn sjóðsins. (Fyrir nokkrum árum missti AIG⁷⁶ stjórnina á sjóðnum með alvarlegum afleiðingum.) Það þýddi, að skilgreina varð sjóðinn sem hluta af samstæðunni (dótturfélag). Hlutabréf hans voru því skilgreind sem eigin bréf. Arður yrði því arður af eigin bréfum. Vegna þessa úrskurðar skiptir fjármögnun sjóðs ekki máli (hvort sem arður er greiddur eða ekki). Nefna má líka að það að eignast eigin bréf í því skyni að umbuna starfsmönnum með þeim er oft nefnt baktrygging. Það á þó ekki vel við þar sem ekki er víst að úr áhættu hafi dregið.

Að veita starfsmönnum sölurétt og fjármagna kaup þeirra á hlutabréfum er aðeins önnur aðferð við að veita kauprétt. Eftir að IFRS 32 tók gildi 2005 hefur þetta líka verið skilgreint þannig við endurskoðun. Tæknileg smáatriði skipta hér ekki máli. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi, sem dæmi eru um, kann að hafa verið sá að draga úr kostnaði. Það á ekki að vera hægt lengur.

Í stað söluréttarfyrirkomulagsins, sem rætt var um hér að framan, kom annað og fólst það í því að fyrirtækið bætti upp gengislækkun hlutabréfa með því að lækka eða afskrifa lánin að sama skapi. Fjárhagslega var útkoman sú sama. Hér ætti því að beita sömu reikningsskilalausn eða -aðferð í samræmi við regluna um „anda staðla frekar en form“. Starfsmaðurinn nýtur hlunninda (tryggður fyrir gengislækkun hlutabréfanna) og verðgildi þeirra skal því meta sem útgjöld hjá fyrirtækinu. Tilbrigði við þetta fyrirkomulag er þegar lán er „óendurkræft“ eða endurkræft að takmörkuðu leyti. „Óendurkræft“ þýðir að lánveitandi láti sér nægja að lántakandi skili veðinu sem getur verið hús eða hlutabréfasafn. Fjárhagslega er þetta aðeins önnur aðferð við að draga úr gengisáhættu hlutabréfa og því sambærilegt við það sem áður var nefnt. Ernst & Young⁷⁷ telur að þetta síðastnefnda skuli samkvæmt IFRS 2 skilgreint sem kaupréttur.

Eitt vandamál er að aðilar (fyrirtæki) sýna æ meiri hugkvæmni við smíði samninga, sem virðast flytja áhættuna. Sem dæmi má nefna að lán getur verið fyllilega endurkræft en í raun má afskrifa þá upphæð sem svarar til gengislækkunar hlutabréfa. Það breytir engu um eðli og meginefni samningsins en hætt er við að hann sé ekki jafn gagnsær og ella.“

Þegar fjármálafyrirtæki á í viðskiptum með eigin bréf til starfsmanna sinna vegna ákvæða í samningum þeirra um kauprétt á hlutabréfum í fyrirtækjunum, eða ígildi þeirra, sem fjármögnuð eru með lánveitingum, reynir á hvernig farið er með þau viðskipti í reikningsskilum og þar með hvort fara eigi með þau á sama hátt og eigin hlutabréf sem hafa verið tekin að veði.

11.2.11 Lán til aðila með veði í eigin hlutabréfum

Rannsóknarnefndin hefur einnig kannað lán bankanna til aðila gegn veði í eigin bréfum eða ígildi þeirra. Slík útgáfa hlutabréfa og lánveitingar henni tengdar hafa hækkað eigið fé fjármálafyrirtækjanna og stækkað efnahagsreikning þeirra án þess að neitt nýtt fjármagn, t.d. í formi lausafjár eða ígildi þess, hafi komið á móti. Jafnframt hefur þetta haft áhrif á eiginfjárlutfall og

75. International Accounting Standards Board

76. Allied Irish Group

77. International GAAP, 2009, bls. 1912.

„Já, já, og ekki síst hérna sem sagt 2007 og 2008 þegar það fer að halla undan fæti. Við erum náttúrulega ekki spámenn, þannig að við sáum ekki fyrir og við höfum kannski ekki á sama hátt og aðrir einhverja yfirsýn yfir, við gerðum okkur grein fyrir því og bendum á í skýrslugjöf, að [...] ef hlutabréfaverð fer að lækka og þess háttar og tryggingar sem sagt fara að lækka, að þá sé náttúrulega staðan önnur og menn þurfa að vakta þetta sérstaklega en [...] við allavega lögðum mikið þúður í að fara yfir útlánasafnið og reyna að átta okkur á afskrift.“

Skýrsla Sigrúnar Guðmundsdóttur, löggilts endurskoðanda hjá PricewaterhouseCoopers, endurskoðunarfyrirtæki Glitnis banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. júlí 2009, bls. 12.

áhættugrunn fjármálafyrirtækjanna, sem er grundvöllur og mælikvarði á að heimila útlánahættu gagnvart stórum lántakendum. Í reynd er það ákaflega haldlítill trygging sem fjármálafyrirtæki fær, þegar það veitir lán einvörðungu gegn veði í eigin bréfum, því veruleg hættu er á að fyrirtækið láti hjá líða að ganga að slíku veði þegar veðþekjan lækkar samhliða lækkun á markaðsverði hlutabréfa í fjármálafyrirtækinu. Við fall fjármálafyrirtækis virka slík útlán í reynd ekki sem hluti af eigin fé, sem ætlað er að verja kröfuhafa félagsins, því að þau verða að engu, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Álitaefnið hér er það hvort fjármálafyrirtækjunum hafi borið að draga slík lán með veði í eigin hlutabréfum frá eigin fé sínu. Ekki er að sjá að þetta álitaefni hafi hlotið mikla umfjöllun hér á landi þótt niðurstaða þess geti haft verulega þýðingu fyrir reikningsskil fjármálafyrirtækja. Á hinn bóginn er ljóst að endurskoðendur fjármálafyrirtækjanna hafa talið að ekki bæri að draga lán með veði í eigin hlutabréfum frá eigin fé fjármálafyrirtækis og hefur því verið fylgt í framkvæmd við reikningsskil þeirra hér á landi.

Rannsóknarnefndin óskaði eftir því við próffessor Frøystein Gjesdal við Verslunarháskólann í Bergen, að hann gæfi álit sitt á þessu og lýsti hvað alþjóðlegir reikningsskilastaðlar segðu um það hvernig bæri að sýna og meta slík viðskipti í reikningsskilum. Svar hans fer hér á eftir í íslenskri þýðingu en þar lýsir hann fyrst fyrirkomulagi þessara mála í Noregi:

„Um eigin bréf gilda ákvæði í norskum hlutafélagalögum. Fyrirtæki mega kaupa 10% af eigin bréfum svo fremi að „laust fé“ eða eigið fé komi á móti, þ.e.a.s. eigið fé sem hefði að öðrum kosti verið greitt út sem arður. Með lögum frá 1997 voru ESB-reglur innleiddar í norsk lög. Í mörgum Evrópuríkjum, ekki þó öllum, var fyrirtækjum leyft að kaupa eigin hlutabréf. Ákvað norska stjórnin að leyfa það líka þótt það hefði áður verið bannað, að því tilskildu að eigið fé fyrirtækis væri fært niður að sama skapi.

Í norskum hlutafélagalögum eru einnig aðrar reglur um viðskipti við hluthafa. Í stuttu máli þessar: Að lána hluthöfum fé eða að gangast í ábyrgð fyrir þá jafngildir því að kaupa eigin hlutabréf og því skal eigið fé koma þar á móti. Þetta á ekki við ef um er að ræða regluleg viðskipti milli aðila eða starfsmenn sem eru (litlir) hluthafar. Lán til að fjármagna kaup á hlutabréfum í lánveitanda eru alveg bönnuð. Ef lánveitingin er á einhvern hátt tryggð með hlutabréfum lánveitandans, þá skal litið á lánið sem arð (eða hlutabréf) og eigið fé látið koma á móti. [...]

Reikningsskilareglur um hlutabréf og afleiður byggðar á þeim eru tiltölulega skýrar þótt þær séu sífellt að taka breytingum. Þeir sem sinna innra eftirliti og áhættustýringu í bönkunum uppfæra líka útreikninga á lögbundnu eigin fé til að taka með í reikninginn nýja fjármálagerninga. Þetta hefur birst í takmarkandi aðgerðum og ómerkt eða ógilt sumar reikningsskilareglur IFRS. Í öllu þessu efni virðist þó ekki vera nein ákveðin umræða um lán sem eru tryggð með eigin hlutabréfum.

„Andi staðla frekar en form“ er góður leiðarvísir við gerð reikningsskila. Staðlarnir taka ekki til allra viðskipta og til að leysa þann vanda er rétt að líta á önnur dæmi sem kalla má sambærileg. Viðskiptakrafa, sem ganga má frá með hlutabréfum (tilteknum fjölda), er álíka og tryggt lán með takmörkuðum endurkröfurétti. Slík krafa er krafa með sölurétti og á hana ætti að líta sem tvo gerninga. Sölurétt ætti að skilgreina sem

skuldbindingu og færa niður eigið fé. Í stuttu máli þýðir þetta að á hinn samsetta gerning er litið sem kaup á hlutabréfum.“

Samkvæmt framansögðu er ljóst að eftir norskum lögum, byggðum á reglum Evrópuréttarins, skal draga lán til kaupa á eigin hlutabréfum frá eigin fé fjármálafyrirtækis. Við könnun á því hvernig leysa beri úr þessu álitaefni að íslenskum lögum verður hér fyrst hugað að ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og þá að ákvæðum 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem eigið fé þeirra er skilgreint.

Í lögum eru því settar skorður hversu mikið hlutafélag má eignast af eigin hlutum. Ástæðan er sú að þetta er talið varasamt þar sem hægt er að fara í kringum ákvæði laga um lækkun hlutafjár með þessu móti auk þess sem slík viðskipti geta gengið í bága við regluna um jafnan rétt hluthafa, t.d. ef gengi hlutanna er ákveðið hærra en raunverulegt verð þeirra er. Þá getur stjórn öðlast óeðlilega mikil völd í félaginu með uppkaupum á eigin hlutum. Ennfremur kunna kaup eða sala á eigin hlutabréfum að hafa óeðlileg áhrif á gangverð þeirra.⁷⁸ Loks eru veð, sem félagið tekur í eigin hlutum, harla lítils virði þegar syrtir í álinn hjá félaginu.

Af framangreindum ástæðum er mælt svo fyrir í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög að hlutafélag megi ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins. Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna. Í 60. gr. hlutafélagalaga er kveðið á um að ef félag eignast hluti andstætt 55. gr. skuli láta þá af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að félagið eignaðist þá. Hafi félag með sama hætti tekið hlutina að veði skuli veðsetningu aflétt innan loka sama frests. Ákvæði hlutafélagalaga um eigin hluti, þ.m.t. 55. og 60. gr., eru í VIII. kafla laganna.

Samkvæmt 4. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækja samsettur af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C. Frá eiginfjárþætti A dragast eigin hlutabréf (stofnfjárbréf í tilviki sparisjóða), viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir og tap og samþykkt arðsúthlutun. Í 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 segir um fyrsta frádráttarliðinn: „að frádragnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa/stofnfjárbréfa.“⁷⁹ Hvað fellur hér undir eigin hlutabréf er hvorki skilgreint nánar í lögum um fjármálafyrirtæki né þeim tilskipunum sem 84. gr. þeirra byggir á. Það veldur þó ekki vafa að sá hluti eigin hlutabréfa fjármálafyrirtækis sem er háð eignarrétti fyrirtækisins fellur þarna undir. En

78. Sbr. Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík 2003, bls. 227–228.

79. Ákvæðið byggir á 1. mgr. 12. gr. CAD-tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB og 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB um lánastofnanir. Samkvæmt i-lið 1. mgr. 57. gr. skal draga eigin hluti (e. own shares) frá eigin fé fjármálafyrirtækja. Ákvæði 1. mgr. 57. gr. tilskipunarinnar felur í sér lágmarkskröfur um frádráttarliði frá eigin fé. Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. tilskipunar 2006/48/EB er aðildarríkjum hins vegar heimilt að útfæra frekari frádráttarliði en settir eru fram í 1. mgr. 57. gr. tilskipunarinnar.

álítaefnið er síðan hvort þau eigin hlutabréf sem fjármálafyrirtæki hefur tekið veð í, og þá gegn láni eða annarri fyrirgreiðslu, falli undir ofangreinda frádráttarreglu um útreikning á eigin fé. Hliðstætt álítaefni er einnig uppi þegar þriðji aðli er einhvers konar vörsluaðili fyrir fjármálafyrirtæki á hlutabréfum í því. Rétt eins og sagði í ákvæði 54. gr. laga nr. 113/1996, um viðskipta-banka og sparisjóði, þar sem frádráttarreglan vegna eigin hlutabréfa kom inn, er þeim liðum sem koma eiga til frádráttar eigin fé fjármálafyrirtækis í þessu sambandi ætlað að taka til þeirra skuldbindinga „sem rýra möguleika [fjármálafyrirtækis] til að mæta tapi“.

Bæði í hlutafélagalögum nr. 2/1995 og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eru sérstök ákvæði um heimild hlutafélaga til að afla eigin hluta. Ákvæði 55. gr. hlutafélagalaga hefur áður verið lýst. Í 29. gr. laga nr. 161/2002 sem ber yfirskriftina „eigin hlutir“ segir í 1. mgr.:

„Fjármálafyrirtæki má ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nemur hærrí fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.“

Kaup á eigin hlutum fela í raun í sér endurgreiðslu á innborguðu hlutafé. Af þeirri ástæðu eru 10% mörkin sett á heimild fjármálafyrirtækja til slíkra viðskipta.⁸⁰ Eins og fram kemur í texta beggja framangreindra ákvæða eiga þessar reglur um takmarkanir á öflun eigin hluta líka við um veð sem hlutafélag tekur í eigin hlutum til tryggingar lánnum. Í fræðiskrifum hafa verið færð fram þau rök fyrir þessari reglu hlutafélagalaga að með veðsetningu sé hugsanlegt að hlutafélag greiði hluthöfum út hlutafé með óbeinum hætti. Bent hefur verið á að þetta geti t.d. átt við þegar um er að ræða lán til langs tíma og með óvenjulega góðum kjörum eða ef tvísýnt er um gjaldþol lántakandans. Þá er tekið fram að einnig verði að líta til þess að veðsetning geti tryggt félagsstjórninni ýmsar heimildir yfir hlutum í lengri eða skemmri tíma.⁸¹

Eins og nánar er lýst í kafla 9.5 var sú framkvæmd við lýði hjá stóru bönkunum þremur að eigin hlutir sem lánað var fyrir og teknir voru að veði voru ekki dregnir frá eigin fé. Þetta varð rannsóknarnefnd Alþingis tilefni til að skoða sérstaklega réttmæti þessa og þá einkum þegar litið er til þess hversu umræddar lánveitingar til kaupa á eigin hlutabréfum og veðsetning þeirra var orðin umfangsmikil hjá bönkunum og þar með hversu stór hluti af því eigin fé sem bankarnir studdust við byggði á hinum veðsettu hlutabréfum. Þegar hugað er að þessum málum í ljósi þess sem rakið var í kafla 9.2 hér að framan um hlutverk eigin fjár og tilgangs reglna um það er rétt að horfa til þess að stofninn í svonefndum eiginfjárbætti A er myndaður m.a. af „innborguðu hlutafé“ og þar með þeim fjármunum sem hluthafar hafa lagt félaginu til og viðsemjendur félagsins og lánardrottinn mega gera ráð fyrir að standi að baki þeim skuldbindingum sem félagið stofnar til. Enda þótt fjármálafyrirtækjum sé í 7. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995 veitt undanþága frá þeim meginreglum

80. Af sömu ástæðu er lagt bann við því í 1. mgr. 62. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að hlutafélag skrái sig fyrir eigin hlutum við stofnun hlutafélags eða eftir atvikum við hlutafjárhækkun.

81. Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík 2003, bls. 229.

sem koma fram í 1. og 2. mgr. greinarinnar um bann við lánveitingum hlutafélaga m.a. til að fjármagna kaup á hlutum í viðkomandi félagi eða móðurfélagi þess, breytir það ekki því eðli eigin fjár sem hér er vísað til. Sama á við um þá undanþágu sem kemur fram í lok 2. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995, sbr. breytingu sem gerð var með 8. gr. laga nr. 35/1997, um lán til kaupa starfsmanna félags eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá. Ef litið væri svo á að fjármálafyrirtæki gæti í skjóli þessara undanþága lánað sjálft til kaupa á eigin hlutafé, og þá gegn veði í þeim hlutabréfum, án þess að það hefði nein áhrif á að tölulega eigið fé fyrirtækisins sem það framvísar m.a. gagnvart viðskiptamönnum og lánardrottnum, væri í reynd opin leið fyrir fjármálafyrirtæki að fjármagna sjálft eigið fé sitt með lánveitingum og veðtöku í eigin hlutum að því gættu að það væri á hverjum tíma innan þeirra takmarka sem 1. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 setur. Í þessu sambandi þarf að túlka það með sjálfstæðum hætti hvað falli undir eigin hlutabréf/stofnfjárbréf þegar kemur að frádrætti frá eigin fé í merkingu 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 og þá með tilliti til þeirra eðlisraka sem búa að baki ákvæðinu um tilgang þessa frádráttar um hvað sé raunverulega innborgað hlutafé félagsins. Þar koma því til um margt hliðstæð rök og búa að baki því að reglur um takmarkanir á heimildum hlutafélaga og fjármálafyrirtækja um öflun eigin hluta eru líka láttnar ná til veða sem tekin eru í eigin hlutum. Hér koma að auki til þau sjónarmið um reikningsskilareglur sem lýst var að framan í umsögn Fróstein Gjesdal. Þar getur auk þeirra reglna um útreikning á eigin fé sem hér er fjallað um reynt á hvernig taka þarf tillit til þeirrar stöðu lána sem þarna eru undirliggjandi við mat á áhættugrunni og niðurfærsluþörf vegna afskriftareiknings.

Í ársreikningum fjármálafyrirtækjanna fyrir árið 2007 sem hér eru til skoðunar er eiginfjárgrunnur metinn á 8.972,7 milljarða króna til útreiknings eiginfjárkröfu. Eigið fé fyrirtækjanna nam í árslok 2007 1.081,6 milljörðum króna og var því hlutfallið 12,1% (CAD). Eiginfjárlutfallið var á bilinu 11% til 13% nema hjá Straumi-Burðarási þar sem það var tæp 24%. Niðurfærsla útlánaskuldbindinga nam alls 65 milljörðum króna eða 0,7% af eiginfjárgrunni. Eins og fram kemur í 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. einnig 4. gr. reglugerðar nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, skal eigið fé ekki vera lægra en 8% af eiginfjárgrunni en sú fjárhæð er samanlagt 717,8 milljarðar króna hjá fjármálafyrirtækjunum.


Þær upplýsingar sem nefndin aflaði sér frá fjármálafyrirtækjunum um einstakar lánveitingar sem þau hafa samþykkt til kaupa á hlutum í þeim með veði í hlutunum sýna að í árslok 2007 hafa þær lánveitingar numið tæplega 250 milljörðum króna og við mitt ár 2008 um 300 milljörðum króna en það svarar til 25% af eigin fé allra sex stærstu fjármálafyrirtækja landsins. Nánar er gerð grein fyrir forsendum útreiknings á síðastnefndu fjárhæðinni í töflu 1 í kafla 9.0.

„Ef þú borgar aukningu í hlutafé með því að borga með fasteignum, þá þurfa allir hinir hlutahafarnir að samþykkja verðmæti fasteignarinnar, að hún sé þess virði sem um er að tefla, þannig að [...] menn geti aukið hlutaféð og haldið uppi cadhlutfallinu sínu með því að [...] leika sér á þann hátt að færsla, þegar allt er skoðað, er sú, að þú gerir færslu kredit á hlutafé hundrað og debit á útlán hundrað, ég bara segi við þig: Svoleiðis innspýting á eigin fé er einskis virði, er einskis virði.“

Skýrsla Stefáns Svavarssonar, prófessors, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2009, bls. 30.

Mynd 4

CAD hlutfall fjármálafyrirtækjanna í lok 2007
Sem hlutfall af virði eigna fyrir fall



Heimild: Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., SPRON.

Tafla 9. Yfirlit um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja 2007

<i>Fjárhæðir í ma.kr.</i>	<i>Landsbanki</i>	<i>Kaupþing</i>	<i>Glitnir</i>	<i>Straumur- Burðarás</i>	<i>Sparisjóða- banki</i>	<i>SPRON</i>	<i>Samtals</i>
Áhættugrunnur (e. risk-weighted assets) ¹	2.317.326	4.113.432	2.017.470	301.174	87.923	135.388	8.972.713
Eigið fé	270.679	486.144	225.576	71.378	9.713	18.156	1.081.646
CAD (%)	11,7	11,8	11,2	23,7	11,0	13,4	12,1
Niðurfærsla 30. júní 2008	32.100	33.200	23.600	5.100	4.400	2.400	100.800
Lágmarks eigið fé m.v. 8% CAD	185.386	329.075	161.398	24.094	7.034	10.831	717.817
Eigið fé umfram lágmark	85.293	157.069	64.178	47.284	2.679	7.325	363.829
Niðurfærsla úrtaks (46 stærstu samstæðna) október 2008	704.000	926.000	228.000	34.000	29.000	5.000	1.926.000
Niðurfærsla úrtaks sem margfeldi af eigin fé 31. desember 2007	2,6	1,9	1,0	0,5	3,0	0,3	1,8
Niðurfærsla úrtaks sem margfeldi af lágmarks eigin fé 31. desember 2007	3,8	2,8	1,4	1,4	4,1	0,5	2,7

1. Áhættugrunnur skv. skilgreiningu laga um nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 84. gr. og 85. gr.

Heimild: Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., SPRON.

Rammagrein 1

Iceland Food Group Ltd.

Það vakti athygli að verð óskráðra eigna í safni eigin viðskipta Landsbankans var fært upp á við þegar markaðsverð eigna á Vesturlöndum voru almennt á niðurleið í lok árs 2007 og allt þar til bankinn féll. Munaði þá mest um uppfærslu á verði á óskráðu félagi á Bretlandseyjum, Iceland Food Group Ltd. Landsbankinn færði félagið inn á safn eigin viðskipta bankans í september 2007 að nafnvirði alls 109 þúsund hlutir. Verð á félaginu samkvæmt uppgjöri bankans í desember var skráð á bókum á genginu 455,5 en í mars 2008 var það komið í 610,11, skv. uppgjöri.⁸² Í júní var félagið skráð á bókum Landsbankans á genginu 735. Þegar horft er til þess að eignaverð fór almennt lækkandi í heiminum á sama tíma vekur þessi hækkun í reikningum Landsbankans athygli og þar með þau áhrif sem þetta hafði til að auka hagnað bankans á fyrsta árshelmingi 2008. Þannig jókst virði Iceland Food Group um ríflega 60% á bókum Landsbankans á meðan sambærileg félög í Bretlandi lækkuðu. Til dæmis lækkaði hlutabréfaverð matvörukeðjunnar Tesco's um 16%, og Marks & Spencer's lækkaði um 50% frá desember 2007 til júní 2008. Uppfærsla verðs á Iceland Food Group gaf Landsbankanum um 8 milljarða króna af þeim 29 milljarða króna hagnaði sem bankinn gaf upp að hefði orðið á fyrri helmingi ársins 2008.

82. Grunn gögn frá Landsbanka Íslands, vegin 2008.

11.2.12 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Útlán hvers fjármálfyrirtækis er stærsta eign þess og stærsti einstaki áhættuþátturinn sem fjármálfyrirtæki stendur frammi fyrir í rekstri sínum. Því er mikilvægt að fram fari við gerð ársreiknings vandað mat á virði útlána í samræmi við gildandi lög og góðar reikningsskilavenjur þannig að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis og þeim eignum og skuldum sem eru til staðar.

Við fall bankanna varð óhjákvæmilega mikið verðfall á eignum þeirra. Það er hins vegar niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að gæði útlánasafns bankanna hafi verið byrjuð að rýrna a.m.k. 12 mánuðum fyrir fall bankanna og hafi gert það allt fram að falli þeirra þótt ekki sæist þess stað í reikningsskilum bankanna. Þær rannsóknir sem nefndin hefur gert á fjárhag fjármálfyrirtækjanna benda eindregið til þess að útlán og skuldbindingar þeim tengdar hafi verið ofmetin í reikningsskilum fjármálfyrirtækjanna í árslok 2007 og við hálfársuppgjör 2008. Með hliðsjón af þeim erfiðleikum í rekstri og fjármögnun margra viðskiptamanna bankanna sem þá voru þegar komnir fram, miðað við þá athugun sem rannsóknarnefndin hefur gert, má eins og lýst er hér að framan leiða líkur að því að þar kunni að hafa skeikað hundruðum milljarða króna. Athugun rannsóknarnefndarinnar sýnir að nánast engar sértækar niðurfærslur hafi verið gerðar, jafnvel ekki gagnvart stærstu skuldurum fyrirtækjanna, þ.m.t. helstu eigendum fjármálfyrirtækjanna, þrátt fyrir að framkvæmdar hafi verið margháttadar „björgunaraðgerðir“ bæði á árinu 2007 og 2008.

Í byrjun árs 2005 innleiddu fjármálfyrirtækin alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ein af meginbreytingunum var að grundvöllur útreiknings á framlagi í niðurfærslusjóð tapaðra útlána skyldi byggjast á stöðu útlána á reikningsskiladegi og á fenginni reynslu af innheimtu þeirra í stað væntinga um framtíðartap útlánanna. Þetta var sérstaklega óheppilegt fyrir íslensku bankana sem voru að stækka svo ört á þessum tíma. Bönkum í örum vexti fylgir mikið af nýjum viðskiptavinum og í tilvikum þeirra er því ekki fyrir hendi „fengin reynsla“. Má því ætla að framlög í niðurfærslusjóði hafi verið of lág, jafnvel þó að þau hafi verið í samræmi við reikningsskilastaðla. Í kafla 4.0 er rætt um hvernig til dæmis spænski seðlabankinn brást við þessum ágalla í reikningsskilastaðlinum með því að gera þarlendum bönkum að færa í niðurfærslusjóð viðbótarframlag sem tók mið af vexti fjármálastofnunarinnar. Eitthvað slíkt hefði eflaust verið við hæfi hér á landi.

Hér að framan hefur verið lýst ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og hliðstæðu ákvæði í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki um eigin hluti og takmarkanir á öflun þeirra og veðsetningu gagnvart viðkomandi félagi. Eins og ráða má af lokamálslið síðarnefnda ákvæðisins gildir VIII. kafla hlutafélagalaga um fjármálfyrirtæki að því marki sem ekki er fjallað um slíka heimild fjármálfyrirtækja í 29. gr. laga nr. 161/2002. Í lokamálslið 1. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995 segir að með eigin hlutum skuli telja „hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins“. Hér að framan er því lýst að um margt búa hliðstæð rök að baki þessum ákvæðum um hlutafélög og fjármálfyrirtæki annars vegar og hins vegar því hvað telja beri eigin hluti þegar kemur að frádrætti vegna eiginfjáruútreikninga í skilningi 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002. Þegar þetta er virt telur rannsóknarnefnd Alþingis að þrátt fyrir þá framkvæmd sem

verið hefur á reikningsskilum fjármálafyrirtækja hér á landi, leiði veigamikil rök til þeirrar niðurstöðu að draga hefði átt lán sem einvörðungu eru tryggð með veði í eigin hlutabréfum frá eigin fé fjármálafyrirtækis á grundvelli 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.⁸³ Það er jafnframt niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að sterk rök séu fyrir því að ef þriðji aðili er skráður eigandi að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki, skuli meðhöndla slíka hluti sem eigin hluti í skilningi síðastnefnds ákvæðis, ef þriðji maður er eigandi „fyrir reikning félagsins“ þ.e. fjármálafyrirtækisins. Við mat á því hvenær telja megi að þriðji maður sé eigandi „fyrir reikning félagsins“ verður eðli máls samkvæmt fyrst og fremst að horfa til þess hver ber áhættuna af viðkomandi hlutum. Ef það er félagið sjálft verður að líta svo á að þriðji maður sé eingöngu skráður fyrir þeim „fyrir reikning félagsins“ og því beri að meðhöndla þá sem eigin hluti.

Undir eigin hluti myndu einnig falla tilvik þar sem um málamyndaframsal væri að ræða á eigin hlutum. Annað dæmi er ef þriðji aðili er einhvers konar vörsluaðili fyrir fjármálafyrirtæki á eigin hlutum til að mæta skuldbindingum þess samkvæmt kaupréttarsamningum sem það hefur gefið út. Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem lýst hefur verið hér að framan um ástæður og eðli umrædds frádráttar frá innborguðu hlutafé verður að telja að sú regla geti einnig eftir atvikum átt við um lán sem veitt væri til kaupa á eigin hlutum án þess að nokkrar tryggingar væru settar, hafi lántaki fyrirsjáanlega ekki verið í stakk búinn til þess að endurgreiða lánið með eigin fjármagni eða fyrirsjáanlegum rekstrartekjum. Við slíkar aðstæður hefur útgreiðsla fjármagns átt sér stað í tengslum við viðskipti með eigin hluti, án þess að endurgjald fyrir hlutina sé fyrirsjáanlegt.

Í lok kafla 11.2.11 er því lýst að ætla megi að í árslok 2007 hafi þeir eigin hlutir sem framangreind túlkun um frádrátt frá eigin fé tekur til verið tæplega 250 milljarðar króna af eigin fé fjármálafyrirtækjanna og í hálfársuppgjöri 2008 um 300 milljarðar króna en það svaraði til 25% af eigin fé allra sex stærstu fjármálafyrirtækjanna í landinu. Í kafla 9.0 er síðan lýst dæmum um það hvaða þýðingu ætla má að framkvæmd í samræmi við túlkun nefndarinnar hefði haft í starfsemi stóru fjármálafyrirtækjanna, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans á síðustu árum. Of hátt skráð eigið fé banka eykur getu hans til vaxtar. Nefndin telur einnig ástæðu til að benda í þessu sambengi á þá miklu áhættu sem bankarnir báru vegna eigin hlutabréfa og þar með þegar kom að eigin fé þeirra. Leiða má að því líkur að það hafi valdið því að bankarnir lögðu enn frekara fjármagn til viðskipta með eigin hlutabréf og annarra fjármálafyrirtækja en slíkt hlaut að styðja við gengi bréfanna eins og rökstutt er í kafla 12.0. Rannsóknarnefnd Alþingis telur einnig að fjármögnun bankanna á hlutabréfum hvers annars hafi verið það umfangsmikil að með því hafi skapast mikil kerfisleg áhætta sem hafi veikt getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér þá lausafjarkreppu sem skall á um mitt ár 2007.

Rannsóknarnefndin ítrekar að í framangreindri túlkun á því hvaða eigin hluti fjármálafyrirtækjum beri að draga frá við útreikning á eigin fé er ekki gengið lengra en benda á að veigamikil rök leiði til þeirrar niðurstöðu sem

83. Sama regla gildir í Bretlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Í öllum þessum löndum er ekki eingöngu skylt að draga eigin hlutabréf fjármálafyrirtækja frá eigin fé heldur einnig hluti sem þau hafa fengið veðsetta sem tryggingu fyrir láni. Útfærslan á frádrætti er þó eitthvað mismunandi milli landa.

þar er lýst. Þeim dæmum og tölulegu upplýsingum sem fram koma í þeim köflum skýrslunnar sem vísað var til hér að framan er síðan ætlað að draga enn frekar fram hvaða áhrif sú framkvæmd sem viðhöfð var, sérstaklega í tilvikum stóru bankanna þriggja, hafði á skráð og uppgengið eigið fé þeirra gagnstætt því sem ætla má að niðurstaðan hefði orðið ef túlkun nefndarinnar um frádráttinn hefði verið fylgt. Rannsóknarnefndin telur í ljósi þess sem rakið er í þessum kafla ástæðu til að setja fram þá ábendingu að hugað verði að því að setja skýrari reglur um hvaða eigin hlutabréf í fjármálafyrirtæki eigi að koma til frádráttar við útreikning á eigin fé þeirra.

Það er álit rannsóknarnefndarinnar að skort hafi á að endurskoðendur sinntu nægilega skyldum sínum við endurskoðun reikningsskila fjármálafyrirtækjanna árið 2007 og við hálfársuppgjör 2008, að því er varðar rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptaaðila fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér. Í þessu sambandi verður að áréttta að aðstæður höfðu á þessum tíma þróast með þeim hætti að tilefni var til þess að gefa þessum atriðum sérstakan gaum.

Samkvæmt 3. tölul. 13. gr. reglna nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálafyrirtækja bar endurskoðanda, að lokinni hefðbundinni endurskoðunarvinnu, að senda stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis sérstaka endurskoðunarskýrslu þar sem gerð væri m.a. grein fyrir helstu niðurstöðum endurskoðunarkannana á innra eftirliti fjármálafyrirtækisins og álitum endurskoðanda á gæðum innra eftirlitskerfis stofnunarinnar og starfsemi innri endurskoðunardeildar. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að þessi skýrslugerð endurskoðenda hafi í flestum tilvikum verið mjög ófullkomin og ekki í samræmi við fyrrnefnd fyrirmæli.

Í 92. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 9. gr. reglna nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálafyrirtækja segir m.a. að fái endurskoðandi vitneskju um verulega ágalla á rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingu útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutadeigandi fyrirtækis, eigi hann að upplýsa bæði stjórn fyrirtækisins og Fjármálaeftirlitið um það. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi kemst á snoðir um og varða fyrirtæki í nánnum tengslum við hlutadeigandi fjármálafyrirtæki. Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis voru endurskoðendur fjármálafyrirtækjanna spurðir hvort þeir hefðu upplýst Fjármálaeftirlitið í samræmi við framangreind ákvæði. Svör þeirra voru á öll einn veg, að þeir hefðu aldrei fram að falli bankanna komið slíkri ábendingu á framfæri við Fjármálaeftirlitið.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir um mat á virði eigna fjármálafyrirtækjanna eftir fall þeirra hafa tapast tæpir 8 þúsund milljarðar króna eða sem svarar til þjóðarframleiðslu Íslendinga í rúm fimm ár. Frá því að fjármálafyrirtækin féllu, hafa verið gerð nokkur virðismöt og er niðurstaða þeirra áþekk.

